



Árbók kirkjunnar 2019-2020

Forsíðumynd: Brautarholtskirkja

Ljósmynd: Hreinn S. Hákonarson

Árbók kirkjunnar 2019-2020 1. júní 2019 - 31. maí 2020

Júni 2021

Útgefandi: Biskupsstofa, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík, s. 528 4000

Umsjón: Guðrún Finnbjarnardóttir og Þorvaldur Víðisson (ábm.)

Umbrot: Guðrún Finnbjarnardóttir

Árbók kirkjunnar 2019-2020

1. júní 2019-31. maí 2020

Efnisyfirlit

Prestastefna Íslands var ekki haldin árið 2020 vegna Covid19 Synodusárið - vígslur, skipanir og ráðningar, lausn frá embætti, andlát.	7
Kirkjuþing 2019	11
Ávarp forseta kirkjuþings, Drífu Hjartardóttur	11
Ávarp dómsmálaráðherra, Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur.....	15
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur.....	18
Kirkjuþing unga fólksins var ekki haldið vegna Covid19	
Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar	23
Vígslubiskup Skálholtsstiftis	25
Vígslubiskup Hólastiftis	31
Fjármálasvið Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu	38
Störf kirkjuráðs.....	42
Starfið á árinu 2019-2020.....	48
Fræðslumál – Kærleikspjónusta – Fjölskylduþjónusta kirkjunnar – Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga	
Stofnanir, nefndir, ráð og félag	64
Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar – Eldriborgararáð Reykjavíkurprófastsdæma – Hjálparstarf kirkjunnar – Hópslysanevnd – Kirkjugarðaráð – Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan – Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri – Holt í Önundafirði-Friðarsetur – Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf – Samband íslenskra kristniboðsfélaga – Samkirkjunefnd – Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar – Tónskóli þjóðkirkjunnar	
Sérþjónustuprestar	107
Fangaprestur þjóðkirkjunnar – Prestur fatlaðra – Kirkja heyrnarlausra – Prestur innflytjenda – Sálgæsla presta og djákna á Landspítalanum í Reykjavík – Prestur Íslendinga í Svíþjóð og Danmörku – Prestur Íslendinga í Noregi	
Starfið í prófastsdæmunum	140
Suðurprófastsdæmi – Kjalarnessprófastsdæmi – Reykjavíkurprófastsdæmi eystra – Reykjavíkurprófastsdæmi vestra – Vesturlandsprófastsdæmi – Vestfjarðaprófastsdæmi – Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi – Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi – Austurlandsprófastsdæmi	

Mannfjöldi í þjóðkirkjunni og í skráðum trúfélögum og lífsskoðunarfélögum.....	175
Prófastsdæmi, prestaköll og sóknir	177
Prestar í sérþjónustu.....	184
Djáknar í sérþjónustu	185
Félög og stofnanir	186
Stjórnir og starfsnefndir	188
Biskupsstofa og aðrar stofnanir	191

Synodusárið 2019-2020

Vígslur

Mag. Theol. Inga Harðardóttir, var vígð 26. maí 2019 til þjónustu sem prestur við íslenska söfnuðinn í Noregi.

Mag. Theol. Jónína Ólafsdóttir var vígð 11. ágúst 2019 til þjónustu sem prestur í Dalvíkurprestakalli, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Mag. Theol. Helga Kolbeinsdóttir var vígð 25. ágúst 2019 til þjónustu sem prestur í Digranesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Mag. Theol. Jarprúður Árnadóttir var vígð 15. september 2019 til þjónustu sem prestur í Langanes- og Skinnastaðarprestakalli frá 1. september 2019.

Mag. Theol. Alfreð Örn Finnsson var vígður 15. september 2019 til þjónustu sem prestur í Austfjarðaprestakalli með aðsetur á Djúpavogi, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. nóvember 2019.

Mag. Theol. Benjamín Hrafn Böðvarsson var vígður 15. september 2019 til þjónustu sem prestur í Austfjarðaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. október 2019.

Mag. Theol. Dagur Fannar Magnússon var vígður 15. september 2019 til þjónustu sem prestur í Austfjarðaprestakalli með aðsetur í Heydölum, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. nóvember 2019.

Mag. Theol. Aldís Rut Gísladóttir var vígð 22. september 2019 til þjónustu sem prestur í Langholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. september 2019.

Cand. Theol. Bryndís Svavarsdóttir var vígð 17. nóvember 2019 til þjónustu sem prestur í Patreksfjarðarprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi.

Mag. Theol. María Gunnarsdóttir var vígð 17. nóvember 2019 til þjónustu sem sóknarprestur í Laufásprestakalli, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Mag. Theol. Ingimar Helgason var vígður 17. nóvember 2019 til þjónustu sem sóknarprestur í Kirkjubæjarklaustursprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 15. nóvember 2019.

Mag. Theol. Sindri Geir Óskarsson, var vígður 1. desember 2019 til þjónustu sem héraðsprestur í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

Mag. Theol. Þóra Björg Sigurðardóttir, var vígð 1. mars 2020 til þjónustu sem prestur í Garða- og Saurbæjarprestakalli frá 1. apríl 2020.

Mag. Theol. Pétur Ragnhildarson, var vígður 1. mars 2020 til þjónustu sem prestur í Guðríðarkirkju og Fella- og Hólakirkju.

Djárnar

Daníel Ágúst Gautason var vígður 15. september 2019 til þjónustu sem djákni í Grensássókn, Fossvogsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Steinunn Þorbergsdóttir var vígð 15. september 2019 til þjónustu sem djákni í Breiðholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Anna Hulda Júlíusdóttir var vígð 1. mars 2020 til þjónustu sem djákni í Eldriborgararáði í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og eystra.

Jóhanna María Eyjólfsdóttir var vígð 1. mars 2020 til þjónustu sem djákni í Áskirkju í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.

Skipanir í embætti

Séra Pálmi Matthíasson, sóknarprestur í Bústaðaprestakalli, hefur verið skipaður sóknarprestur í Fossvogsprestakall, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. júní 2019.

Séra Jón Ármann Gíslason, sóknarprestur í Skinnastaðaprestakalli, var við sameiningu Langanes- og Skinnastaðaprestakalla sóknarprestur í hinu sameinaða prestakalli Langanes- og Skinnastaðaprestakall frá 1. júní 2019.

Séra Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, sóknarprestur í Kolfreyjustaðarprestakalli, var við sameiningu Djúpavogs-, Eskifjarðar-, Heydala-, Norðfjarðar- og Kolfreyjustaðarprestakalla sóknarprestur í Austfjarðaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. september 2019.

Séra Erla Björk Jónsdóttir, héraðsprestur í Austurlandsprófastsdæmi hefur verið skipuð prestur í Austfjarðaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. september 2019.

Séra Þráinn Haraldsson, prestur í Garða- og Hvalfjarðarstrandarprestakall hefur verið skipaður sóknarprestur í sama prestakalli frá 1. september 2019.

Séra Magnús Björn Björnsson, prestur í Digranesprestakalli hefur verið skipaður sóknarprestur í Breiðholtsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 16. september 2019. Við sameiningu Breiðholtsprestakalls og Fella- og Hólaprestakalls þann 22. nóvember 2019 varð séra Magnús Björn Björnsson prestur í hinu sameinaða Breiðholtsprestakalli.

Séra Eva Björk Valdimarsdóttir, héraðsprestur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra hefur verið skipuð prestur í Fossvogsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. október 2019.

Séra María Ágústsdóttir, héraðsprestur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra hefur verið skipuð prestur í Fossvogsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra frá 1. október 2019.

Séra Gunnar Einar Steingrímsson hefur verið skipaður sóknarprestur í Laufásprestakalli, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi frá 1. nóvember 2019.

Séra Ninna Sif Svavarsdóttir, prestur í Selfossprestakalli hefur verið skipuð sóknarprestur í Hveragerðisprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. desember 2019.

Ráðningar frá 1. janúar 2020

Séra Helga Kolbeinsdóttir, settur prestur í Digranes- og Hjallasóknum hefur verið ráðin prestur í Digranesprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra frá 1. janúar 2020.

Séra Arnaldur Arnold Bárðarson, settur sóknarprestur í Eyrbakkaprestakalli hefur verið ráðinn sóknarprestur í Eyrbakkaprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. febrúar 2020.

Séra Sigrún Óskarsdóttir hefur verið ráðin fangaprestur þjóðkirkjunnar frá 1. mars 2020.

Séra Sindri Geir Óskarsson, settur héraðsprestur í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi hefur verið ráðinn sóknarprestur í Glerárprestakalli, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi frá 9. mars 2020.

Séra Gunnar Jóhannesson, settur sóknarprestur í Þorlákshafnarprestakalli, Suðurprófastsdæmi hefur verið ráðinn prestur í Selfossprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. apríl 2020.

Séra Jónína Ólafsdóttir, settur sóknarprestur í Dalvíkurprestakalli hefur verið ráðin prestur í Garða- og Saurbæjarprestakall, Vesturlandsprófastsdæmi frá 1. apríl 2020.

Séra Jóhanna Gísladóttir, settur sóknarprestur í Laugarlandsprestakalli, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprestakalli hefur verið ráðin sóknarprestur í sama prestakalli frá 1. apríl 2020.

Séra Sigríður Munda Jónsdóttir, sóknarprestur í Ólafsfjarðarprestakalli hefur verið ráðin sóknarprestur í Þorlákshafnarprestakall, Suðurprófastsdæmi frá 1. maí 2020.

Dr. Jón Ásgeir Sigurvinsson hefur verið ráðinn héraðsprestur í Reykjavíkprófastsdæmi vestra frá 1. júní 2020.

Lausn frá embætti

Séra Elín Salóme Guðmundsdóttir, fékk lausn frá embætti prests í Patreksfjarðarprestakalli, Vestfjarðaprófastsdæmi frá 1. júlí 2019.

Séra Bolli Pétur Bollason, fékk lausn frá embætti sóknarprestis í Laufásprestakalli Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi frá 1. september 2019.

Séra Ingólfur Hartvigsson, fékk lausn frá embætti sóknarprestis í Kirkjubæjarklaustursprestakalli, Suðurprófastsdæmi frá 1. september 2019.

Séra Gunnlaugur Stefánsson, fékk lausn frá embætti sóknarprestis í Heydalaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. nóvember 2019.

Séra Sjöfn Jóhannesdóttir, fékk lausn frá embætti sóknarprestis í Djúpavogsprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. nóvember 2019.

Séra Sigurður Rúnar Ragnarsson, fékk lausn frá embætti sóknarprestis í Norðfjarðarprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi frá 1. nóvember 2019.

Séra Flóki Kristinsson, fékk lausn frá embætti sóknarprestis í Hvanneyrarprestakalli, Vesturlandsprófastsdæmi frá og með 1. júní 2020.

Andlát

Prestar

Séra Ólafur Jens Sigurðsson, fyrrum sóknarprestur í Ingjaldshólsprestakalli Vesturlandsprófastsdæmi, lést 11. júní 2019. Séra Ólafur Jens var fæddur 26. ágúst 1943. Eftirlifandi eiginkona hans er Margrét Valdimarsdóttir.

Sr. Ingbór Indriðason Ísfeld, fyrrum lést 8. júlí 2020. Séra Ingbór fæddist 26. september 1935 Eftirlifandi eiginkona sr. Ingbórs er Guðmunda Gunnur Guðmundsdóttir.

Séra Ólöf Ólafsdóttir, fyrrum prestur á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Skjóli, lést 10. júlí 2019. Séra Ólöf var fædd 23. október 1927. Eiginmaður Ólafar var Svavar Pálsson lést 1968.

Séra Stefán Lárusson, fyrrum sóknarprestur í Oddaprestakalli, Suðurprófastsdæmi, lést 25.

janúar 2020. Séra Stefán var fæddur 18. nóvember 1928. Eftirlifandi eiginkona Stefáns er Ólöf Sigríður Jónsdóttir.

Séra Einar Guðni Jónsson, fyrrum sóknarprestur í Kálfafellsstaðarprestakalli, Suðurprófastsdæmi, lést 4. apríl 2020. Séra Einar var fæddur 13. apríl 1941. Eftirlifandi eiginkona Einars er Sigrún Guðbjörg Björnsdóttir.

Prestsmakar

Frú Sumarrós Lillian Eyfjörð Garðarsdóttir, ekkja séra Birgis Snæbjörnssonar, fyrrum sóknarprests í Akureyrarprestakalli og prófasts í Eyjafjarðarprófastsdæmi, lést 11. nóvember 2019. Séra Birgir lést 2008.

Kirkjuping 2019

Ávarp forseta kirkjupings, Drífu Hjartardóttur

59. kirkjuping hinnar íslensku þjóðkirkju er sett.

Ég býð kirkjupingsfulltrúa og góða gesti hjartanlega velkomna til setningarathafnar kirkjupings. Sérstaklega vil ég bjóða dómsmálaráðherra, Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, hjartanlega velkomna og þakka þá vinsemd sem hún sýnir kirkjupingi með því að vera hér með okkur í dag.

Þá vil ég einnig bjóða fyrrverandi biskup og fyrrverandi forseta kirkjupings og maka þeirra hjartanlega velkomna.

Eftir setningarathöfnin hér í Háteigskirkju munum við færa okkur yfir í nýtt húsnæði Biskupsstofu að Katrínartúni 4, þar sem kirkjuping hefur fengið góða fundaaðstöðu til þinghalds. Þingsalurinn nýi ber nafnið Þingvellir og þar er búið að koma upp tveimur stórum skjáum þar sem þingmálum verður varpað upp, með því verður kappkostað að þingið verði sem mest pappírslaut í anda umhverfisstefnu kirkjunnar.

Þetta er þriðja kirkjuping þessa kjörtímabils, en aukakirkjuping 2019, 58. kirkjuping, var haldið í lok ágúst, þar sem viðbótarsamningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar var lagður fram og samþykktur. Með samþykkt þessa viðbótarsamnings er að mínu mati stigið stórt skref í sögu þjóðkirkjunnar, skref til aukins sjálfræðis í málefnum hennar, einkum er varðar fjármálaumsýslu og starfsmannamál.

Aðdraganda þessarar samningsgerðar má rekja til ársins 2015 en á aukakirkjupingi sem haldið var í Neskirkju þann 14. ágúst 2015 hafnaði kirkjuping beiðni ríkisins um afslátt af greiðslum ríkisins vegna kirkjujarðasamkomulagsins, en slík beiðni ríkisins hafði verið samþykkt á kirkjupingum allar götur frá hrúni. Í framhaldi af því óskaði ríkið eftir viðræðum við þjóðkirkjuna um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, bæði um kirkjujarðasamkomulagið og sóknargjöldin. Ríkið taldi rétt að einfalda framkvæmd kirkjujarðsamningsins og féllst þjóðkirkjan á það.

Á reglulegu kirkjupingi 2015 var samþykkt þingsályktun um skipun viðræðuhóps við ríkisvaldið um fjárhagsleg samskipti ríkisins og þjóðkirkjunnar. Þá samþykkti kirkjuping að fela forseta þingsins og tveimur fulltrúum, kjörnum á kirkjupingi að annast viðræðurnar við ríkið. Með viðræðunefndinni skyldu starfa formenn fastanefnda kirkjupings. Nefndinni var heimilt að kallað sér til ráðuneytis hverja þá, sem þörf þætti vegna sérþekkingar á þessum samskiptum. Á þinginu voru kirkjupingsfulltrúarnir Jónína Bjartmarz og Óskar Magnússon kosin í viðræðunefndina af þjóðkirkjunnar hálfu og á kirkjupingi 2017 var umboð nefndarinnar framlengt. Síðar var ákveðið að tilmælum kirkjuráðs að nýr kjörinn forseti kirkjupings tæki sæti í nefndinni.

Samninganefndirnar héldu marga fundi einkum þegar á leið og tillögur að viðbótarsamningi

voru þar ræddar í þau. Á fundi 23. ágúst sl. kom fram að fulltrúar ríkisins töldu að ekki yrði komist lengra í viðræðum og óskuðu eftir að samningsdrögin, eins og þau lágu fyrir þá, yrðu lögð fyrir kirkjuping. Forseti taldi því rétt að bregðast skjótt við og boðaði til aukakirkjupings, eins og hann hefur heimild til að gera þegar brýna nauðsyn ber til. Þingið var haldið í lok ágústmánaðar og þar var samningurinn ræddur, borinn upp og samþykktur. Áður hafði hann verið kynntur kirkjuráði og formönnum fastra nefnda þingsins. Viðbótarsamningurinn var síðan undirritaður af forsætisráðherra, fjármálaráðherra, dómsmálaráðherra, biskupi Íslands og forseta kirkjupings.

Breytingin felur í sér að íslenska ríkið skuldbindur sig til þess að greiða ákveðna fjárhæð sem gagngreiðsla til Þjóðkirkjunnar og er miðað við gagngjaldið 2018. Greiðsla þessi er óháð fjölda biskupa, presta og annarra starfsmanna Þjóðkirkjunnar. Hvað varðar frekari skýringar vísast til inngangs og ákvæða viðbótarsamningsins, ásamt viljayfirlýsingu sem er í höndum kirkjupingsfulltrúa.

Aukakirkjupingið í ágúst samþykkti einnig að fara þess á leit við kirkjuráð að skipuð yrði nefnd til að koma með tillögur að útfærslu á samningnum. Sú nefnd hefur verið skipuð og hlotið heitið Framtíðarnefnd. Hún mun vinna tillögur til kirkjupings um það hvernig viðbótarsamningurinn verði útfærður. Nefndin hefur þegar hafið störf og er Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, kirkjupingsfulltrúi, formaður hennar. Forseti kirkjupings situr fundi nefndarinnar sem hittist vikulega. Ljóst er að kirkjuping mun þurfa að setja nýjar starfsreglur og nýjar samþykktir þar sem með þessum samningi verður fjárhagslegt sjálfræði Þjóðkirkjunnar stóraukið eins og fyrr segir. Í samræmi við það mun einnig þurfa að einfalda mjög allt lagaumhverfi Þjóðkirkjunnar og fyrirkomulag á þeim greiðslum sem Þjóðkirkjan fær úr ríkissjóði. Nú verður Þjóðkirkjunni í sjálfsvald sett hvort og þá hvernig hún heldur áfram starfsemi þeirra sjóða sem reknir hafa verið á grundvelli laga og ber nú fulla ábyrgð á eigin fjármálum og ákveður sjálf fjölda starfsmanna sinna.

Þessi breyting á samspili ríkis og kirkju mun skýra og styrkja starfsemi Þjóðkirkjunnar og má segja að nú sé hún komin í ákveðna höfn til allt að 17 ára sem gefur tækifæri til að efla kirkjulegt starf og laða fólk til samstarfs.

Þjóðkirkjan er, ásamt Alþingi, ein af elstu máttarstólpum Þjóðarinnar og hafa verið samferða alla tíð og verða það vonandi enn þrátt fyrir þennan aðskilnað sem orðinn er með fyrrgreindum samningi. Ég vil minna hér á að kristni og íslensk þjóð hafa átt samleið í eitt þúsund ár. Kristni var lögtekin á Alþingi Íslendinga á friðsamlegan hátt. Kristni er svo samofin menningu og sögu íslenskrar þjóðar að ekki verður skilið þar á milli. Ákvæði um Þjóðkirkju kom í fyrstu stjórnarskrá fyrir Ísland árið 1874 og hefur verið í stjórnarskrá landsins eftir það. Skipulag og starfsemi Þjóðkirkjunnar grundvallast á lögum settum af Alþingi. Löggjöf hefur þó verið einfölduð talsvert á undanförunum árum og áratugum. Þrátt fyrir það eru grunnstoðir kirkjunnar og helstu starfsþættir hennar lögmalet í dag, þótt kirkjan ráði miklu um skipulag sitt, starf og forgangsröðun verkefna. Almennt má telja að vilji sé til þess að fela kirkjunni enn meiri ábyrgð eigin mála með einföldun lögjafar og skýrari aðgreiningu kirkju og ríkis. Í því felst þó ekki endilega vilji til að minnka stuðning og vernd ríkisins gagnvart kirkjunni heldur fyrst og fremst það að Þjóðkirkjan ráði sínum eigin málum.

Mig langar einnig til að rifja það upp hér að árið 2012 var haldin Þjóðaratkvæðagreiðsla um tillögur stjórnlagaráðs en ráðið hafði það hlutverk að endurskoða stjórnarskrána og koma með

tillögur að breytingu á henni. Ein af spurningunum tók á málefnum Þjóðkirkjunnar, hvort fólk vildi hafa ákvæði um Þjóðkirkju í stjórnarskránni. Rúmlega helmingur kjósenda vildi halda inni ákvæði um Þjóðkirkju í stjórnarskránni. Kosningin var dræm en að mínu mati skipti það máli að vera með þessa spurningu um stöðu Þjóðkirkjunnar í stjórnarskrá til að höfða til kjósenda.

Á hverju ári eru gefnar upp tölur frá Þjóðskrá hve margir eru í Þjóðkirkjunni og í öðrum trúar- og lífsskoðunarfélögum. Því miður hefur fækkað í Þjóðkirkjunni og við því verðum við að bregðast. Kirkjan þarf á hverjum tíma sjálf að íhuga hvert sé hennar hlutverk í samfélaginu. Hlustum við á grasrótina og hlúum við nægilega mikið að baklandi okkar? Er það ekki okkar sameiginlega verkefni að efla og styrkja kirkjulegt starf?

Kristin trú hefur verið kjölfesta í sjálfsmynd okkar og innan kirkjunnar er mikill mannauður sem birtist í því mikla og óeigingjarna sjálfböðastarfi safnaðanna, það birtist í kórastarfi, barnastarfi – og ungmennastarfi og starfi með eldri borgurum.

En hvað með sóknargjöldin? Þau fengust ekki rædd hjá viðræðunefndunum. Eins og við vitum öll hafa sóknir landsins orðið að þola meiri niðurskurð á tekjustofnum sínum frá hruni en almennt hefur verið í samfélaginu og hvað er til ráða?

Í þeirri umræðu sem skapast hefur varðandi niðurskurð sóknargjaldanna blasir við að talsmenn sókna hefur vantað. Sóknargjöldin eru málefni leikmanna. Ég tel að það hafi vantað öflugan talsmann sókna sem láti í sér heyra og vinni að því að endurheimta sóknargjöldin eins og lög gera ráð fyrir. Nú hefur nýlega verið stofnað sóknasamband Íslands og mun formaður undirbúningsnefndar, Steindór R. Haraldsson, kirkjuþingsfulltrúi, kynna stofnun þess á þessu þingi. Bind ég miklar vonir við að þarna fái sóknir landsins öflugan vettvang til að beita sér gegn ríkisvaldinu í þeirri baráttu að fá leiðréttingu á þeirri ósanngjörnu skerðingu á lögbundnum sóknargjöldum sem sóknir hafa mátt þola allt frá hruni.

Á þessu kirkjuþingi eru 39 mál til umfjöllunar. Þau eru misjafnlega viðamikil, og sum krefjast ítarlegrar umræðu og skoðanaskipta. Jafnréttisstefna Þjóðkirkjunnar er til umfjöllunar en nú er verið að uppfæra framkvæmdaáætlun hennar til ársins 2023.

Jafnréttisáætlun kirkjunnar var fyrst samþykkt á kirkjuþingi 1998 og hefur jafnréttisnefnd kirkjunnar verið starfandi síðan. Kirkjuþing hefur ályktað um ráðningu jafnréttisfulltrúa kirkjunnar og hefur lögfræðingur á Biskupsstofu þau málefni með höndum ásamt jafnréttisnefnd kirkjunnar.

Jafnréttismál eiga alltaf að vera í brennidepli. Við sjáum af könnunum og heyrum í fréttum að þau mál eru ekki komin í eins gott horf héraðs og vonir stóðu til þegar jafnréttisbaráttan um jafnan rétt kvenna og karla hófst á seinni hluta síðustu aldar. Þó stöndum við nú frammar öðrum vestrænum þjóðum í þeim málaflokki. En við verðum alltaf að halda vöku okkar, hafa þarf t.d. hugfast að þegar tilnefna skal í nefndir og ráð ber tilnefningaaðila að tilnefna bæði karl og konu í hvert sæti. Þessu hefur ekki verið fylgt nógu vel eftir og betur má ef duga skal.

Mig langar að nefna hér annað mál sem fjallar um mótun stefnu Þjóðkirkjunnar í málefnum fólks á flóttu, hælisleitenda og innflytjenda. Málefni þetta er með því viðkvæmasta og erfiðasta sem okkar samfélag glímir við í dag og nauðsynlegt er að Þjóðkirkjan láti skoðanir sínar í ljós. Tillagan fjallar um að skipaður verði starfshópur til að móta stefnu og verklagsreglur í málefnum hælisleitenda, fólks á flóttu og innflytjenda.

Þjóðkirkjan hefur á undanförunum árum látið sig þetta málefni varða. Árið 1996 setti Þjóðkirkjan á laggirnar embætti prests innflytjenda sem hefur starfað sem slíkur síðan eða í

rúm 20 ár. Presturinn, Toshiki Toma, hefur sinnt ýmiss konar þjónustu við innflytjendur og er sérstök áhersla er lögð á að hann vinni sem almennur ráðgjafi en ekki sem trúboði, svo að allir geta notið þjónustu hjá honum án tillits trúarlegs bakgrunns síns. Tillögur starfshópsins verða lagðar fyrir framhaldskirkjuþing í mars nk.

Við skulum hafa það hugfast að margt gott er að gerast í kirkjunni okkar. Æskulýðssamtök þjóðkirkjunnar héldu landsmót sitt um síðustu helgi. Yfirskriftin var „Skapandi landsmót“. Markmiðið var að skoða hvernig þátttakendur geta hlúð að einstaklingnum og eftt sig með því að gefa sköpunargleðinni lausan tauminn.

Þarna voru samankomnir 250 glæsilegir unglingar víðs vegar af landinu og hefur mótið verið öllum til sóma.

Það er einnig ánægjulegt að sjá hve margar sóknir eru virkar á samfélagsmiðlunum og á vef kirkjunnar, kirkjan.is en þar eru birtar stuttar fréttir um fjölbreytt starf innan kirkjunnar.

Ég vil lýsa ánægju minni yfir öllum þeim jákvæðu og fjölbreyttu fréttum sem við fáum úr kirkjustarfi þjóðkirkjunnar. Þetta skiptir miklu máli og er hvetjandi því margir eru að gera frábæra hluti; skálmöld í barnastarfi, námskeið í gítarleik, ný þýðing á Passíusálmunum, kvöldkirkja, norræn sálmastefna í Skálholti, svo eitthvað sér nefnt.

Ég vil þakka starfsfólki Biskupsstofu fyrir undirbúning þingsins.

Það er von mín að störf okkar á kirkjuþingi verði góð, árangursrík og kirkjunni til heilla.

Kirkjuping 2019

Ávarp dómsmálaráðherra, Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur

Biskup Íslands, fulltrúar kirkjupings, ágætu gestir

Það er mikil ánægja fyrir mig að fá tækifæri til að ávarpa kirkjuping og vera hér með ykkur við setningu þess.

Á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því að ég settist stól dómsmálaráðherra hef ég átt góð, upplýsandi og uppbyggileg samskipti við fulltrúa þjóðkirkjunnar og vænti áframhaldandi góðs samstarfs um mikilvæg mál fyrir íslenskt samfélag. Það er mikilvægt að við vinnum vel saman í þeim tilgangi að byggja upp traust, velvilja og von í samfélaginu. Þar gegnir kærleiksboðskapur kirkjunnar veigamiklu hlutverki.

Íslenska þjóðkirkjan hefur lengi vel sinnt mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi; hún hefur verið gríðastaður þeirra sem hafa átt erfitt um vik, en ekki síður sá staður sem fólk kemur saman til að fagna gleðistundunum í sínu lífi. Boðskapur kirkjunnar á fullt erindi við landsmenn nú, eins og áður.

Ég þekki það af eigin raun, því kirkjan reyndist mér vel þegar ég missti móður mína, í þessum mánuði fyrir sjö árum. Þá fann ég hversu mikilvæg kirkja er á raunarstundum, hún er athvarf í sorgum og hvernig einstaklingar innan hennar geta hjálpað manni að komast upp erfiðustu brekkurnar í lífinu. Fyrir það erum við kirkjunni, og ykkur sem hér eruð, þakklát.

Ágætu gestir,

„Hákoni varð helst að falli, að hlýddi hann eigi tímans kalli.“

Þannig orti Grímur Thomsen um fall Hákonar Hlaðajarls. Kall tímans árið 995 var kristin trú. „Nýr siður“ sem boðaður var af Ólafi konungi Tryggvasyni.

Við stöndum reglulega frammi fyrir þeirri áskorun þar sem við þurfum að meta hvort rétt sé að viðhalda íhaldssemi eða horfa með frálslýndari augum á hina ýmsu samfélagshætti. Það er ekki alltaf hægt að sjá það fyrir hvorn veginn skal fara í því samhengi; stundum er ekki bara ágætt heldur nauðsynlegt að halda í gamlar venjur, siði og reglufestu - en oft þurfum við að horfa með opnum hug til þeirrar þróunar sem er að eiga sér stað í samfélaginu, bæði nær og fjær.

Þessar ljóðlínur sem ég vitnaði til hér eiga vel við eftir að ég horfði nýlega á fróðlegan sjónvarpsþátt um réttindabaráttu samkynhneigðra á árunum 1999-2016, þáttinn *Svona fólk* eftir Hrafnhildi Gunnarsdóttur, kvikmyndargerðamann.

Segja verður eins og er að þjóðkirkjan var afar sein að taka við sér í þeirri réttindabaráttu. Fyrir okkur sem yngri erum kemur það okkur spánskt fyrir sjónir hve mikil andstaða kirkjunnar var við að samkynhneigðir fengju að ala upp börn. Reynslan hefur þó að sjálfsögðu sýnt að þau hafa reynt góðir uppalendur og vitaskuld ekkert síðri en gagnkynhneigðir foreldrar.

Í ljósi þess að fjölskylduréttur samkynhneigðra er nú tryggður í löggjöfinni og þeir njóta loks fullra mannréttinda; þeir mega ala upp börn; um hjónabönd þeirra gilda engar sérreglur; í því ljósi verður ekki annað sagt en að þjóðkirkjan hafi ekki skilið kall tímans í málefnum samkynhneigðra þegar mest á reið.

Þjóðkirkjan var í engum takti við þjóðina sem í upphafi aldarinnar hafði að miklum meirihluta snúist á sveif með samkynhneigðum í baráttu þeirra fyrir sjálfsögðum mannréttindum.

Kæru vinir

Ég nefni þessi mál vegna þess að ég tel að þjóðkirkjan verði að læra af mistökum sínum. Nú vil ég þó sérstaklega taka fram að ég er ekki þeirrar skoðunar að kirkjan eigi að sveiflast með tiskubylgjum eða öðrum nútímastraumum. Stór hluti af starfi kirkjunnar felst einmitt í því að standa fast á grunngildum sem vonandi víkja aldrei frá okkur – og kirkja á ekki að láta hina ýmsu sviptivinda slá sig út af laginu.

En réttindabarátta samkynhneigðra var ekki tiskubylgja. Hún var ekki merki um hnignun samfélagsins eða afturför góðra gilda. Hún var – og er – hluti af þeirri framþróun mannkyns sem átt hefur sér stað á undanförunum öldum. Afstaða kirkjunnar í málefnum samkynhneigðra fældi marga frá henni, og ekki aðeins samkynhneigða einstaklinga heldur einnig fjölskyldur og vini sem ekki gátu skilið orðræðu forsvarsmanna kirkjunnar um samkynhneigð sem sjúkdóm eða synd.

Ég vil leyfa mér að vitna í þessu sambandi í prédikun afa míns heitins, séra Magnúsar Guðmundssonar, sem var á sínum tíma sóknarprestur í Grundarfirði. Hann sagði þar á einum stað:

„Vér viljum vera eins og hyggni maðurinn í dæmisöggunni. Hann gaf sér tíma til að grafa í gegnum sandlagið niður á klöppina svo að hann gæti byggt á bjargi. Hann gerði sér ljóst að það var ekki nóg að heyra orðið, hann varð að læra að breyta eftir því, halda allt það sem Jesús hefur boðið. Verið gerendur orðsins, ekki aðeins heyrendur. Er það ekki hérna sem meinið liggur hjá oss? Vér eigum að breyta samkvæmt orði Krists, líf vort á að breytast, vér eigum að hlyðnast fyrir mælum Jesú í fjallræðunni en þar sagði hann: Vertu skjótur til sátta við andstæðing þinn meðan þú ert enn á veginum með honum. ... Dæmið ekki svo að þér verðið ekki dæmdir...“

Magnús afi hafði þarna rétt fyrir sér. En lífið heldur áfram og kirkjan hefur og getur sýnt kærleikann í verki með ýmsum hætti, með áherslu á umburðarlyndi, skilning og virðingu fyrir náunganum. Ekkert af þessu kallar á að grunngildum kristinnar trúar sér breytt - þvert á móti. En þannig sýnir kirkjan að hún hefur lært af mistökunum - með því að beita sér í þágu mannréttinda, standa með fólkinu, mennskunni og sýna kærleika í verki.

Ágætu gestir

Krafan um jafnræði milli ólíkra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga verður sífellt meira áberandi og þá ekki síst meðal yngri kynslóðarinnar. Sjálfstæð kirkja óháð ríkisvaldinu samrýmist líka betur trúfrelsi og skoðanafrelsi en sérstaðan sem þjóðkirkjan hefur notið í íslenskrri stjórnskipan. Fleiri og fleiri aðhyllast þá skoðun að það sé ekki hlutverk ríkisins að fjármagna trúfélög eða „hygla einu trúfélagi á kostnað annarra“ eins og stundum heyrst sagt.

Í mínum huga er ekki spurning um það, að kirkjan getur vel sinnt öllum verkefnum sínum og þar á meðal sáluhjálpi og margvíslegri félagslegri þjónustu óháð ríkinu. Ég er einnig þeirrar

skoðunar að margir muni fylgja kirkjunni að málum þótt fullkominn aðskilnaður verði á endanum á milli hennar og ríkisvaldsins. Ég mun halda áfram að tilheyra kristinni kirkju þótt leiðir skilji á milli hennar og ríkisins.

Nýlegt samkomulag milli ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar felur í sér að hún verður ekki lengur eins og hver önnur ríkisstofnun heldur mun hún fremur líkjast frjálsu trúfélagi sem ber ábyrgð á eigin rekstri og fjárhag.

Þessar breytingar eru til mikilla bóta og óhjákvæmilegt að stefna áfram á sömu braut í átt að fullum aðskilnaði með farsæld þjóðarinnar og þjóðkirkjunnar að leiðarljósi.

Pangað til og þrátt fyrir samkomulagið sem ég hef hér vísað til mun þjóðkirkjan áfram njóta stuðnings og verndar íslenska ríkisins á grundvelli ákvæðis stjórnarskrárinnar. Áfram verður gert ráð fyrir menningarlegum og fjárhagslegum tengslum. Með samningnum er ekki verið að hækka eða lækka þær greiðslur sem renna til þjóðkirkjunnar skv. kirkjujarðasamkomulaginu frá árinu 1997, en samningurinn felur í sér nýja viðmiðun fyrir þessar greiðslur, mikla einföldun á fjárhagslegum samskiptum og að starfsmannamál verða á hendi kirkjunnar.

Allt er þetta skynsamlegt og til mikilla bóta fyrir þjóðkirkjuna en það ríður á að kirkjunnar fólk taki höndum saman og axli ábyrgðina á framkvæmd samningsins. Hjá þessu ferli verður ekki komist og að þessu hefur verið stefnt lengi. Við skulum hins vegar vanda okkur í þessu ferli.

Það er mikilvægt að hugsa til þess að jafnvel þó svo að hin lútherska kirkja verði ekki þjóðkirkja, þá er það undir henni sjálfri komið hvort hún verði áfram þjóðarkirkja. Það er undir henni komið að halda tengslum við þjóðina og viðhalda þeirri stöðu sem hún hefur nú þegar í þjóðarsálinni.

Að endingu vil ég vitna aftur í prédikun afa míns, en hann flutti hana við vígslu Grundarfjarðarkirkju 31. júlí árið 1966. Orðrétt sagði hann:

„Vér höfum lagt oss fram um að vanda gerð kirkjunnar allt frá því grundvöllur hennar var lagður hér á þessum stað. Vér höfum líka kappkostað að gera búnað hennar allan sem bestan. Og þó er enn margt eftir. En ég segi í dag eins og einn af biskupum kirkju vorrar sagði þegar minnst var á að nýreista kirkju skorti enn ýmislegt. Hann sagði: „Kirkjur eru alltaf í smíðum.“

Þessi síðustu orð geta vel átt við um þjóðkirkjuna í heild sinni. Hún er alltaf í smíðum og hún verður að finna réttan samhljóm við þjóðina svo hún fái að vaxa og dafna. Ef vel tekst til mun henni vegna vel, óháð því hvernig tengslum hennar verður hagað við ríkisvaldið í framtíðinni. Ef kirkjan miðlar boðskap sem hefur vægi og þýðingu í aðstæðum hversdagsins og gagnvart álitamálum framtíðarinnar; ef fólk þeir ber traust til kirkjunnar og leitar til hennar í betri tíð og verri – þá verður kirkjan áfram þjóðkirkja. Hver svo sem laga- og stjórnskipunarleg staða hennar verður.

Kirkjuþing 2019

Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur

Dómsmálaráðherra, forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslubiskupar, góðir gestir. Ég vil byrja á því að þakka sóknarnefnd og starfsfólki hér í kirkjunni fyrir aðstöðuna og tónlistarfólkinu fyrir flutninginn. Einnig vil ég þakka forsætisnefnd, kirkjuráði og starfsfólki sem undirbúið hefur þingið.

Nú fer kirkjuþingið fram í nýjum húsakynnum kirkjunnar að Katrínartúni 4 hér í borg. Biskupsstofa, kirkjuráð og kirkjugarðaráð eru nýflutt þar inn og verður kirkjuþingið fyrsti stóri fundurinn sem þar er haldinn. Við sem þar vinnum hlökkum til að taka á móti ykkur og vonum að ykkur eigi eftir að líða eins vel þar og okkur sem höfum verið þar í tvær vikur.

Viðbótarsamkomulag

Nýir tímar fara nú í hönd í Þjóðkirkjunni. Viðbótarsamkomulag ríkis og kirkju sem samþykkt var í byrjun september s.l. felur í sér breytingar á skipulagi kirkjunnar. Mörgum spurningum er ósvarað þó mynd sé að komast á stærstu áskoranirnar. Bið ég þess að Þjóðkirkjan eflist og dafni vel í þessu nýja skipulagi. Margt breytist þegar lög verða felld niður og kirkjuþingið ákveður enn fleira en áður. Hins vegar vil ég leyfa mér að minna á að enn stendur í stjórnarskránni að ríkið skuli styðja og vernda þessa evengelísku lútersku kirkju. Því hefur ekki verið breytt. 62. grein sem skilgreinir hina „evangelísku lútersku kirkju“ sem Þjóðkirkju Íslands má breyta með lögum, en 1. málsgrein 79. greinar segir að auki, að slík breyting þurfi samþykki í leynilegri Þjóðaratkvæðagreiðslu.

Öll stefnum við að sama marki og höfum okkar hlutverk í kirkjunni til að ná því. Mér komu í hug orð sr. Matthíasar þegar ég undirbjó mig fyrir kirkjuþingið í ár.

*Legg þú á djúpið eftir Drottins orði
og æðrast ei, því nægja mun þinn forði,
þótt ómaksför þú farir marga stund.
Ef trú og dáð og dugur ei þig svikur,
er Drottinn lífs þíns ennþá nógu ríkur
og mild hans mund.*

Nú leggjum við á djúpið og treystum því að Drottinn sé með okkur í verki. Það liggja mörg mál fyrir kirkjuþingi eins og ævinlega og mér sýnist á málaskránni að þingsályktanir séu 14 og breyting á starfsreglum 21, þar af 12 um skipulag kirkjunnar í héraði.

Hjálparstarf kirkjunnar

Þann 9. janúar 2020 fagnar Hjálparstarf kirkjunnar 50 ára afmæli sem hjálparstofnun en á prestastefnu sumarið 1969 hvöttu prestar landsins kirkjuna til að koma á legg hjálparstofnun er sinni hjálparstarfi og líknarmálum á vegum hennar. Þeir ákváðu jafnframt að leggja 1% af launum sínum til hjálparstarfsins.

Á fundi kirkjuráðs 9. janúar 1970 var formlega ákveðið að stofna Hjálparstofnun kirkjunnar. Séra Jónas Gíslason var ráðinn sem framkvæmdastjóri og hóf hann strax að skipuleggja söfnun fyrir Bíafra. Fyrsti stjórnarfundur Hjálparstofnunar kirkjunnar var svo haldinn 1. apríl 1970. Nafni stofnunarinnar var breytt í Hjálparstarf kirkjunnar.

Hjálparstarf kirkjunnar undirbýr málþing á Grand hótél í Reykjavík á afmælisdaginn, fimmtudaginn 9. janúar, klukkan 16:30-18:30. Ég hvet ykkur öll til að mæta á málþingið en dagskrá þess verður auglýst síðar. Ýmislegt fleira verður gert til að fagna afmælinu á árinu, þannig kemur til dæmis Margt smátt... fréttablað Hjálparstarfs kirkjunnar út í afmælisútgáfu þann 4. apríl 2020.

Það er við hæfi á þessum merku tímamótum að kirkjan minni á sérstöðu sinnar eigin stofnunar og að við hvetjum kirkjufólk til að tala máli hennar og leggja henni lið sem slíkrar. Ég mun leggja til við presta að fjalla sérstaklega um Hjálparstarf kirkjunnar í messu sunnudaginn 12. janúar 2020 og að tala máli stofnunarinnar við sem flest tækifæri á afmælisárinu.

Mig langar einnig að nefna að öll getum við haldið áfram að styðja starfið persónulega en nú styrkja yfir 2.000 *Hjálparliðar* Hjálparstarf kirkjunnar með mánaðarlegu framlagi. – Hjálparstarf kirkjunnar er hjálparstarfið okkar!

Fjölskylduþjónustan

Önnur merk stofnun hefur verið í sama húsi og Hjálparstarfið. Það er fjölskylduþjónusta kirkjunnar. Nú er hún flutt í nýtt húsnæði, hið sama og þjónustumiðstöð Biskupsstofu var í síðast liðið ár, í safnaðarheimili þessarar kirkju, Háteigskirkju. Ég þakka sóknarnefnd og starfsfólki kirkjunnar fyrir hve vel var tekið á móti starfsfólki þjónustumiðstöðvarinnar sem nú er flutt í Katrínartún 4 eins og öll starfsemi kirkjuhússins á Laugavegi 31 fyrir utan verslunina Kirkjuhúsið sem flytur í Katrínartún í byrjun næsta árs. Verslunin er enn á Laugaveginum.

Fjölskylduþjónustan er hluti af sálsgæslustarfi kirkjunnar og þjónar öllu landinu. Öllum er heimilt að leita beint til hennar og sumir koma samkvæmt ábendingu prests eða annarra aðila. Í bók sinni *Í nærveru* kemst sr. Sigfinnur Þorleifsson svo að orði: „Sálsgæslan er nokkurs konar brúargerð, tenging á milli Guðs og manns og manns og annars. Hlutverk hennar er að græða, hugga, styrkja, sætta og leiðbeina.“ Prestar landsins veita sálsgæsluþjónustu enda eru þeir á vaktinni alla daga og allar nætur ef þannig stendur á. Engar aðrar fagstéttir veita sálsgæslu en sú fræðigrein er fullgild og viðurkennd fræðigrein, en leitar fanga í sálfræði og læknisfræði eins og geðsjúkdómafræði og sálmeðferð. Sálsgæslan á sér sterkar rætur úr fortíðinni og hinni fornu arfleið. Sálsgæslan byggir á heildstæðum mannskilningi. Manneskjan verður ekki sundurgreind, hún er ein órofa heild, líkami, andi og sál. Allur maðurinn heill. Fyrirmynd sálusorgarans er frelsarinn sjálfur. Í Biblíunni eru margar sögur af sálsgæslu Jesú Krists. Ein af þeim er sagan af Miskunnssama Samverjanum sem við þekkjum. Jesús Kristur mætir öllum manneskjum af kærleika og elsku, hann hlustar og dæmir ekki. Sálusorgarinn mætir manneskjum í þeim

aðstæðum sem hún er stödd, oft á brothættum stað þar sem trúnaður milli manna skiptir mestu máli. Sálgæslan fer ekki í manngreiningarálit heldur eru allir jafnir út frá kristnum manngildum.

Annað hlutverk fjölskylduþjónustunnar er að veita prestum, djáknum og starfsfólki kirkjunnar handleiðslu. Það er mjög mikilvægt ef prestur eða djákni á að endast í starfi og vera öðrum hjálp að viðkomandi hugi að sínu eigin trúarlífi og átti sig einnig á því að hann eða hún er manneskja eins og allir aðrir og hefur sínar þarfir. Sálgæsluaðillinn þarf að þekkja sjálfan sig. Hann þarf að sjá og viðurkenna veikleika sína og styrkleika. Þeir sem starfa í þjónustu við aðra eru alltaf leiddir til samfundar við sjálfan sig um leið. Sálgæsluaðillinn er í samfylgd með öðrum en hann er líka í samfylgd með sjálfum sér. Fjölskylduþjónusta kirkjunnar sér um handleiðslu fyrir presta, djákna og aðra sem starfa á vegum kirkjunnar. Það eflir til muna faglega þjónustu kirkjunnar um landið allt.

Menntun presta á sviði sálgæslunnar er að eflast. Endurmenntun Háskóla Íslands hefur boðið diplómanám í þeim fræðum og sækja starfandi prestar það, með stuðning kirkjunnar.

Tónskólinn, söngmálastjóri og sálmabókin

Önnur merk starfsemi fer einnig fram í kjallaranum í Grensáskirkju þar sem Hjálparstarfið er enn og Fjölskylduþjónustan var til skamms tíma. Það er Tónskóli þjóðkirkjunnar. Tónskólinn kennir nemendum kirkjutónlist og litúrgísk fræði og menntar organista til starfa við kirkjur landsins. Þar fer fram metnaðarfull starfsemi sem hefur í gegnum tíðina skilað út í kirkjurnar tónlistarfólki sem margt hvert hefur alið upp heilu kynslóðirnar í tónlist. Kórar kirknanna ná til allra aldurshópa, allt frá leikskólabörnum og upp í eldri borgara kóra. Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar vinnur einnig að kirkjutónlistinni og fræðir, styrkir og hvetur kórstjóra og kórmeðlimi um land allt.

Það fer að sjá fyrir endann á útkomu nýrrar sálmabókar sem hefur verið í smíðum undanfarin ár. Ég vonast til þess að á næsta kirkjuþingi verði sungið upp úr þeirri bók með hana í hönd en sálmarnir sem við sungum í helgistundinni áðan verða báðir í henni.

Græna kirkjan og umhverfismálin

Á þessu kirkjuþingi eru nokkrar tillögur bornar fram um umhverfismál. Umhverfisnefnd kirkjunnar vinnur vel sitt verk og stendur vaktina við að hrinda umhverfisstefnunni í framkvæmd. Mikið hefur farið fyrir umhverfismálunum í kirkjunni og græna kirkjan hefur breiðst út í söfnuði landsins.

„Manneskjan er hluti af náttúrunni en ekki yfir hana hafin. Hún ber jafnframt sérstaka ábyrgð vegna stöðu sinnar í sköpunarverki Guðs samkvæmt gyðing-kristinni hefð. Þeirri ábyrgð fylgir sú siðferðilega skylda að hlúa að öllu lífi. Hlutverk mannkyns er að yrkja jörðina, vernda hana og næra, og nýta gæði hennar af umhyggju og virðingu með sjálfbærni að leiðarljósi“ segir m.a. í umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar.

Nokkrir söfnuðir þjóðkirkjunnar hafa fengið viðurkenningu fyrir það að vera á grænni leið. Til þess að ná því þarf að uppfylla viss skilyrði grænnar kirkju. Aðeins einn söfnuður hefur nú þegar náð því að verða grænn söfnuður. Allir söfnuðir kirkjunnar taka þátt í því að gera kirkjuna græna en eru mislangt á veg komnir. Græna kirkjan er því verkefni allrar kirkjunnar og

Því má segja að Þjóðkirkjan séu stærstu umhverfissamtök landsins með um 2/3 íbúa landsins innanborðs.

Þjóðkirkjan hefur nú í þrjú ár tekið þátt í umhverfisátaki fjölda kirkna heimsins sem nefnist tímabil sköpunarverksins og stendur frá 1. september til 4. október ár hvert. Við höfum reyndar látið það ná yfir lengra tímabil því þátttaka kirkjunnar á Artic Circle ráðstefnunni hefur varað fram undir miðjan október. Í tengslum við þátttöku á þessari norðurslóðaráðstefnu hefur Þjóðkirkjan staðið fyrir málþingi um umhverfismál með þátttakendum frá ýmsum kirkjum og kirknasamtökum heimsins og nú síðast einnig með fulltrúum Sameinuðu þjóðanna, Landverndar og fleirum. Þeir kennimenn og konur sem hafa sótt þessar samkonur hafa endað dvölinu með því að prédika í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu um umhverfismál og aðstæður heima fyrir.

Þjóðkirkjan lætur sig umhverfið varða því við höfum hlutverk í hinni sístæðu sköpun Guðs og hér er um siðferðilegt málefni að ræða ekki síður en vísindalegt.

Unga fólkíð

Um síðustu helgi var haldið landsmót æskulýðsfélaga kirkjunnar. Það fór fram í Ólafsvík og var yfirskriftin „skapandi landsmót“. Það var gaman að hitta þetta unga þrúða fólk sem hafði flest keyrt um langan veg til að sækja mótið. Þetta unga fólk mun væntanlega muna eftir kirkjunni sinni á leið sinni um lífsins veg og eiga sína fulltrúa á kirkjuþingum framtíðarinnar. Kirkjan er nú ekki meira deyjandi en það að hvarvetna um land allt er fólk sem leggur á sig ómælda vinnu í kirkjunni og styður þar með samfélag sitt og heldur utan um allt það góða starf sem fram fer í kirkjum landsins. Þetta þarf ég ekki að segja ykkur því þið eruð hluti af þeim góða hópi.

Unga fólkíð er framtíðin er stundum haft á orði, en unga fólkíð er líka hér og nú og kirkjuþing unga fólksins á líka fulltrúa sinn á þessu þingi. Víðs vegar um heiminn hefur unga fólkíð beitt sér í loftslagsmálunum og þau hafa líka áhrif á starfið í kirkjum vítt og breitt um veröldina. Í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi hafa þau ásamt fleirum staðið fyrir verkefninu „fasta fyrir umhverfið“. Verkefnið fjallaði um að koma með hagnýtar leiðir í umhverfisstarfi og var það 40 daga áskorun um að draga úr vistsporinu og eiga umhverfisvænni hversdag.

Kosning á kirkjuþing og lýðræðið

Ég fagna því að á kirkjuþinginu núna er lögð fram tillaga að breytingum um kjör til kirkjuþings. Bakland fulltrúa kirkjuþings er ekki nógu mikið eða sterkt þegar fulltrúar geta verið með allt niður í 3 atkvæði á bak við sig. Með tillögunni gefst kirkjuþingi tækifæri til að ræða starfsreglur um kjör til kirkjuþings þó breytingartillagan feli aðeins í sér að fella niður fimm orð.

Það er talað um að fulltrúalýðræði ríki í kirkjunni. Það endurspeglast m.a. í kosningum á kirkjulegum vettvangi og hér á kirkjuþinginu. Ég hef sagt það áður og segi það enn. Það á að kjósa til kirkjuþings í almennri kosningu alls Þjóðkirkjufólks. Það er hvort sem er kosið til kirkjuþings í sama mánuði og til sveitarstjórna. Þeir sem eru í Þjóðkirkjunni fá þá 2 atkvæðaseðla til að fara með inn í kjörklefann, annan til kirkjuþingskosninga, hinn til sveitarstjórnarkosninga. Þannig yrði lýðræðið betur tryggt og hægt að nota tækifærið til að laga skráningar í kirkjunni. Ég myndi vilja sjá lista fólks í hverju kjördæmi. Bak við nöfnin á listunum er hugmyndafræði

sú sem fólkið aðhyllist í sambandi við stjórn og framgöngu kirkjunnar í landinu. Fólk getur þá kosið þann lista sem það telur best til þess fallinn að koma ákveðnum hugmyndum í framkvæmd. Þetta er svo dýrt segja sumir, en lýðræðið er dýrt og ég held að þetta sé ekki dýrara en margt annað sem peningarnir fara í núna hjá kirkjunni. Kostnaðarumsögn fylgir hins vegar ekki tillögunni á þessu stigi enda er hún ekki á málaskrá þingsins.

Þjóðarpúls Gallups

Í vikunni komu niðurstöður könnunar, þjóðarpúls Gallups. Þar voru m.a. mælingar um málefni þjóðkirkjunnar. Þar stóð: „Um þriðjungur Íslendinga ber mikið traust til þjóðkirkjunnar. Það er svipað hlutfall og í fyrra en þá lækkaði það frá fyrri mælingum. Nær þriðjungur ber hvorki mikið né lítið traust til þjóðkirkjunnar og um þriðjungur ber lítið traust til hennar. Konur bera aðeins meira traust til þjóðkirkjunnar en karlar, og eldra fólk ber að jafnaði meira traust til hennar en yngra fólk. Íbúar landsbyggðarinnar bera einnig meira traust til þjóðkirkjunnar en íbúar höfuðborgarsvæðisins“.

Það er þakkarvert að fá niðurstöðu úr svona könnun. Það hjálpar okkur að átta okkur á stöðu kirkjunnar meðal almennings í landinu. Þar sem kirkjuping er nefnt æðsta valdastofnun þjóðkirkjunnar þá tel ég að könnunin eigi líka við um þingið og vek þess vegna athygli á könnuninni og niðurstöðunum. En þegar tölur eru annars vegar þá er ekki víst að tveir plús tveir séu alltaf fjórir. Það má lesa margt út úr tölum og túlka þær á ýmsan máta. Í stað þess að telja að þriðjungur þjóðarinnar treysti kirkjunni mætti líka orða það svo að þriðjungur þjóðarinnar treysti ekki kirkjunni en tveir þriðju gerðu það. Traust er undirstaða þess að góð samskipti eigi sér stað. Traust er undirstaða þess að fólk leiti til kirkjunnar.

Svo var mæld ánægja með störf biskupsins. Niðurstaðan er ekkert til að hrópa húrra fyrir enda kannski ekki hægt að gera ráð fyrir því að svarendur viti mikið um störfin. Hins vegar ber á það að líta að biskup hveirar tíðar er andlit kirkjunnar út á við og það leiðir huga minn að þeirri skiptingu sem sumir hafa látið í ljós að ætti að stefna að í kirkju vorri. Andlegt og veraldlegt er það kallað. Í mínum huga er afskaplega erfitt að setja vegg þarna á milli en brúarsmið væri ef til vill betri kostur.

Loks var spurt um afstöðu svarenda til aðskilnaðar ríkis og kirkju. Það kemur ekki á óvart að fleiri en færri vilji þann aðskilnað. Í mínum huga er aðeins tvennt sem tengir saman ríki og kirkju, það er stjórnarskrárákvæðið um vernd og stuðning ríkisins við þjóðkirkjuna, sem meirihluti kjósenda 20. október 2012 samþykktu ekki að færi út úr stjórnarskránni og hitt atriðið er kirkjujarðasamkomulagið. Það tók 90 ár að gera það svo ekki er þess að vænta að riftun þess taki skemmri tíma. Kirkjan er sjálfstæð þjóðkirkja en ekki ríkiskirkja. Sá tími er liðinn og það fyrir 22 árum. Það er miklu meira atriði að eiga gott samband við þjóðina sem við viljum þjóna og umvefja kærleiksboðskap Jesú. Vegna hans erum við hér og hlutverk okkar er að koma þeim boðskap á framfæri í orði og verki.

Ég bið kirkjupinginu farsældar í störfum sínum.

Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar

Ágúst Victorsson

33. Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar haldin í Háteigskirkju 14. september 2019

Stutt samantekt á því helsta sem gerðist, en fundargerð má lesa á kirkjuvefnum.

(<https://kirkjan.is/frettir/frett/2019/09/16/Leikmenn/>)

1. Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir setti stefnuna. Hún fór með bæn og flutti síðan ávarp.
2. Formaður leikmannaráðs, Marinó Þorsteinsson, flutti skýrslu ráðsins og greindi frá reikningum. Var hvoru tveggja samþykkt.

Aðal fundarefni stefnunnar voru fjögur:

1. Kynning á Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar. Sr. Sigfús Kristjánsson sviðstjóri Fræðslu og Kærleiksþjónustumála sagði frá Þjónustumiðstöðinni og starfsfólki hennar.
2. Háteigskirkja og Reykjavíkurprófastsdæmi vestra. Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur og sóknarprestur, sagði okkur frá kirkjunni og starfinu þar. Einnig var hún með kynningu á Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.
3. Þjóðkirkjan – Framtíðarsýn. Pétur Markan nýr samskiptastjóri Biskupsstofu var í forsvari um umræðu um framtíðarsýn Þjóðkirkjunnar.
4. Kosið var um tvo aðalmenn einn til tveggja ára og annan til fjögurra ára og tvo varamenn til fjögurra ára. Þau Marinó Þorsteinsson og Elfa Björk Bragadóttir aðalmenn, gáfu ekki kost á sér áfram í Leikmannaráð en varamennirnir þau Jón Oddgeir Guðmundsson og Guðný Guðnadóttir gáfu kost á sér aftur. Ágúst Victorsson sem er varamaður í Leikmannaráði og Sigríður Klara Árnadóttir leikmaður í Kjalarnesprófastsdæmi buðu sig fram sem aðalmenn, þau voru kosin samhljóða. Guðný Guðnadóttir og Jón Oddeir voru endurkjörin þar sem enginn bauð sig fram. Ágúst Victorsson var varamaður og færðist upp í aðalmann. Í hans stað sem varamaður var kosinn Jónas Þór Jóhannsson, Austurlandsprófastsdæmi. Leikmannaráð er því þannig skipað: Aðalmenn: Ágúst Victorsson Reykjavíkurprófastsdæmi eystra til tveggja ára; Reynir Sveinsson Kjalarnesprófastsdæmi einnig til tveggja ára, Sigríður Klara Árnadóttir, Kjalarnesprófastsdæmi til fjögurra ára. Varamenn Guðný Guðnadóttir Suðurprófastsdæmi til fjögurra ára; Jón Oddgeir Guðmundsson, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi til fjögurra ára; Jónas Þór Jóhannsson Austurlandsprófastsdæmi til tveggja ára.
5. Lögð var fram eftirfarandi ályktun um sóknargjöld: „Leikmannastefna Þjóðkirkjunnar

2019, haldin í Háteigskirkju 14. september, skorar á Alþingi að hækka nú þegar sóknargjöld safnaða þjóðkirkjunnar til samræmis við tillögur starfshóps um fjárhagsleg tengsl þjóðkirkjunnar og safnaða hennar frá maí 2014 og ríkisstjórnarsamþykktar þar um sem samþykkt var á sínum tíma.“

6. Ályktun var samþykkt samhljóða.
7. Marinó Þorsteinsson þakkaði fyrir góða Leikmannastefnu og kvaddi Leikmannastefnu-fulltrúa en hann hefur setið á 29 stefnum.
8. Á fundi leikmannaráðs höldnum á Biskupstofu í Katrínartúni 4, 28. október 2019 var Ágúst Victorsson kosinn nýr formaður leikmannaráðs.

Vígslubiskup Skálholtsstiftis

Kristján Björnsson

Mikil umskipti og margt nýtt

Í júlí 2019 var ár liðið frá vígslu minni til biskups í Skálholti, kjörinn vorið áður og skipaður af forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni. Eftir fyrsta árið er loksins hægt að segja að nýr maður hafi verið farinn að átta sig á þeim nýju verkefnum sem fylgja Skálholti og umdæminu öllu. Sumartónleikarnir í Skálholti voru þeir fyrstu sem ég tók þátt í að undirbúa og undirbúningur var á lokastigi í júní vegna fyrstu Skálholtshátíðar sem mér hlotnast að kalla saman. Það var gaman þá að vera nýr!

Fyrsta vísitasían

Í júní gekk vísitasían í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra áfram með því að ég vísiteraði Breiðholtsprestakall, Alþjóðlega söfnuðinn í Breiðholtskirkju og Digranesprestakall um hvítasunnuna í öruggri fylgd sr. Gísla Jónassonar, prófests. Í Digraneskirkju var mótörhólamesa og mjög gott hljóð í þeim magnaða söfnuði allra helstu mótörhólaklúbba landsins og í anda sr. Gunnars Sigurjónssonar. Fyrsta vísitasíumessan mín var líka eftirminnileg á uppstigningardag í Kópavogskirkju sem er fermingarkirkja mín og þar útskrifaðist ég einnig sem stúdent frá MK. Mér þótti sérstakt að byrja fyrstu vísitasíu í minni gömlu heimakirkju. Upphaflega stóð til að byrja fyrr um vorið en því var frestað þar sem ég var settur biskup Íslands í maí í leyfi frú Agnesar M. Sigurðardóttur, biskups Íslands, og sr. Solveigar Láru Guðmundsdóttur, vígslubiskups á Hólum, sem er fyrsti staðgengill biskups Íslands. Var ég einnig settur síðar sem biskup Íslands í fáeinum málum til afgreiðslu og fylgdist náði með nokkrum stöðum þar sem sameining prestakalla var í gangi eða til umræðu. Vísitasía vígslubiskupa snýr einkum að safnaðarstarfinu og helgihaldi. Tek ég þá þátt í helgihaldi og á fundi með prestum, djáknum, organistum, sóknarnefnd og starfsfólki. Auk þessara þriggja kirkna vísiteraði ég Hjalla-, Árbæjar-, Selja-, Linda-, Guðríðar-, Fella- og Hóla-, og Grafarvogskirkju á árinu.

Fardagar að vori og ný landnýting

Fyrstu dagar júnímánaðar 2019 voru sérstakir heima í Skálholti og á margan hátt erfiðir. Kirkjuráð hafði þá um vorið ákveðið að mjólkurframleiðslu og kúabúskap yrði hætt í Skálholti á fardögum á vori. Við það lagðist ábúð jarðarinnar af og jörðin var færð á forsjá stjórnar Skálholtsstaðar. Fækkaði þá enn starfandi fólki á staðnum. Það var ekki auðvelt að missa kýrnar, baulið og búszældarlega lyktina og sláttur túna var í óvissu. Kvöddum við



Mótorhjólaklúbbur í opinberri heimsókn

nágranna okkar, ráðsmannshjónin Gest Einarsson og Raket Þórarinsdóttur, og stóð býlið autt í rúmt ár. Við Hólmsfríður Ingólfsdóttir, framkvæmdastjóri Skálholts, tókum þá ákvörðun að við skyldum annast alla þá umsýslu og ákvarðanir sem leiddu af einfaldri ákvörðun kirkjuráðs enda var enginn annar líklegur til að koma að því verki. Þessar breytingar urðu fréttæfni í flestum fjölmiðlum, blöðum og sjónvarpi og komust auk þess í innlenda fréttannál RUV á gamlárskvöldi. Ákvað ég að leggja þessar breytingar út á þann veg að núna yrði landnýting með nýjum hætti. Hér eftir yrði lögð áhersla á endurheimt votlendis, skógrækt til kolefnisjöfnunar, göngu-, reið- og hjólastígagerð og opnun friðaðra svæða og náttúru. Allar ráðstafanir voru teknar í ljósi möguleika okkar til að mæta yfirvofandi loftslagsvá, hlýnun jarðar og súrnun sjávar. Það var í anda þeirrar stefnu sem vígslubiskup hafði þegar boðað og í samræmi við umhverfisstefnu Þjóðkirkjunnar. Það er af kúnum að segja að hver einasti gripur var seldur til bænda í nágrenninu og allt niður í Flóa. Þótti bændum gott að fá þó ekki væri nema eina kvígu af hinum blessaða stað. Öll heyrinnutæki og mjaltatæki voru seld og gekk það til reksturs Skálholts. Sláttur var keyptur og heyið selt til að halda í ásýnd hinnar fornu bújarðar. Af þessu stússi fékk vígslubiskupinn viðurnefnið Bóndinn í Skálholti og jókst heldur þegar sást til hans á traktorunum við snjómokstur um veturinn. Fór þar traktor biskupsins. Færri vissu að þetta sparaði Skálholtsstað stórfé í moksturskostnað á miklum snjóavetri. Vorið 2020 hófst svo sala veiðileyfa í Hvítá og Brúará í góðu samstarfi við veida.is og fylgdu því allmiklar vegabætur sem ég annaðist með öðrum til að auka aðgengi að veiðistöðum og útivistarsvæði í Tungunni. Hagnaðar var af veiðinni. Veglegur styrkur fékkst úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til lagningar Þorlaksleiðar (frá Þorlákssæti að Þorlákshver). Hófst vinna við það haustið 2019 eftir gott erindi sem Helgi Þorláksson, sagnfræðingur, flutti um Þorlák helga og kennileiti hans.



Dr. Munib Younan og Suad Yacoub Younan við Gullfoss eftir Skálholtshátíð

Fyrsta Skálholtshátíðin

Á Skálholtshátíð 2019 kom góður vinur minn með konu sinni Suad Yacoub frá Jerúsalem, prédikaði í hámessunni og blessaði á arabísku. Það var dr. Munib Younan, fv. biskup í lúthersku kirkjunni í Jórdaníu og Landinu helga (ELCJHL) og fv. forseti Lútherska heimssambandsins. Dr. Munib hélt auk þess efnismikið erindi á málþingi á laugardeginum sem haldið var í samstarfi við Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar. Formaður hennar er Bogi Ágústsson sem jafnframt hélt eftirminnilegt hátíðarerindi sunnudagsins. Fjöldi fólks kom á hátíðina, fjöldi presta og djákna sem margir þjónuðu í helgihaldinu, heiðursgestir og góður hópur pílagríma sem höfðu gengið allar götur frá Bæ í Borgarfirði, Reynivöllum í Kjós og Bræðratungukirkju í Skálholt.

Eitt og annað af biskupsþjónustu

Ég sótti norræna biskupafundinn í Lappeenranta í Finnlandi og verður hann næst á Íslandi 2022. Geng ég inn í samráðshóp höfuðborgabiskupa Norðurlanda. Fyrsta prestsvígslan sem ég annast var þegar sr. Helga Kolbeinsdóttir vígðist í Skálholti í 25. ágúst til Digranesprestakalls í Kópavogi. Var það stór dagur og gleðilegur.

Við hjónin tókum þátt í biskupsvígslu Stokkhólmabiskups, dr. Andreas Holmberg sem var vígður í Uppsala. Þar þáði ég boð um að sitja afar fróðlega ráðstefnu um gervigreind. Tengslin við Jerúsalem styrktust enn þegar ég fór og tók þátt í prestsvígslu dr. Maria Leppäkari til Redeemer kirkju í Jerúsalem. Hún vígðist til lúthersku kirkjunnar í Jórdaníu og Landinu helga (ELCJHL) og varð fyrst kvenna vígð í hinni helgu borg til prestsþjónustu í Jerúsalem frá upphafi kristni en hún er jafnframt forstöðumaður sænsku guðfræðistofnunarinnar í borginni. Síðan þá hef ég verið í góðu sambandi við kirkjuna þar, biskup Ibrahim Azar, og prestana í Palestínu.



Dr. Maria Leppäkeri vígð til prests í Redeemer kirkju í Jerúsalem, fyrst kvenna, af biskpunum Ibrim Azar og Kristjáni Björnssyni ásamt vígsluvottum frá öllum kirkjudeildum í Jerúsalem, þ.m.t. rómversk kapólsku kirkjunni

Samstarf hefur tekist milli okkar sr. Jógvans Fríðrikssonar, Færeyjabiskups, um endurmenntun færeyskra presta á símenntunardögum í Skálholti.

Loftslagsráðstefnur og skógrækt

Ég kom að umsjón og undirbúningi vegna málþinga og þátttöku á *Arctic Circle Assembly* með málþingi á undan ACA, pre-assembly, sem haldið var í Skálholti í samstarfi við Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar, samstarfskirkjur okkar og Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna. Sú ráðstefna varð mikilvægur undirbúningur að því sem síðar kom. Hér var komið á formlegu samstarfi UNEP og ríkisstjórnar Íslands með fundi þeirra Guðmundar Inga Guðjónssonar, umhverfisráðherra, og dr. Iyad Abu Moghli frá UNEP í Nairobi. Þetta var áréttað í viðtali mínu við BBC á staðnum. Samstarf ACA og Stofnunar Sigurbjörns um málstofur og málþing hefur verið óslitið síðan 2015.

Liður í þessum ráðstefnum er jafnan að planta trjám í táknrænni athöfn með bæn og blessun. Heima hófst plöntun og helgun í svokölluðum sóknarskógi eða Helgi-Lundi og voru þar þátttakendur frá Hallgrímssókn, Breiðholtssókn, Kársnessókn og Biskupsstofu. Er það undanfari skírnerskóga og skógræktar Grænna safnaða.

Fundir, starfshópar, nefndir, ráð og þing

Starfinu fylgir að vera formaður Þingvallakirkjunefndar. Ég er varaformaður Stofnunar dr. Sigurbjörns Einarssonar og hef starfað í Vídalínsnefnd sem undirbjó útgáfu á ritverki um Jón Þorkelsson Vídalín Skálholtsbiskup og undirbjó á þessum tíma athafnir sem tengjast myndu því



Guðspjónustan að hefjast á landsmóti æskulýðsfélaga í Ólafsvíkirkirkju

að 300 ár eru liðin frá andláti herra Jóns í Biskupsbrekku 30. ágúst 2020. Þá starfa ég náið með stjórn Skálholts, stjórn Skálholtsfélagsins hins nýja, stjórn Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju og skólaráði Skálholtsskóla. Mikið samstarf við framkvæmdastjóra Skálholtsstaðar, sóknarprest sr. Egil Hallgrímsson, organistann Jón Bjarnason og annað starfsfólk og rekstraraðila. Samstarfsfundir eru með sveitarstjórnarfólki, sóknarnefndum, prestum og djáknum og eru það símtöl, ýmis verkefni, stuðningur og ráðgjöf. Íbúafundir voru haldnir í Skálholti, samstarf er við samfélagið í Sólheimum og hef ég þjónað í Sólheimakirkju og víðar. Skálholtskórinn er frábær félagsskapur og gaman að hitta fólk í klúbbum og félögum, hitta bændur og eiga í samstarfi við stofnanir og fólk í fyrirtækjarekstri. Gott samstarf er við skógræktar fólk og Kolviðarsjóð og unnið hefur verið að undirbúningi Prentsöguseturs Íslands í Skálholti. Móttaka hópa og gesta eru sem betur fer margar enda komu árið 2018 um 240 þúsund manns á hlaðið. Það datt niður í mars 2020. Ég hef heimsótt kirkjur og aðra staði í umdæmi Skálholts sem nær frá Stafafelli í Lóni í austri og suður og vestur um landið til Bolungarvíkur í vestri. Í umdæminu prédikaði ég og þjónaði 17. júní á Hrafnseyri við Arnarfjörð, Reykholtshátíð 2019, á landsmóti æskulýðsfélaga í Ólafsvíkirkirkju og alloft í Skálholti og á Þingvöllum. Tíðasöngur er reglulega í Skálholtskirkju og helgihald í dagskrá kyrrðardaga hef ég fengið að annast ásamt sóknarprestinum, sr. Agli Hallgrímssyni. Umsjón með kyrrðardögum féll í minn hlut á aðventu og í kyrruviku og byggir á kristinni íhugun að gamalli hefð. Aðventukvöld hef ég sótt, jólas kemmtanir, þorablót, fjárréttir og margan annan mannsöfnuð. Í þjónustunni felst að sitja biskupafund, héraðsfundi, kirkjuþing, Prestastefnu Íslands, prófastafundi og einstaka kirkjuráðsfundi og hef ég átt fundi með ráðherrum og forseta Íslands.

Lokaorð og byrjun heimsfaraldurs

Ég tel nauðsynlegt að einfalda stjórnýslu kirkjunnar og auka fulltrúalýðræði. Það tel ég vera mikilvægt í ljósi nýrrar stöðu kirkjunnar eftir samninginn um minnkuð ríkisafskipti haustið 2019. Mjög aðkallandi er að bæta kosningu til kirkjubings og annarra ábyrgðarstarfa í kirkjunni.

Á tímabilinu 2019-20 hófst vinna að stefnumörkun fyrir Skálholt með hugflæðisfundi, framlagi einstaklinga og úrvinnslu og kynningu. Í Skálholti hafa miklar breytingar gengið í gegn og hefur nýtt fólk komið til starfa í stjórnnum og ráðum. Framundan eru bjartir tímar ef hægt verður að halda áfram á þeirri braut að styrkja ábyrgð og stjórnun heima á hinum helga sögustað. Í umdæminu eru öll prófastsdæmin mjög virkar starfseiningar og sóknarnefndir eru vel skipaðar, safnaðarstarfið er öflugt og það er ríkur vilji til að þróa þjónustu kirkjunnar enn frekar. Prófastar búa að mikilli reynslu og eru í góðum tengslum við presta og söfnuði sína. Þar er sannkallaður mannauður og eflist með hverju ári.

Snemma árs 2020 gekk inn yfir landið hinn versti heimsfaraldur en það sýndi sig að prestar, djáknar og starfsfólk safnaðanna lagði mikinn metnað og fjármuni í að bæta tækjast og streyma athöfnum. Þjónusta við hjúkrunarheimili og spítala var víða erfið í sorginni og athafnir tóku á presta og djákna líka. Þau hafa sinnt sálgæslu til mikils gagns af útsjónarsemi og trúmennsku. Ógnir þær sem mættu samfélaginu fela í sér að eftir að faraldurinn mun ganga niður má búast við mikilli þörf á sálgæslu, nærgætni og sáttavinnu. Það má búast við að það verði í engu ólíkt því sem við vitum að fylgir stóraföllum og miklu álagi og skakkaföllum enda nær þetta til allrar þjóðarinnar á einn eða annan hátt. Lýk ég skýrslunni á þessum stað að sinni og stilli mig um að fara fram á sumarið 2020 sem varð mjög ánægjulegt í marga staði.

Vígslubiskup Hólastiftis

Solveig Lára Guðmundsdóttir

Hólahátíð 2019

Hólahátíð 2019 var með skagfirsku ívafi.

Að venju var gengin pílagrímaganga frá Gröf á Höfðaströnd heim að Hólum eftir Hallgrímsveginum. Var það gert laugardaginn 17. ágúst og að lokinni göngu var endurnýjun skírnarinnar og altarisganga í Hóladómkirkju. Eftir það var málþing í Hólaskóla sem bar yfirskriftina: Áhrif mennta- og menningarsetra á landsbyggðinni. Um kvöldið var öllum málþingsgestum boðið til kvöldverðar Undir Byrðunni. Boðið var upp á gæði úr skagfirsku matarkistunni, lamb með rabarbaraívafi og rabarbaragraut. Sunnudaginn 18. ágúst voru tónleikar í kirkjunni þar sem Rögnvaldur Valbergsson organisti við Sauðárkróskirkju lék tónlist frá Bach til Bítlanna.

Messa var í Hóladómkirkju kl. 14:00 sama dag. Þar predikaði sr. Gísli Gunnarsson sóknarprestur í Glaumbæ í Skagafirði. Að loknu veislukaffi í Hólaskóla var samkoma í Hóladómkirkju þar sem Sigrún Magnúsdóttir fyrrverandi ráðherra hélt hátíðaræðu.


Messuhald

Messað er í Hóladómkirkju alla sunnudaga yfir sumartímann, en einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Sóknarprestur Hofsóss- og Hólaprestakalls er sr. Halla Rut Stefánsdóttir búsett á Hofsósi. Sr. Halla messar í Hóladómkirkju einu sinni í mánuði yfir vetrartímann, en nágranna-prestar sjá um að messa yfir sumartímann. Ég messaði 16. júní, 7., 14., og 28. júlí og 4. ágúst, en sú hefð hefur skapast að Kristín Árnadóttir djákni hefur predikað í Hóladómkirkju um verslunarmannahelgina mörg undanfarin ár. Fyrir það erum við ákaflega þakklát. Sú venja hefur skapast að vígslubiskup sér um helgihald á hátíðum og uni ég því vel. Messa ég á aðfangadagskvöld jóla, jóladag, gamlársdag, páskadag og hvítasunnudag, sé ekki ferming. Hátíðaguðspjónustan á páskadag féll niður 2020 vegna samkomubanns.

Visitasiur

Nú hef ég hafið aðra umferð visitasia um Hólastifti. Dagana 12.-17. nóvember visiteraði ég hið nýja Austfjarðaprestakall í Austurlandsprófastsdæmi. Þar starfa nú fimm prestar og sóknarprestur hins sameinaða prestakalls er sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir á Fáskrúðsfirði.

Á hausti komanda mun ég visitera söfnuði í Þingeyjarsýslum.



Frá heimsókn í kvennaskóla í Chepareria.
Skólastjórinn James Murray ásamt greinarhöfundi

Erlend samskipti

Dagana 24.-28. júní 2019 var norrænn biskupafundur í Lappeenranta í Finnlandi og sóttu þann fund allir þrír starfandi biskupar á Íslandi. Þar hann yfirskriftina *Líf á landamærum*. Var fróðlegt fyrir eyjabúa að kynnst því hvernig er fyrir norræna þjóð að búa við landamæri að Rússlandi.

Dagana 20.-21. júní 2019 komu þýskar kirkjukonur í heimsókn og funduðu með konum úr prestastétt í Glerárkirkju, og komu síðan heim að Hólum og tók ég þar á móti þeim í kirkjunni og á biskupssetrinu.

Dagana 25.-30. september leiddi ég hóp íslenskra presta í heimsókn í höfuðstöðvar Lúterska heimssambandsins og Alkirkjuráðsins í Genf. Þar tóku veglega á móti okkur hjónin sr. Árni Svanur Daniélsson og sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir.

Tilgangur ferðarinnar var að kynna sér málefni innflytjenda og hvernig lúterskar kirkjur í Evrópu hafa starfað fyrir innflytjendur og hælisleitendur. Funduðum við með lykilmálum bæði hjá LWF og WCC. Þar áttum við fundi bæði með Martin Junge, framkvæmdastjóra LWF og Olav Fikse Tveit, framkvæmdastjóra Alkirkjuráðsins en hann er nú orðinn höfuðbiskup norsku kirkjunnar.

Dagana 20. janúar til 2. febrúar var ég í Kenya ásamt sr. Kjartani Jónssyni kristniboða og núverandi sóknarpresti Tjarnarprestakalls, nokkrum prestum, organista og sóknarnefndarfólki. Ferðuðumst við til Vestur-Pókot þar sem sr. Kjartan og Valdís Magnúsdóttir kona hans störfuðu um árabíl. Á þessum dögum eignuðumst við lífsreynslu sem erfitt er að lýsa í stuttri skýrslu. Við heimsóttum þrjá til fjóra söfnuði alla dagana og skóla þar sem þeir voru við söfnuðina. Þar ávarpaði ég sóknarfólk og nemendur alla dagana.

Málþing og ráðstefnur

Stór hluti vinnutíma míns fer í störf fyrir Guðbrandsstofnun, sem er samstarfsverkefni þjóðkirkjunnar, Háskólans á Hólum og Háskóla Íslands.

Guðbrandsstofnun undirbýr og sér alfarið um eina stóra ráðstefnu á ári. Nú er lokið

ráðstefnuröðinni sem bar yfirskriftina: *Hvernig metum við hið ómetanlega?* Fyrsta ráðstefnan var með undirtitlinum – *náttúran og auðlindirnar*, önnur með undirtitlinum – *menningin*, þriðja með undirtitlinum – *trú og lífsskoðun* og sú síðasta með undirtitlinum – *hið góða líf*.

Næsta ráðstefnuröð mun fjalla um brennandi mál í samfélaginu. Fyrsta ráðstefnan í þeirri röð var um kvíðann í samfélaginu og var haldin á Hólum 4.-5. apríl 2019. Var hún í samstarfi við Landlæknisembættið, Geðhjálp, Háskólann á Akureyri, Háskólann í Reykjavík og Félag íslenskra músíkperapista.

Til stóð að halda aðra ráðstefnu dagana 7.-8. maí 2020, en henni var frestað um ár vegna samkomubanns. Ber hún yfirskriftina *Réttlætið í samfélaginu* og er í samstarfi við ASÍ, Jafnréttisstofu, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Rithöfundasamband Íslands og Öryrkjabandalagið.



Greinarhöfundur og sr. Kjartan Jónsson með William Lopeta fyrrum biskupi

Kirkjuþing

Aukakirkjuþing var haldið 28. ágúst 2019 í safnaðarheimili Háteigskirkju vegna samnings við ríkið. Kirkjuþing 2020 var síðan haldið í hinum nýju húsakynnum Biskupsstofu, Katrínartúni 4 dagana 2.-7. nóvember 2019 og stóð til að halda framhaldsþing í mars 2020. Því var frestað fram í júní vegna samkomubanns, en því var einnig frestað og nú stendur til að ljúka kirkjuþingi 2019 dagana 10.-11. september 2020. Verður Kirkjuþing 2020 sett í beinu framhaldi af því. Ég sit kirkjuþing eins og lög gera ráð fyrir með málfrelsi og tillögurétt.

Biskupa-og prófastafundir

Biskupafundir eru haldnir þegar þurfa þykir og hafa þeir langflestir farið fram í fjarfundabúnaði og sparar það bæði fé og tíma. Samstarf biskupanna er með miklum ágætum.

Prófastafundur var haldinn í Reykjavík dagana 3.-4. mars í Reykjavík og sat ég hann ásamt



Visitasia í Skútustaðakirkju

öðrum starfandi biskupum. Auka prófastafundur var haldinn á zoom þann 15. apríl og var það fyrirkomulag til fyrirmyndar.

Þá leysti ég biskup Íslands af í sumarfrí hennar og var staðgengill hennar í nokkrum málum. Sem staðgengill biskups sat ég nokkra kirkjuráðsfunði, flesta í fjarfunði.

Þá sá ég um útskrift guðfræði - og djáknakandídata úr starfsþjálfun í Dómkirkjunni í Reykjavík þann 1. júlí 2019.

Prestastefna

Prestastefna árið 2020 féll niður vegna samkomubanns. Biskup kallaði þó presta kirkjunnar saman á zoom þann 29. apríl 2020 og var mikil gleði yfir því að hittast í þessu undarlega ástandi þó í fjarfunði væri.

Prestsvígslur

Þrjár prestsvígslur voru í Hóladómkirkju á árinu 2019.

Þann 11. ágúst var sr. Jónína Ólafsdóttir vígð til að sinna afleysingu í Dalvíkurprestakalli, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi. Hún er nú prestur á Akranesi.

Þann 22. september var sr. Aldís Rut Gísladóttir vígð til prestsþjónustu í Langholtskirkju í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra.



Visitasia í Hálskirkju

Þann 1. desember var sr. Sindri Geir Óskarsson vígður til að sinna héraðsprestsþjónustu í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi. Hann er nú sóknarprestur í Glerárkirkju.

Nefndir

Ég á sæti í kenningarnefnd Þjóðkirkjunnar ásamt öðrum biskupum. Auk þess er ég formaður námsleyfanefndar og voru fundir í henni tveir, báðir símafundir.

Vígslubiskup á Hólum er formaður Hólanefndar og formaður stjórnar Guðbrandsstofnunar.

Fundir og viðtöl

Auk nefndafunda sótti ég héraðsfund Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis, sem var haldinn á Skagatrönd 14. júní 2020. Héraðsfundum Austurlandsprófastdæmis og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis hefur verið frestað til 23. og 29. ágúst og stefni ég að því sitja báða fundina.

Á héraðsfundum kemst ég í snertingu við grasrót kirkjustarfsins og tel ég þá fundi afar mikilvæga.

Prestafundir eru haldnir mánaðarlega í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi og tel ég það til fyrirmyndar. Þá fundi sæki ég reglulega. Auk þess hefur mér verið boðið að sitja prestafundi í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og þigg það þegar ég hef tök á.



Visitasia í Grenivíkurkirkju

Guðfræðidagar á Hólum

Stefnt var að því að halda guðfræðidaga Prestafélags Hólstiftis hins forna um mánaðarmótin maí-júní, en þeim hefur verið frestað þar til í lok september.

Hólanefnd og Guðbrandsstofnun

Sem vígslubiskup er ég formaður Hólanefndar, sem ber ábyrgð á Hóladómkirkju og Auðunarstofu. Í Hólanefnd eru auk mín, prófastur Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis, sr. Dalla Þórðardóttir, formaður sóknarnefndar Hólasóknar, Laufey Guðmundsdóttir og rektor Háskólans á Hólum dr. Erla Björk Örnólfsdóttir.

Einnig er ég stjórnarformaður Guðbrandsstofnunar, sem er samstarfsverkefni vígslubiskups-embættisins f.h. Þjóðkirkjunnar, Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum um menningarstarfsemi á staðnum. Í stjórn Guðbrandsstofnunar eru auk mín, dr. Hjalti Hugason frá Háskóla Íslands og dr. Erla Björk Örnólfsdóttir rektor Háskólans á Hólum.

Starfsemi Guðbrandsstofnunar er þríþætt: Í fyrsta lagi eru það *sumartónleikar* sem haldnir eru á hverjum sunnudegi frá miðjum júní og fram yfir Hólahátíð. Þeir eru styrktir af Menningar sjóði KS og Tónlistarsjóði. Í öðru lagi eru það *Fræðafundir heima á Hólum*. Við bjóðum fræðafólki í vikuvöl á Hólum gegn því að halda erindi um hugðarefni sín. Erindin eru haldin í Auðunarstofu tvisvar í mánuði frá september til aprílloka. Fræðafundirnir hafa verið styrktir af Háskóla Íslands og Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra.



Visitasia í Svalbarðskirkju

Í þriðja lagi höldum við eina ráðstefnu á ári. Nú er nýhafin ráðstefnuröð sem tekur á brennandi málefnum í samfélaginu. Vorið 2019 var haldin ráðstefnan: Kvíðinn í samfélaginu. Á næsta ári er stefnt að því að halda ráðstefnu með yfirskriftinni *Réttlætið í samfélaginu*.

Guðbrandsstofnun hefur einnig umsjón með því að halda Dag Guðmundar góða hátíðlegan, en það er gert á dánardegi hans 16. mars ár hvert eða sem næst þeim degi. Þá bjóðum við hjónin heim til veislu í lok dags.

Í ár var það Baldur Hafstað sem hélt erindi um Guðmund góða þann 14. mars 2020 tveimur dögum áður en samkomubann gekk í gildi.

Starfsemi Guðbrandsstofnunar er styrkt af Kristnisjóði.

Lokaorð

Að lokum vil ég þakka það góða starf sem unnið er hér heima á Hólum. Auk þess vil ég þakka söfnuðum stiftisins fyrir hlýjar og höfðinglegar móttökur hvar sem ég kem. Ferðirnar í söfnuði stiftisins eru mér ógleymanlegar. Sérstaklega er eftirtektarvert hversu vel er hugsað um kirkjurnar alls staðar og kirkjugarðarnir eru til sóma.

Safnaðarstarf prestanna og samstarfsfólks þeirra er einnig með miklum ágætum og var ég sérstaklega hreykin af því að fylgjast með starfi þeirra á meðan samkomubann varði, en ótölulegum fjölda af helgistundum og barnastundum var streymt á netinu alla daga. Fyrir það ber að þakka.

Fjármálasvið Biskupsstofu

Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á skipulagi fjármála Þjóðkirkjunnar í kjölfar nýs viðbótarsamningsins við Kirkjujarðasamkomulagið sem samþykktur var á kirkjuþingi síðla árs 2019.

Í ársbyrjun 2019 var bókhald kirkjumálasjóðs, Jöfnunarsjóðs og kristnisjóðs fært frá ríkisbókhaldskerfinu Orra yfir í bókhaldskerfið Navision. Bókhald Biskupsstofu var áfram fært í ríkisbókhaldinu. Í ársbyrjun 2020 hætti Þjóðkirkjan að vera hluti af ríkisbókhaldinu og öll launavinnsla var færð til fjármáladeildar kirkjunnar í stað Fjárþýslu ríkisins áður. Ríkið greiðir nú framlag sitt fyrsta virka dag hvers mánaðar inn á bankareikning Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu með kennitölu 460169-6909. Þessar breytingar kröfðust talsverðrar endurskipulagningar á verkefnum fjármáladeildar og er sú vinna enn í gangi. Verið er að endurskrá öll verkferli fjármála með aðstoð fagaðila. Rekstur Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu er nú allur á einni kennitölu og verður eitt ársuppgjör fyrir árið 2020 í stað fjögurra uppgjöra árin áður.

Árið 2020 hefur verið mikið álag á fjármáladeild við endurskipulagningu og „hönnun“ bókhalds á sama tíma sem verið er að vinna upp eldri verkefni. Verið er að skipuleggja bókhaldið eftir sviðum, deildum og verkefnum, fjárhagsáætlunin er sett upp á sama hátt svo auðvelt verði að bera saman rauntölur og áætlun.

Svið Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu eru fimm, þjónustusvið, rekstrarsvið, fasteignasvið, fræðslusvið og úthlutunar. Undir hverju sviði eru deildir og undir deildum eru verkefni. Hvert svið hefur einn sviðsstjóra sem ber ábyrgð á að hans svið standist fjárhagsáætlun og að kostnaður deilda verði ekki umfram heimildir. Þjóðkirkjan notar rafrænt samþykktakerfi reikninga og eru deildastjórar með samþykktaheimildir á þeim reikningum sem þeir stofna til en sviðsstjórar samþykkja alla reikninga yfir 100 þús. krónum.

Enn er verið að skipuleggja deildir undir svið. Markmiðið er að raða deildum saman eftir eðli verkefna en áður höfðu sjóðirnir lögbundin hlutverk og verkefnin röðuðust á sjóðina eftir þeim hlutverkum.

Kirkjuþing skipaði framtíðarnefnd sem meðal annars gerði tillögur að nýjum starfsreglum um fjármál en þær starfsreglur verða lagðar fram til samþykktar á kirkjuþingi 2020-2021.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 var unnin með aðstoð frá ráðgjafasviði KPMG en hún er í fyrsta sinn lögð fram á kirkjuþingi til umfjöllunar og samþykktar. Fjárhagsáætlunin var unnin af fjármálastjóra og starfsmanni KPMG í samráði við starfsdeildir og eftir kostnaðarliðum núliðandi árs, þ.e. 2020.

Eftir fyrstu drög að fjárhagsáætlun ársins 2021 var tekjuhalli áætlunarinnar um 183 millj. kr. Ljóst er að Þjóðkirkjan-Biskupsstofa lendir í fjárhagserfiðleikum ef ekki verður gripið til aðgerða strax og þessari þróun snúið við.

Fundur var haldinn um málið með forseta kirkjuþings, formanni fjárhagsnefndar kirkjuþings, biskupi Íslands, skrifstofustjóra, fjármálastjóra og framkvæmdastjóra kirkjuráðs. Kirkjuráð

fundaði einnig um málið. Niðurstaða þessara beggja funda var að skera niður kostnað eins og hægt er en jafnframt að huga að öðrum aðgerðum sem snúa rekstrinum við til framtíðar.

Ljóst er að greiðsla ríkisins til kirkjunnar reiknast eftir launahækkunum líðandi árs en ef laun presta hækka umfram þá hækkun er strax kominn rekstrarhalli. Ein helsta leiðin til að mæta þessum halla er að fækka prestsembættum því launakostnaður er lang stærsti hluti rekstrarkostnaðar.

Móta þarf verklag við gerð og samþykkt fjárhagsáætlanu kirkjunnar en verið er að vinna að tillögum um slíkt verklag. Tillagan ætti að liggja fyrir á næsta kirkjuþingi.

Frumvarp til fjárlaga ríkisins fyrir árið 2021 liggur ekki fyrir og því þarf að áætla fjárhæð greiðslu ríkisins vegna viðbótarsamnings ríkis og kirkju í fjárhagsáætlun kirkjunnar fyrir árið 2021.

Fjármál sókna

Þar sem frumvarp til fjárlaga næsta árs liggur ekki fyrir er ekki hægt að segja fyrir um hvert sóknargjaldið verði árið 2021, en sóknargjaldið er nú 975,- kr. á einstakling á mánuði.

Upplýsingar um hvernig tekjuskattsstofn ríkisins skiptist og hversu hátt sóknargjaldið er af tekjuskattinum eru ekki aðgengilegar almenningi. Þetta gerir ríkinu auðvelt fyrir að skerða sóknargjaldið og almenningur lítur svo á að um framlag frá ríkinu sé að ræða en ekki endurgreiðslu á innheimtu gjaldi.

Til að reikna út hversu hátt sóknargjaldið á að vera, samkvæmt lögum um sóknargjöld, þarf að reikna upp stofn frá árinu 1997 en stofn sóknargjaldsins það árið var 400,24 kr. á einstakling á mánuði. Þessi stofn á að verðbætast árlega eftir hækkun meðaltekjuskattsstofns einstaklinga á öllu landinu á milli tekjuára. Þessi verðbreytingastuðull fæst með því að deila fjölda framteljenda í tölur frá Ríkisskattstjóra um tekjuskattsstofna á ári.

Leggja þarf áherslu á að fá ríkið að samningaborðinu til að semja um sóknargjöldin. Ljóst er að fjárhagsstaða sókna fer versnandi vegna langvarandi skerðinga og því miður er leiðrétting sóknargjalda ekki í sjónmáli.

Huga þarf að möguleikum sókna til að auka tekjur sínar með ýmsum öðrum leiðum en með hækkun sóknargjalda. Mikilvægt er að hefja umræðu um þessi mál strax og nauðsynlegt að grípa til aðgerða sem fyrst.

Rekstrarafkoma Þjóðkirkjunnar 2019

Biskupsstofa

157,3 millj. kr. tekjuafgangur var á rekstri Biskupsstofu á árinu 2019. Afturvirk launaleiðrétting vegna ársins 2017 var færð til gjalda árið 2018 og skapaði rekstrarhalla það ár en kom síðan til leiðréttingar á tekjum á árinu 2019.

Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 81,3 millj. kr. á milli ára, þar af hækkuðu leigugjöld um 23,7 millj.kr. og aðkeypt þjónusta hækkaði um 16,4 millj. kr.

Lausafjárstaða Biskupsstofu var þrátt fyrir allt nokkuð sterk í lok árs 2019. Handbært fé lækkað þó um 96 millj. kr. og nam um 259 millj. kr. í lok árs 2019. Biskupsstofa skuldaði ekki öðrum sjóðum kirkjunnar um áramótin 2019 og 2020, en átti kröfu á Kirkjumálasjóð í árslok.

Kirkjumálasjóður

Ársreikningur kirkjumálasjóðs fyrir árið 2019 er í vinnslu en eftirfarandi fjárhæðir eru samkvæmt drögum að uppgjöri. Uppgjörið er langt komið og ekki er gert ráð fyrir verulegum frávikum.

Lausafjárstaða kirkjumálasjóðs er ekki góð. Halli ársins var um 53,8 millj. kr. og hefur sjóðurinn verið rekinn með viðvarandi halla undanfarin ár.

Tekjur ársins 2019 lækkuðu óverulega á milli ára og námu um 424,5 millj.kr. Rekstrargjöld lækkuðu um 57,9 millj. kr. á milli ára og námu um 465,3 millj.kr. Vaxtagjöld námu um 13,1 millj. kr.

Hækkun fastafjármuna kirkjumálasjóðs er vegna hækkunar á fasteignamati fasteigna. Sú hækkun endurspeglar þó ekki raunvirðishækkun fasteigna því viðhaldskostnaði hefur verið ábótavant í nokkur ár. Greiðslustaða sjóðsins var verulega slæm allt árið 2019 en langtímalán voru öll greidd upp á árinu 2020 eftir að sjóðirnir sameinuðust rekstri Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu.

Kristnisjóður

Ársreikningur kristnisjóðs fyrir árið 2019 er í vinnslu.

Tekjur kristnisjóðs eru hluti af kirkjujarðasamkomulaginu og eiga að jafngilda 15 prestslaunum.

Rekstur kristnisjóðs skilaði tæpum 59 millj. kr. í tekjuafgangi. Tekjur sjóðsins voru 152,5 millj. kr. sem er hækkun frá fyrra ári. Veittir styrkir úr sjóðnum voru 69,5 millj. kr., allt frá 100 þús. kr. til 11,3 millj. kr.

Launakostnaður kristnisjóðs var innheimtur frá Biskupsstofu með kostnaðarhlutdeild en starfsmenn sjóðsins fengu laun sín greidd með launakeyrslu hjá Fjársýslu ríkisins.

Allar eignir kristnisjóðs eru veltufjármunir.

Jöfnunarsjóður sókna

Ársreikningur jöfnunarsjóðs fyrir árið 2019 er endurskoðaður.

Tekjur jöfnunarsjóðs sókna eru 18,5% af sóknargjöldum til Þjóðkirkjusafnaða. Tekjurnar eru viðbót við önnur sóknargjöld sem ríkið greiðir sóknum landsins.

Tekjur sjóðsins á árinu 2019 námu 380 millj. kr.

Úthlutaðir styrkir námu 388 millj. kr. og annar rekstrarkostnaður nam 8,5 millj. kr. Fjármunatekjur sjóðsins námu 18,9 millj. kr.

Tekjuafgangur jöfnunarsjóðs árið 2019 var 1,8 millj. kr. sem leggjast við sjóð til úthlutunar styrkja.

Nánast allar eignir sjóðsins eru veltufjármunir.

Drög að fjárhagsáætlun 2021

Kirkjuráð hefur ekki lokið við gerð fjárhagsáætlunar, breytt tímasetning kirkjupings skýrir dráttinn en nauðsynleg vinnugögn hafa ekki legið fyrir fyrr en nýlega. Þau drög sem fylgja skýrslu þessari eru því eingöngu til kynningar á stöðu mála og þeim áskorunum sem kirkjan stendur frammi fyrir. Eins og fyrr segir var fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 unnin með aðstoð frá ráðgjafasviði KPMG. Fyrstu drög að áætluninni voru unnin af fjármálastjóra og

starfsmanni KPMG í samráði við starfsdeildir og eftir kostnaðarliðum núlíðandi árs. Í fyrstu drögum var tekjuhalli áætlunarinnar um 334 millj. kr. Sem fyrr segir var haldinn fundur með forseta kirkjupings, formanni fjárhagsnefndar kirkjupings, biskupi Íslands, skrifstofustjóra, fjármálastjóra og framkvæmdastjóra kirkjuráðs en einnig fundaði kirkjuráð um málið. Niðurstaðan var að skera þurfti niður í öllum liðum eins og hægt var. Eftir niðurskurð er tekjuafgangur fjárhagsáætlunar Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu 27,4 millj. kr. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 var með 54,2 millj. kr. halla en rekstrarkostnaður hefur farið talsvert fram úr þeirri áætlun meðal annars vegna launahækkana sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun.

Mikilvægt er að stjórnendur temji sér öguð vinnubrögð og veiti ekki heimildir fyrir gjöldum eins og launahækkunum eða fjárfrekum verkefnum nema í samræmi við gerða áætlun.

Frumvarp til fjárlaga ársins 2021 liggur ekki fyrir og var fjárhæð greiðslu ríkisins vegna viðbótarsamnings ríkis og kirkju í fjárhagsáætlun kirkjunnar því áætluð.

Kirkjuráð hyggst leggja fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu fyrir framhaldsfund kirkjupings sem fyrirhugað er í nóvember 2020.

Störf kirkjuráðs

Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri

Inngangur

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk biskups sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Kjörnir fulltrúar í kirkjuráði eru sr. Arna Grétarsdóttir, sóknarprestur á Reynivöllum, Kjalarnesprófastsdæmi, sr. Axel Árnason Njarðvík, héraðsprestur í Suðurprófastsdæmi, Stefán Magnússon, bóndi í Fagraskógi, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi og Svana Helen Björnsdóttir, verkfræðingur og doktorsnemi við Háskólann í Reykjavík, Reykjavíkurprófastsdæmi vestra. Varamenn eru Anna Guðrún Sigurvinsdóttir verkefnastjóri hjá Brim, Berglind Hönnudóttir starfsmaður í Austurlandsprófastsdæmi, sr. Guðrún Karls Helgudóttir, sóknarprestur í Grafarvogskirkju og sr. Hreinn Hákonarson, sérþjónustuprestur á Biskupsstofu. Hinir kjörnu kirkjuráðsmenn og varamenn þeirra sitja allir á kirkjuþingi. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar kirkjuþingsmálefni eru til umfjöllunar og forsætisnefnd að jafnaði tvisvar á ári. Einnig sitja vígslubiskupar fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru rædd.

Kjörtímabili þess kirkjuráðs sem nú situr lýkur í lok kirkjuþings 2022 en það var kosið á kirkjuþingi 2018. Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 13. nóvember 2019, að Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, lögfræðingur, tæki að sér starf framkvæmdastjóra kirkjuráðs tímabundið en Oddur Einarsson, fyrrum framkvæmdastjóri, lét af störfum í september 2019.

Hér verður gerð grein fyrir helstu störfum kirkjuráðs frá 1. júní 2019 til 31. maí 2020.

Störf kirkjuráðs

Almennt

Kirkjuráð fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta kirkjuþings. Þá undirbýr ráðið ýmis þingmál og veitir kirkjuþingsfulltrúum, sem þess óska aðstoð og ráðgjöf. Kirkjuráð hafði á starfsárinu yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar, fór með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og Kirkjumálasjóðs og úthlutaði úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslu kirkjuráðs fólst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrði og leggur fram á kirkjuþingi. Kirkjuráð veitti einnig sóknum ráðgjöf um fjármál.

Kirkjuráð hefur sér til fulltingis þrjá starfshópa sem undirbúa mál fyrir kirkjuráðsfundi, það eru: lagahópur, fjármalahópur og kirkjustarfshópur.

Kirkjuþing

Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta kirkjuþings. Þá undirbýr ráðið ýmis þingmál og veitir kirkjuþingsfulltrúum, sem þess óska aðstoð og ráðgjöf.

Kirkjuþing 2019 var haldið í nóvembermánuði og þinginu frestað til 20. mars sl. Með komu Covid-19 heimsfaraldursins til Íslands og samkomubanns sem sett var í kjölfarið var ákveðið að fresta þinginu til 12. júní 2020 og svo til 10. september 2020.

Viðbótarsamningur

Á 58. kirkjuþingi 2019, aukakirkjuþingi, sem haldið var 28. ágúst og 4. september 2019, var samþykktur viðbótarsamningur um endurskoðun á samkomulagi milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjuarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 (kirkjuarðasamkomulagið) og samningi íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófata, rekstrarkostnað Biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til Þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998. Fulltrúar íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar undirrituðu viðbótarsamninginn hinn 6. september 2019.

Markmið viðbótarsamningsins er að einfalda framkvæmd fjárhagslegs stuðnings ríkisins við Þjóðkirkjuna á grundvelli framangreindra samninga og auka sjálfstæði Þjóðkirkjunnar í fjármálum. Allar greiðslur ríkisins samkvæmt framangreindum samningum renna nú til Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, kt. 460169-6909. Stefnt var að því að ákveði laga og reglugerða um Jöfnunarsjóð sókna, Kirkjumálasjóð og Kristnisjóð yrðu felld niður.

Kirkjuþing mun samkvæmt samningnum samþykkja fjárlög Þjóðkirkjunnar og ákveða með starfsreglum hvernig skipulagið skuli vera við niðurfellingu framangreindra sjóða.

Með viðbótarsamningnum er einnig stefnt að auknu sjálfstæði Þjóðkirkjunnar í starfsmannamálum en frá 1. apríl 2020 hættu lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, að gilda um starfsfólk Þjóðkirkjunnar. Prestar verða embættismenn út skipunartíma sinn en að honum loknum er gerður við þá ótímabundinn ráðningarsamningur.

Framtíðarnefnd

Aukakirkjuþing 2019 samþykkti að beina því til kirkjuráðs að skipa sex manna nefnd vegna viðbótarsamnings milli Þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins. Ljóst var að mikil vinna var framundan við að semja starfsreglur sem taka eiga við þegar þær lagabreytingar sem samningurinn felur í sér, taka gildi. Nefndin kaus sér nafnið Framtíðarnefnd, en hennar helstu verkefni hafa verið að semja starfsreglur um kjaranefnd kirkjunnar, starfsreglur um fjármál Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, gjaldskrá um greiðslur fyrir prestsþjónustu Þjóðkirkjunnar, starfsreglur um starfskostnað sóknarpresta, presta og prófata og starfsreglur um breytingar á ýmsum starfsreglum í kjölfar lagabreytinga eftir að viðaukasamningurinn var samþykktur (bandormur). Fyrirhugað er að þessar starfsreglur verði lagðar fram á kirkjuþingi 2020.

Fulltrúar Framtíðarnefndar og varamenn þeirra voru tilnefndir af biskupi Íslands, forsætisnefnd, kirkjuráði, löggjafarnefnd, fjárhagsnefnd og allsherjarnefnd. Kirkjuráð tók við tilnefningum og skipaði fulltrúa í nefndina. Eftirfarandi aðilar voru skipaðir aðalmenn: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, frá forsætisnefnd, Axel Árnason Njarðvík, frá kirkjuráði, Guðmundur Þór Guðmundsson frá biskupi Íslands, Guðrún Karls Helgudóttir, frá allsherjarnefnd, Gísli Jónasson, frá fjárhagsnefnd og Steindór R. Haraldsson, frá löggjafarnefnd. Varamenn voru

skipaðir: Guðlaugur Óskarsson frá forsætisnefnd, Arna Grétarsdóttir frá kirkjuráði, Þorvaldur Víðisson frá biskupi Íslands, Anný Ingimarsdóttir, frá allsherjarnefnd, Gísli Gunnarsson, frá fjárhagsnefnd og Bryndís Malla Elíðóttir, frá löggjafarnefnd.

Covid-19

Á fjórum fundum kirkjuráðs var rætt um Covid-19 veiruna, áhrif hennar á kirkjulegt starf, viðbrögð kirkjunnar og breytta starfshætti. Kirkjuráð fékk á sinn fund samráðshóp, sem er biskupi til ráðuneytis varðandi viðbrögð kirkjunnar vegna veirunnar, en samráðshópurinn kynnti fyrirbyggjandi verkefni og verkáætlun.

Kirkjuráðsmenn ræddu breytt messuform og samþykktu að vinna að því að tryggja prestum og djáknum vettvang til að veita örugga sálgæslu á netinu. Fulltrúar kirkjuráðs ásamt framkvæmdastjóra hófu yfirferð á fjarfundalausnum fyrir sálgæslu. Þeirri vinnu er ekki lokið enda mikilvægt að kirkjan geri ríkar kröfur til slíks búnaðar með tilliti til gagnaöryggis og persónuverndar.

Félög og stofnanir sem kirkjuráð hefur yfirumsjón með

Skálholt

Kirkjuráð og biskup Íslands hafa forræði um framkvæmdir og starfrækslu Skálholtsstaðar samkvæmt lögum nr. 32/1963 um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað.

» *Reikningshald til Skálholtsstaðar og Skálholtsskóla*

Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum 1. nóvember 2019, að reikningshald vegna Skálholtsstaðar og Skálholtsskóla yrði frá og með 1. janúar 2020 á hendi Skálholtsstaðar. Umsjón með endurskoðun reikninga yrði á hendi Biskupsstofu.

» *Útboð á Skálholtsskóla*

Kirkjuráð samþykkti tillögu stjórnar Skálholts að bjóða út gisti- og veitingarekstur í Skálholti en samningur við rekstraraðila var undirritaður 7. júlí sl. Með samningnum var leitast við að taka tillit til sérstöðu Skálholts sem kirkju, helgi og sögustaðar og lögbundinna verkefni Skálholtsskóla.

» *Viðgerð á Skálholtskirkju*

Á fundi kirkjuráðs, 20. apríl 2020, samþykkti kirkjuráð að farið yrði í viðgerð á þaki Skálholtskirkju, turni og ytra byrði vegna neyðarástands sem skapaðist í kirkjunni í kjölfar leka.

» *Skipun stjórnar Verndarsjóðs*

Á fundi kirkjuráðs, 11.-12. desember 2019, skipaði kirkjuráð eftirfarandi aðila í stjórn Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju. Aðalmenn voru skipaðir: Árni Gunnarsson rekstrarhagfræðingur, formaður, Erlendur Hjaltason, formaður Skálholtsfélagsins, Kristín Ingólfssdóttir, fv. rektor HÍ. Varamenn voru skipaðir: Séra Helga Kolbeinsdóttir, æskulýðsprestur í Digraneskirkju, Hreinn Loftsson, lögmaður og Bergþóra Baldursdóttir, hjúkrunarfræðingur.

» *Skólaráð Skálholtsskóla, skipun stjórnar*

Á fundi kirkjuráðs, 11.-12. desember 2019, skipaði kirkjuráð eftirfarandi aðila í Skólaráð Skálholts-skóla: Aðalmenn voru skipaðir: Sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson, sóknarprestur í Hruna, formaður; Ásborg Arnpórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu og Sigurður Sigursveinsson,

framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands. Varamenn voru skipaðir: Séra Dagur Fannar Magnússon, prestur í Heydölum; Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri og Magnea Sverrisdóttir, djákni og verkefnisstjóri á Biskupsstofu.

Strandarkirkja í Selvogi

Kirkjuráð hefur forræði yfir málefnum Strandarkirkju. Strandarkirkjunefnd er skipuð af kirkjuráði og hefur nefndin umsjón með rekstri kirkjunnar fyrir hönd kirkjuráðs. Í Strandarkirkjunefnd sitja Ragnhildur Benediktsdóttir, fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, formaður, sr. Gunnar Jóhannesson prestur í Selfossprestakalli og sr. Baldur Kristjánsson fyrrverandi sóknarprestur í Þorlákshafnarprestakalli. Varamenn eru Sigurbjörg Nielsdóttir Hansen, fjármálastjóri Biskupsstofu og Margrét Jónsdóttir, bóndi. Nefndin er skipuð til 31. maí 2023.

Tónskóli Þjóðkirkjunnar

Tónskóli Þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017. Samkvæmt starfsreglunum starfrækir kirkjan Tónskóla Þjóðkirkjunnar „sem annast um menntun organista og kirkjutónlistarfræðslu þeirra og annars tónlistarfólks innan kirkjunnar. Tónskólinn heyrir undir kirkjuráð. Skólinn starfar eftir námsskrá sem kirkjuráð samþykkir“. Kirkjuráð skipar þriggja manna kirkjutónlistarráð sem stjórn Tónskóla Þjóðkirkjunnar og fagráð í kirkjutónlistarmálum. Í ráðinu sitja nú Guðmundur Sigurðsson, organisti formaður, Helga Þórdís Guðmundsdóttir, organisti og sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur. Varamenn eru sr. Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur, Hákon Tumi Leifsson, organisti og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, prestur. Björn Steinar Sólbergsson, organisti, er skólastjóri Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

Fjölskylduþjónustan

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar veitir sérhæfða þjónustu í fjölskyldumálum á grundvelli kristinna lífsgilda. Fjölskylduþjónustan er á sviði sálgaeslu- og kærleiksþjónustu kirkjunnar og lýtur faglegri forystu biskups Íslands, en heyrir að öðru leyti undir kirkjuráð. Breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi fjölskylduþjónustu kirkjunnar en þær Andrea Baldursdóttir, félagsráðgjafi og Guðrún Kolbrún Otterstedt hófu störf á starfsárinu en Benedikt Jóhannsson, sálfræðingur, lét af störfum sökum aldurs.

Stjórn Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar

Samkvæmt skipulagsskrá Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar skal kirkjuráð skipa þrjá af níu stjórnarmönnum. Einn fulltrúi er skipaður árlega og nær hver skipun til þriggja ára í senn. Á fundi kirkjuráðs 12. júní 2019, samþykkti kirkjuráð að tilnefna Guðmund Þór Guðmundsson, skrifstofustjóra Biskupsstofu, sem fulltrúa kirkjuráðs.

Fasteignaumsýsla

» *Sala fasteigna*

Unnið hefur verið að sölu fasteigna kirkjumálasjóðs á grundvelli söluheimilda sem kirkjuþing 2019 veitti. Seldar voru á starfstímabilinu fyrrum prestsbústaður að Hlíðartúni 28, Höfn og

prestsbústaður að Skagabraut 30, Suðurnesjabæ er í söluferli og búið er að samþykka tilboð. Þá er einnig búið að samþykka tilboð í fyrrum prestssetursjörðina Hraungerði, Flóahreppi og í Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, Reykjavík.

» *Flutningar*

Í október 2019 fluttist starfsemi Biskupsstofu frá Laugavegi 31 og Háteigskirkju í Katrínartún 4. Starfsemi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar flutti í framhaldinu úr Grensáskirkju í Háteigskirkju. Stefnt er á að Tónskólinn ásamt Kirkjuhúsinu-Skálholtsútgáfunni, muni flytja starfsemi sína síðar á árinu.

Úttekt á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og safnaðarheimilum landsins
Kirkjuráð fylgdi eftir 26. máli kirkjuþings 2019 um framkvæmd úttektar á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og safnaðarheimilum landsins. Útbúinir voru spurningarlistar í samráði við einn flutningsmann málsins og með hliðsjón af viðmiðum Mannvirkjastofnunar um algilda hönnun. Blöðin innihéldu spurningarlista með þeim atriðum sem talið var brýnast að kanna. Prófstum í hverju prófastsdæmi var falið að sjá til þess að blöðin yrðu fyllt út á hverjum stað og að skila útfylltum eintökum til Biskupsstofu. Úttektum er ekki lokið í öllum prófastsdæmum.

Uppstillingarnefnd

Kirkjuþing áréttaði að farið verði eftir ályktun kirkjuþings 2017 um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn og ályktun sama þings um að jöfn hlutföll kynja skuli ávallt vera í öllum stjórnunum, nefndum og ráðum á vegum þjóðkirkjunnar. Til að vanda betur skipan í nefndir svo tekið sé tillit til kynjajafnræðis, kynslóðajafnræðis, landshlutadreifingar, umhverfisverndaráherslna og fjölbreytileika í nefndum þótti rétt að setja upp sérstaka nefnd sem hafi yfirsýn yfir allar nefndir þjóðkirkjunnar og geti stillt upp nefndum svo framangreindum viðmiðum sé fylgt. Biskup Íslands og kirkjuþing geta einnig leitað til uppstillingarnefndar. Kirkjuráð samþykkti á fundi sínum, 6-7. janúar 2020 að skipa eftirfarandi aðila sem aðalmenn í uppstillingarnefnd: sr. Hildur Björk Hörpudóttir, sviðsstjóri fræðslu- og kærleikþjónustusviðs og jafnréttisfulltrúi þjóðkirkjunnar, formaður, sr. Grétar Halldór Gunnarsson, prestur í Grafarvogssókn og Berglind Hönnudóttir, kirkjuþingsfulltrúi. Varamenn voru skipaðir: sr. Dagur Fannar Magnússon, prestur í Heydölum, sr. Magnús Erlingsson, prófastur Vestfjarðarprófastsdæmis og sóknarprestur Ísafjarðarkirkju og sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, prestur í Neskirkju.

Opið hús fyrir heimilislausar konur – Dagsetur

Á tveimur fundum kirkjuráðs var hugmynd biskups um stofnun dagseturs fyrir heimilislausar konur rædd. Í annað skiptið mættu fulltrúar starfshóps um dagsetur fyrir heimilislausa til fundar og fóru yfir stöðu málsins. Kirkjuráð hefur samþykkt að dagsetrinu skyldi koma upp og að málið skyldi vinna áfram. Fjarveiting til verkefnisins liggur fyrir í fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar fyrir árið 2020.

Fyrirhugað er að dagsetrið muni vera til húsa í Grensáskirkju, þar sem Tónskólinn hefur haft aðsetur. Hjálparstarf kirkjunnar verður falið að sjá um rekstur dagsetursins en dagsetrið verður fjármagnað af þjóðkirkjunni.

Í starfshópnum sitja Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, sr. Hjalti Jón Sverrisson, prestur í Lauganeskirkju og Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi hjá Hjalparstarfi kirkjunnar. Sr. Hreinn S. Hákonarson, sérþjónustuprestur og fyrrum fangaprestur er hópnunum til ráðuneytis.

Samningur kirkjuráðs við STEF

Kirkjuráð samþykkti að gengið yrði til samninga við Stef en gengið var frá tímamótasamningi hinn 16. júní 2020. Samningurinn lýtur að því að greiða réttihöfum fyrir notkun tónlistar í öllu helgihaldi kirkjunnar. Tónlist nýtur höfundarréttar og greiðslu samkvæmt alþjóðlegum samningum í 70 ár eftir dauða höfundar.

Forsaga málsins er sú að felldar voru niður reglur mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 1974 um þóknun til höfunda vegna flutnings tónverka við guðþjónustur og aðrar kirkjulegar athafnir. Settar voru nýjar reglur þar sem ráðuneytið veitti STEF-i og þjóðkirkjunni heimild til að ganga til samninga um sömu efnispætti.

Greiðsla kirkjunnar til STEFs fyrir tónlistarnotkun er rúmlega þrettán milljónir króna árlega og er þá búið að greiða fyrir flutning tónlistar í messum, útförum og brúðkaupum, auk alls annars auglýsts safnaðarstarfs, alls um 8000 athafnir á ári. Einnig munu STEF og þjóðkirkjan stofna nýjan og öflugan tónlistarsjóð, sem tekur við af Tónmenntasjóði kirkjunnar. Í hann munu renna 20% af greiðslum kirkjunnar í sjóðinn. Hlutverk sjóðsins verður að styðja vöxt og viðgang kirkjutónlistarinnar.

Nýi sjóðurinn sem verður stofnaður samkvæmt samningnum mun heita Tónlistarsjóður þjóðkirkjunnar og STEFs. Sjóðnum verður sett sérstök skipulagsskrá.

Hér hefur verið stiklað á stóru um störf kirkjuráðs. Vísað er til fundargerða kirkjuráðs á vef kirkjunnar til frekari fróðleiks og upplýsinga.

Starfið á árinu

Þjónustusvið Biskupsstofu

Fræðslu- og upplýsingamál

Hildur Björk Hörpudóttir, sviðsstjóri fræðslu- og
kærleikþjónustusviðs/jafnréttisfulltrúi þjóðkirkjunnar

Pétur G. Markan, samskiptastjóri

Samstarf fræðsluviðs og samskiptastjóra síðastliðin vetur fór að nokkru leiti öðruvísi fram en vanalega vegna þess ástands sem hefur ríkt.

Helst má þó minnst á að upphaf vetrarstarfs var kröftugt þegar æskulýðsfólk, djáknar og prestar mættu á metnaðarfull haustnámskeið sem innihéldu fræðslu um öldrunarþjónustu, fjölskyldukirkju og margt fleira. Í lok námskeiðanna var svo kirkjutorg sem heppnaðist vel og gleðilegt að sjá allar stofnanir kirkjunnar taka þátt.

Sunnudagaskólaefnið var einstaklega metnaðarfullt í vetur og var ákveðið í ljósi cov-19 að hafa sunnudagaskóla á netinu sem dró að sér þúsundir áhorfenda.

Skírnarskógar. Verkefni sem fer af stað haustið 2020 og hefur verið í vinnslu á Biskupsstofu. Verkefninu ætlað að planta trjám fyrir hvert skírnar barn.

Siðbót í þágu jarðar. Umhverfisráðstefna sem fór fram í Skálholti haustið 2019 og var í umsjón verkefnisstjóra á fræðsluviði sem sér um umhverfismál.

Dagsetrið. Verkefni þar sem heimilislausar konur munu eiga athvarf yfir dagsins önn. Unnið var að verkefninu liðin vetur og verður Dagsetrið vonandi opnað með haustinu 2020.

Fermingarbolir. Átaksverkefni til kynningar á fermingum ársins 2021. Bolirnir voru sendir öllum börnum í árgangi 2007. Bolirnir fengu mikla athygli og skiluðu tilætluðum árangri; umræðu um fermingar í þjóðkirkjunni.

Heimahelgistundir. Þann tíma sem sóttvarnarlæknir lokaði fyrir allt samkomuhald var ákveðið að setja saman stutt heljihald til netstreymis. Ákveðið var að vinna verkefnið með Vísi – streymisútsendingar frá heimahelgistundum á sunnudögum kl. 17 á Vísi.is.

Jafnréttisstefna. Jafnréttisfulltrúi vann með jafnréttisnefnd að nýrri jafnréttisstefnu sem samþykkt var í nóvember. Fyrsti jafnréttisdagur þjóðkirkjunnar verður haustið 2020.

Messy church. Verklek námskeið í kirkjum á landsvísu. Tókust einstaklega vel.

Fræðslunámskeið. Námskeið með íslensku söfnuðunum á Norðurlöndunum.

Tilveran. Samtalspáttur á Hringbraut um sálgæslu, persónulega reynslu einstaklinga, krefjandi verkefni í lífinu og von trúarinnar.

Hugvekjur í Morgunblaðinu. Hugvekjur sem birtust daglega í Morgunblaðinu yfir mesta áhlaup COVID faraldurins. Hugvekjurnar voru eftir presta og djákna.

Klukknafringing og bænastund í hádeginu. Yfir erfiðasta Covid19 tímanna voru skipulagðar klukknafringingar og bænastundir í kirkjum landsins í hádeginu.

Nýtt barnaefni í sjónvarp. Vorið 2020 var hafin vinna við framleiðslu á sjónvarpsefni sem ætlað er fyrir börn. Sr. Oddur Bjarni mun leiða verkefnið ásamt starfsfólki fræðslusviðs.

Ein saga eitt skref. Samstarfsverkefni Kirkjunnar og Samtakanna'78 sem kynnt var á Hinsegin dögum í ágúst 2020.

Ný efnisveita. Ný efnisveita var kynnt og sett í loftið haustið 2019. Efnisveitan hefur reynst mjög nýtileg fyrir starf kirknanna og lofar góðu.

Bænavefur. Nýr bænavefur hefur verið í vinnslu og verður opnaður á haustdögum. Vefurinn er opin öllum, óháð trúfélagsaðils, sem finna þörf fyrir bæn.

Kærleikspjónusta

Ragnheiður Sværrisdóttir, djákni, verkefnisstjóri á kærleikspjónustusviði

Inngangur

Verkefnisstjóri kærleikspjónustusviðs, Ragnheiður Sværrisdóttir djákni var áfram í 70% starfs-hlutfalli. Nokkrum verkefnum sem áður tilheyrðu sviðinu hefur fræðsludeild haldið áfram að sinna en þó er gerð grein fyrir þeim hér. Kirkjuráð veitti kr. 1.665.000 til sviðsins fyrir 2019 og kr. 2.000.000 til starfsþjálfunar djákna- og prestsefna voru veittar kr. 1.626.000.

Fræðslu- og kærleikspjónustusvið fluttu í október úr safnaðarheimili Háteigskirkju í Katrínartún 4.

Þegar farsóttin COVID-19 skall á 29. febrúar breyttust flest verkefni og undirrituð vann heima því möguleikar voru á að sinna mörgum verkefnum rafrænt og símleiddis. Nokkrum viðburðum varð að fresta eða hætta við. Í þessum aðstæðum var ekki neitt annað í boði og allir reyndu að sýna æðruleysi og vona að farsóttin gengi fljótt yfir enda voru tímarnir fordæmalausir.

Starfsþjálfun þjóðkirkjunnar

Eins og undanfarin ár er starfsþjálfun djáknaefna stór hluti af starfi sviðsins en verkefnisstjóri annast stjórnun á þjálfuninni bæði fyrir djákna- og prestsefni í samstarfi við sr. Þorvald Víðisson biskupsritara og Margréti Bóasdóttur söngmálastjóra. Áfram var unnið eftir samningi þeim sem gerður var 25. apríl 2014 milli biskups Íslands og Guðfræði- og trúarbragðfræðideildar Háskóla Íslands (GTD). Samningurinn var endurnýjaður í annað sinn 24. júní 2020. Í stýrihópnum eru sem fyrr sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir og undirrituð fyrir hönd biskups. Fyrir hönd GTD dr. Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor og dr. Sólveig Anna Bóasdóttir, prófessor. Hluti starfsþjálfunarinnar fer fram í GTD. Þar eru kennd kennimannleg fræði. Þjóðkirkjan borgar 50% stöðu lektors til deildarinnar.



Frá útskrift starfsþjálfunar prestsefna í Dómkirkjunni. Mynd: Hreinn Hákonarson

Starfsþjálfunin sem fer fram á ábyrgð biskups var í svipuðu fari og fyrr. Skilyrði til að komast í starfsþjálfun fyrir prestsefni er að hafa lokið BA prófi frá GTD og vera byrjuð í mag.theol. námi. Djáknaefni í BA námi þurfa að vera búin með 1 ár (60e) en þau sem eru í viðbótar-diplómanámi er heimilt að byrja strax í upphafi námsins við HÍ.

Í upphafi eru viðtöl við umsækjendur sem verkefnisstjóri og Elísabet Berta Bjarnadóttir félagsráðgjafi hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar taka við djáknaefni. Sr. Þorvaldur Víðisson og sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir taka viðtölin við prestsefnin. Þá taka nemendur persónuleikaprófin PAI (Personality Assessment Inventory), og DIP-Q (The DSMIV and ICD-10 Personality Questionnaire DIP-Q). Niðurstaða þeirra er bæði kynnt viðkomandi nemanda, verkefnisstjóra, biskupsritara og þeim tveim sem taka viðtölin með þeim. Viðtöl við biskup eru í upphafi og lok þjálfunarinnar. Þá er leiðtoganámskeið, kynning á stofnunum og starfi kirkjunnar, kyrrðardagar, þjálfun úti á vettvangi og í lokin matsviðtöl. Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur annast sálfræðiprófin og viðtöl tengd þeim. Hann sér einnig um leiðtoganámskeiðið. Mikilvægur hluti af starfsþjálfuninni fer fram úti á vettvangi, aðallega í söfnuðum en einnig á sjúkrahúsum, hjúkrunarheimilum og í orlofi aldraðra á Löngumýri í Skagafirði. Bæði prestar og djáknar eru starfsþjálfunarkennarar og sinna leiðsögn og þjálfun nema. Ýmsir aðrir starfsmenn safnaða tengjast þessari þjálfun því nemandi þarf að kynnast öllum þáttum starfs kirkjunnar. Þess ber að geta að ekki er sjálfgefið að umsækjandi um starfsþjálfun fái inngöngu í hana. Þegar nemandi hefur farið í gegnum inntökufæri (viðtöl og persónuleikapróf) er hæfni hans metin. Það er undantekning ef nemandi er hafnað.

Í upphafi þjálfunar úti á vettvangi gera nemandi og starfsþjálfunarkennari samning sín á milli um starfsþjálfunartímabilið og fyrirkomulag þess. Það hefur gefist vel og setur meiri „alvöru“ í þennan hluta þjálfunarinnar. Leiðsögn starfsþjálfunarkennara er afar mikilvæg og er þeim hér með þakkað frábær störf.

Haustið 2019 skráðu sig níu prestsefni í starfsþjálfun en það er óvenju mörg. 29. júní 2020 útskrifuðust tíu guðfræðikandidatar. Þau eru: Bryndís Böðvarsdóttir, Edda Hlíf Hlílfarsdóttir, Guðrún Eggertsdóttir, Hilmir Kolbeins, Matthildur Bjarnadóttir, Sigurður Már Hannesson, Snævar Jón Andrésson, Þorgeir Albert Elíesersson. Fyrr á árinu útskrifaðist Ægir Örn Sveinsson. Að þessu sinni útskrifaðist enginn djáknakandidat. Það tekur mislangan tíma fyrir nemendur að ljúka starfsþjálfuninni vegna ólíkra aðstæðna nemenda en almennt er þjálfunin tvö ár. Veturinn 2019 til 2020 voru tveir djáknanemar í starfsþjálfun en hvorugur þeirra lauk henni.

Staða djákna

1. júní 2019 voru 18 djáknar að störfum en 1. júní 2020 störfuðu 20 djáknar (Einn var í tveimur stöðum og hætti í annarri þeirra). Þessar tvær létu af störfum: Helga Björk Jónsdóttir djákní í Vídalínskirkju sem jafnframt var á hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ, Ragnheiður Guðmundsdóttir djákní á hjúkrunarheimilinu Höfða á Akranesi og Guðmundur S. Brynjólfsson djákní hjá Hinu Íslenska Biblíufélagi en hann starfar áfram í Þorlákshafnarprestakalli. Fjórir djáknar vígðust. Í heild fjölgaði því starfandi djáknum um tvo.

Því miður virðist vera sú þróun á hjúkrunarheimilum að ráða hvorki djákna né presta ef þeir hætta störfum hvað þá að nýjar stöður séu í boði. Fjárhagur heimilanna er slæmur og áhersla er á að sinna líkamlegum þörfum en síður andlegum.

Í söfnuðum starfa 12 djákna:

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra: Áskirkju (Jóhanna María Eyjólfsdóttir), Hallgrímskirkju (Kristný Rós Gústafsdóttir), Fossvogsprestakalli (Daníel Ágúst Gautason og Hólmfríður Ólafsdóttir).

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra: Árbæjarkirkju (Ingunn Björk Jónsdóttir), Breiðholtskirkju (Steinunn Þorbergsdóttir), Fella- og Hólakirkju (Kristín Kristjánsdóttir), Kópavogskirkju (Ásta Ágústsdóttir), Lindakirkju (Áslaug Helga Hálfðánardóttir).

Kjarlarnessprófastsdæmi: Bessastaðakirkju (Margrét Gunnarsdóttir).

Suðurlandsprófastsdæmi: Þorlákshafnarprestakalli (Guðmundur S. Brynjólfsson).

Eyjafjarðarprófastsdæmi: Glerárkirkju (Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir).

Á hjúkrunarheimilum starfa tveir djáknar:

Mörk í Reykjavík (Fjóra Haraldsdóttir) og Sóltúni í Reykjavík (Elísabet Gísladóttir).

Á stofnunum starfa tveir djáknar:

Á Landspítalanum (Rósa Kristjánsdóttir), við vinaleið í Lágafellsskóla (Rut Guðríður Magnúsdóttir).

Í Reykjavíkurprófastsdæmum starfar einn djákní

Þórey Dögg Jónsdóttir framkvæmdastjóri Eldriborgararáðs).

Við orlof aldraða á Fræðslusetri Þjóðkirkjunnar að Löngumýri starfar einn djákní

Anna Hulda Júlíusdóttir (auk Þóreyjar Daggar sem áður er nefnd)

Í þjónustumiðstöð Biskupsstofu starfa tveir djáknar:

Á kærleiksþjónustusviði starfa (Ragnheiður Sverrisdóttir), og á fræðsluviði (Magnea Sverrisdóttir)

Nú starfar enginn djákni í félagasamtökum.

Djáknavigslur

Fjórar djáknavigslur voru á starfsárinu. 15. september vígðust Daníel Ágúst Gautason til nýstofnaðs Fossvogsprestakalls og Steinunn Þorbergsdóttir til Breiðholtskirkju. 1. mars vígðust Jóhanna María Eyjólfsdóttir til Áskirkju og Anna Hulda Júlíusdóttir til starfs meðal eldri borgara í orlofi þeirra á Fræðslusetri Þjóðkirkjunnar að Löngumýri. Þar sem ekki var hægt að hafa orlofið vegna COVID-19 hóf Anna Hulda störf á Hornbrekku heimili aldraðar á Ólafsfirði.

Dagur diakoniunnar

Á degi diakoniunnar, kærleiksþjónustunnar, 15. september var útvarpsmessa frá Kópavogskirkju. Ásta Ágústsdóttir predikaði og sr. Sigurður Arnarson þjónaði fyrir altari. Dagur diakoniunnar er alltaf á 13. sunnudegi eftir þrenningaráhátíð.

Úttekt á störfum djákna í 25 ár

Halldór Elías Guðmundsson djákni var ráðinn til að gera úttekt á þróun starfa djákna í kirkjunni frá því að fyrstu djáknakandidatararnir sex útskrifuðust frá Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands 4. febrúar 1995 en námið þar hófst 1993. Það eru því tímamót nú þegar liðin eru 25 ár þessum viðburðum. Í ár er Djáknafélag Íslands einnig 25 ára en það var stofnað 5. apríl 1995. Fyrstu fimm djáknarnir vígðust 12. febrúar 1995. Áður höfðu nokkrir verið í námi erlendis og ýmist vígst á Íslandi eða hjá öðrum kirkjum erlendis.

2. júní 2020 birti Halldór Elías Guðmundsson, niðurstöður sínar með heitið: Úttekt 25 árum eftir vigslu fyrstu djáknanna sem útskrifuðust frá Háskóla Íslands. Meðal þess sem Halldór Elías tók saman var starfsaldur eftir menntun og hve mörg hafa hlotið djáknavigslu. Hann bar einnig saman starfsferil djákna með hliðsjón af aldri, kyni og fyrri reynslu. Einnig skoðaði hann hvernig staðið hefur verið að ráðningum í djáknastörf, útbjó yfirlit yfir vinnuveitendur djákna frá 1995 og athugaði hvort og þá hvernig starfsreglum Þjóðkirkjunnar hefur verið fylgt við ráðningar.

Ítarleg grein er gerð fyrir niðurstöðum úttektarinnar á <https://kirkjan.is/frettir/frett/2020/06/12/Spurt-og-svarad-Djaknar-ad-storfum/>. Einnig kemur grein í Ritroð Guðfræðistofnunar nr. 51 2020 sem er eingöngu vefútgáfa.

Dagsetur

Undirbúningur að opnun dagseturs fyrir heimilislausar konur hélt áfram en hann hófst 8. janúar 2019. Í starfshópi sem biskup stofnaði 14. febrúar 2019 eru sr. Hjalti Jón Sverrisson, Vilborg Oddsdóttir og Ragnheiður Sverrisdóttir og sr. Hreinn Hákonarson sem var ráðgjafi. Sex fundir voru haldnir haustið 2019 og haft var samráð og fundi með þeim sem tengjast

málefnum heimilisláusra í Reykjavík. Nefna má tvo aðila frá Rauða krossinum þ.e. verkefnastýru Frú Ragnheiðar og forstöðukonu Konukots, Vettvangs og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar (VOR teymi) og Rótina -félags um konur, áföll og vímugjafa. Farið var í heimsókn í Konukot sem er næturathvarf fyrir heimilisláusar konur en það er opið frá kl. 17 og til næsta morguns kl. 10 en ráðgert er að dagsetrið verði opið kl. 11-16. Undanfarin ár hefur enginn staður verið opinn á þessum tíma og er því verið að mæta brýnni þörf. Hugmyndafræðin sem dagsetrið verður rekið eftir eru skaðaminnkandi aðferðir en eftir þeim er nú unnið á flestum stöðum sem sinna heimilisláusu fólki sem oft er einnig með fíkní- og geðræn vandamál.

Kirkjuráð boðaði hópinn á sinn fund í janúar 2020 og var m.a. rædd fjárhagsáætlun 2020 upp á 40 milljónir. Hún var síðar samþykkt en hópurinn lagði mikla áherslu á að mikilvægt væri að þetta verkefni væri hugsað til nokkurra ára. Eftir þennan fund fór biskup og hluti starfshópsins til borgarstjóra til að kynna verkefnið. Vel var tekið á móti okkur en borgin tók engar fjárhagslega ábyrgð á sig.

Leitað var að hentugu húsnæði og ákveðið var að dagsetrið verði á neðri hæð Grensáskirkju. Lagfæra þarf húsnæðið en gert var ráð fyrir því í fjárhagsáætlun. Ragnhildur Benediksdóttir lögfræðingur og Kristín Mjöll Kristinsdóttir arkitekt, fyrrum starfskonur á Biskupsstofu sáu um undirbúning og umsjón framkvæmda á vegum Biskupsstofu. Ákveðið var að dagsetrið skyldi vera rekið á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar en að allt fjármagn kæmi frá þjóðkirkjunni þ.e. kirkjuráði og kirkjuþingi. Gerður var samningur um þetta fyrirkomulag.

Starfshópurinn hélt tíu fundi vorið 2020 og mikil vinna lögð í að undirbúa opnun dagseturs sem best. Önnur nöfn en dagsetur hafa verið notuð um þess starfssemi eins og opið hús fyrir konur en niðurstaðan er að kalla starfsemina og staðinn *Skjól, opið hús fyrir konur*.

Hugmyndir og óskir um sálgæslu

Í umræðum um starf meðal heimilisláusra kom fram að þörf væri fyrir sálgæslu í Gistiskýlinu við Lindargötu. Þá var biskupi og fleirum boðið í hádegismat í Kaffistofu Samhjalpar 14. febrúar til að ræða hvort kirkjan gæti boðið upp á sálgæslu þar. Valdimar Þór Svavarsson framkvæmdastjóri Samhjalpar og Jóna Björg Howard verkefnastjóri Kaffistofunnar tóku á móti okkur. Undirritaðri er ekki kunnugt um að komið hafi verið á móts við þessar óskir.

Kolaportsmessur

Eins og undanfarið 21 ár hefur verið helgihald í Kaffi Porti í Kolaportinu en Guðjóna Ásgrímsdóttir hefur rekið kaffihúsið allt frá því að Kolaportsmessur hófust 1999. Hún hefur hætt rekstri Kaffi Ports og aðrir tekið við. Hún hefur verið ánægð að hafa helgihaldið og sannarlega stutt við það. Framlag hennar er ómetanlegt og þakkarvert. Nýir rekstraraðilar hafa leyft okkur að hafa messuna áfram og erum við þakklát fyrir það. Ýmsir tónlistarmenn hafa séð um tónlistina en án hennar er ekki hægt að hafa Kolaportsmessur. Þá þjóna nokkrir prestar og djákna til skiptis en ábyrgð og skipulag hefur verið á hendi héraðsprests í Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra, sr. Ásu Laufeyjar Sæmundsdóttur í nánú samstarfi við undirritaða. Vegna samkomutakmarkana farsóttarinnar COVID-19 var síðasta messan 23. febrúar. Þær hafa almennt verið einu sinni í mánuði nema á sumrin.

Erlent samstarf

Lútherska heimssambandið og Eurodiaconia voru bæði búin að óska eftir að halda hér nokkurra daga ráðstefnur. Mikla vinnu var búið að leggja í þessa viðburði af okkar hálfu þ.e. Magneu Sverrisdóttur og undirritaðrar og vorum við stoltar fyrir hönd kirkjunnar að hafa verið beðnar um að vera gestgjafar þeirra. Vegna COVID -19 breyttust þessi áform.

Með Lútherska heimssambandinu var ætlunin að hafa lokavinnufund (workshop) í verkefninu People On the Move sem kærleikspjónustusvið hefur tekið þátt í tvö síðustu ár. Markmið þess er að finna leiðir til að mæta þeirri fjölbreytni íbúa/flóttafólks sem nú er í Evrópu og styrkja kærleikspjónustu kirkjunnar. Þessum viðburði var frestað þar til í október. Helga Björk Jónsdóttir, djákni hefur verið fulltrúi kirkjunnar í vinnufundunum sem átti að vera í Skálholti 16.-20. mars 2020 en var frestað þar til í október. Í tengslum við þennan vinnufund var búið að skipuleggja málþing um diakoniu og opnun vefútgáfu á bók um heimsmarkmiðin Heimsmarkmiðabókin. Hvað hefur kristin trú að segja um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna? <https://heimsmarkmidabokin.is/> Í henni eru guðfræðilegar ígrundanir og spurningar sem henta vel í safnaðarstarfi. Þessum viðburði var aflýst en vefsíðan var þrátt fyrir það opnuð.

Eurodiaconia var búin að skipuleggja ráðstefnu í Reykjavík 24. og 25. apríl um sárafatækt. Búið var að leggja mikla vinnu í gerð dagskrár m.a. að fá íslenskan fyrirlesara sem er sérfræðingur í málefnum fátækra og vettvangsheimsóknir til Hjálparstarfsins og Hjálpræðishersins. Þessum fundi var fyrst frestað en svo hætt við hann.

Aðalfundur Eurodiaconia átti að fara fram í París 22.-24.apríl var upphaflega frestað en síðan haldinn á netinu 22.apríl. Búið var að greiða tvo flugmiða fyrir fulltrúa frá Þjóðkirkjunni sem vonandi fást endurgreiddir.

Í Evrópu eru aðilar sem fræða um, rannsaka og þróa verkefni sem unnin eru á sviði diakoniu, kærleikspjónustu. Nefna má Interdiac (International Academy for Diaconia and Social Action). Auk þess er mjög gagnlegt að fylgjast með starfi og útgáfu hjá Lúterska heimssambandinu.

Evrópska tengslanetið EAPN (European Anti Poverty Network) er vettvangur fyrir baráttu gegn fátækt, fyrir félagslegu óréttlæti innan og milli samfélaga í álfunni. Biskupstofa er aðili að íslensku félagasamtökunum og hefur Sigfús Kristjánsson setið í stjórn fyrir hönd Biskupsstofu. Hann stjórnaði nokkrum morgunverðarfundum sem PEPP stóð fyrir. (PEPP á Ísland eru samtök fólks í fátækt sem spruttu upp úr tengslanetinu og starfa á eigin forsendum). Þá voru fjölmiðlaverðlaunum götunnar veitt í fjórða sinn. Þau eru hvatningarverðlaun til blaða- og fréttamanna fyrir góða og vandaða umfjöllun um fátækt í íslenskum fjölmiðlum.

Barátta gegn fátækt er sístæð og ekki veitir af að vekja athygli á versnandi fjárhags heimilanna nú þegar afleiðingar COVID-19 kemur m.a. fram í auknu atvinnuleysi.

Norrænn fundur þeirra sem vinna á landsvísu að kærleikspjónustu Norrænu kirknanna héldu fund í 9. og 10.október í Osló. Kynnt voru mál sem eru efst á baugi t.d. umhverfismál, starf gegn rasisma, fátækt og vinna að stefnumótun. Skilað er ítarlegri skýrslu til Ársfundar samkirkjunefndar eins og reyndar fyrir allt erlent samstarf kirkjunnar.

Samvera á aðventu fyrir syrgjendur

Samvera fyrir syrgjendur var haldin í Háteigskirkju 5. desember en hún er samstarfsverkefni Landspítalans, Þjóðkirkjunnar, og nýstofnaðar Sorgarmiðstöðvar sem í eru Ný dögum

– stuðningur í sorg, Birta landsamtök, Ljónshjarta og Gleym mér ei styrktarfélag. Mikill undirbúningur þarf til að samveran verði sem best enda hefur verið vandað til undirbúnings í þau 20 ár sem hún hefur verið haldin. Magnea Sverrisdóttir djákni sá um allan undirbúning af hálfu kærleikspjónustusviðs og gerði það afburða vel.

Nefndir, félög, fundir

Sr. Sigfús Kristjánsson situr í Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd. Engir fundir voru haldnir á árinu.

Undirrituð situr í Ellimálanefnd og er ritari hennar. Nefndin vinnur náið með Eldriborgararáði Reykjavíkurprófastsdæma. Haldnir voru fimm fundir. Á uppstigningardegi, degi aldraðar 21. maí var útvarpsguðspjónusta frá Breiðholtskirkju, sr. Örn Bárður Jónsson prédikaði, prestur safnaðarins þjónaði fyrir altari og djáknafr í öldrunarstarfi lásu ritningarlestra. Engir kirkjugestir gátu verið viðstaddir vegna COVID.

Í áratugi hefur Orlof eldri borgara verið á Fræðslusetri Þjóðkirkjunnar á Löngumýri. Vegna farsóttarinnar varð að fella það niður sem eðlilega olli miklum vonbrigðum. Þórey Dögg Jónsdóttir djákni framkvæmdastjóri Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma hefur veg og vanda að orlofinu og tekið djáknaefni í starfsþjálfun sem ekki var hægt í sumar og seinkar því starfsþjálfun nemenda. Þá var Anna Hulda Júlíusdóttir vígð til að starfa á þessum vettvangi.

Biskupsstofa er aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ). Samtökin voru stofnuð 17.júní 1994 og er Biskupsstofa einn af stofnaðilum og er undirrituð aðalfulltrúi og sr. Arnór Bjarki Blomsterberg prestur í Tjarnarprestakalli varafulltrúi. Mikill rekstrarvandi blasti við í haust. Fjármögnun starfsins hefur komið frá stjórnvöldum og sjóðum ESB sem veita styrki til ákveðinna verkefna. Engin aðildargjöld eru. Sem betur fer rættist úr þessu en enn og aftur hafa yfirvöld verið minnt á skyldu sína til að koma á fót mannréttindastofnun. MRSÍ telur ekki ásættanlegt að málefnum tengd mannréttindum séu á vegum félagasamtaka en segja má að þau hafi „hoppað“ inn til að sinna verkefninu um stundar sakir 1994 en það var mjög brýnt að sinna mannréttindamálum þá eins og enn í dag. Stjórnarráðið hefur nú opnað nýtt vefsvæði um mannréttindamál eftir hvatningu frá MRSÍ en á heimasíðu skrifstofunnar hefur verið mikið af upplýsingum en hið opinbera þarf að taka ábyrgð á sínum skuldbindingum í að upplýsa um mannréttindi. Til að efla og gera störf MRSÍ var gerð stefnumótun sem verið er að vinna eftir. Formaður er Margrét Pétursdóttir frá Siðmennt og Margrét Steinarsdóttir er framkvæmdastjóri.

Stefnumótun kærleikspjónustu kirkjunnar

Svo segir í samþykktum kirkjuþings: Kirkjuþing 2018 samþykkir að fela kirkjuráði að skipa nefnd til að vinna að stefnumótun fyrir kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar. Nefndin verði skipuð þremur fulltrúum. Einn fulltrúi verði tilnefndur af Prestafélagi Íslands og einn af Djáknafélagi Íslands. Verkefnisstjóri kærleikspjónustusviðs Biskupsstofu verði formaður nefndarinnar. Nefndin vinni náið með þeim sem koma að sérhæfðri kærleikspjónustu kirkjunnar. Tillaga að stefnu fyrir kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar verði lögð fyrir kirkjuþing 2019.

Því miður var ekki gengið frá tilnefningum fulltrúa í nefndina fyrr en ári eftir samþykktina. Ekki var því möguleiki að skila tillögu fyrir kirkjuþing 2019 en stefnt að því fyrir kirkjuþing

2020. Fulltrúi Djáknafélagsins er Elísabet Gísladóttir, fulltrúi Prestafélagsins er sr. Þór Hauksson. Nefndin hefur haldið fimm fundi en engir fundir voru þegar samkomubann vegna COVID stóð yfir. Nefndin boðaði sr. Hrein Hákonarson fyrrum fangaprest á sinn fund til að meðal annars að fá sjónarmið sérþjónustupresta.

Samverur starfsfólks í kærleikspjónustu

Morgunverðarsamvera með Hjálparstarfinu, Fjölskylduþjónustunni, framkvæmdastjóra Eldriborgararáðs og sérþjónustuprestum sem ráðnir eru af kirkjunni (þ.e. ekki stofnunum eins og sjúkrahúsum og hjúkrunarheimilum) var aðeins einu sinni á þessu tímabili. Fjölskylduþjónustan bauð hópnum til sín í nýuppgert húsnæði hennar í Háteigskirkju. Það er sérlega ánægjulegt að Fjölskylduþjónustan skuli vera búin að fá gott húsnæði fyrir starfseminna.

Netkirkjan og Hjálparstarfið

Fljótlega eftir að Covid19 byrjaði fékk undirrituð beiðni um að taka vaktir á Netkirkjunni og tók að sér 2 klst. á viku. Þá bauð hún Hjálparstarfinu aðstoð ef með þyrfti og var það þegið í eitt skipti.

Lokaorð

Í október flutti kærleikspjónustusvið ásamt fræðsluviði í Katrínartún 4 en þau höfðu nýlega komið sér fyrir í safnaðarheimili Háteigskirkju. Að mati undirritaðrar var það mjög slæm ráðstöfun fyrir starf sviðanna. Beint aðgengi breyttist þ.e. sviðin voru á jarðhæð í Háteigskirkju og því einfalt að koma í heimsókn t.d. fyrir starfsfólk safnaða. Í Katrínartúni er í sjálfu sér gott aðgengi en það er ekki hægt að koma inn á eins auðveldan átt. Þó opið rými sé á báðum stöðum er staðsetning sviðanna innarlega í húsnæðinu í Katrínartúni og að ýmsu leiti erfiðara að vera í eins nánum tengslum og í Háteigskirkju.

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar

Rannveig Guðmundsdóttir, forstöðumaður

Tímamót

Óhætt er að segja að Fjölskylduþjónusta kirkjunnar standi á tímamótum. Nýtt fólk er tekið við og munu á næstunni verða auglýstar fleiri stöður. Við erum flutt í nýuppgert húsnæði í safnaðarheimili Háteigskirkju. Húsnæðið hæfir þjónustunni mjög vel. Viðtalsherbergin eru vel einangruð og rúmgóð og aðrar vistarverur henta starfsemi þýðilega.

Frá upphafi hafa verið gerðar miklar kröfur til menntunar og starfsreynslu starfsmanna. Þannig hafa allir starfsmenn, auk háskólamenntunar sem félagsráðgjafar, sálfræðingar eða með aðra menntun á sviði heilbrigðis og félagsmála, viðbótarmenntun í fjölskyldumeðferð og handleiðslu. Tveir starfsmenn hafa sömuleiðis lokið diplómanámi í sáttamiðlun.

Eftirtaldir starfsmenn eru nú hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar:

Andrea Baldursdóttir, félagsráðgjafi. Hún hóf störf þann 1. október 2019 og er í 100% starfi.

Guðrún Kolbrún Otterstedt, félagsráðgjafi. Hún hóf störf þann 1. desember 2019 og er í 100% starfi.

Rannveig Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi, núverandi forstöðumaður. Hún lætur af störfum þann 1. október næstkomandi.

Elísabet Berta Bjarnadóttir, félagsráðgjafi lét af störfum þann 1. júlí sl. Hún hóf störf 1997 og hefur lengst af starfað í fullu starfi.

Benedikt Jóhannsson, sálfræðingur lét af störfum vorið 2019 eftir að hafa starfað við þjónustuna frá 1992 í hlutastarfi.

Sagan

Saga Fjölskylduþjónustu kirkjunnar spannar nú tæplega þrjátíu ár. Það mun hafa verið áhugi presta með fyrrverandi biskup í fararbroddi, herra Karl Sigurbjörnsson, sem leiddi til þess að kirkjuþing og kirkjuráð staðfestu stofnun fjölskylduráðgjafar á vegum kirkjunnar árið 1991.

Fyrirmyndin var sótt til finnsku, sænsku, og norsku kirkjunnar sem hafa rekið margar ráðgjafarstöðvar víða um lönd sín frá því um miðja síðustu öld.

Fyrsti forstöðumaður var sr. Þorvaldur Karl Helgason og eftir að hann lauk störfum hafa starfsmenn skipst á að veita þjónustunni forstöðu, tvö ár í senn.

Fjölskylduþjónusta kirkjunnar hefur frá upphafi verið hluti af kærleiksþjónustu og sálgæslu íslensku þjóðkirkjunnar. Þannig má segja að hún sé eins konar fagleg skerping eða víkkun á þeirri sálgæslu og viðtalsþjónustu sem vígðir þjónar veita sóknarbörnum sínum um allt land. Hún starfar á grundvelli starfsreglna frá kirkjuþingi (*Starfsreglur um Fjölskylduþjónustu kirkjunnar nr. 951/2009*). Lengi vel var starfandi stjórn en hún hefur verið lögð niður og er þjónustan nú eitt af viðfangsefnum Biskupsstofu.

Verkefni

Meginverkefnin eru viðtalsþjónusta og handleiðsla. Önnur verkefni eru fræðsla, fyrirlestrar og ýmis samvinnuverkefni. Má þar nefna m.a. þátttaka í nefndarstörfum, kynningarstarf og aðkoma að starfsþjálfunarmálum guðfræði og djáknanema. Um árabil hafa verið haldnir óformlegir fundir með þátttöku starfsfólks kærleiksþjónustunnar þar sem rætt hefur verið það sem efst er á baugi hverju sinni á sviðinu. Marmiðið hefur jafnframt verið að kynnast og mynda tengsl sem gagnast til aukinnar samvinnu þar sem við á. Frá árinu 2007 hafa starfsmenn þriðja hvert ár sótt norrænar ráðstefnur um faghandleiðslu innan kirkjunnar. Árið 2010 var ráðstefnan haldin á Íslandi.

Starfið 2019 og 2020

Á árinu 2019 dróst starfsemin verulega saman. Megin ástæðan voru veikindi starfsmanna og brottför Benedikts. Í ljós kom að veikindi Elísabetar stöfuðu af ástandi Grensáskjallara og þurfti að loka starfseminni um tíma meðan flutningar áttu sér stað í safnaðarheimili Háteigskirkju. Rannveig var sömuleiðis í veikindaleyfi í nokkrar vikur. Þó nokkur tími leið þar til búið var lagfæra húsnæðið í Háteigskirkju svo unnt væri að hefja starfið að fullu á nýjan leik.

Þau mál sem bárust á árinu voru rétt innan við hundrað. Eins og áður er algengast að fólk leiti vegna sambúðarferðleika. Fólk talar um kulnun í sambandinu, erfiðleika við að tala saman og að ekki sé ást lengur til staðar. Foreldrar leita til okkar þegar ekki gengur sem skyldi með börnin. Einnig er mikið álag ungra foreldra, langvarandi streita, veikindi og fjárhagsáhyggjur líka viðfangsefni í viðtölum. Þá leita pör til þjónustunnar þegar um trúnaðarbrot er að ræða og þegar stefnir í skilnað. Fjölskyldur hafa samband í sorg og missi eða þegar önnur áföll hafa dunið yfir. Stjúpfjölskyldur þurfa á aðstoð að halda til að laga sig að breyttum fjölskylduáðstæðum, foreldrar biðja um aðstoð þegar skilnaður er ákveðinn svo unnt sé að gera hlutina sem best barnanna vegna og svona mætti lengi telja. Oftast eru fleiri en eitt viðfangsefni tekin fyrir í sama málinu.

Við leitumst við að mæta fólki þar sem það er statt hverju sinni, hlusta, skilja og styðja við þær lausnir eða breytingar sem fólk treystir sér til eða vill koma í framkvæmd.

Eins og áður hefur verið nefnt er handleiðslan annar stærsti þátturinn í starfsemi Fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Á árinu 2019 voru átta handleiðsluhópar í gangi með samtals um þrjátíu og tveimur einstaklingum. Nokkuð var um einstaklingshandleiðslu eða samtals 10 einstaklingar frá árinu 2019 fram á árið 2020. Handleiðslan er hugsuð sem efling og styrking í starfi fyrir þátttakendur, til að auka samstarf í söfnuðum og til að fyrirbyggja kulnun.

Starfsmenn fá handleiðslu á störf sín einu sinni í mánuði. Baldvin Steindórsson, sálfræðingur, var handleiðari starfshópsins um árabil og fram að páskum 2019. Frá áramótum og fram á vor hefur Þjarney Kristjánsdóttir, félagsráðgjafi, sinnt handleiðslu starfsmanna.

Það sem af er ári hafa 70 fjölskyldur leitað til þjónustunnar. Á meðan fyrri faraldursbylgjan var í gangi var leitast við að taka símaviðtöl eftir því sem unnt var og eiga fjarfundi til að skipuleggja starfið. Á vormisseri voru þrjár handleiðsluhópar í gangi með um 15 einstaklingum.

Okkur sýnist að eftirspurnin sé að aukast um þessar mundir og er mjög líklegt að hún haldist í hendur við frekari kynningu á stofnuninni þegar fullmannað verður á nýjan leik.

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga

Dr. María Guðrúnar Ágústsdóttir, formaður

Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi varð til að frumkvæði þjóðkirkjunnar á Íslandi. Prestastefna 1977 á Eiðum óskaði eftir því við biskup „að hafa forgöngu um myndun samstarfsnefndar kristinna trúfélaga á Íslandi, sem verði vettvangur umræðna og samvinnu þeirra á milli“ (Tíminn 7. júlí 1977). Sigurbjörn Einarsson biskup kallaði í framhaldinu saman nefnd sem hóf störf sumarið 1979 og fyrsta alþjóðlega samkirkjulega bænavika fyrir einingu kristninnar var haldin hérlendis í janúar 1980. Hefur bænavikan verið helsta verkefni nefndarinnar frá upphafi en ýmis konar samstarf og viðburðir bæst við á liðnum árum.

Nefndarfólk

Frá upphafi hefur þjóðkirkjan átt tvo fulltrúa í nefndinni, formann og ritara. Oftar en ekki hefur annar þessara aðila verið starfandi á Biskupsstofu og er það mjög til hægðarauka fyrir starfseminna. Síðustu tvö ár hefur Magnea Sverrisdóttir djákni verið fulltrúi Biskupsstofu í nefndinni. Formaður nefndarinnar frá 2002 er dr. María Guðrúnar. Ágústsdóttir. Dr. Jakob Rolland hefur lengi verið fulltrúi Rómversk-kaþólsku kirkjunnar á Íslandi og dr. Eric Guðmundsson fyrir Aðventkirkjuna. Fyrir hönd Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu starfar Helgi Guðnason forstöðumaður með nefndinni og Ingvi Kristinn Skjaldarson flokksstjóri fyrir hönd Hjálpræðishersins. Þessi fimm trúfélög sem nú hafa verið nefnd hafa verið með í nefndinni frá upphafi.

Fimm trúfélög hafa síðar bæst við. Fulltrúi íslensku Kristskirkjunnar er prestur safnaðarins, Ólafur H. Knútsson, fulltrúi Óháða safnaðarins er sr. Pétur Þorsteinsson, fulltrúi Rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar er faðir Timur Zolotuskiy og pastor Magnús Gunnarsson er fyrir Betaníu. Fríkirkjan Vegurinn átti virkan fulltrúa um skeið.

Fundir á starfsárinu

Fundir eru haldnir mánaðarlega yfir vetrartímann, öllu jafna tíu fundir frá september til og með maí, og skiptast fulltrúar á að bjóða fram fundaraðstöðu og veitingar. Vorið 2020 féllu fundir niður vegna Covid-19, þar á meðal fyrirhuguð vinnuferð nefndarinnar í Skálholt í byrjun maí, en tölvupóstur og sími nýtt til samskipta.

Alþjóðleg samkirkjuleg bænavika fyrir einingu kristninnar 2020

Alþjóðleg, samkirkjuleg bænavika fyrir einingu kristninnar er haldin dagana 18.-25. janúar á norðurlhveli jarðar en þar sem sumarleyfi eru á þessum tíma á suðurlhveli jarðar er bænavikan iðulega færð til hvítasunnu. Efni bænaviku 2020 kom frá kristnum kirkjum á Möltu undir yfirskriftinni *Þau sýndu okkur einstaka góðvild* (Post 28.2). Á þriðja hundrað manns sóttu samkomur, bænastundir og aðra viðburði bænavikunnar í Reykjavík og Hafnarfirði. Eins



Samstarfsnefndin fundar hjá föður Timur Solotuski sem er lengst t.v. á myndinni. Aðrir á myndinni eru talið frá vinstri: Magnea Sverrisdóttir, djákni; dr. María G. Ágústsdóttir; dr. Eric Guðmundsson og dr. Jakob Rolland

og undanfarinn áratug var bænavikan einnig haldin á Akureyri undir stjórn sr. Guðmundar Guðmundssonar, héraðsprests, sem einnig tók að sér að setja lestra og bænir vikunnar inn á Facebook síðuna Bænavikan 18-25 janúar. Anna Magnúsdóttir, kennari, bauð sig fram til að efla kynningarstarf fyrir bænavikuna og eru henni færðar þakkir fyrir frumkvæðið. Sjö viðburðir voru á Akureyri og níu sunnan heiða.

Vikan hófst með blessun hafsins í Nauthólsvík að sið Rússnesku Rétttrúnaðarkirkjunnar laugardaginn 18. janúar.

Guðsþjónusta var útvarpað frá Grensáskirkju sunnudaginn 19. janúar með þátttöku lesara frá Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga, messuhóps heimafólks og heimaprestanna sr. Evu Bjarkar Valdimarsdóttur og sr. Maríu G. Ágústsdóttur. Dr. Eric Guðmundsson, prestur Aðventkirkjunnar, prédikaði. Kvinnakórinn Vox Gospel annaðist söng ásamt Barna- og ungdómskórum Fossvogsprestakalls undir stjórn Þórdísar Sævarsdóttur. Organisti var Ásta Haraldsdóttir. Samskot runnu til samtakanna Öruggt skjól, til stuðnings börnum, fötluðum og öldruðum á Sýrlandi, kt. 610319-1490, reikn. 0133-26-200062.

Á mánudegi í bænaviku er hefð fyrir sameiginlegri bænasmveru kristinna safnaða í Hafnarfirði. Árlegt málþing í tilefni bænaviku er haldið á þriðjudegi og fjallaði að þessu sinni um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hlutverk trúfélaga. Þingið var haldið í íslensku Kristskirkjunni að Fossaleyni. Framsógu höfðu dr. Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs, faðir Timur Zolotuskiy, Magnea Sverrisdóttir djákni, dr. Sólveig Anna Bóasdóttir og sr. Halldór Reynisson, umhverfisverndarfulltrúi þjóðkirkjunnar, en fundarstjóri var Sigríður Schram, kennari.



Frá málþingi í tilefni bænavíku. Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir í ræðustól, sr. Halldór Reynisson og dr. Halldór Þorgeirsson hlýða á.

Á miðvikudegi var hefðinni samkvæmt samkoma í Landakotskirkju og á fimmtudeginum hjá Hjalpræðishernum. Föstudagskvöldið 24. janúar bauð Aðventkirkjan við Ingólfstorg til samverustundar.

Bænaganga var gengin laugardaginn 25. janúar, á lokadegi bænavíkunnar, kl. 17 frá kirkju Óháða safnaðarins með viðkomu í Háteigskirkju að Filadelfiukirkjunni í Hátúni. Þar var haldin fagnaðarsamkoma með þátttöku margra kristinna trúfélaga undir stjórn Helga Guðnasonar forstöðumanns.

Sama dag var haldið málþing um ríki, kristin trúfélög og trúfrelsi í Gleráarkirkju á Akureyri. Sr. Jürgen Jamin, prestur kaþólskra á Akureyri, og sr. Svavar A. Jónsson, sóknarprestur í Akureyrarkirkju, höfðu framsögu ásamt fleirum fulltrúum kirkjudeildanna.

Alþjóðlegur bænadagur kvenna 2020

Alþjóðlegur bænadagur kvenna árið 2020 var haldinn föstudaginn 6. mars víða um land, m.a. í Miðfirði, á Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Dr. María G. Ágústsdóttir sem hefur leitt starf bænadagsins undanfarin 25 ár afhenti nýjum fulltrúum þjóðkirkjunnar umsjón með bænadeginum í byrjun árs 2020. Það eru þær sr. Hildur Björk Hörpudóttir og Laufey Brá Jónsdóttir, leikkona og guðfræðinemi. Efni bænadagsins 2020 kom frá Simbabwe undir yfirskriftinni: Statt upp, tak rekkju þína og gakk! (Jóh 5.8.). Samkoman í Reykjavík var haldin í húsnæði KFUM og K við Holtaveg. Kvinnakórinn Ljósbot söng undir stjórn Keith Reed.



Umsónarkonur Alþjóðlegs bænadags kvenna:
Laufey Brá Jónsdóttir, leikkona og guðfræðinemi og sr. Hildur Björk Hörpudóttir og

Pakkir

Undirrituð var kölluð til að leiða Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga á Íslandi fyrir nær tveimur áratugum í biskupstíð Karls Sigurbjörnssonar. Trúföst systkini í Kristi hafa borið starfið uppi til lengri eða skemmri tíma og er þeim öllum þakkað ómetanlegt samstarf og vináttu. Tvær kærar fyrrum nefndarkonur eru látnar. Major Anne Marie Reinholdtsen, þá yfirforingi Hjálpræðishersins á Íslandi, lést af slysförum þann 19. júní 2010. Svanhildur Árný Sigurjónsdóttir, sem um skeið var fulltrúi Óháða safnaðarins bæði í samstarfsnefndinni og landsnefnd um Alþjóðlegan bænadag kvenna, lést þann 30. desember 2019. Við minnumst þeirra beggja með virðingu og þakklæti og biðjum ástvinum þeirra blessunar.

Samkirkjulegt starf er hverri kirkju mikilvægt, bæði á alþjóðavísu og í nærumhverfinu. Tengslin sem myndast eru grunnur vináttu og virðingar sem nær langt út fyrir þann hóp sem er virkur í starfinu og getur skipt sköpum þegar á reynir í þjóðfélaginu. Alþjóðlega bænnavikan, alþjóðlegur bænadagur kvenna, samkirkjulegar bænastundir á 17. júní, þverkirkjulegi bænahópurinn sem kemur saman í Friðrikskapellu alla miðvikudaga kl. 12 ásamt ýmsum öðrum viðburðum er uppspretta hreyfiafls til góðra verka sem mikilvægt er að hlúa að og varðveita.

Viðauki

Starfsreglur SKT

Á fundi Samstarfsnefndar kristinna trúfélaga 30. apríl 2013 voru samþykktar endurskoðaðar starfsreglur fyrir nefndina. Reglurnar fylgja hér á eftir.

1. Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga er samstarfsvettvangur kristinna kirkna, samfélaga og hreyfinga á Íslandi sem jata á grundvelli heilagrar ritningar einn Guð, föður, son og heilagan anda sem skapara, frelsara og lífgjafa.
2. Tilgangur samstarfsnefndarinnar er að vera vettvangur samráðs, samvinnu og stuðnings við sameiginleg mál í þjónustu við Guð og menn.
3. Meðal verkefna eru alþjóðleg bænavika fyrir einingu kristninnar, sameiginleg mál gagnvart stjórnvöldum, útvarpsguðsþjónustur og fjölmiðlamál. Nefndin getur einnig staðið saman að bænastarfi, kynningu og fræðslu um kristna trú þegar það á við.
4. Í samstarfsnefnd eru fulltrúar allra safnaða og hreyfinga, sem hafa með formlegum hætti gengið til samvinnu og samþykkja grundvöll og starfshætti samstarfsnefndar kristinna trúfélaga. Trúfélagið hafi að jafnaði yfir 100 meðlimi, hafi starfað og verið skráð í að minnsta kosti fimm ár. Um óskráð kristin samfélög og hreyfingar gildir að þau skuli hafa starfað í að minnsta kosti fimm ár hérlendis. Öll aðildarfélög hafi viðurkennda endurskoðun á reikningum sínum. Hvert félag eða söfnuður tilnefnir einn fulltrúa í nefndina en þjóðkirkjan tvo. Aðildarfélög geta tilnefnt varamenn, kjósi þau það. Varamönnum er heimilt að sækja fundi nefndarinnar, þó án atkvæðisréttar. Kristin trúfélög, skráð sem óskráð, geta óskað eftir að eiga áheyrnarfulltrúa í nefndinni og gilda þá ekki ákvæði um fjölda meðlima og lengd starfstíma. Um umsóknarferlið: Skrifleg ósk um aðild að nefndinni berist formanni með undirskrift safnaðarráðs viðkomandi félags. Fulltrúar nefndarinnar ræði við forstöðufólk félagsins sem æskir inngöngu og sjái endurskoðaða ársreikninga. Nefndin tekur síðan afstöðu til umsóknarinnar á fundi sínum.
5. Samstarfsnefnd skiptir með sér verkum og ákvarðar störf sín, fundafjölda og starfshætti.
6. Samstarfsnefndin skal leita samþykkis allra aðildarfélaga ef breyta skal starfsreglum.

Stofnanir, nefndir, ráð og félög

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar

Sr. Magnús Björn Björnsson, formaður

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar hefur það hlutverk að styðja og efla kirkjulegt starf með eldri borgurum í þjóðkirkjunni um allt land, í söfnuðum, prófestsdæmum eða á þeim stöðum þar sem skipuleg þjónusta er veitt öldruðum af kirkjulegum aðilum. Hún hefur náið samstarf við fræðslu- og kærleikspjónustusvið kirkjunnar og Eldriborgararáð Reykjavíkurprófestsdæma. Ellimálanefnd er skipuð af Kirkjuráði. Hún er þannig skipuð í dag: sr. Magnús Björn Björnsson, formaður. Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni, varaformaður. Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, ritari. Meðstjórnendur: Stefanía Baldursdóttir og sr. Auður Inga Einarsdóttir.

Störf nefndarinnar má rekja allt til ársins 1979 er herra Sigurbjörn Einarsson skipaði nefnd sem nefndist: „Samtals hópur um málefni aldraðra.“ Árið 1982 gerði herra Pétur Sigurgeirsson þá tillögu að uppstigningardagur yrði gerður að degi aldraðra í kirkjunni. Sér nefndin um útvarpsguðsþjónustu á þeim degi. Á uppstigningardegi, 21. maí 2020, var útvarpsguðsþjónusta í Breiðholtskirkju. Þar prédikaði sr. Örn Bárður Jónsson, fyrrverandi sóknarprestur. Lesarar



Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, ásamt syni sínum Markúsi Hjaltasyni, tæknimanni RUV, en þau tóku bæði þátt í útvarpsguðsþjónustunni á uppstigningardag.

voru Kristín Kristjánsdóttir, djákni í Fella- og Hólakirkju, Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, verkefnisstjóri á fræðslu og kærleikspjónustusviði Biskupsstofu og Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni, framkvæmdastjóri Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma. Sr. Magnús Björn Björnsson þjónaði fyrir altari.

Ellimálanefnd þjóðkirkjunnar styður sérstaklega störf orlofsbúða fyrir eldri borgara á Löngumýri. Undir stjórn Þóreyjar Daggar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma, hefur starfið vaxið og dafnað. Sumarið 2019 voru sex orlofshópar og afar góð aðsókn. Ellimálanefnd vill þakka sérstaklega starfsfólki Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma og Löngumýrar fyrir framúrskarandi og fórnfús störf.

Ellimálanefnd heldur utan um efni fyrir kirkjulegt starf með eldri borgurum á efnisveitu kirkjunnar. Þar er ýmislegt gott efni fyrir starf með eldri borgurum.

Eldriborgararáð Reykjavíkurprófastsdæma

Þórey Dögg Jónsdóttir, framkvæmdastjóri

Fulltrúafundir og stjórnarfundir

Á þessu starfsári sem af er, hélt ER tvo fulltrúafundi, fjóra stjórnarfundir og tvær guðspjónustur. Vert er að benda á að vegna tíðra óveðra hafa þrír stjórnarfundir fallið niður vegna veðurs.

Fulltrúafundir, ráðstefnur og samkomur á starfsárinu voru eftirfarandi:

1. 22. september 2019. Haustguðspjónusta ER haldin í Digraneskirkju.
2. 18. október 2019. Fulltrúafundur: Neskirkja. Anna Sigríður Helgadóttir söngkona gladdi okkur með nærveru sinni og söng.
3. 21. nóvember 2019. Litlu jól ER haldin í Grensáskirkju.
4. 19. janúar 2020. Áramótaguðspjónusta ER haldin í Árbæjarkirkju.
5. 3. febrúar 2020. Fulltrúafundur: Breiðholtskirkja. Séra Auður Inga Einarsdóttir fræddi okkur um kirkjuna sem byggingu og kirkjumuni hennar.
6. 12. mars 2020. Fjáröflunartónleikarnir GAMLINGINN sem fram áttu að fara þann 12. mars voru felldir niður vegna Covid-19.
7. 29. mars 2020. Föstuguðspjónusta ER sem halda átti í Áskirkju var felld niður vegna Covid-19.
8. 26. maí 2020. Aðalfundur Eldriborgararáðs Reykjavíkurprófastsdæma sem fram átti að fara þann 26. maí frestast til hausts 2020.
9. 14. maí 2020. Uppskeruhátíð ER. Var felld niður vegna Covid-19.

Uppskeruhátíð Eldriborgararáðs 2. maí 2019

Uppskeruhátíð Eldriborgararáðs var með óhefðbundnu sniði árið 2019. Í stað þess að gera vel við okkur í mat og skemmtun í Breiðholti skirkju eins og venjulega fórum við í ferðalag til Valgeirs Guðjónssonar og hans góðu konu, Ástu Krístrúnar austur á Eyrarbakka. Þar reka þau saman Bakkastofu. Þau taka þar á móti smáum og stórum hópum, skemmta þeim með sögum, söng og ljúfum veitingum. Við nutum þess ríkulega í mat og skemmtun að heimsækja þau. Við vorum tæplega 50 sem sóttum þau heim og ég get fullyrt að allir hafi gengið sáttir frá borði og húsi.

Jólafundur starfsfólks og sjálfboðaliða

„Litlu jólin“ voru haldin fimmtudaginn 21. nóvember kl. 18:00-20:30 í Grensáskirkju.

Jólagleði starfsfólks í kirkjustarfi eldri borgara var að venju haldin í Grensáskirkju og var hún vel sótt að vanda. Í upphafi var stutt helgistund sem séra Gísli Jónsson prófastur annaðist. Eftir helgistundina var boðið upp á fjölbreyttan jólakvöldverð Skemmtikraftur jólagleðinnar í ár var hún Anna Sigríður Helgadóttir sem skemmti okkur með tali, tónum og söng. Ýmislegt var til gamans gert, lesnar jólasögur og mikið sungið.

Einnig var jólapökkum útteilt sem þátttakendur höfðu komið með. Þetta er skemmtilegur síður sem gleður alltaf.

Guðsþjónustur

Á liðnum árum hefur skapast sú hefð að ER og kirkjurnar í prófastsdæmunum standi fyrir nokkrum guðsþjónustum í kirkjustarfi eldri borgara.

Hautguðsþjónusta var haldin í Digraneskirkju 22. september 2019 kl. 11:00.

Hautguðsþjónustan markar upphaf vetrarstarfs í kirkjustarfi eldri borgara og var hún vel sótt eins og ávallt. Séra Karen Lind Ólafsdóttir predikaði og þjónaði fyrir altari ásamt Þóreyju Dögg Jónsdóttur djákna. Anna Sigríður Helgadóttir leiddi sönginn við undirleik Láru Bryndísar Eggertsdóttur organista. Eftir guðsþjónustuna bauð Digranessöfnuður og Eldriborgararáð upp á veitingar í safnaðarheimilinu. Góð mæting var og fólkið mjög ánægt að hittast aftur að loknu sumarleyfi og þakklátt fyrir allt sem boðið var upp á.

Áramótaguðsþjónusta ER var haldin í Árbæjarkirkju 19. janúar kl. 11:00

Allir í Árbæjarkirkju tóku okkur í Eldriborgararáði fagnandi þennan dag og haft var sérstaklega á orði hversu gaman það væri að fá eldri borgara í heimsókn. Séra Þór Hauksson predikaði og þjónaði fyrir altari ásamt Þóreyju Dögg Jónsdóttur djákna. Kór Árbæjarsóknar leiddi almennan kirkjusöng við undirleik organistans Krisztina Kalló Szklenár. Eftir guðsþjónustuna buðu Eldriborgararáð og Árbæjarsöfnuður upp á léttar veitingar.

Föstuguðþjónusta ER sem halda átti þann 29. mars kl. 11:00 í Áskirkju féll niður vegna samkomubanns

Stjórn ER færir þeim sem tóku á móti okkur í þessum kirkjum og aðstoðuðu á margvíslegan hátt bestu þakkir og óskar þeim öllum blessunar.

Sumarorlof á Löngumýri

Eldri borgararáð og Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar hafa í mörg undanfarin ár haft samvinnu um orlof eldri borgara á Löngumýri og hefur það gefist vel. Sl. sumar dvöldu þar sex 30 manna hópar, eða alls 180 manns. Á Löngumýri er mjög góð aðstaða fyrir fólk með minnkaða hreyfigetu og er því mjög heppilegur staður fyrir eldra fólk. Aðsókn var mikil og margir fengu ekki pláss. Allir dvalargestir fóru heim hressir og kátir eftir að hafa dvalið í sveitinni í nokkra daga sumarið 2019. Vert er að vekja athygli á því hér að ákveðið hefur verið í ljósi samkomubanns, tveggja metra reglunnar og annarra hamlana vegna Covid-19 að sumardvöl á Löngumýri sumarið 2020 fellur alfarið niður. Eldri borgarar eru okkar viðkvæmasti hópur og því viljum við ekki taka neina áhættu.

Fjáröflun vegna orlofs.

Fjáröflunartónleikarnir GAMLINGINN 2020 féllu því miður niður vegna samkomubannsins. Ellen Kristjánsdóttir, Eyþór Gunnarsson og okkar góðu og tryggu Skagfirðingar ætluðu að skemmta okkar þessa kvöldstund þann 12. mars, en því miður varð ekkert af því vegna Corona veirunnar.

Stjórn ER

Stjórn ER veturinn 2019-2020 er þannig skipuð:

- Valgerður Guðmundsdóttir, fomaður.
- Linda Jóhannsdóttir, ritari.
- Stefanía Baldursdóttir, gjaldkeri.
- Bergþóra Lövdahl, meðstjórn.
- Benedikt Vilhjálmsson, meðstjórn.

Skrifstofan

Skrifstofa ER er í Breiðholtskirkju v/ Þangbakka s. 567-4810 og er opin alla virka daga og þangað eru allir velkomnir sem vilja fá ráðleggingar eða aðstoð við öldrunarstarfið í sófnuðunum.

Framkvæmdastjóri tekur þátt í öldrunarstarfi eftir því sem óskað er og tími vinnst til og sækir einnig ráðstefnur og fundi sem að gagni koma í starfinu.

Með blessunaróskum.

Hjálparstarf kirkjunnar

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri

Hlutverk, skipulag, stjórn og starfsfólk

Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun sem starfrækir mannúðar- og hjálparstarf í nafni íslensku þjóðkirkjunnar. Sem kirkjutengd stofnun nýtur Hjálparstarfið þeirrar sérstöðu að byggja á grasrótstarfi í nærsamfélaginu en meginmarkmiðin eru bætt lífskjör þeirra sem búa við fátækt og að mannréttindi séu virt. Í starfinu felst fjáröflun, stuðningur við verkefni erlendis, framkvæmd innanlandsaðstoðar, talsmannshlutverk og fræðslustarf. Starfsár stofnunarinnar er 1. júlí til 30. júní. Rekstrartölur eru birtar í ársreikningum sem liggja fyrir í september ár hvert.

Yfirstjórn Hjálparstarfs kirkjunnar er í höndum fulltrúaráðs en í það skipar kirkjuráð þjóðkirkjunnar fimm fulltrúa, lærða eða leikna, og prófestsdæmi í landinu einn fulltrúa hvert. Auk þess er hverri kirkjusókn heimilt að tilnefna fulltrúa í ráðið. Fulltrúaráð setur stjórn fulltrúaráðs og endurskoðendum starfsreglur.

Stjórn fulltrúaráðs er kosin á aðalfundi Hjálparstarfs kirkjunnar ár hvert. Stjórnin ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og heldur ekki færri en átta fundi árlega. Þrjú aðalmenn eru í stjórninni og tveir sitja í varastjórn. Alla jafna hittast bæði aðalmenn og varamenn á fundum stjórnar. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

Í stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar starfsárið 2019-2020 eru: Gunnar Sigurðsson, formaður, Hörður Jóhannesson og Salóme Huld Garðarsdóttir. Varamenn í stjórn eru Benedikt Vilhjálmsson og Vigdís Valgerður Pálsdóttir. Skoðunarmenn reikninga eru Halldór Kristinn Pedersen og Margrét Albertsdóttir.

Bjarni Gíslason er framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar. Áslaug Arndal fulltrúi hefur umsjón með skrifstofuhaldi og aðstoð við fósturbörn á Innlandi. Kristín Ólafsdóttir er fræðslu- og fjáröflunarfulltrúi. Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi hefur umsjón með innanlandsstarfinu. Júlía Margrét Rúnarsdóttir og Guðný Helena Guðmundsdóttir eru félagsráðgjafar í innanlandsstarfi. Atli Geir Hafliðason hefur umsjón með starfi sjálfbóðaliða og fatalager, bókunum og fleiru.

Afmælistálfing 9. janúar 2020 – Valdefling kvenna – frasi eða framfarir?

Formleg ákvörðun um hjálparstofnun á vegum íslensku þjóðkirkjunnar var tekin á fundi kirkjuráðs þann 9. janúar 1970. Hjálparstarfið var því 50 ára þann dag og af því tilefni var haldið málþing á Grand hóteli, undir yfirskriftinni: *Valdefling kvenna – frasi eða framfarir?* Frú Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands flutti ávarp. Frú Eliza Jean Reid, forsetafrú og Magnús Árni Skjöld Magnússon, forseti félagsvísinda- og lagadeildar Háskólans á Bifröst fluttu erindi. Starfsfólk Hjálparstarfsins, Vilborg Oddsdóttir og Sædis Arnardóttir félagsráðgjafar og Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri fjölluðu um yfirskriftina út frá verkefnum á Íslandi, Eþíópíu og Úganda. Í lokin voru pallborðsumræður. Málþingið tókst vel og um 100 manns mættu en einnig var málþinginu streymt beint í gegnum Facebook.

Hjálparstarfið á Íslandi

Starfið á Íslandi felst í því að greina vanda þeirra sem til stofnunarinnar leita, veita félagslega ráðgjöf og efnislega aðstoð. Það felst einnig í valdeflingu þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að grípið verði til aðgerða sem breyta lífsskilyrðum þeirra.

Félagsráðgjafar Hjálparstarfs kirkjunnar starfa með prestum og djáknum, félagsþjónustu sveitarfélaga, öðrum mannúðarsamtökum, stofnunum og ráðuneytum að úrlausn verkefna en ekkert er skipulagt án þess að notendur þjónustunnar séu hafðir með í ráðum og öll aðstoð byggist á hjálp til sjálfshjálp. Félagráðgjafar og notendur þjónustu Hjálparstarfsins taka þátt í fjölbreyttu samstarfi til að sporna gegn fátækt og félagslegri einangrun, stuðla að opinni umræðu og þrýsta á stjórnvöld um farsæld fyrir alla.

Ráðgjöf og efnislegur stuðningur við fólk sem býr við fátækt

Efnisleg aðstoð felst fyrst og fremst í því að fólk fær inneignarkort fyrir matvöru. Á höfuðborgarsvæðinu eru inneignarkortin að mestu einskorðuð við barnafjölskyldur og er einstaklingum sem ekki hafa börn á framfæri vísað til annarra samtaka sem bjóða mataraðstoð. Á þeim svæðum þar sem öðrum hjálparsamtökum er ekki til að dreifa fá þeir sem búa einir líka inneignarkort.

Hjálparstarf kirkjunnar aðstoðar fólk í félagslegri neyð þegar sýkingar eða veikindi kalla á óvænt útgjöld vegna lyfjakaupa. Þó er ekki greitt fyrir lyf sem eru á lista Lyfjastofnunar yfir ávana- og fíknilyf.

Foreldrar grunnskólabarna sem búa við kröpp kjör hafa mörg undanfarin ár getað leitað stuðnings hjá Hjálparstarfinu við að útbúa börnin í skólann. Þar sem sveitarfélög hafa flest tekið á sig kostnað vegna mikilvægustu skólagagna, sem er vel, hefur aðstoð Hjálparstarfsins breyst og er stuðningur nú vegna skólataskna og annarra hluta sem eru nauðsynlegir og einnig vegna skólafatnaðar eins og áður.

Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að hlúa að börnum sem búa við fátækt. Markmiðið er að þau geti styrkt sjálfsmynd sína sem aftur leiðir til aukinnar virkni og þátttöku í samfélaginu. Um 100 börn og unglingar undir átján ára aldri hafa fengið styrk frá Hjálparstarfinu á starfsárinu til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms, sumarbúðadvalar og tómstundastarfs.

Hjálparstarfið styrkir ungmenni til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi. Markmiðið er að rjúfa vítahring lítillar menntunar, lágra launa og viðvarandi fátæktar ungmenna. Á síðasta skólaári fengu 49 ungmenni styrk til greiðslu skólagjalda í framhaldsskólum og fyrir bóka- og efniskostnaði.

Vegna Covid-19 þurfti frá mars 2020 að aðlaga starfið og þjónustuna að breyttum aðstæðum og reglum og fyrirmælum sem gefin voru út. Unnið var samkvæmt viðbragðsáætlun og þjónusta veitt eins og hægt var í gegnum síma og netið. Vegna faraldursins hefur verið hlé á almennri fataúthlutun frá mars 2020.



Saumaverkefni
á Íslandi –
Töskur með
tilgang.

Valdefling

Efnislegur stuðningur er nauðsynlegur til þess að svara brýnni þörf en til þess að komast út úr vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar þarf að takast á við aðstæður á breiðum grunni. Undanfarin ár hefur Hjálparstarfið þróað starfið til þess að svara sem best þörfum þeirra sem til stofnunarinnar leita.

Hjálparstarfið starfar í anda hugmyndafræði um valdeflingu og leitast við að styðja fólk við að bæta félagslega stöðu sína og almenn lífsgæði. Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónusta eru lykilverkfæri félagsráðgjafa Hjálparstarfsins sem leggja höfuðáherslu á að hlusta, ræða og reyna að skilja einstaklingana sem til þeirra leita og vinna með þeim á forsendum þeirra sjálfra.

Í öllu starfi er markmiðið að fólk hafi fundið styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og til að komast út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgifyiskur efnaleysis. Sérstök

áhersla er lögð á starf í þágu barna og unglunga sem miðar að því að þau hafi sterka sjálfsmynd og séu virkir þátttakendur í samfélaginu.

Töskur með tilgang Vikulega hittast yfir 40 konur úr hópi innflytjenda, flóttafólks og hælisleitenda og endurvinna efni með því að sauma úr því fjölnota innkaupatöskur, grænmetisþoka, dúka, skiptiteppi fyrir börn o.fl.. Þannig leggja þær sitt af mörkum til að vernda umhverfið. Í lok saumavinnunnar borða konurnar svo saman hádegismat og kynnast betur en þær koma víða að og hafa ólíkan bakgrunn. Verkefnið stuðlar að virkni og félagsskap þátttakenda, minni plastnotkun og endurnýtingu efnis. Verkefnið er unnið yfir vetrartímann en vegna Covid-19 faraldursins var gert hlé á verkefninu frá mars 2020.

Borðum saman er samstarfsverkefni Hjálparstarfsins og samfélags Ahmadiyya-múslima á Íslandi sem hófst í mars 2017. Markmiðið er að bjóða fólki sem býr við verulegan skort upp á kvöldmat og notalega stund í Grensáskirkju tvö kvöld í mánuði. Verkefnið var í gangi september til desember 2019 og fer aftur í gang í haust ef aðstæður leyfa.

Stattu með sjálfri þér – virkni til farsældar er verkefni sem hófst 2018 og var til tveggja ára og lauk í maí 2020. Markmiðið er að þátttakendur, konur sem búa við örorku og eru með börn á framfæri, fái bætt sjálfsmynd sína og aukna trú á eigin getu, að þær styrki tengslanet sitt til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og að þær eflist í foreldrahlutverkinu. Nýtt tveggja ára verkefni mun hefjast í september 2020.

Málsvarastarf

Hjálparstarf kirkjunnar telur brýnt að fólk sem býr við fátækt tali fyrir sig sjálft og taki þátt í opinberum ákvörðunum sem það varðar. Þjónusta við fólk í félagslegri neyð á að vera notendastýrð og fólk á að geta lifað mannsæmandi lífi af launum sínum og lífeyri.

EAPN og Pepp á Íslandi, samtök fólks í fátækt

EAPN á Íslandi eru regnhlífasamtök þeirra félaga sem berjast gegn fátækt og félagslegri einangrun á Íslandi. Samtökin eiga aðild að EAPN (European Anti Poverty Network) sem voru stofnuð árið 1990. Níu aðildarfélög standa að EAPN á Íslandi og eiga þau öll sammerkt að hafa sem hluta af sínum markmiðum að vinna að málefnum fólks sem býr við fátækt. Vilborg Oddsdóttir umsjónarmaður innanlandsstarfs Hjálparstarfsins er formaður EAPN á Íslandi.

Alþjóðlegt hjálparstarf

Hjálparstarf kirkjunnar leggur lóð sín á vogarskálarnar til þess að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun náist fyrir árið 2030. Áskoranirnar eru risavaxnar og margslungnar; ójöfnuður innan og milli samfélaga, loftslagsbreytingar, vatnsskortur, fæðuöryggi, vannæring, ófriður og vaxandi fjöldi flóttafólks í heiminum.

Í mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu liggur styrkur Hjálparstarfs kirkjunnar í samvinnu við hjálparstofnanir sem þekkja staðhætti á verkefnasvæðum. Þær þekkja söguna og menninguna en það auðveldar skipulagningu og útfærslu aðstoðar og þær eru áfram á svæðinu eftir að alþjóðlegri aðstoð lýkur og geta mælt árangur hennar.

Hjálparstarf kirkjunnar er aðili að Hjálparstarfi Lútherska heimssambandsins og Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance. Einnig er gott samstarf við systurstofnanir á Norðurlöndum.



Hús, vatnstankur og eldaskáli í Úganda.

Þá er alþjóðlegt Hjálparstarf kirkna unnið í náninni samvinnu við hjálparstofnanir Sameinuðu þjóðanna og eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf.

Starfið felst í efnislegri aðstoð við fólk í neyð, valdeflingu sem leiðir til sjálfshjálpar þeirra sem starfað er með og í því að tala máli þeirra sem í nauðum eru staddir svo samfélagið taki tillit til þarfa þeirra og réttinda og að gripið verði til aðgerða sem breyta lífsmöguleikum þeirra.

Verkefni eru valin án tillits til þjóðernis, kynþáttar, kyns, trúarskoðana eða pólitískra hugmynda þeirra sem þurfa á aðstoð að halda. Þau eru á hverjum tíma valin eftir efnahag stofnunarinnar, hjálparbeiðnum sem berast og mati stjórnar og samstarfsaðila um hvar og hvernig hjálpin skilar bestum árangri.

Hjálparstarfið leitast við að styðja fólk og samfélög við að finna eigin lausnir á vanda sem að þeim steðjar og efla fólk til áhrifa. Hluti af starfinu felst í fræðslu um réttindi og skyldur einstaklinga, samfélags og stjórnvalda eða annarra sem bera ábyrgð á velferð fólks. Hjálparstarfið virkjar fólkið sjálft eins og mögulegt er í öllum verkefnum og leitast er við að byggja upp þekkingu og færni samfélaga svo þróun verði sjálfbær og utanaðkomandi aðstoð óþörf.

Þróunarsamvinna

Eþíópía – Bætt aðgengi að vatni, tækifæri til fæðuöflunar og valdefling kvenna

Stærsta verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu er með sárafátæku fólki í Sómalífylki í Eþíópíu. Meginmarkmið verkefnisins eru umhverfisvernd, að bæta aðgengi að drykkjarhæfu vatni, að fólkið geti bætt fæðuöryggi sitt með bættum aðferðum í landbúnaði og að styrkja stöðu kvenna, samfélaginu öllu til farsældar. Verkefnið hefur verið í samstarfi



Dansað í verkmenntamiðstöð í Kampala í Úganda.

við Lútherska heimssambandið í Eþíópíu með dyggum stuðningi frá einstaklingum og utanríkisráðuneytinu síðan árið 2007 eða í 13 ár.

Núverandi verkefni hófst í byrjun árs 2018 en eftir meira en 10 ára starf í Jijgahéraði færðum við aðstoðina yfir til fólksins í Kebrebeyahéraði sem er enn austar í Sómalíufylki. Sem fyrr er áhersla á auka aðgengi að vatni og bæta fæðuöryggi, vernda umhverfið, valdefla konur og auka jafnrétti. Verkefnið mun ná til um 10.000 manns á þremur árum.

Úganda – Aðstoð við barnafjölskyldur sem búa við sára fátækt vegna HIV/alnæmis

Frá árinu 2006 hefur Hjálparstarf kirkjunnar tekið þátt í verkefnum í þágu HIV-smitaðra, alnæmissjúkra, aðstandenda þeirra og eftirlifenda í þremur héruðum í Úganda; Rakai, Lyantonde og Sembabule þar sem nýsmit HIV hefur verið tíðara en annars staðar í landinu.

Síðustu starfsár hefur samstarf Hjálparstarfs kirkjunnar verið við samtökin Rakai Community Based AIDS Organization (RACOB AO) sem sprottin eru upp úr starfi Lútherska heimssambandsins í Rakai og Lyantonde. Skjólstæðingar RACOB AO eru fyrst og fremst börn sem misst hafa foreldra sína úr alnæmi og búa ein sem og HIV-smitaðir einstæðir foreldrar og ömmur sem hafa börn á framfæri og búa við sára fátækt.

Áhersla er lögð á að bæta lífsskilyrði fólksins með því að reisa íbúðarhús með grunnhúsbúnaði, eldaskála með hlóðum sem spara eldsneyti og helstu áhöldum. Reistir eru kamrar og fólkið frætt um samband hreinlætis og smithættu og hvernig bæta má hreinlætisaðstöðu. Aðgangur að hreinu vatni er aukinn til muna með því að koma upp rigningarvatnssöfnunartönkum við hlið íbúðarhúsanna. Fólkið fær svo geitur, tól og fræ til grænmetisræktunar til að auka fæðuval og möguleika á tekjuöflun.

Á árinu 2020 áætla Hjálparstarfið að aðstoða við byggingu húsa, eldaskála, kamra og

vatnstanka fyrir átta fölskyldur sem samfélögin í Rakai og Lyantonde meta að séu í brýnustu þörf fyrir aðstoð.

Úganda - Ungmenni í fátækrahverfum Kampala fá tækifæri

Í janúar 2017 hóf Hjálparstarf kirkjunnar stuðning við börn og ungmenni í Kampala, höfuðborg Úganda en í landinu eru 1.2 milljónir fólks á aldrinum 15 – 29 ára án atvinnu. Börn og unglingar í höfuðborginni eru útsett fyrir misnotkun af ýmsu tagi og eymdin leiðir til þess að þau verða auðveldlega fíkniefnum að bráð. Í fátækrahverfum borgarinnar rekur neyðin unga fólkið til að taka þátt í glæpagengjum eða selja líkama sinn til að geta séð sér farborða.

Kampalaverkefni Hjálparstarfsins er í þremur fátækrahverfum borgarinnar. Markhópurinn eru 1500 börn og ungmenni á aldrinum 13-24 ára en markmiðið er að unga fólkið öðlist verkunnáttu sem það getur nýtt til að sjá sér farborða, að það taki þátt í uppbyggilegum tómstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfmyndina og að þau séu upplýst um kynheilbrigði og rétt sinn til heilbrigðisþjónustu.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Lútherska heimssambandið og samtökin UYDEL (Ugandan Youth Development Link) með góðum stuðningi utanríkisráðuneytisins. UYDEL hefur rúmlega tuttugu ára reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum Kampala. Í smiðjum UYDEL geta ungmennin valið sér ýmis svið og öðlast nægilega hæfni til að verða gjaldgeng á vinnumarkaði svo sem við hárgreiðslu, matreiðslu, rafvirkjun, saumaskap og sápugerð. Í smiðjunum er kennt fyrir hádegi en eftir hádegi er skipulagt frístundastarf í boði.

Indland - Skóli og heimavist fyrir fátæk börn í Andhra Pradeshfylki

Hjálparstarf kirkjunnar heldur enn um sinn áfram stuðningi sínum við skólustarf Sameinuðu indversku kirkjunnar, United Christian Church of India (UCCI) í Andhra Pradesh-fylki í austurhluta Indlands. Hjálparstarfið hefur stutt starf UCCI í rúm þrjátíu ár með því að kosta börn í skóla og heimavist ásamt því að senda stök framlög vegna viðhalds bygginga og til starfsemi spítala UCCI. Á skólaárinu 2020-2021 styrkir Hjálparstarfið og íslenskir fósturfóreltrar 121 börn til skólavistar hjá UCCI. Hjálparstarfið greiðir einnig laun átta kennara við skólann.

Mannúðaraðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar veitir mannúðaraðstoð í samstarfi við að Alþjóðahjálparstarf kirkna, ACT Alliance, sem sameinar krafta 145 kirkjutengdra hjálparstofnana í 125 löndum með 51.000 starfsmenn og 167.000 sjálfboðaliða innan sinna raða. Mannúðaraðstoð í kjölfar náttúruhamfara og vegna vopnaðra átaka er veitt án skilyrða og aðgreiningar og fer fram eftir alþjóðlegum stöðlum um faglega mannúðaraðstoð og ströngum siðareglum.

Meginmarkmið með mannúðaraðstoð er að óbreyttir borgarar njóti verndar gegn stríðsátökum, mannlífum sé bjargað með því að mæta grunnþörfum fólks, heilsufar fólks hafi batnað og velferð þess aukist og að viðnámsþróttur samfélaga og geta til að lifa af hamfarir aukist.

Á starfsárinu hefur utanríkisráðuneytið samþykkt þrjár umsóknir Hjálparstarfs kirkjunnar um styrk til mannúðaraðstoðar og veitt samtals 37 milljónum króna til þeirra verkefna. Um er að ræða mannúðarverkefni í Sýrlandi og Jórdaníu, Írak og Malaví. Að viðbættu fé frá Hjálparstarfinu hefur rúmlega 39 milljónum króna verið varið til mannúðaraðstoðar á þessum svæðum.



Vatnspró í Eþíópíu.

Sýrland: Markmiðið er að létta á afleiðingum átaka í Sýrlandi, draga úr varnaleyssi, auka öryggi og möguleika á betri lífsafkomu. Bæta velferð barna. Markhópurinn er 1.500 manns.

Jórdanía: Markmiðið er að lina þjáningar fólks sem hefur neyðst til að flylja heimili sín í Sýrlandi og hafast nú að í flóttamannabúðum í Jórdaníu og styrkja um leið sveitarfélögin sem taka á móti því. Fólk þær aðstoð við að koma sér upp húsaskjólí, það fær húsbúnað og matvöru. Heilsugæsla er veitt sem og sálfélagleg þjónusta. Markhópurinn telur 842 manns.

Írak: Markmiðið er betri heilsa fólksins sem er á vergangi vegna átaka í Ninewhéraði með bættu aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu. Fólkinu eru auk þess greidd laun fyrir vinnu og það fær þjálfun í landbúnaðarstörfum svo það geti unnið fyrir sér til frambúðar. Sálfélagleg þjónusta er veitt börnum og konum og skólasterfi er haldið úti fyrir börnin. Markhópurinn telur 22.161 manns.

Malaví: Markmiðið er að aðstoða fólk sem varð illa úti eftir að fellibylurinn Ida reið yfir. Aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu er tryggt og næringarrík fæða. Sérstök áhersla er á börn undir 5 ára aldur. Markhópurinn er 8.800 manns í héruðunum Phalombe og Chikwawa.

Fræðsla og fjáröflun

Hjálparstarfið safnaði í ágúst og september fyrir aðstoð við efnaminni foreldra í upphafi skólaárs með valgreiðslukröfu í heimabanka að upphæð 2.600 krónur. Fyrirtæki, félagasamtök og sóknir þjóðkirkjunnar lögðu starfinu auk þess lið en alls söfnuðust um 7,1 milljónir króna.

Fermingarbörn í um 60 sóknunum um land allt tóku þátt í fjáröflun fyrir verkefnum Hjálparstarfs kirkjunnar í Afríku í nóvember. Alls söfnuðust um 7,1 milljónir króna. Prestar,

annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf leggja á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt.

Í jólasöfnun 2019 var safnað fyrir verkefnum Hjálparstarfsins í Eþíopíu og Úganda. Heildarsöfnunarfé í desember og janúar að gjafbréfum meðtöldum nam 69,5 milljón króna en þar af söfnuðust 24,4 milljónir til aðstoðar innanlands. Sóknir, einstaklingar, fyrirtæki og samtök standa að baki þessum gjöfum.

Í páskasöfnun 2020 var safnað fyrir neyðaraðstoð á Íslandi og á alþjóðavettvangi undir yfirskriftinni „Styðjum hvert annað“. Alls söfnuðust um 10,8 milljónir króna.

Gjafabréfasiða Hjálparstarfsins gjofsemgefur.is er fjáröflunarleið sem skilaði rúmlega 6,8 milljónum króna á starfsárinu.

Hjálparliðar styrkja Hjálparstarfið með reglulegu framlagi og gera okkur betur kleift að rétta hjálparhönd þeim sem á þurfa að halda. Hjálparliðar eru nú 2.577 talsins. Við höldum áfram að leita til fólks um að vera með og erum nú meðal annars að uppfæra heimasíðu Hjálparstarfsins svo fólk geti skráð sig sem Hjálparliða á henni. Við hringjum í fólk með reglulegu millibili og bjóðum því til þátttöku. Þá sendum við Hjálparliðunum okkar fréttabréf í tölvupósti á tveggja mánaða fresti með nýjustu fréttum af starfinu.

Fréttablaðið Margt smátt... , heimasíðan og samfélagsmiðlar

Fréttablað Hjálparstarfs kirkjunnar kemur út þrisvar sinnum á ári í dagblaðsformi, sent á heimili í landinu með Fréttablaðinu í upphafi jólasöfnunar og í upphafi páskasöfnunar. Í blaðinu segjum við frá starfinu bæði hér heima og erlendis. Í páskablaðinu var sérstaklega fjallað um 50 ára afmæli stofnunarinnar. Fyrirtæki og samtök kaupa auglýsingar og styrktarlínur í blaðinu. Við notum Facebook og Instagram til að segja frá starfinu og auglýsa viðburði. Hjálparstarf kirkjunnar leggur áherslu á að hlúa að börnum sem búa við fátækt. Markmiðið er að þau geti styrkt sjálfsmynd sína sem aftur leiðir til aukinnar virkni og þátttöku í samfélaginu. Samtals hafa 40 börn og unglingar undir átján ára aldri fengið styrk frá Hjálparstarfinu á liðandi starfsári til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs.

Hjálparstarfið styrkir ungmenni til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi. Markmiðið er að rjúfa vítahring lítillar menntunar, lágra launa og viðvarandi fátæktar ungmenna. Það sem af er af þessu starfsári hafa 59 ungmenni fengið styrk til greiðslu skólagjalda í framhaldsskólum og fyrir bóka- og efniskostnaði. Meðalupphæð hvers styrks er um 33.000 krónur.

Hópslysanevnd

Ásta Ágústsdóttir, formaður

Hópslysanevnd, er fastanevnd sem starfar í umboði kirkjuráðs og biskups Íslands og ber ábyrgð á að skipuleggja og hafa umsjón með viðbrögðum kirkjunnar vegna stórslysa. Í nefndinni eiga sæti:

- a) Biskupsritari
- b) Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar
- c) Forstöðumaður Fjölskylduþjónustu kirkjunnar
- d) Sjúkrahúsprestur Þjóðkirkjunnar
- e) Einn fulltrúi tilnefndur af kirkjuráði og er hann formaður nefndarinnar.

Núverandi nefnd skipa: Sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar, Rannveig Guðmundsdóttir, f.h. Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sjúkrahúsprestur og Ásta Ágústsdóttir djákni, sem er formaður nefndarinnar. Ásta var skipuð í Hópslysanevnd af kirkjuráði frá 1. júlí 2019 og tók við formennsku af sr. Gísla Jónassyni prófasti. Starfsmaður nefndarinnar, í 10% starfshlutfalli, hefur undanfarin ár verið sr. Sigfús Kristjánsson.

Viðbragðaáætlun kirkjunnar var samþykkt á kirkjuþingi 2006 og var hún á sínum tíma gefin út í litlu hefti sem dreift var til allra presta, sóknarnefnda o.fl. Þessi áætlun hefur síðan verið endurskoðuð nokkrum sinnum m.a. með tilliti til þeirra breytinga sem hafa orðið á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi og breytinga á prófatsdæmaskipan kirkjunnar. Hina endurskoðuðu áætlun er að finna á vefsvæði þjóðkirkjunnar, www.kirkjan.is ásamt ýmsum fylgigögnum sem henni fylgja. Viðbragðaáætlunin gerir ráð fyrir að útbúnaður séu sérstakar viðbragðaáætlanir prófatsdæmanna og hafa mörg þeirra lokið við áætlanir sínar.

Nefndin hefur útbúið tillögur að helgistundum, bænum og ritningarlestrum sem nota má við hin ýmsu tækifæri þegar slys- eða hamfarir hafa orðið. Þessar tillögur er að finna á heimasíðu kirkjunnar. Þátttaka kirkjunnar og starfsmanna hennar er reglulega æfð í tengslum við flugslysaæfingar en þátttaka í slíkum æfingum og undirbúningi þeirra hefur á undanförunum árum gefið bæði þeim starfsmönnum kirkjunnar sem þátt taka og hópslysanevndinni dýrmæta reynslu. Hægt hefur verið að prófa viðbragðaáætlunina og einstaka þætti hennar við raunverulegar aðstæður og nota síðan reynsluna til að slípa þá til. Þá hefur á síðustu árum reynt á áætlunina í tengslum við jarðskjálfta og eldgos og sömuleiðis í kjölfar nokkurra alvarlegra slysa og virðist hún hafa reynt vel við þessar aðstæður. Í því almannavarnarástandi sem skapaðist á Íslandi á vormánuðum 2020 vegna covid 19, reyndi ekki á áætlunina þar sem allt starf var í lágmarki í kirkjum landsins.

Í framhaldi af endurskoðun á skipulagi áfallahjálpar á Íslandi, sem gengið var frá haustið 2010, voru stofnaðir samráðshópar áfallahjálpar í öllum lögregluumdæmum landsins. Prófatsdæmin skipa fulltrúa sína í samráðshópana og hafa þeir verið virkir þátttakendur í fræðslufundum og æfingum sem þeim tengjast. Þá taka fulltrúar nefndarinnar þátt í störfum Samráðshóps áfallahjálpar í Samhæfingarstöð almannavarna, en þessi hópur hefur yfirumsjón

með skipulagi áfallahjálpar í almannavarnaástandi á landsvísu og fundar reglulega. Sr. Sigfús hefur sótt þessa fundi, en þeir voru haldnir mun reglulegar og oftár voru 2020 meðan neyðarástand almannavarna var vegna covid 19.

Að lokum skal svo á það minnt, að nefndin ber, ásamt biskupi Íslands, ábyrgð á og sinnir, eftir því sem við á, stuðningi við presta og aðra starfsmenn kirkjunnar, sem unnið hafa við stórslysaaðstæður og/eða verið undir miklu álagi vegna stuðnings við syrgjendur. Og sömuleiðis skal það ítrekað, að neyðarskipulag kirkjunnar er að sjálfsgöðu þannig hugsað, að það geti haldið utan um viðbrögð kirkjunnar í hvert sinn er neyðarástand skapast, jafnvel þótt ekki sé um almannavarnaástand að ræða.

Kirkjugarðaráð

Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Kirkjugarðaráð hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins og sér um úthlutun úr kirkjugarðasjóði. Í kirkjugarðaráði sitja fimm fulltrúar þeir eru: Ragnhildur Benediksdóttir lögfræðingur, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP og formaður Kirkjugarðasambands Íslands tilnefndur af Kirkjugarðasambandinu. Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar tilnefndur af kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson, en auk þess starfar á vegum ráðsins Sigurgeir Skúlason. Sér hann um uppmælingar og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdráttar og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða.

Starfsemi ráðsins

Á árinu voru haldnir níu fundir auk þess sem ráðið fór í sína árlega skoðunarferð. Í þetta sinn var farið um Suðurland og fundað með heimamönnum og skoðaðar framkvæmdir við kirkjugarða sem er ný lokið, í gangi eða fyrirhugaðar. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti á árinu 64 kirkjugarða og heimagrafreiti vítt og breitt um landið.

Úthlutun úr kirkjugarðasjóði.

Á árinu 2019 voru veittir styrkir til 34 verkefna samtals tæpar 59 milljónir króna. Kirkjugarðar á eftirfarandi stöðum fengu eina milljón eða herra í styrk: *Reyðarfjörður*: ganga frá aðkomu og umhverfi þjónustuhúss. *Fáskrúðsfjörður*: til viðgerða og fegrunar garðs. *Stöðvarfjörður*: ljúka framkvæmdum við stækkun og lagfæringar. *Stafafell í Lóni*: endurnýja girðingu. *Stóri-Núpur*: greiða niður skuldir við kirkjuna. *Borg á Mýrum*: ganga frá stækkun og afmarka hana með



Kirkjubær í Færeyjum – kirkja og garður

hlöðnum grjóttvegg. *Lundur Lundarreykjadal*: endurnýja hellulagða aðkomu að kirkju og garði. *Stafholt í Borgarfirði*: ljúka við að endurnýja timburgirðingu umhverfis þrjár hliðar garðsins. *Ingjaldshóll*: endurnýja hluta af gömlum steiptum vegg á austurhlið kirkjugarðsins. *Snóksdalur*: greiða niður skuldir við kirkjuna. *Sauðafell í Dölum*: hlaða upp vesturhlið kirkjugarðsins. *Hjarðarholt í Dölum*: greiða niður bankaskuldir vegna framkvæmda við garðinn. *Reykhólar*: ljúka uppsetning girðingar og bæta aðgengi að garðinum. *Staður Steingrímsfirði*: hefja endurnýjun á umgjörð kirkjugarðs. *Blönduós*: lagfæra steiptan vegg sem umlykur kirkjugarðinn. *Tjörn í Svarfaðardal*: endurnýja girðingu og stækka kirkjugarðinn. *Möðruvellir Hörgárdal*: endurnýja girðingu á framhlið kirkjugarðsins. *Akureyri*: bæta við og endurnýja lýsingu í garðinum. *Munkaþverá*: stækka garðinn og endurnýja girðingu á vestur- og norðurhlið. *Svalbarðseyri Svalbarðsströnd*: greiða niður skuldir. Á árinu var unnið við umhirðu og lagfæringar á nokkrum niðurlögðum gördum eins og *Arnarbæli í Ölfusi*, *Hvoli í Saurbæ*, *Skálmanesmúla*, *Selárdal*, *Stað í Grunnavík*. Að lokum má geta þess að Kirkjugarðasamband Íslands fékk styrk samkvæmt þjónustusamningi við Kirkjugarðaráð og áframhaldandi vinnu við gagnagrunninn gardur.is og til að sinna fræðslu og félagsmálum kirkjugarða.

Færeyjaferð

Í september 2019 dvaldi framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs tæpa viku í Færeyjum til að skoða kirkjugarða og kynna sér starfsemi þeirra auk þess að funda með Færeyjabiskupi og starfsfólki hans. Færeyjar samanstanda af 18 eyjum, eru 17 þeirra í byggð. Þar búa tæplega 52 þúsund manns og er um 80% þeirra í þjóðkirkjunni. Þar má finna 63 bænhús og kirkjur sem flestar standa í kirkjugarði. Á nokkrum stöðum tilheyrja fleiri en einn garður hverri kirkju og því má



Gata – nýi garðurinn



Havnar dómkirkja



Hvalvík

áætla að vel yfir 70 kirkjugarðar séu í Færeyjum. Sömu lög gilda yfir kirkjugarða í Færeyjum og í Danmörku. Flestir kirkjugarðanna hafa eigin reglugerð sem sveitarfélögin setja, en í Færeyjum eru 29 sveitarfélög og sjá þau um rekstur kirkjugarðanna. Var mjög gaman að fá þetta tækifæri til að heimsækja Færeyjar, skynja þá velvild sem þjóðin ber til Íslendinga og kynnast hversu margt sameiginlegt þessar þjóðir eiga.

Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan

Edda Möller, framkvæmdastjóri

Skálholtsútgáfan er útgáfa þjóðkirkjunnar, Kirkjuhúsið er þjónustumiðstöð fyrir kirkjur landsins og verslun fyrir almenning. Kirkjuhúsið hefur ávallt fylgt Biskupsstofu og verið nokkurs konar andlit hennar gengnum tíðina, á því verður ekki breyting.

Skálholtsútgáfan heldur úti heimasíðu www.skalholtsutgafan.is þar er að finna ýmislegt sem er til sölu fyrir almenning í Kirkjuhúsinu, og ber þar fyrst að nefna bækur og annað efni sem Skálholtsútgáfan hefur gefið út. Það sem hér fæst, hefur allt skírskotun til kristinnar trúar en auðvitað er leitast við að tengja saman kristna trú og daglegt líf fólks. Skálholtsútgáfan leitast við að sinna útgáfu fyrir innra starf kirkjunnar um leið og sinnt er útgáfu fyrir almenning,

Þetta er gert í samvinnu við Fræðslusvið Biskupsstofu. Má þar nefna fræðslufni fyrir innra starf kirkjunnar, bænabækur, barnabækur af ýmsum toga, bækur um lífið, tilveruna og trúna, andleg leiðsögn, spurningar lífsins og hugleiðingar, en einnig má nefna að Skálholtsútgáfan er útgefandi sálmaþókarinnar. Á hverju ári eru útgáfuverkefni á milli 10 og 20 talsins.

Kirkjuhúsið selur bækur fyrir fullorðna, tónlist, krossa, Biblíur, bænaspjöld, barnabækur, muni og gjafavöru á kristnum grunni. Við seljum bronsmuni frá klaustrinu Maria Laach í Þýskalandi, handmálaða krossa "Fair trade" frá El Salvador, Thorvaldsenstyttuna þekktu, barnaleikföng frá Goki í Þýskalandi, styttur og engla frá Willow Tree, gjafakort frá ýmsum framleiðendum en fyrst og fremst ýmsar vörur sem er framleitt á vegum Kirkjuhússins, eins og bænaspjöld, veggspjöld, veggkrossa, "Fjár sjóð" og fleira. Kirkjuhúsið er ekki eingöngu verslun, hún er þjónustumiðstöð fyrir kirkjurnar á Íslandi, í þéttbýli jafnt og dreifbýli. Það er einnig hlutverk okkar að sjá kirkjusöfnuðum fyrir ýmsu efni til fræðslu- og safnaðarstarfs og að útvega ýmsar rekstarvörur til kirknanna; má þar nefna oblátur, kirkjumuni, altarisklæði, dúka og hökla, ölbúur, rykkilín, kerti, sálmaþókar, annað undirleiks- og tónlistarefni, svo dæmi séu tekin. Við stefnumörkun er litið til markmiða í stefnumótun þjóðkirkjunnar varðandi útgáfu og fræðslu, einnig til fræðslustefnu og fjölskyldustefnu og til vinnu nefnda og ráða kirkjunnar.

Einnig sinnir Kirkjuhúsið ýmsum verkefnum fyrir Biskupsstofu, Kirkjuhúsið er afgreiðsla Biskupsstofu hér á 1. hæð í Katrínartúni og sér Kirkjuhúsið um símsvörun þegar álag er á símaborði en einnig þegar starfsfólk er í leyfi. Einnig rekur Kirkjuhúsið „Fræðslutorg“ í húsnæði sínu í samvinnu við Fræðslusvið Biskupsstofu.

Þann 9. mars 2020 opnaði Kirkjuhúsið í Katrínartúni 4, á jarðhæð hússins sem Biskupsstofa opnaði fyrir starfsemi sína í október 2019. Það er alveg ljóst að öðruvísi aðkoma og staðsetning dregur úr komu „gangandi vegfaranda“ en engu að síður erum við afar ánægð með viðtökurnar ÞRÁTT FYRIR covid og áhrifin sem faraldurinn hefur haft á okkar starfsemi og annarra rekstraraðila. Hins vegar er það ljóst að ekkert safnaðarstarf, enginn sunnudagaskóli og lítið fermingarstarf og messuhald hefur haft gríðarleg áhrif á reksturinn. Á móti kemur að Biskupsstofa hefur útvegað okkur ýmis verkefni gegn gjaldi. Þar má nefna efnisgerð fyrir Fræðslusvið Biskupsstofu, útgáfu á bókum og efni, símsvörun og rekstur Fræðslutorgs svo eitthvað sé nefnt. Við erum fullar bjartsýni og horfum með þeim sömu bjartsýnisaugum til framtíðar.

Í Kirkjuhúsið kemur fólk sem hefur erindi og áhuga. Skírnargjafir og brúðargjafir eru sóttar í Kirkjuhúsið, jóla- og afmælisgjafir og ekki síst kemur fólk þangað þegar sorgin sækir í hús.

Viðskiptavinir eru leita sér að lefni um kristna trú, barnabókum, geisladiskum og DVD efni fyrir börn og fullorðna, fræðslufni fyrir kirkjustarf, ýmis konar aðföng fyrir kirkjur, í leit að gjafavöru og fleira. Boðið er uppá gott og fjölbreytt úrval af tónlist; gospel, Taizé, klassík, sálmatónlist af fjölbreyttustu gerð.

Starfsfólk og stjórn

Hjá Kirkjuhúsinu-Skálholtsútgáfunni vinna þrír starfsmenn og sjá um verslun, þjónustu og útgáfu ásamt öðrum verkefnum, eins og bókhaldi, ritstjórn, dreifingu til kirkna, bókaverslana og einstaklinga. Margir verktakar koma einnig við sögu í útgáfuverkefnum. Starfsmenn eru; Edda Möller í fullu starfi, Guðbjörg Ingólfsdóttir og Oddný Garðarsdóttir í hlutastarfi. Stjórn skipa: Hreinn S. Hákonarson ritstjóri kirkjan.is og fv. prestur fanga, Arna Grétarsdóttir sóknarprestur

sem er formaður, Magnea Sverrisdóttir, djákni, Halla Jónsdóttir hugmyndasagnfræðingur og aðjúnkt við HÍ; Sigríður Dögg Geirsdóttir viðskiptafræðingur, Elin Elísabet Jóhannsdóttir kennari, Valur Árnason lögfræðingur, Hildur Björk Hörpudóttir, verkefnisstjóri Fræðslusviðs á Biskupsstofu og Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu.

Fjárhagur

Kirkjuhúsið-Skálholtsútgáfan stendur undir sér og fjármagnar sjálf öll sín útgáfuverkefni. Þó getur hún leitað eftir styrkjum til Kirkjumálasjóðs til einstakra verkefna. Verkefnin eru næg og þörfin mikil.

Fræðslusetur þjóðkirkjunnar að Löngumýri

Gunnar Rögnvaldsson

Spyrjum að leikslokum gæti verið leiðarstef margra sem standa í rekstri eða fyrir framkvæmdum af einhverjum toga þegar heimsfaraldur Kófsins hefur tekið daglegt líf okkar allra í gíslingu um lengri tíma og endamarkið enn í fjarska þó vissulega séum við á réttri leið. Ekki fórum við varhluta af því hér á Löngumýri.

Fyrri hluti starfstímabilsins sem hér er undir var með hefðbundnum hætti, haldið gangandi af okkar góðu starfskonum Lísu á Varna-læk, Sigurlaugu á Reynistað og Drífu á Uppsölum ásamt sérstaklega góðum sumarstúlkum sem margar hverjar koma aftur og aftur.

Löngumýrarnefnd er óbreytt, leidd af séra Gísla í Glaumbæ en ásamt honum sitja sr. Sigríður Gunnarsdóttir á Sauðárkróki og Lárus Ægir Guðmundsson á Skagaströnd.



Ekkjur og ekklar í heimsókn hjá Hrefnu skógarbónda og oddvita á Silfrastöðum



Frá kynningu á orlofi aldraðra á Ólafsfirði með Þóreyju Dögg og Önnu Huldu

Starfsemin

Sjaldan hefur verið meira umleikis á Löngumýri en árið 2019. Vorið og sumarið var undirlagt af eldri borgurum sem fjölmenntu í sex hópa undir styrki stjórn og leiðsögn Þóreyjar Daggar Jósdóttur djákna og framkvæmdastjóra Eldriborgararáðs sem naut aðstoðar Sigvalda Helga Gunnarssonar tómtunda- og félagsmálafræðings og Önnu Huldu Júlíusdóttur við daglega umsýslu hópanna, fræðslu og skemmtun. Til gamans má geta að í kjölfarið var Anna Hulda vígð til djákna m.a. vegna starfa sinna að málefnum aldraðra hér á Löngumýri. Mikil ásókn var í hópana og sannast ætíð betur og betur hve nauðsynleg viðbót við afþreyingarmöguleika og upplýftingu eldriborgara slíkt orlof er. Eftir að tíma-bilum eldri borgara lauk tóku við orlof fyrir krabba-meinssjúklinga og ekkjur og ekkla sem voru prýðilega sótt. Því miður höfum við mátt sjá á eftir nokkrum



Þuríður í Glaumbæ flytur hugvekju á jólafundi Lionsklúbbs Skagafjarðar

vinum úr þeim hópum sem höfðu verið með frá upphafi og minnumst við þeirra með virðingu og þökk.

Inn á milli voru svo hefðbundin mót Kristniboðssambandsins, nokkur ættarmót, samkomur gamalla nemenda frá ýmsum stöðum og heimsóknir ferðahópa, einkum eldri borgara. Fermingarbarnaheimsóknir eru fastir liðir og þar komu með sín börn sr. Bjarni á Seltjarnarnesi og sr. Gunnlaugur úr Glerárkirkju sem nú hefur látið af störfum og óljóst hvort framhald verður á þar á bæ. Tíu til tólf ára starf sem og sunnudagaskóli í samvinnu sr. Gísla og sr. Döllu er öflugt og stóra TTT mót prófastsdæmanna Húnavatns- og Skagafjarðar var vel sótt af fjörugum börnum. Sífelld oftast er spurt um staðinn fyrir jarðarfarið og nokkrar útfarir hafa farið hér fram

enda rúmgott innan jafnt sem utanhúss. Prestafundir eru reglulega og sr. Halla á Hofsósi stóð fyrir kyrrðarbænanámskeiðum áður en öllu var lokað. Einnig var Krabbameinsfélagið með fræðslufundi fyrir karla.

Biskup Íslands sr. Agnes M Sigurðardóttir vísiteraði Skagafjörð og prédikaði m.a. í kapellunni á Löngumýri í guðspjónustu sem þar var haldin.

Haustið kom svo með bútaumskonunum á vegum Nancyar í Quiltbúðinni sem skapa ótrúlegustu hluti af nákvæmni og hugmyndaauði. Nokkur kvenfélög buðu félagskonum sínum til helgardvala í vetrarbyrjun.

Kórar fengu innhlaup til æfinga að venju og félagsstarf eldri borgara var reglulegt og nú með Sigríði Garðarsdóttur í Miðhúsum við hlið Helgu Bjarnadóttur í stað Indu nágrannakonu okkar í Lauftúni. Fjölmargt annað s.s. fundir og mannfagnaðir fengu innhlaup sem ekki verður tíundað hér.

Óhætt er að segja að okkur hafi hlakkað til í byrjun árs 2020. Vel leit út með bókanir og í raun komin mikil festa í starfið auk nokkurra spennandi hugmynda sem voru í gangi. En ekki var langt farið sögu þegar ljóst varð að Kófið myndi hafa verulega áhrif á allt hér enda stór hluti okkar gesta fólk í áhættuhópum. Í raun má segja að engin starfsemi hafi verið í gangi eftir 1. mars 2020 þegar áhrifanna tók að gæta verulega. Hafði slíkt ástand mikil áhrif á reksturinn þar sem stofnun sem Langamýri gat ekki nýtt sér þau úrræði sem ríkisstjórnin bauð uppá nema minnkað starfshlutfall eins starfsmanns, en ekki t.d. tekjufallsstyrkina. Því var gengið á eigið fé til að brúa bil sem ekki er enn ljóst hve verður breitt.



Upptaka vortónleika tónlistarskóla Skagafjarðar í Kófinu



Sigríður í Miðhúsum og Helga Bjarna tilbúnar með matinn á jólafundi skagfirskra eldri borgara



Ófært um aðalinnganginn



Gömlu reynitrén fóru ákaflega illa

Framkvæmdir

Á hverju ári er reynt að berja í bresti og lagfæra eitthvað og endurnýja. Þegar ljóst var að ekki kæmu neindir næturgestir eftir áramót var ráðist í allnokkrar framkvæmdir. Öll herbergi í gistiálmunni voru máluð, skipt um alla fataskápa og um gólfefni í nokkrum herbergjum, settar upp bæði nýjar myrkvunar og hefðbundnar gardínur. Gistiálman sem orðin er 40 ára gömul hefur því að þessu afloknu nánast öll verið endurnýjuð á liðnum árum og næsta verkefni að skipta út rúmum. Ýmislegt fleira var lagfært innanhúss, m.a. bætt við ljósum, endurnýjaðir skápar í geymslum og í íbúð á loftinu. Allt var þetta unnið af staðarhaldara og Sigurlaugu sem er bæði lipur með pensil og á saumavél.

Eins og áður kom fram hefur gengið mjög á eigið fé til rekstrar svo lítið hefur miðað við sólskálann. Þó var gólfplatan steipt og uppi eru plön um að koma honum undir þak hið fyrsta.

Eftir geysilega mikla snjókomu í óveðri í desember fór trjágróður í garðinum skelfilega illa. Áratuga gömul tré sliguðust og brotnuðu og feykileg vinna var á vordögum við sögun og brott nám stofna og greina. Eins og verið hefur sér Helga Bjarnadóttir sem fyllt hefur 85 ár enn um blómagarðinn og fær stundum aðstoð frá Laufeyju Haraldsdóttur en staðarhaldari sér um aðra umhirdu s.s. slátt.

Dúkur sundlaugarinnar sem dugað hefur vel í meira en 30 ár þarfnast orðið endurnýjunar og væntanlega þarf að gera eitthvað fleira í kringum laugina þegar hann verður tekinn upp sem vonir standa til þess á ári komandi.

Að lokum

Það er vissulega sérkennilegt að búa við þær aðstæður sem uppi eru og ekki alveg ljóst hvenær allt mun færast í eðlilegt horf. Við öllum þó á þeirri von að vor og sumar 2021 verði möguleiki á að fyrstu hóparnir fari að nálgast. Eins og áður er getið eru flestir okkar gestir í áhættuhópum og því ekki von um miklar samkomur fyrr en bólusetning hefur framkallað öryggi hjá þeim. Eins er tveggja metra reglan og grímuskylða hamlandi þeirri nánd sem starfið hér byggir á.

Það er aldrei of oft nefnt hve mikils velvilja Löngumýri nýtur hér í nærumhverfinu sem er ómetanlegt og í raun styrkur okkar þegar kemur að skipulagningu dagskrár fyrir gesti s.s. eldri borgara. Allt um kring eru áhugaverðir staðir til skoðunar og hæfileikafólk er tilbúið til að koma og leggja sitt af mörkum.

Staðurinn fékk ágæta fjölmiðlaumfjöllun á árinu m.a. með klukkutíma þætti á sjónvarpsstöðinni N4 sem endursýndir hafa verið reglulega og við fengið góð viðbrögð við honum. Þannig er öllum sem hér koma kunnugt um eignarhald kirkjunnar og þau umsvif sem hún er með hér á staðnum.

Framtíðin er björt og þegar losnar um hömlur tókum við brosandí á móti gestum okkar þegar þeir renna í hlað út úr Kófinu inn í Skagfirska voraldar veröld.



Söngnemendur Helgu Rósar Indriðadóttur komu og skemmtu á samveru eldri borgara



Fjölmenni í sunnudagaskólanum

Holt í Önundarfirði-Friðarsetur

Sr. Fjölur Ásbjörnsson

Sjálfsseignarstofnunin

Holt í Önundarfirði-Friðarsetur, 425 Flateyri, var stofnuð af Ísafjarðarprófastsdæmi og kirkjusóknum í Holtsprestakalli. Eftir sameiningu prófastsdæma á Vestfjörðum, er Vestfjarðarprófastsdæmi aðili að rekstri Friðarsetursins.

Hlutverk stofnunarinnar er að standa fyrir fjölbreyttu kirkju- og menningarstarfi og að skapa aðstöðu til félagsstarfs fyrir heimamenn og velunnara.

Stjórnin er skipuð fimm mönnum: Prófastur er formaður, sóknarprestur í Holti er varaformaður, héraðsfundur Vestfjarðarprófastsdæmis velur einn stjórnarmann og sóknarnefndir í Holtsprestakalli velja tvo fulltrúa. Stjórnin er skipuð til tveggja ára í senn og miðast upphaflega við 1. október 2002. Fyrsti stjórnarfundur var haldinn 3. desember 2002, húsið var afhent 1. apríl 2003 og starfsemi hófst í maí 2003.

Húsið er fyrrum Holtsskóli, sem stofnunin keypti af Prestssetrasjóði. Árlegt starfsfé kemur frá kirkjuráði og frá héraðssjóði Vestfjarðarprófastsdæmis og þarf að skila skýrslum og reikningum til þeirra. Að öðru leyti þarf stofnunin að standa undir rekstrarkostnaði með starfsemi sem greitt er fyrir og leita annarra styrkja eftir þörfum. Stofnunin hefur árlega sótt um styrk frá ríkinu til viðhalds og endurbóta á húsnaðinu.

Stjórnin frá 2019-2020

Formaður: Sr. Magnús Erlingsson, prófastur, Ísafirði

Varaformaður: Sr. Fjölur Ásbjörnsson, sóknarprestur í Holti

Meðstjórnandi: Barði Ingibjartsson, Súðavík, (varamaður: Bergur Torfason, Þingeyri)

Ritari: Jóhanna G. Kristjánsdóttir, Flateyri, (varamaður: Hafdís Sigurðardóttir, Flateyri.)

Gjaldkeri: Kolbrún Guðbrandsdóttir, Ytri-Hjarðardal, (varamaður: Sigríður Magnúsdóttir, Kirkjubóli, Valþjófsdal.)

Umsjónarmaður tilnefndur af stjórn:

Ásvaldur Magnússon, bóndi, Tröð, 425 Flateyri

Fjármál ársins 2019-2020

Nú hefur reksturinn á húsinu verið leigður til fyrirtækisins Holt Inn sem greiðir 650.000 kr á ári í leigu auk verðbóta. Síðan leggur Holt Inn einnig 1.000.000 til viðhalds á húsinu á hverju ári og greiðir niður lán vegna framkvæmda sem var 37.000.000 og var gerður samningur um 20 ára leigu.

Friðarsetrið borgar fasteignagjöld og tryggingar af húsinu. Rekstur hússins er enn í gangi en var erfiður á árinu eins og annars staðar.

Nýtt skipulag

Þegar félagið var sett á laggirnar árið 2002 var ljóst að húsið var í slæmu ásigkomulagi en því var komið í nothæft ástand. Rekstur hússins hefur verið þungur í gegnum tíðina sérstaklega vegna viðhaldskostnaðar en reynt var að afla fjár með því að selja gistingu fyrir hópa og einstaklinga. Fyrir nokkrum árum var orðið ljóst að í óefni stefndi því að reksturinn var hættur að skila nægjanlegum tekjum og mikil þörf var á að gera upp húnæðið. Stjórn Friðarsetursins ákvað því að fara nýja leið og fela fyrirtækinu Holt Inn að sjá um rekstur hússins.

Nú hefur þessi gistipjónusta, Holt Inn verið starfandi í rúm þrjú ár og gengið þokkalega. Vonumst við eftir því með þessu móti að geta bjargað húsi félagsins, Friðarsetrinu í Holti, frá því að grotna niður. Friðarsetrið er enn opið fyrir kirkjulegu starfi, sem dæmi má nefna að haldnar eru kóræfingar og prestafundir í Friðarsetrinu. Einnig hefur verið haldin regluleg dagskrá, sem helguð er minningu skáldsins Guðmundar Inga Kristjánssonar.

Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf

Ragnar Gunnarsson, formaður

Nefnd þjóðkirkjunnar um kristniboð og hjálparstarf hefur verið að störfum frá því að kirkjuþing samþykkti árið 1996 að nauðsyn væri að efla þekkingu, skilning og stuðning við kristniboð og hjálparstarf innan hennar. Árið 2011 samþykkti auk þess kirkjuþing stefnu þjóðkirkjunnar um kristniboð.

Nefndin hefur síðan hún var fyrst skipuð staðið fyrir ráðstefnum, fyrirlestrum og fundum um kristniboð og hjálparstarf og reynt að hvetja söfnuði jafnt sem einstaklinga til ábyrgðar og starfa fyrir þessu mikilvægu málefni. Með öðrum hætti hefur nefndin einnig reynt að minna presta, sóknarnefndir og safnaðarfólk á þessa málaflokka og mikilvægi þess að kristniboð og hjálparstarf sé í ríkari mæli eðlilegur hluti safnaðarstarfsins, að tekin séu samskot til þess, það stutt fjárhagslega og að beðið sé fyrir því í guðsþjónustum og öðru starfi safnaðanna. Hefur samstarf við fræðsludeild Biskupsstofu verið mjög gott og ánægjulegt.

Nefndin ræddi leiðir til að vekja og virkja safnaðarfólk og sóknir og vekja til vitundar og áhuga um þessa málaflokka, m.a. með notkun samfélagsmiðla. Áfram var hvatt til að innleiða, víðar en nú er, samskot allt árið. Nefndin minnti á mikilvægi þess að taka þessa málaflokka inn í allt fræðsluefni kirkjunnar og að birta fréttir af starfinu á kirkjan.is.

Bæði Kristniboðssambandið og Hjálparstarf kirkjunnar beina sjónum sínum að stöðu flóttamanna og fólks að erlendum uppruna. Einn starfsmaður SÍK sótti *Refugee Highway Partnership* ráðstefnu í Málmey í Svíþjóð í febrúar.

Nefndin fylgist með framvindu verkefnisins *Söfnuður til safnaðar* þar sem íslenskum söfnuðum gefst tækifæri til að tengjast ákveðnum söfnuðum á starfssvæði kristniboðsins í

Afríku vináttuböndum. Um 20 sóknir hér á landi eiga sér vinasöfnuð í Afríku en tengslin eru mismikil.

Nefndin hvatti ákaft til kynnisferðar presta og fleiri til Keníu sem farin var í janúar 2020 með fararstjórn dr. Kjartans Jónssonar. Hann varð eftir og sinnti fræðslu og kennslu á *Kapenguria Bible Centre* í tæpar þrjár vikur.

Nefndin er skipuð af kirkjuráði. Í henni sitja Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri sem er formaður, Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri og Katrín Ásgrímsdóttir skógræktarbóndi. Sigfús Kristjánsson sat fyrir hönd fræðslu- og kærleikspjónustusviðs fundi nefndarinnar, var ritari hennar og tók þátt í störfum hennar.

Samband íslenskra kristniboðsfélaga

Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri

Inngangur

Starf Kristniboðssambandsins (SÍK) teygir sig víða, bæði innanlands og á erlendri grundu. Víða eru tækifæri til að boða fagnaðarerindið um kærleika Guðs í Jesú Kristi og til að mæta fólki með margvíslegri kærleikspjónustu kristniboða og samstarfsaðila SÍK. Markmið SÍK er að sinna kristinni boðun og kærleikspjónustu meðal heiðinna þjóða, ekki síst með því að mennta



Ný heimavist fyrir stúlkur í framhaldsnámi var tekin í notkun í Konsó, Eþíópíu í haust. Arfur eftir Maríu Finnsdóttur hjúkrunarfræðing fjármagnaði verkefnið.



Markmið starfins frá upphafi er sjálfstæð og sjálfbær kirkja.
Hluti þess er að mennta presta og annað starfsfólk. Séra Edwin Pkemoi er sóknarprestur í Seker.

og senda kristniboða til starfa. Kristniboðssambandið vinnur einnig að kynningarstarfi, vitundarvakningu og boðun hér á landi m.a. í samstarfi við margar sóknir landsins. Kristniboðssambandið er sjálfstæð samtök sem starfa á kenningargrundvelli evangelískrar lúterskrar kirkju og með m.a. þjóðkirkjunni.

Alþjóðastarf

Kristniboðssambandið starfar áfram í Eþíópíu og styrkir ýmis verkefni kirkjunnar á vettvangi boðunar, fræðslu og kærleikspjónustu. Má þar nefna þýðingarverkefni Biblíunnar yfir á tsemai-mál, útbreiðslu- og boðunarverkefni í Voitó, námsstyrki fyrir presta og prédikara og lestrarverkefni í Ómó Rate. Þá styrkir SÍK einnig 30 börn til náms með verkefninu *Afgötu í skóla* í höfuðborg landsins, Addis Abeba. Ánægjulegt var í febrúar þegar tilraunaútgáfa guðspjallanna kom út á tsemakkó, máli Tsemai-manna.

Í Konsó var lokið byggingu heimavistar fyrir 40 stúlkur sem auðveldar þeim sem búa fjarri bænum að stunda nám í framhaldsskóla og búa við öruggar og hvetjandi aðstæður.

Í Keníu heldur starfið einnig áfram af þrótti. Kristniboðssambandið styður útbreiðslu- og boðunarverkefni kirkjunnar í Pókot-héraði, byggingu skóla og styrkir nemendur til náms í framhalds- og háskólum. Útbreiðsluverkefnið nær til staða á mörkum héraðsins og út fyrir það, til Túrkana, Baringó, Marakwet og inn fyrir landamæri Úganda. Unnið er að bætttri aðstöðu með byggingum við þrjá framhaldsskóla með stuðningi utanríkisráðuneytisins.

Katsuko og Leifur Sigurðsson eru kristniboðar í Japan og starfa innan lútersku kirkjunnar í Vestur-Japan. Markmiðið er að starfa á meðal fólks sem þekkir ekki fagnaðarerindið um Jesú Krist, bæði yngri og eldri. Þau eru búsett og starfa á Rokkóeyju, úthverfi Kobe.



Kristniboðssambandið hefur lagt mikið af mörkum í menntamálum og fengið góða styrki til skólabygginga á liðnum árum frá utanríkisráðuneytinu.

Fjölmíðlastarf Kristniboðssambandsins er einkum fólgið í stuðningi við útvarpssendingar til Kína og samstarf við Sat7 um sjónvarpssendingar til Mið-Austurlanda og Norður-Afríku. Þannig næst til milljóna manna í löndum þar sem formlegt kristniboð er bannað. Samkvæmt nýlegri talningu eru áhorfendur um 21,5 milljón, þar af 5,8 milljónir barna. Af þeim fylgjast 80% með dagskrá dag hvern. Sat7 veitir kristnu fólki von og uppörvar í erfiðum aðstæðum. Samstarfið um Sat7 er dæmi um samkirkjulegt starf sem gengur einstaklega vel og unnið er á forsendum heimamanna, en 80% dagskrárinnar er framleidd á svæðinu. Nýjasta og fimmta rásin er Sat7 Academy sem er sjónvarpsskóli, hugsaður fyrir börn á flótta en nýtist öllum sem vilja og ná sendingunum.

SÍK styður einnig við Pak7 sem hefur það markmið að dreifa kristilegu efni í Pakistan. Kristniboðssambandið er að öðru leyti í sambandi við nokkra erlenda aðila sem tengjast starfi þess á alþjóðavettvangi, bæði önnur kristniboðssamtök og regnhlífarsamtök um kristniboð.

Innanlandsstarf, skipulag og fjármál

Starfsmenn Kristniboðssambandsins sinna boðun, fræðslu, kynningu, bókhaldi, útgáfumálum og rekstri skrifstofu og nytjamarkaðar, Basarsins, hér heima. Kirkjur og fermingarhópar voru heimsóttir á starfsárinu og samstarf við Biskupsstofu er gott. Sambandið stendur fyrir vikulegum samkomum allan ársins hring á miðvikudagskvöldum og Salt kristið samfélag heldur samkomur á sunnudögum. Vel sótt kristniboðsvika var haldin fyrri hluta mars og kristniboðsmót var haldið að Löngumýri í Skagafirði í júlí svo sem verið hefur í 40 ár. Vegna samkomubanns féllu hefðbundnar samkomur niður í 10 vikur en þess í stað var streymt dagskrá frá Kristniboðssalnum, með söng, bæn, hugvekju og fréttum.

Kristniboðssambandið gefur út fréttabréf sitt, Kristniboðsfréttir, fjórum sinnum á ári, tímaritið Bjarma þrisvar sinnum á ári í samstarfi við Salt ehf. og Kristniboðsalmanakið árlega. Unnið er að því að færa áskrift í auknari mæli yfir á rafrænar útgáfur. Vefsíðan er sik.is en einnig er þó nokkur virkni á Facebook þar sem margir fylgjast með starfinu og nytjamarkaðinum, Basarum.

Ókeypis íslenskukennsla fyrir nýbúa og fólk af erlendum uppruna var í boði eins og undanfarin ár með rúmlega 100 þátttakendum. Námskeiðin mælast mjög vel fyrir og þátttakendur er mjög þakklátir fyrir framtakið og samfélagið sem myndast. Hópur sjálfboðaliða sinnti talþjálfun, söngstund, kaffi og fleiru í tengslum við námskeiðið. Vegna samkomubanns féll kennsla niður frá miðjum mars en boðið var upp á kennslu og efni á netinu.

SÍK er í góðu samstarfi við ýmsa aðila innanlands á sviði kirkju, samkirkjumála og þróunarsamvinnu. Eins sinna starfsmenn og sjálfboðaliðar dagskrárgerð á útvarpsstöðinni Lindinni.

Undanfarin tvö ár hafa tengsl við ungliðahreyfingu systursamtakanna í Noregi, NLM Ung, eflst. Þau styrkja nú starfsmann í hálfu starfi með það markmið að efla kristlegt ungmennastarf. Tæplega 30 manns héldu héðan á fjölmennt, kristilegt ungmennamót í suðvesturhluta Noregs í júlílok en vegna samkomutakmarkana fellur mótið niður í ár.

Basarinn, nytjamarkaður Kristniboðssambandsins, er að miklu leyti andlitið út á við og þar myndast tengsl við stóran hóp fólks með ýmsum hætti, auk þess að vera góð tekjulind. Skrifstofan og Kristniboðssalurinn eru á Háaleitisbraut 58-60 en Basarinn er skammt frá, í Austurvegi, Háaleitisbraut 68.

Formaður stjórnar er Ásta Bryndís Schram kennsluþróunarstjóri. Ragnar Gunnarsson er framkvæmdastjóri. Stjórn er valin á árlegum aðalfundi en tæplega 300 manns eru skráðir félagar í SÍK eða aðildarfélög þess. Þar fyrir utan er stærri hópur sem styrkir starfið og biður fyrir því.

Um helmingur rekstrarfjár Kristniboðssambandsins eru gjafir og styrkir frá einstaklingum, félögum og kirkjum og um helmingurinn er afrakstur sölu í nytjamarkaði, á frímerkjum, notuðum skóm og ýmsu öðru. Ríflega 12 milljón króna halli var í fyrra, að hluta til vegna eyrnamerktra gjafa sem fólu í sér skuldbindingar á liðnum árum, en eins er ljóst að draga þarf út kostnaði eða auka tekjur á komandi misserum. Stjórn SÍK þakkar sérstaklega framlög kirkjumálasjóðs, Reykjavíkúrprófastsdæmis eystra, Hallgrímiskirkju og frá ýmsum öðrum kirkjum og prófastsdæmum sem studdu við starfið með beinum framlögum eða samskotum. Ýmsar sóknir hér á landi eiga sér vinasóknir eða vinakirkjur á kristniboðsákrinum og hafa sumar stutt við bakið á þeim fjárhagslega. Dr. Kjartan Jónsson var fararstjóri hóps presta og fleiri sem heimsóttu starfssvæði íslenskra kristniboða í Pókothéraði, Keníu, í janúar.

Stjórn og starfsmenn Kristniboðssambandsins þakka alla umhyggju velunnara starfsins sem standa að baki því með gjöfum, fyrirbænum og sjálfboðinni vinnu. Drottinn hefur kallað okkur til að bera sér vitni og heilagur andi vinnur verkið í hjörtum þeirra er heyra. Við fáum að taka þátt í víðtæku og blessunarríku starfi sem ber góðan og margvíslegan ávöxt og snertir milljónir manna.

Ýtarlegri skýrsla er aðgengileg á https://sik.is/wp-content/uploads/2020/06/Arskýrsla_2019-2020-LowRez.pdf

Samkirkjunefnd

Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir formaður

Samkirkjunefnd starfar samkvæmt starfsreglum nr. 1006/2005, með síðari breytingum. Hlutverk samkirkjunefndar er að hafa yfirsýn og vera ráðgefandi um samkirkjuleg samskipti og tengsl, bæði á innlendum og erlendum vettvangi, við aðrar kirkjur og kristin trúfélög. Þjóðkirkjan er aðili að ýmsum alþjóðlegum samtökum kirkna og kirknastofnana, s.s. World Council of Churches (Alkirkjuráðið), Lutheran World Federation (Lútherska heimssambandið), Conference of European Churches (Kirknasamband Evrópu), The Porvoo Communion (Porvoo-kirknasambandið), CPCE (Kirknasamband mótmælendakirkna í Evrópu) og Eurodiaconiu (Evrópska kærleikspjónustan), ásamt norrænum kirknasamböndum.

Samkirkjunefnd og fulltrúar í samkirkjulegum nefndum og verkefnum

Í samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar frá 1. júlí 2019 eru: Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir, formaður og sr. Sigfús Kristjánsson varaformaður. Varamenn: Sr. Sveinn Valgeirsson og sr. Arna Grétarsdóttir. Skipuð af kirkjuþingi: Sr. Sjöfn Jóhannesdóttir og sr. Hildur Inga Rúnarsdóttir. Varamenn: Magnea Sverrisdóttir, djákni og sr. Fjöltnir Ásbjörnsson. Tilnefnd af Hjálparstarfi kirkjunnar: Aðalmaður: Bjarni Gíslason. Varamaður: Kristín Ólafsdóttir. Ritari nefndarinnar er Magnea Sverrisdóttir, verkefnastjóri á Biskupsstofu.

Puríður Björg Wiium Árnadóttir er fulltrúi í stjórn Lútherska heimssambandsins og hún á einnig sæti í nefnd LH sem snýr að jafnréttismálum, guðfræði og kærleikspjónustu (DTMC). Berglind Hönnudóttir og sr. Pétur Ragnhildarson eru fulltrúar þjóðkirkjunnar í verkefninu *LWF Young Reformers* sem er innan sviðs DTMC og byggist á fræðsluerindum og tengslamyndun í gegnum fjarfundarbúnað, einu sinni í mánuði. Sr. Arna Grétarsdóttir er tengiliður við *Nordisk Kirkelig Studieråd*. Helga Björg Jónsdóttir, djákni tók þátt í verkefninu *People on the move* (LH) fyrir hönd þjóðkirkjunnar (2018-2020). Magnea Sverrisdóttir, djákni er ráðgjafi á fjármálasviði hjá LH. Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni er tengiliður við *Eurodiaconia*. Dr. Sigurður Árni Þórðarson er tengiliður þjóðkirkjunnar í *Porvoo Contact Group*. Sr. Arndís G. Bernhardsdóttir Linn er fulltrúi okkar hjá *Wicas (Women in Church and Society)* en hún er einnig fulltrúi okkar í *NEKK (Nordiska Ekumeniska Kvinnokommittén)* sem fundar á sama tíma. Sr. Sigurður Jónsson var valinn sem fulltrúi þjóðkirkjunnar til að taka þátt í samkirkjulegum fræðadögum í Bæjaralandi í Þýskalandi í maí 2020, en vegna Covid 19 féllu þeir niður. En það er lúterska kirkjan í Bayern sem býður fulltrúa frá Íslandi til að taka þátt í þessum viðburði á hverju ári.

Fundir

Ársfundur samkirkjunefndarinnar var haldinn á Biskupsstofu þann 5. mars 2020. Fundarmenn voru alls 23 talsins og skiluðu allir skýrslu sem tóku þátt í samkirkjulegu eða alþjóðlegu starfi kirkjunnar á einhverjum sviðum á starfsárinu. Þar á meðal voru skýrslur frá Hjálparstarfi kirkjunnar, Sambandi íslenskra kristniboðsfélaga, Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga og

frá fulltrúum í ýmsum nefndum á vegum kirkjunnar. Á þessum fundum fæst gott yfirlit yfir samkirkjulegt starf kirkjunnar og tækifæri gefst til að ræða strauma og stefnur í þessum málaflokki.

Fundur samkirkjunefndar fór fram í maí 2020 í gegnum fjarfundarbúnað vegna Covid 19. Framkvæmdanefnd valin: Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir, Magnea Sverrisdóttir, djákni og sr. Sjöfn Jóhannesdóttir.

Árleg stofnanakynning Biskupsstofu fór fram þann 12. maí 2020 þar sem prests- og djáknaefni fengu kynningu á margþættri starfssemi þjóðkirkjunnar, þar á meðal fengu þau kynningu á verkefnum kirkjunnar á samkirkjulegum vettvangi.

Aðildargjöld

Á starfsárinu 2019 greiddi þjóðkirkjan eftirfarandi aðildargjöld:

Lútherska heimssambandið:	kr. 2.477.657.-
Alkirkjuráðið:	kr. 1.426.530.-
Kirknasamband Evrópu:	kr. 570.612.-
Evrópska kærleiksþjónustan:	kr. 288.309.-
Mótmælendak. í Evrópu:	kr. 45.048.-

Starfsárið 2019-2020 hjá samkirkjunefndinni var að stórum hluta mjög óvenjulegt sökum Covid-19 faraldursins. Fyrirhugaðir fundir fóru flestir fram í gegnum fjarfundarbúnað og eru fulltrúar þjóðkirkjunnar sem eru í samkirkjulegum verkefnum og samskiptum, sammála um það að það hafi gengið vel.

Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar

Margrét Bóasdóttir

Um starfið

Helstu þættir í starfi söngmálastjóra eru umsjón með kirkjutónlistarmálum þjóðkirkjunnar og ráðgjöf við biskup Íslands, þjónusta og stuðningur við starf organista, kirkjukóra, barnakóra, presta og annað starfsfólk kirkjunnar, skipulagning og framkvæmd símenntunar, útgáfa söngefnis, nýsköpun á sviði kirkjutónlistarmála og erlend samskipti.

Organistar landsins eru um 100 talsins, en aðeins rúmlega 30 þeirra í fullu starfi.

Áætlað er að um 2000 manns syngi í kirkjukórum landsins og um 450 börn í barnakórum við kirkjur eða í skólakórum sem eru í föstu samstarfi við sína sóknarkirkju. Ljóst er að kórastarf innan þjóðkirkjunnar er langfjölmennasta sjálfboðaliðastarf hennar.

Húsnæðismál söngmálastjóra og Tónskóla Þjóðkirkjunnar

Í apríl boðaði biskup ásamt fleira starfsfólki sínu til fundar með skólastjóra og söngmálastjóra. Erindið var að skoða nýja húsnæðismöguleika, en þjóðkirkjan hefur ákveðið að fela Hjálparstarfi kirkjunnar að reka dagsetur fyrir heimilisláusar konur í því húsnæði kjallara Grensáskirkju sem hýsti Tónskólann og frá nóvember, eftir að Fjölskylduþjónustan flutti í Háteigskirkju, einnig skrifstofu söngmálastjóra. Var það þá fyrsta skrifstofuhúsnæðið sem mér bauðst, en ég hóf störf haustið 2014.

Biskup bauð okkur nú skrifstofuhúsnæði í Katrínartúni og að við myndum leita að hentugu húsnæði fyrir bókasafn og þá kennslustarfsemi sem fram fór í Grensáskirkju.

Eftir viðræður okkar og Kirkjutónlistarráðs og síðan fund með biskupi, var ákveðið að taka boði biskups og flytja skrifstofu Tónskólans og skrifstofu mína í Katrínartún. Að lokinni skoðun á aðstöðu í nokkrum kirkjum var gengið til samninga við Hjallakirkju og mun flutningur og grísjun bókasafns og bókalagers verða í júní að loknu skólastarfi. Er óhætt að telja þetta grundvallandi breytingu og má vænta góðs af samstarfi við aðrar deildir og starfsemi þjóðkirkjunnar þegar allir hittast í Katrínartúninu.

Miðlun efnis og samfélagsmiðlar

Söngmálastjóri hefur ekki enn sett upp eigin heimasíðu, en stofnaði til lokaðs hóps kirkjutónlistarfólks á Facebook í nóvember 2019. Hópurinn heitir KIRKJUTÓNLISTIN og þar eru kynnt ýmis mál sem eru á döfinni, fluttar fréttir og fólk getur sett inn fyrirspurnir og kynningar á tónleikum. Tæplega 100 manns eru skráðir í hópinn. Ég hef póstlista allra starfandi organista og kórstjóra barnakóra við kirkjur, um 120 manns, og þannig sendi ég efni og fréttir til þeirra.

Kirkjutónlistarráð

Ráðið er stjórn Tónskólans og fagrað söngmálastjóra sem situr fundi þess. Nýtt ráð var skipað í desember 2019, en fyrri ráðsmenn sátu þangað til. Þær breytingar urðu að formaður er nú Guðmundur Karl Brynjarsson, fulltrúi biskups og aðrir aðalmenn Helga Þórdís Guðmundsdóttir, formaður FÍO og Irma Sjöfn Óskarsdóttir, fulltrúi PÍ.

Á kirkjuþingi í nóvember var tillaga Kirkjutónlistarráðs að uppfærðri Tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar samþykkt án athugasemda. Þannig hefur ráðið nú skilað af sér nýjum starfsreglum um kirkjutónlist sem samþykktar voru 2017 og nú tónlistarstefnu 2019.

Á starfsárinu 2019-20 voru fundir stopullir en áður vegna Covid-19.

Dagur kirkjutónlistarinnar

Laugardaginn 7. mars 2020, var í annað sinn haldinn Dagur kirkjutónlistarinnar. Í undirbúningsnefnd voru þau sömu og árið áður, fulltrúar FÍO og PÍ ásamt skólastjóra Tónskólans, formanni Kirkjutónlistarráðs og söngmálastjóra. Dagskráin var haldin í Hallgrímskirkju og var samtal um lítúrgíu og tónlist við útfarir meginviðfangsefnið með þremur framsöguerindum og umræðum. Einnig voru flutt fjögur stutt erindi um safnaðarsöng, orgelið, tónsöng og kirkjutónleika, ásamt því að syngja nýja sálma. Í hádegi var hlýtt á Orgelmatinee Björns Steinars Sólbergssonar.



Biskup Íslands afhendir Unu Kristjánsdóttur heiðursviðurkenningu í kirkjutónlist fyrir söng í 70 ár í Kór Raufarhafnarkirkju, 7. mars 2020. Ljósmynd: Hreinn S. Hákonarson

Dagskránni lauk með stuttri tónlistardagskrá þar sem Schola cantorum söng nýja sálma undir stjórn Harðar Áskelssonar. Í lokin afhenti biskup Íslands heiðursviðurkenningu fyrir framlag á sviði kirkjutónlistarinnar. Hana hlaut í ár Una Kristjánsdóttir, altsöngkona í Kór Raufarhafnarkirkju, en Una hefur á komandi Hvítasunnu sungið í 70 ár í kirkjukórnum. Una er verðugur fulltrúi alls þess óeigingjarna og trúfasta starfs sem kirkjukórafólk innir af hendi.

Barnakórar við kirkjur

Tæplega 20 kirkjur starfrækja barnakóra, sumar í tveimur deildum og jafnvel fleirum og fer þeim kirkjum fjölgandi sem bjóða upp á barnakórarstarf. Starfið er þó alltaf brothætt og enn ber við að sóknarnefndir ákveði í sparnaðarskyni að leggja niður barnakórinn. Það er sorglegt og vanhugsað því við sem til þekkjum, vitum að börn sem sækja kóræfingar vikulega í kirkjuna sína, eignast traust og tiltrú á starf kirkjunnar. Dæmi er um að í unglíngakórum kirkna séu söngvarar sem 15 ára hafa sungið 10 ár í kirkjunni sinni! Barnakórarverkefni sambærilegt við undanfarin ár, var ekki haldið sl. haust þar sem verkefni haustsins 2018 frestaðist til febrúar 2019. Söngvahátíð barnanna sem átti að vera í Hallgrímskirkju með útvarpsmessu og tónleikum, á sumardaginn fyrsta og um 150 börn voru skráð, féll niður, en 15 stúlkur úr tveimur unglíngakórum sungu í útvarpsmessunni sem tekin var upp fyrirfram, og var það það eina sem hægt var að framkvæma á þessum vettvangi. Ekki var hægt að bjóða upp á kórsumarbúðir í júní fyrir unglíngakóra vegna Covid-19 en vonandi verður barnakórarstarf með blóma þegar haustar.

Tónlist í barnastarfi kirkjunnar, samstarf við Fræðsludeild

Síðastliðið haust setti ég upp þematengdan lagalista fyrir samverur barnastarfsins og á kynningartorgi Fræðsludeildar 27. ágúst var kynnt námskeið í að leika á gítar í barnastarfi sem söngmálastjóri og fræðsludeild buðu upp á í fyrsta sinn. Þráinn Árni Baldvinsson gítarleikari og tónmenntakennari annaðist kennsluna sem fimm manns sóttu. Umsagnir þátttakenda voru sérlega jákvæðar og stefnt er að slíku árlega.

Útvarpsmessur af landsbyggðinni – samstarf við RUV

Í ár var ákveðið að leita til hins nýja Austurlandsprófastsdæmis með útvarpsmessur sumarsins og á fundi á Egilsstöðum í febrúar, með öllum prestum og organistum var erindinu mjög vel tekið. Búið var að skipuleggja 11 messur, upptökudaga í apríl, en Covid-19 gerði þessar áætlanir að engu. Tekin var sú sameiginlega ákvörðun að fresta verkefninu um ár. Nú voru góð ráð dýr, en með frábæru samstarfi tókst að fá söfnuði á Suðurnesjum til að taka að sér 6 messur sem verða teknar upp nú fyrstu helgina í júní í Sandgerðiskirkju. Upptökumaður RUV verður eins og áður, Einar Sigurðsson og söngmálastjóri sér um skipulagningu og framkvæmd þessa verkefnis.

Sálmabókarnefnd

Kappsamlega var unnið í Sálmabókarnefnd en útgáfa bókarinnar mun vart verða á árinu 2020. Hljómsetning sálmanna og heimildavinnna er mjög viðamikil og ákveðið hefur verið að heimildaskrár verði mjög nákvæmar þar sem kröfur hafa aukist á fræðilegum vettvangi og bókin þarf að duga okkur lengi. Sú breyting hefur orðið að Skálholtsútgáfan mun sjá um öll útgáfuleyfi. Ég hef unnið með Eddu Möller og tölvusérfræðingi Biskupsstofu að staðfærslu samnings við réttthafa og rafræna útfærslu leyfisbeiðna. Stefnt var að fjölmörgum sálmakynningum söngmálastjóra víðs vegar hjá söfnuðum landsins, en frá og með mars lögðust þær af vegna Covid-19 ástandsins.

Starfshópur um tónlist við útfarir

Ég fékk leyfi biskups til að stofna starfshóp með fulltrúum Kirkjutónlistarráðs, FÍO og PÍ um tónlist við útfarir og hvernig kirkjan gæti stuðlað að fræðslu til aðstandenda um hlutverk sálmanna og kirkjutónlistar á þessum stundum. Stjórnir tilnefndu Guðmund Sigurðsson, organista, Örn Magnússon organista og sr. Skúla S. Ólafsson. Um áramót kom í ljós að Kjalarnesprófastsdæmi hafði einnig stofnað til starfshóps um sama efni undir forystu Stefáns Más Gunnlaugssonar, héraðsprests með því markmiði að vinna vefsíðu og prentaðan bækling með upplýsingum um öll þau kirkjulegu atriði sem lúta að andláti og útför. Hóparnir ákváðu samstarf sín á milli og gert er ráð fyrir að efnið verði tilbúið í haust.

Símenntun; Organistastefna og kórstjórasmvera

Fimmta *Organistastefna þjóðkirkjunnar* var haldin í Skálholti 8.-9. september 2019, en kórstjórasmvera sem skipulögð var 6.-7. september féll niður vegna ónógrar þátttöku, þar sem af 13 þátttakendum sem höfðu skráð sig, afboðuðu sig 11 á síðustu tveim dögum fyrir upphaf.

Alls mættu því 20 manns en sex þeirra aðeins annan daginn.

Aðalefni stefnunnar var samkvæmt óskum þar um, sameiginlegur söngur þátttakenda og æfðum við Requiem eftir Gabriel Fauré undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar með orgelleik Björns Steinars Sólbergssonar. Verkið var flutt af 14 manna kór og einsöngvurum í lok stefnunnar. Auk söngsins kynnti „Laganefnd“ Sálmaþókarnefndar hljómsetningarvinnu sálma fyrir nýja sálmaþóka og voru þátttakendur á einu máli um mikilvægi þessarar kynningar.

Í stað Kórstjórasmætingar var ákveðið að hafa stefnumótunardag 19. október í Reykjavík og mættu 15 kórstjórnar barnakóra við kirkjur og unnu grunnvinnu að stefnumótun fyrir starfið og þýðingu þess í boðun kirkjunnar, undir styrkri leiðsögn Steinunnar Arnþrúðar Björnsdóttur.

Dagana 14.-15. desember var mjög gott námskeið fyrir stjórnendur barnakóra haldið í sal Háteigskirkju, en gegnum vináttu við Lyn Williams, stofnanda og aðalstjórnanda Gondwana Voices barnakóranna í Ástralíu, kom hún í stutta dvöl og tók að sér leiðsögn sem þátttakendur voru afar ánægðir með.

Búið er að bóka hinn þekktu breska stjórnanda og tónskáld, John Rutter fyrir Organistastefnu 2020, en ekki er víst að af henni geti orðið.

Búið er að leggja fyrstu drög að kraftmiklu símenntunarprogrammi á sviði kirkjutónlistar fyrir allt starfsfólk kirkjunnar. Þetta verður samstarfsverkefni við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og Fræðsludeild og fjölbreytt námskeið verða kynnt síðsumars.

Sálmakvöld og söngdagar með kirkjukórum og söfnuðum

Í lok ágúst var fundur með presti og organista á Siglufirði og ákveðin sálmamessa og messa þar 27. október. Var þetta mjög ánægjulegt, vel mætt og sunginn fjöldi nýrra sálma.

Ekkert varð af tónleikum kirkjukóra í Suðurprófastsdæmi 7. nóvember á árlegum minningardegum um Jón Arason, biskup í Skálholtskirkju vegna ónógrar þátttöku.

Í desember fór ég til Stöðvarfjarðar og Djúpavogs og vann með kórum og nýjum prestum bæði nýja sálma, aðventusálma og tónsöng og var viðstödd adventukvöld á báðum stöðum og kenndi þar nýjan adventusálm.

Í byrjun febrúar var ég með sálmakvöld í Seyðisfjarðarkirkju og síðan fund með öllum prestum og organistum prófastsdæmisins 3. febrúar og sálmakvöld með kór og organista í Fellabæ um kvöldið.

Allt annað á þessum vettvangi, sem búið var að áætla og skipuleggja féll niður vegna Covid-19.

Útgáfa söngefnis

Þann 12. desember 2019 fékk biskup Íslands afhent fyrsta eintakið af nýrri heildarútgáfu Hátíðarsöngva sr. Bjarna Þorsteinssonar í Siglufirði. Liðin eru 120 ár frá fyrstu útgáfunni, árið 1899, og erfingjar sr. Bjarna gáfu embætti söngmálastjóra útgáfuréttinn í starfstíð Hauks Guðlaugssonar. Skálholtsútgáfan gaf út í samvinnu við söngmálastjóra. Unnið hefur verið að útgáfunni í tvö ár og hefur Douglas Brotchie tölvusett efnið, söngmálastjóri ásamt fleirum lásu próförok og sr. Kristján Valur Ingólfsson veitti ráðgjöf. Heildarútgáfan er í handhægu broti og þannig uppsett að ekki þarf að fletta fram og til baka í hverri athöfn, heldur eru frekar



Hátíðasöngur sr. Bjarna Þorsteinssonar. Fyrsta eintak nýrrar heildarútgáfu afhent biskupi Íslands í desember 2019.

tvíprentaðir messuliðir, þannig að bókin sé handhæg í notkun fyrir kór, prest og organista. Forsala á tilboðsverði gekk mjög vel og seldust 800 bækur strax.

Þegar samkomubann var hert í vor, ákvað ég að láta gera 11 myndbönd með nýjum sálum sem frumflutt voru á vef kirkjunnar sem „sálmur dagsins“ frá sumardegnum fyrsta og fram til 3. maí þegar slakað var á reglum. Þrír söngvarar Barbörुकórsins og Guðmundur Sigurðsson organisti Hafnarfjarðarkirkju sáu um flutning og þannig var hægt að kynna nýja sálma þó ekki mætti halda sálmakynningar með kórum og söfnuðum.

Fundir með organistum, próföstum, o.fl.

Ég hitti prófasta á árlegum fundi þeirra með biskupi sem frestaðist frá janúar til mars.

Fundur var með stjórn FÍO og ákveðið að slíkur samráðs- og spjallfundur væri a.m.k. árlega með söngmálastjóra. Fundir vegna nýs samnings STEFs og Þjóðkirkjunnar hafa verið nokkrir og kirkjuráð hefur nú samþykkt samninginn, en formleg undirritun fer fram í júní. Ég óskaði ásamt framkvæmdastjóra kirkjuráðs eftir endurskoðun á samningi Þjóðkirkjunnar við Fjólís v. ljósritunar í kórastarfi kirkjunnar, og verður greinargerð þar að lútandi send þeim innan tíðar.

Aðstoð og ráðgjöf til sóknarnefnda

Í starfsreglum um kirkjutónlist, samþykktum 2017, er sóknarnefndum boðin fagleg ráðgjöf söngmálastjóra, skólastjóra Tónskólans og formanns FÍO við að meta hæfni umsækjenda um organistastarf, miðað við orðalag auglýsingar. Flestir hafa nýtt sér þetta. Ég hef einnig fundað með þeim sem þess hafa óskað varðandi ráðningarmál.

Samstarf við guðfræðideild Háskóla Íslands

Ég hef umsjón með vikulegum messum guðfræðinema, mæti í messurnar, leiðbeini nemendum við sálmafal og messuþætti og útvega organista, oftast úr röðum nemenda Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

Ég hef einnig umsjón með 1. des. messunni, æfi sönginn og stýri honum. Ríkisútvarpið hljóðritar messuna og er henni útvarpað 2. sd. í aðventu. Þannig hefur messa guðfræðinema aftur komist inn á dagskrá RUV.

Raddmat við lok starfsþjálfunar

Ég vinn með starfsþjálfunarteymi Biskupsstofu í þeim tilgangi að auka vægi söngþjálfunar til framtíðar hjá bæði prestsnemum og djáknanemum.

Nemendur fá í lok starfsþjálfunartímans sérstakt raddmat, þar sem þeir koma til mín og lesa, flytja eigin texta, tóna helstu atriði tónsöngs kirkjunnar og syngja sálma og fá skriflega umsögn og leiðbeiningar um færni sína og hvernig má auka hana ef þarf.

Í lok starfsþjálfunartímabils er einnig kynning á stofnunum kirkjunnar, og þar kynnrir söngmálastjóri sitt starf.

Tónmenntasjóður kirkjunnar

Sjóðurinn er í vörslu mennta- og menningarmálaráðuneytis og er söngmálastjóri formaður. Aðrir í **stjórn** eru fulltrúar STEFs og Rithöfundasambands Íslands. Auglýst var í annað sinn eftir umsókn um styrki í samræmi við skipulagsskrá um hlutverk sjóðsins; að efla kirkjutónlist í tónlist og textum.

Alls bárust 30 umsóknir. Heildarfjárhæð styrkja var þrjár milljónir. Ákveðið var að veita 11 verkefnum styrk og voru þeir afhentir með viðhöfn í Katrínartúni 4, 21. janúar 2020. Síðasta úthlutun verður í árslok, þar sem nýr sjóður Þjóðkirkjunnar og STEFs mun taka við hlutverki þessa sjóðs með tilkomu nýs samnings sem áður er getið.

Sumartónleikar í Skálholtskirkju

Ég lét af formennsku um áramót í stjórn Sumartónleika í Skálholtskirkju, en samþykkti að sitja í nýrri stjórn sem fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis. Fráfarandi stjórn auglýsti eftir nýjum listrænum stjórnendum og framkvæmdastjóra og réði Ásbjörgu Jónsdóttur og Birgit Djupedal sem teymi til næstu 2ja ára. Ljóst er að tónleikar sumarsins verða með öðru sniði en þær höfðu áætlað, vegna Covid-19.

Skólaráð Skálholtsskóla

Ég er varamaður í skólaráði Skálholtsskóla. Formaður er sr. Óskar H. Óskarsson í Hruna.

Erlend samskipti

Norræn samtök kirkjukóra, NKSF, hafa starfað síðan 2002 og haldið norræn söngmót á fjögurra ára fresti. Næsta mót verður í maí 2022 í Visby á Gotlandi og var undirbúningsfundur þar 20.-22. september. Dagskrá er nú fullmótuð og möguleiki á þátttöku tveggja íslenskra kóra, en fjöldi er takmarkaður vegna gístiaðstæðna í Visby.

Leitourgia, nordisk liturgisk netværk er samstarf um tónlist, lítúrgíu og guðfræði.

Ársfundur 2019 var 5.-8. nóvember í Malmö og var að venju mjög áhugaverð dagskrá. Þrjú þátttakendur voru frá Íslandi og kynnti Guðný Einarsdóttir fulltrúi í Sálmaþóknafund okkar vinnu varðandi tónlist og hljómsetningu sálma.

Dagana 24.-26. febrúar var undirbúningsfundur hinnar norrænu stjórnar í Skálholti fyrir ársfundinn 2020 sem bókaður var þar í byrjun nóvember. Nú lítur ekki vel út með að sá fundur verði haldinn og verður lokaákvörðun tekin mjög bráðlega; hvort honum verði frestað um ár.

Evrópsk samtök um evangelíska kirkjutónlist, ECPCM, European Conference for Protestant Church Music hafa starfað í 20 ár. 22 lönd eiga aðild og var ársfundurinn 26.-29. september í Hildesheim í Þýskalandi. Sérlega áhugaverð dagskrá með fyrirlesurum sem væri fengur að því að fá til Íslands.

Nordhymn er samnorrænt verkefni í sálmafræði og er miðað við rannsóknarverkefni á háskólastigi. Ég sit í stjórn fyrir Íslands hönd í bili og var komið að Íslandi að halda fund sem haldinn var 21.-23. október í Skálholti. Sjö manns mættu og voru yfir sig hrifnir af aðstæðum þar. Tvö íslensk erindi voru haldin. Vorfundi sem átti að vera 16.-18. mars í Lundi var frestað og svo felldur niður.

Aðstoð við erlenda kóra og önnur fyrirgreiðsla

Talsvert er um að beiðni berist um fyrirgreiðslu og aðstoð við kóra sem vilja koma til landsins og flytja kirkjulega tónlist. Ég reyni að verða við slíkum beiðnum og hef beint kórum í Skálholt til dvalar og tónleikahalds sem og tengt kórana við ýmsar kirkjur höfuðborgarsvæðisins. Búið er að skipuleggja ferð þýsk unglingskórs hingað í júlí og hef ég tengt þau við gospelkórinn Vox Felix sem kirkjurnar á Suðurnesjum fjármagna. Næsta sumar mun svo Vox Felix heimsækja þýska kórinn. Allt verður greitt fyrir íslenska kórinn úti og er slíkt samstarf mjög áhugavert fyrir okkar kóra.

Í febrúar kom hingað þýskur tónlistarfréttamaður frá Berlín, sem vinnur fyrir margar þýskar útvarpsstöðvar. Hann óskaði eftir aðstoð við að hitta sem flesta sem vinna að kirkjutónlist, hafa áhugaverð orgel í kirkjum sínum og sérstaklega var hann áhugasamur um störf dr. Róberts Abrahams hér á landi. Hann fékk margvíslega fyrirgreiðslu og gert er ráð fyrir þó nokkrum útvarpsþáttum um íslenskt kirkjutónlistarlíf.

Af þessari skýrslu má sjá hve fjölbreytt starfið er. Hér hefur verið getið helstu verkefna en fjölmörg erindi og fundir eru auk þess sem hér er talið.

Tónlistarstarf kirkjunnar felur í sér almannagæði sem mikilvægt er að nýta til að efla boðun kirkjunnar og auka þátttöku í kirkjulegu starfi.

Tónskóli Þjóðkirkjunnar

Björn Steinar Sólbergsson skólastjóri

Tónskóli Þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum Þjóðkirkjunnar nr. 1074/2017. Meginverkefni skólans er að sjá til þess að ávallt sé nægur fjöldi organista og annarra starfsmanna á sviði kirkjutónlistar er hafi viðhlítandi menntun og færni. Skólinn starfar eftir námskrá sem kirkjuráð samþykkir.

Kirkjutónlistarráð, sem jafnframt er stjórn skólans er skipuð Guðmundi Karli Brynjarssyni sem er formaður, Helgu Þórdísi Guðmundsdóttur og Irmu Sjöfn Óskarsdóttur. Stjórnin, auk varamanna fundar reglulega með skólastjóra, Birni Steinari Sólbergssyni. Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri situr einnig fundi ráðsins.

Ráðið hefur fundað reglulega í vetur. Fyrir lá áframhaldandi endurskoðun á tónlistarstefnu Þjóðkirkjunnar. Árið 2017 samþykkti kirkjuping nýjar starfsreglur um kirkjutónlist sem kirkjutónlistarráð hafði unnið. Kirkjuping 2019 samþykkti svo einróma nýja tónlistarstefnu Þjóðkirkjunnar sem Kirkjutónlistarráð hafði unnið ötullega að.

Að mínu mati eru þessi nýja tónlistarstefna og starfsreglur vendipunktur í starfsumhverfi organista, bæði hvað varðar starfsskilyrði og fyrirkomulag ráðninga og því afar mikilvægar þessari stofnun - Tónskóla Þjóðkirkjunnar og framtíð nemenda skólans.

Aðalstöðvar skólans eru í Grensáskirkju en kennsla fór einnig fram í Akureyrarkirkju, Blönduóskirkju, Hallgrímskirkju í Reykjavík, Hjallakirkju, Kópavogskirkju og Langholtskirkju. Kórstjórnarkennslan fer fram í Listaháskóla Íslands.

Námsframboð

Boðið er uppá þrjár námsbrautir; Kirkjuorganistapróf, sem veitir réttindi til starfa við minni kirkjur, Kantorspróf, sem veitir starfsréttindi við stærri söfnuði og BA-gráða í kirkjutónlist sem kennd er í samvinnu við Listaháskóla Íslands. Auk þess er boðið upp á einleiksáfangi fyrir þau sem vilja auka við menntun sína í orgelleik. Einnig er boðið uppá nám í kórstjórn og raddþjálfun og hefur það einkum verið hugsað fyrir stjórnendur barna og unglingakóra.

Markmið Tónskóla Þjóðkirkjunnar er að tónlistarfólk sem starfar fyrir kirkjuna öðlist til þess fullnægjandi menntun, þ.e. kirkjuorganistapróf fyrir litla söfnuði og Kantorspróf eða Masterspróf í kirkjutónlist fyrir þau sem starfa í fullu starfi.

Starfsfólk

Kennarar við Tónskólann í vetur voru auk skólastjóra; Beata Joó, Eypór Ingi Jónsson, Eypór Franzson Wechner, Guðný Einarsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir, Hreinn S. Hákonarson, Jón Helgi Þórarinsson, Laufey Helga Geirsdóttir, Lára Bryndís Eggertsdóttir, Lenka Mátéova og Magnús Ragnarsson.

Fulltrúi á skrifstofu er Laufey Helga Geirsdóttir.

Skólastjóri er Björn Steinar Sólbergsson.

Inntökuskilyrði

Inntökuskilyrðin til að hefja nám við skólann eru þau að nemendur þurfa að hafa lokið miðstigi í píanóleik auk viðtals við skólastjóra. Fyrir áframhaldandi nám þ.e. kantorsnám, nám við Listaháskólann eða nám í einleiksáfangu þurfa nemendur að þreyta inntökupróf.

Skólastarfið

Kennsla hófst í byrjun september. Skólastarfið var með hefðbundnum hætti, bæði er um einkakennslu, hópkenndu og fjarkennslu að ræða. Allt nám við skólann er metið til eininga. Námsmat fer fram tvisvar á ári, nemendur fá umsögn og einkunn frá kennurum í lok haustannar og vorannar. Próf eru að mestu tekin að vori til. Allir nemendur fá umsagnir eftir veturinn og prófblöð með einkunn og umsögnum prófdómara, ásamt ferilsblöðum.

Skólaslit fóru fram í Hallgrímskirkju í Reykjavík föstudaginn 22. maí 2020.

- **Alls hófu 17 nemendur** nám við skólann s.l. haust, þar af 3 á Ísafirði, 2 á Akureyri og 1 á Blönduósi. Er ánægjulegt að sjá fólk um land allt sem hefur áhuga á að starfa að framgangi kirkjutónlistarinnar.

Endurmenntun er mikilvægur þáttur í starfi Tónskólans þar sem starfandi organistar geta aukið menntun sína með námi og námskeiðshaldi á vegum skólans.

Þar hafa útibú Tónskólans á Akureyri og á Ísafirði sannað gildi sitt og núna einnig útibúið á Blönduósi.

Stjórn skólans ákvað á vordögum 2018 að framvegis verði starfandi organistum sem hafa lokið námi við Tónskólann gefinn kostur á endurmenntun í orgelleik frá og með haustinu 2018. Er námið hugsað fyrir þau sem hafa lokið námi við skólann en hafa hug á að bæta við verkefnalistann eða að undirbúa orgeltónleika, vígslu nýs orgels, vinna að ákveðnu verkefni eða fá hvatningu og stuðning í reglulegum orgeltímum.

Nú hefur stjórnin í samvinnu við söngmálastjóra ákveðið að stórauka flóru endurmenntunar næsta haust.

Fjórir nemendur luku áfanga frá Tónskólanum.

Hrafnkell Karlsson lauk kirkjuorganistaprófi.

Erla Rut Káradóttir, Matthías Harðarson og Páll Barna Szabó luku kantorsprófi.

Erla Rut og Matthías luku jafnframt BA-gráðu í kirkjutónlist frá Listaháskóla Íslands.

- **Organistastefna í Skálholti**

Margrét Bóasdóttir söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar boðaði til organistastefnu í Skálholti 8. og 9. september. Að þessu sinni var sérstök áhersla á kórsönginn og í lok stefnunnar fluttu þátttakendur Sálumessu Gabriel Fauré undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar hljómsveitarstjóra.

Nemendum og kennurum Tónskólans var boðin þátttaka.

- **Tónleikar Tónskólans á haustönn 2020**

Fimm tónleikar voru á vegum skólans á haustönn. Framhaldsprófstónleikar Páls Barna Szabó í Akureyrarkirkju 18. október, tónleikar í samstarfi við Listvinafélag Hallgrímskirkju



Útskrift frá Tónskólanum: Hrafnkell Kárason; Páll Barna Szabo; Erla Rut Káradóttir og Matthías Harðarson.
Ljósmynd: Hrefna Harðardóttir

16. nóvember, nemendatónleikar í Akureyrarkirkju 22. nóvember svo og tvennir tónleikar á aðventunni – tónleikar kirkjutónlistarbrautar Listaháskóla Íslands og Tónskólans í Hallgrímskirkju 11. desember og jólatónleikar Tónskólans í Langholtskirkju 13. desember.

- **Gospel/pop nálgun í kirkjutónlist**

Óskar Einarsson, tónlistarstjóri Lindakirkju í Kópavogi fjallaði um Gospeltónlist og kynnti tónlistarstarfið í Lindakirkju 22. febrúar. Var kynningin opin nemendum og kennurum Tónskólans, félögum í FÍO – Félagi íslenskra organleikara auk organistum þjóðkirkjunnar.

- **Dagur kirkjutónlistarinnar**

7. mars stóð söngmálastjóri fyrir Degi kirkjutónlistarinnar í Hallgrímskirkju í samstarfi við Kirkjutónlistarráð, Tónskólann, FÍO og PÍ.

Á dagskránni var m.a. örerindi, fyrirlestrar, Orgel-Matinée, samtál starfsfólks kirkjunnar um útförina í nútíð og framtíð. Auk þess var veitt tónlistarviðurkenning kirkjunnar.

- **Útskriftartónleikar Erlu Rutar Káradóttur**

Útskriftartónleikar Erlu Rutar Káradóttur fóru fram í Hallgrímskirkju 8. mars. Þar með lauk

hún bakkalárnámi frá kirkjutónlistarbraut LHÍ í samstarfi við Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Erla Rut lauk jafnframt kantorsprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

- **Covid-19**

Covid-19 hafði mikil áhrif á Tónskólann eins og aðra skóla landsins. Skólastjóri ákvað strax í samráði og samvinnu við stjórn og kennara skólans að útskriftarnemarnir myndu ekki líða fyrir þetta ástand og einnig reynt að lágmarka skaðann fyrir aðra nemendur. Fjarkennsla hefur lengi verið hluti að námsframboði skólans og hafði Covid19 lítil eða engin áhrif á hana. Hins vegar verður að viðurkennast að fjarkennsla í orgelnámi eru ekki kjöraðstæður. Allir gerðu sitt besta en þó er ljóst að einhver hluti námsins frestast fram á næsta haust.

- **Útskriftartónleikar Matthíasar Harðarsonar**

Útskriftartónleikar Matthíasar Harðarsonar fóru fram í Hallgrímskirkju 2. júní. Þar með lauk hann bakkalárnámi frá kirkjutónlistarbraut LHÍ í samstarfi við Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Matthías lauk jafnframt kantorsprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar.

- **Tónskólinn um land allt**

Tónskólinn hefur um langt skeið haft útibú á Akureyri. Í vetur stunduðu tveir nemendur nám þar. Kennari er Eypór Ingi Jónsson.

Undanfarna vetur hefur Tónskólinn boðið upp á nám í kirkjutónlist fyrir organista á Vestfjörðum. Mikilvægur þáttur organistanámsins er nám í kórstjórn. Tónskólinn hefur verið í samstarfi við Tónlistarskólann á Ísafirði og hefur Beata Joó kennari við skólann kennt kórstjórnarnemum. Hefur einn nemandi stundað námið í vetur. Haustið 2018 hófst námsframboð á Blönduósi og stundar einn nemandi nám. Kennari á Blönduósi er Eypór Franzson Wechner.

Að mínu mati er mjög mikilvægt að Tónskólinn haldi úti námsframboði sem víðast um landið þannig að organistar hafi kost á að auka menntun sína.

- **Húsnæðismál**

Nú liggja fyrir breytingar á húsnæðismálum skólans þar sem við flytjum í nýtt húsnæði í júní. Stjórnunarhlutinn flyst á Biskupsstofu í Katrínartún og söngkennslan og bókasafnið í Hjallakirkju. Tónskólinn hefur á margan hátt sérstöðu sem tónlistarskóli. Eitt af því er að meginhluti kennslunnar fer fram annars staðar en í húsnæði skólans þar sem orgelkennslan og æfingar nemenda fara fram í kirkjum víðs vegar um landið. Það er afar dýrmætt fyrir okkur Tónskólafólk að finna þar velvilja og hlýhug sem er í okkar garð.

Vefsíða Tónskólans er:

www.tonskoli.is

www.facebook.com/tonskoli.is/

Sérþjónustuprestar

Fangaprestur Þjóðkirkjunnar

Sr. Sigrún Margrétar Óskarsdóttir
Sr. Hreinn S. Hákonarson

Hinn 1. maí 2019 lét undirritaður af störfum sem fangaprestur þjóðkirkjunnar eftir 26 ára þjónustu. Þar sem ekki var auglýst eftir fangapresti fyrir en síðla hausts var svo umsamið að ég sinnti lágmarksþjónustu við fangelsin þar til nýr prestur yrði ráðinn og hann kæmi til starfa. Sú þjónusta fólst meðal annars í guðsþjónustuhaldi í fangelsunum á hvítasunnu 2019. Sömuleiðis skyldi ég sinna sálgæsluviðtölum eftir því sem óskir um þau bærust frá föngum og fangelsunum. Helgihald í fangelsunum um jólin var í höndum annarra en fráfarandi fangaprests.

Nýr fangaprestur, sr. Sigrún Óskarsdóttir, var ráðinn í byrjun árs, og tók til starfa í marsmánuði. Fráfarandi fangaprestur óskar henni velfarnaðar í starfi og blessunar Guðs. Fráfarandi fangaprestur er nú í hálfu starfi sem sérþjónustuprestur á Biskupsstofu, á fræðslu- og kærleiksþjónustusviði, og sinnir einkum fréttaskrifum á heimasíðu kirkjunnar, kirkjan.is.

Hreinn S. Hákonarson,
fyrrv. fangaprestur þjóðkirkjunnar

Fangaprestur þjóðkirkjunnar frá 1. mars 2020

Sr. Sigrún Margrétar Óskarsdóttir

Farsæll fangaprestur kveður

Orð eru vandasöm og stundum eru þau eins og föt sem eru annaðhvort of þröng eða víð, stutt eða síð. Það er þó örugglega hægt að segja að orðið farsæll passi vel þegar horft er yfir feril fyrrum fangaprests þjóðkirkjunnar sr. Hreins S. Hákonarsonar. Langur og farsæll ferill þar sem virðing og væntumþykja fyrir þeim sem hann mætti má skynja og skilja af samtölum við hann og þau sem þáðu þjónustuna.

Nýr fangaprestur frá 1. mars

Þessi hluti skýrslu fangaprests er frá 1. mars-31. maí 2020.

Skrifstofa fangaprests flutti að nýju í Grensáskirkju 1. mars. Þar er gott samfélag þeirra sem

þjóna í Fossvogsprestakalli auk þess sem prestur fatlaðra og prestur heyrnalausra hafa haft þar aðstöðu um langt árabíl. Nálægð við Hjálparstarfið í kjallara hússins er til þess fallið að auðga samfélagið enn frekar.

Það var undarlegt að hefja störf 1. mars 2020. Yfirvofandi heimsfaraldur sem engin leið var að sjá fyrir hvaða stefnu tæki. Full af bjartsýni lagði ég af stað í heimsóknir í fangelsin á Hólmsheiði, Litla Hrauni og Sogni í fyrstu viku í starfi. Bjartsýn, en líklega heldur óraunsæ, kvaddi ég með orðunum: við sjáumst í næstu viku! Það fór ekki svo. Allar heimsóknir í fangelsin voru bannaðar frá 9. mars og heimsóknarbanni ekki aflétt fyrr en 25. maí.

Á þessum tíma varð að hugsa í lausnum. Sími prestsins var frekar hljóðlátur til að byrja með. Í góðu samstarfi við varðstjóra á hverjum stað var þeim skilaboðum komið áfram að velkomið væri að hringja í prestinn. Þegar á leið voru fleiri og fleiri sem nýttu sér þá þjónustu.

Þegar páskahátíðin nálgast og ljóst var að ekki yrði unnt að bjóða upp á helgihald í fangelsum. Sú leið var farin, í góðu samstarfi við Fangelsismálastofnun og Biskupsstofu, að taka upp tvær helgistundir í Árbæjarkirkju og þeim var streymt í fangelsin laugardaginn fyrir páska og á páskadag. Tónlistarmaðurinn KK spilaði og söng lög og sálma sem hæfðu tilefninu. Margir komu að verkefninu og vil ég koma á framfæri þökkum til Halldórs Vals fangelsisstjóra, starfsfólks Biskupsstofu, KK, sr. Þórs í Árbæjarkirkju, Kristins frá Sýrlandi sem sá um upptökur og Þorsteins tæknimanns Fangelsismálastofnunar sem sá um að koma þessu til skila.

Eftir að hafa heyrt viðbrögð við útsendingunum kom Þorsteinn Þorbergsson tæknimaður Fangelsismálastofnunar með þá hugmynd að teknar væru upp nokkrar hugvekjur og sendar út í fangelsin. Sú vinna er komin í gang og stefnt að upptökum í kapellu Grensáskirkju síðla sumars eða í haust.

Heimsóknir og helgihald

Um leið og opnaði aftur fyrir heimsóknir var lagt upp með heimsóknir fast a.m.k. einu sinni í viku á Hólmsheiði, Litla Hraun og Sogn en á þessum stöðum er áætlað að hafa helgihald einn laugardag í mánuði auk hefðbundinna hátíðaguðsþjónusta. Stefnt er að heimsókn á Kviabryggju mánaðarlega. Fyrir utan fasta heimsóknardaga eru heimsóknir eftir þörfum og óskum.

Vernd, áfangaheimili

Fangaprestur á sæti í húsnefnd Verndar og mætir þar vikulega á fundi. Vernd er áfangaheimili þar sem þeim sem uppfylla ákveðin skilyrði geta lokið afplánun sinni með búsetu þar. Skilyrði til að ljúka afplánun þar er að stunda vinnu eða nám. Fangar vinna ýmis störf m.a. í kaffistofu Samhjalpar þar sem boðið er uppá ókeypis máltíð og eftir einn fund húsnefndar var kaffistofan heimsótt. Merkilegt starf og til fyrirmyndar.

Samfélagsmiðlar

Síða á Facebook *Fangaprestur þjóðkirkjunnar* var opnuð í apríl. Einnig er vert að benda á instagram reikning: **fangaverk** þar sem hægt er að skoða fagra muni sem eru framleiddir á

vinnustofunni á Hólmsheiði. Vinnustofan er fastur viðkomustaður fangaprests og þar eiga sér stað góð samtöl í skapandi umhverfi.

Litið um öxl og fram á veg

Þau eru mörg og góð sporinn sem sr. Hreinn skilur eftir sig. Nú er að vanda sig við að búa til ný spor. Full þakklætis fyrir hlýjar móttökur horfi ég fram á veginn. Með Guðs hjálp og öllu því góða fólki sem að starfinu kemur er full ástæða til að horfa bjartsýn fram á veginn.

Prestur fatlaðra

Sr. Guðný Hallgrímsdóttir, prestur fatlaðra

Forsendur, lög og reglur.

Lögin um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 kveða á um hvað sérþjónusta kirkjunnar sé: „Þar sem almennri prestsþjónustu verður ekki við komið, svo sem á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra, skal kalla til presta ...“

Sérþjónustan byggir þess vegna á því að tiltekinn hópur fólks í vissum aðstæðum myndar söfnuð sem ekki getur notið hefðbundinnar kirkjulegrar þjónustu vegna sérstakra aðstæðna sem ýmist vara ævina út (eins og hjá heyrnarlausum, fötluðum, sjúkum og deyjandi) eða eru tímabundnar (eins og hjá föngum, sjúkum sem fá endurheimt heilsu, og innflytjendum). Segja má því að þetta sé frumástæða þess að kirkjan hefur talið þörf á því að setja á laggirnar sérþjónustuprestsembætti. Allt þetta fólk tilheyrir að sönnu formlega séð söfnuði í tilteknu prestakalli en getur ekki nýtt sér þá þjónustu sem þar býðst vegna aðstæðna sinna.

Ég sem prestur fatlaðra tilheyrir þjónustusvæði Reykjavíkurprófastsdæmis vestra og hlít umsjón viðkomandi prófests, sækir fundi á vegum prófastsdæmisins og tek þátt í starfi á prófastsdæmisgrundvelli. Hvað skipulag starfans snertir er ég sem embættismaður í fyrirsvari um kirkjulegt starf á starfsvettvangi mínum og hef forystu um mótun þess og skipulag eins og aðrir þjónandi prestar þjóðkirkjunnar. Ég er í samstarfi við fólk sem sinnir öðrum störfum á vettvangi mínum hvort sem það hefur einhver mannaforráð eða ekki. En fyrst og síðast erum ég kölluð til að veita kirkjulega þjónustu, leiðbeina, styrkja og hugga.

Umfang og staðsetning

Þjónustan nær yfir þá staði þar sem fatlað fólk lifir og starfar s.s. heimili, sambyli, vinnustaði, stofnanir og skóla. Hin síðari ár hefur verið lögð meiri áhersla á að þjóna fólki með þroskahömlun, þar sem þau hafa í sama mæli og aðrir ekki haft tæk á að tileinka sér almenna þjónustu kirkjunnar.

Starfið einkennist af ferðum til og frá þessum stöðum sem og samskiptum mínum við fólk með þroskahömlun, aðstandendur og fagfólk. Ég kem frekar til fólksins en það til mín

vegna þess að ég á einfaldlega mun hægara um vik með að ferðast milli staða en fatlaður einstaklingur sem í flestum tilvikum þarf að reiða sig á ferðapjónustu fatlaðra eða annan ferðamáta. Staðsetning skrifstofunnar í Grensáskirkju er mjög góð og aðgengi fyrir fatlaða til fyrirmyndar. Síðast en ekki síst er dýrmætt að starfa í góðu samfélagi alls þess góða fólks sem starfar í Grensáskirkju eða hefur þar starfsaðstöðu.

Sorgarvinna

Ég er í flestum tilvikum kölluð til þjónustu þegar dauðsföll verða meðal fólks með þroskahömlun og/eða vandamanna þeirra. Í sumum tilvikum er ég líka kölluð til þegar starfsfólk í þessum geira fellur frá. Útköllin tengjast flest heimilum fólks með þroskahömlun en einnig er farið í skóla, á vinnustaði og skammtíma vistarir til þess að tilkynna sorgarfréttir og/eða hafa þar umsjón með bæna- og minningarstundum. Stundum er einnig óskað eftir því að hafa minningarstundir á sambýlum, vinnustöðum og í heimahúsum. Ef þess er kostur, er bænum og útförum beint til viðkomandi sóknarprests og samvinna höfð um alla sorgarvinnu.

Hlutverk prests fatlaðra á þessum sorgarstundum er fyrst og fremst að vera stuðningsaðili einstaklingsins með þroskahömlunina. Hann gæti verið að missa ástvin, vin úr sínum röðum eða tengst öðrum sem er að missa einhvern sér nákominn. Leitast er við að styðja einstaklinginn í gegnum sorgina allt frá því að vitað er að ástvinur er deyjandi eða frá tilkynningu dauðsfalls, við kistulagningu, útför og eftir útför eins lengi og þörf er á. Boðin er liðveisla og stuðningur við viðkomandi sóknarpresta í þessum efnum s.s. við að undirbúa kveðjustundir á „aðgengilegan“ máta svo að fólk með þroskahömlun sé mætt þar sem það er statt í sorginni og fái tækifæri til þess að kveðja á sinn hátt. Á síðasta starfsári voru haldnar 15 minningar- og bænastundir í tengslum við missi.

Samtal

Ég er með fasta viðtalstíma á skrifstofu minni en er einnig með viðtalstíma einu sinni í viku á fjórum vernduðum vinnustöðum í Reykjavík og Kópavogi. Þar gefst fólki með þroskahömlun tækifæri til þess að ræða við prestinn í einrúmi án þess að fara út af vinnustað sínum. Ég heimsæki reglulega mörg af sambýlum stór höfuðborgarsvæðisins. Þá eru ótalin þau útköll sem sinnt er í tengslum við sambýli, skóla og vinnustaði fólks með þroskahömlun. Heimsóknir og hús- vitjanir á vinnustaði, skammtíma vistarir, heimili fatlaðra o.fl. urðu 180 talsins á árinu. Fjöldinn er talsvert minni en undanfarin ár en vegna Covid farsóttarinnar var mörgum vinnustöðum og sambýlum lokað um tíma og heimsóknir urðu því ekki eins margar í venjulegu árferði.

Erindi, fræðslufundir og málþing

Hluti starfans er að kynna málefni fatlaðra sem víðast innan kirkjunnar. Leitast er við að sækja alla þá viðburði sem tengjast fötluðum og fólki með þroskahömlun. Ekki þarf að taka fram hversu mikilvægt það er starfi sem þessu að sjá og heyra hvað aðrir eru að gera á sama vettvangi, bæði til að styrkjast í starfi og efla það sem fyrir er. Ég sæki t.d. ár hvert landsþing Þroskahjálpar, enda á ég mikið og gott samstarf við samtökin sem og við Sjónarhól. Sjónarhóll

er ráðgjafamiðstöð sem lætur sig varða hag langveikra og fatlaðra barna. Þessi samtök eru: ADHD samtökin, Landssamtökin Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra og Umhyggja sem er félag til stuðnings langveikum börnum. Til upplýsingar fyrir þau sem vilja kynna sér starfsemi Sjónarhóls betur, er bent á vefslóðina <http://www.sjonarholl.net>.

Á hverju ári er ég beðin um að halda fyrirlestra, erindi og námskeið fyrir hin ýmsu félagasamtök, stofnanir og fólk sem á einhvern hátt tengist málefnum fatlaðra. Efnistökin eru meðal annars bænalíf fólks með þroskahömlun, hugvekjur fyrir fólk með fötlun, sorg og sorgarviðbrögð, sálgæsla meðal fólks með þroskahömlun, samskipti á vinnustað, aldraðir foreldrar fólks með þroskahömlun, margbreytileiki samfélagsins, samskipti kynjanna og sjálfsvirðing, öldrun og þroskahömlun. Erindin voru sjö talsins á árinu.

Guðsþjónustur og hátíðir

Hið hefðbundna messuform hentar ekki alltaf fólki með þroskahömlun, þar sem orð og athafnir virka oft of flókin. Mikilvægt er að prestar og starfsfólk kirkjunnar bjóði líka fólki með fötlun þátttöku í helgihald kirkjunnar s.s. messuhópum og þar með velti því um leið fyrir sér hvernig kirkjan getur nálgast betur fólk með þroskahömlun. Ég hef bent á ýmsar leiðir í þeim efnum, eins og að bjóða fólki með þroskahömlun að taka þátt í samtali um messuna. Að þau taki þátt í messuhópum t.d. með því að lesa léttu texta, bjóða fólk velkomið, útteila sálmabókum eða tundra ljós í upphafi samveru.

Ég flyt hugvekjur á fjölmörgum aðventustundum fatlaðra sem og í kyrruviku fyrir páska. Tel ég að kirkjan mætti nýta sér enn betur það sóknarfæri sem felst í því að flytja hugvekjur fyrir páska eins og mikið er gert af um allt land á jólaföstudni. Samverur sem þessar eru venjulegar haldnar á vinnustöðum á vinnutíma en einstöku sinnum hafa verið haldnar aðventu- og páskastundir á sambýlum eða á öðrum stöðum. Útbúið hefur verið sérstakt fræðsluefni til þess að styðjast við þegar fólk vill halda aðventustundir á heimilum. Ég sendi ávallt út til allra sambýla og verndaða vinnustaða, kveðju frá kirkjunni í upphafi aðventu þar sem kvatt er til helgihalds á heimilum. Einnig er bent á allar þær stundir sem kirkjur landsins bjóða upp á í jólamánuðinum og fólk hvatt til kirkjuheimsóknna. Á síðasta starfsári voru haldnar átta hugvekjur.

Samverur í Grensáskirkju í samvinnu við ÆSKR

Samvinna við ÆSKR um samverur fyrir fólk með þroskahömlun hófst í byrjun árs 2005. Við eigum því tíu ára afmæli í ár. Tilgangurinn var að opna betur kirkjuna fyrir fólki með þroskahömlun og koma til móts við trúarpörf þeirra. Reynslan hefur sýnt að fólkið sem sækir samverurnar telur þær mjög dýrmætar. Það telur gott að eiga stund frá öllu amstri, þar sem áhyggjur, líf og hugsanir eru lagðar í hendur Guðs. Samverurnar eru annan hvern fimmtudag yfir vetrartímann, frá klukkan fjögur til fimm. Það er ánægjulegt að segja frá því að samverurnar njóta mikilla vinælda og hefur orðið sífelld fjölgun þátttakenda á milli ára. Ég hef átt mikið og gott samstarf við Kristján Ágúst Kjartansson, framkvæmdastjóra ÆSKR og Daníel Ágúst Gautason MA í guðfræði og eiga þeir miklar þakkir skildar fyrir gefandi og góða samvinnu. Ég þakka þeim báðum trausta og góða samvinnu og hlakka til áframhaldandi samstarfs. Samverur síðasta vetrar voru færri en venjulega vegna farsóttarinnar en þær urðu ellefu talsins.

Samvinna

Ég hef átt mjög góða samvinnu við mörg þau sem starfa með fólki með þroskahömlun s.s. þroskaþjálfara, forstöðumenn sambýla og vinnustaða, sérkennara og annað starfsfólk. Samstarfið við Sjónarhól hefur verið nefnt en síðast en ekki síst hef ég átt gott samstarf við kollega mína, presta um allt land sem hafa leitað til mín þegar þau hafa þurft á upplýsingum eða annarri aðstoð að halda í tengslum við samstarf með fólki með þroskahömlun í sinni heimabyggð. Í því sambandi má sérstaklega minna á fermingarfræðslu ungmenna með þroskahömlun sem unnin er af hendi kollega minna um allt land. Ég vil þó nota tækifærið og hvetja starfssystkin mín til enn frekari dáða, að þau komi enn meira til móts við fólk með þroskahömlun í sóknum sínum og leggi sig fram um að þjónusta þau eins vel og önnur sóknarbörn sín.

Fermingarfræðsla ungmenna með þroskahömlun

Frá árinu 1990 hefur verið boðið upp á sérhæfða fermingarfræðslu í sérskólum borgarinnar sem og við ákveðnar sérdeildir grunnskólanna. Umfang fermingarfræðslunnar hefur breytst heilmikið, sérstaklega á síðustu árum. Í því sambandi má helst nefna þá stefnu menntayfirvalda að hvert barn á rétt á því sækja sinn heimaskóla óháð fötlun, svo nefndur: „Skóli án aðgreiningar“. Þróunin undanfarin ár hefur verið sú að nemendum í sérskólum fækkar á meðan nemendum í sérdeildum almennra grunnskóla fjölgar. Þetta kallar á breyttar vinnuaðferðir þar sem ég kem oftast til fermingar barnsins heldur en að það komi til mín. Ég hef leitast við að tengja sóknarprestana við fermingar börn með þroskahömlun í þeirra sóknum. Starf mitt er þá aðallega fólgið í því að tengja saman barn og fjölskyldu þess við prestinn sinn, benda á fræðslufni við hæfi og vera þeim öllum innan handar með það sem þau telja sig þurfa aðstoðar við. Í sumum tilvikum hef ég annast fræðsluna og síðan hafa börnin verið fermd með sínum bekk í sóknarkirkjunni. Þá hef ég komið inn í þær fermingarguðsþjónustur og þjónað með viðkomandi presti/prestum.

Í Reykjavík hefur skapast sú hefð að flest börnin fermast á Sumardaginn fyrsta og er það nú orðið ómissandi þáttur í helgihaldi Langholtskirkju. Kirkjan býður upp á gott aðgengi og starfsfólk þar hefur verið einstaklega velviljað mínu starfi. Umfang fermingarfræðslunnar fer ört vaxandi vegna nýrrar þróunar eins og áður hefur verið vikið að. Á síðasta starfsári var ég með fimm fermingartíma á viku og fermingar börnin komu frá jafnmörgum grunnskólum. Fermingarnar verða fimm talsins en þegar þetta er skrifað eru nokkrar enn eftir vegna aðstæðna í samfélaginu í tímum farsóttarinnar.

Kirkjan öllum opin

Mikið og gott starf er unnið á vegum þjóðkirkjunnar. Til þess að fatlað fólk finni sig þar heima þarf að huga vel að góðu aðgengi. Taka þarf burt alla þröskulda, vanda til handriða við tröppur, litavals á gólf og veggjum og breidd hurða svo eitthvað sé nefnt. Rýma þarf fyrir hjólastólum inni í kirkjubekkjaraðum og gera þar með fólki sem notar hjólastól kleift að sitja „meðal“ safnaðarins en ekki fyrir framan eða utan við kirkjubekki. Eins þarf að huga sérstaklega að því hvernig við nálgumst fólk með þroskahömlun. Að við tölum ekki við þau eins og börn heldur sem fullorðið fólk á jafnréttisgrundvelli. Að við bjóðum þau velkomin t.d. í messuhópinn,

kvenfélagið eða kirkjukórinn. Innan kirkjunnar okkar eru mikil tækifæri til þess að skapa fötluðu fólki hlutverk. Það er von mín og bæn að við finnum fötluðu fólki góð og velmetin hlutverk innan kirkjunnar og auðgum þar með kirkjustarfið fleiri litum og meiri vídd.

Lokaorð

Farsóttin hefur sett starfinu takmörk á ýmsa vegu. Eðli málsins vegna hef ég ekki getað hitt sóknarbörnin eins oft og ég hefði viljað og samverunum í Grensáskirkju hefur verið frestað tímabundið. Mörg sóknarbarna minna eru í áhættuhópi þegar kemur að smiti og alvarlegum veikindum, svo að takmarkaður aðgangur hefur verið settur bæði á fjölda vinnustaða og sambýla. Þar sem samskiptin fara oft fram með snertingu, tákni með tali, augnsambandi og mikilli nálægð, hefur þessi farsóttartími reynst okkur öllum sérlega erfiður. Ég hef reynt eins og kostur er að verja mig gagnvart veirunni, svo ég geti verið í stakk búin að þjóna mínu fólki í aðkallandi verkefnum. Á vordögum voru liðin þrjátíu ár frá því að ég hóf prestsþjónustu meðal fatlaðra og þá sérstaklega fólks með þroskahömlun. Blessun Guðs hefur fylgt þessu starfi frá upphafi og verður vonandi áfram. Ég er óendanlega þakklát fyrir þau forréttindi að fá að þjóna fólki með þroskahömlun og bið elsku Guð um að blessa þau hvert og eitt og líf þeirra allt.

Aukaverk, heimsóknir o.fl á starfsárinu

Skírnir – 6

Fermingar – 5

Hjónavígslur – 2

Kistulagningar – 5

Útfarir – 5

Messur – 5

Kyrrðar- og bænastundir - 15

Samverur fyrir fólk með þroskahömlun í Grensáskirkju - 11

Minningar og bænastundir – 21

Heimsóknir á sambýli og vinnustaði og húsvitjanir – 180

Viðtöl á vinnustöðum – 204

Viðtöl á skrifstofu 112

Hugvekjur á aðventu og páskum á sambýlum, vinnustöðum o.fl. fyrir fatlaða – 8

Fyrirlestrar/málþing –11

Kirkja heyrnarlausra

Sr. Kristín Pálsdóttir

Kirkja heyrnarlausra hefur verið starfandi frá 1981 og var sr. Miyako Þórðarson fyrsti prestur heyrnarlausra og á Kirkja heyrnarlausra henni mikið að þakka. Sr. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir tók við af sr. Miyako 1. september 2012 og starfaði sem prestur heyrnarlausra til 30. maí 2017 og vann hún einnig mikið og gott starf fyrir söfnuðinn. Þann 10. júní 2018 var ég sett í embætti prests heyrnarlausra af prófasti Reykjavíkurráðsfræðis vestra sr. Helgu Soffíu Konráðsdóttur. Ég hóf síðan nám í Táknálsfræði við Háskóla Íslands um haustið, til þess að læra táknmál og geta haft samskipti við söfnuðinn minn.

Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir vísitaraði Kirkju heyrnarlausra 14. mars 2019 ásamt prófasti Reykjavíkurráðsfræðis, sr. Helgu Soffíu Konráðsdóttur og biskupsritara sr. Þorvaldi Víðissyni. Biskup prédikaði og síðan var kaffi í safnaðarheimilinu á eftir. Þetta var góð stund og þótti söfnuðinum mjög vænt um þessa heimsókn.

Kirkja heyrnarlausra er söfnuður fólks sem á það sameiginlegt að hafa íslenskt táknmál að móðurmáli, þ.e fólks sem er heyrnarskert, heyrnarlaust og dauðblind. Söfnuðurinn er ekki bundinn við ákveðna sókn heldur nær yfir allt landið þar sem táknmálstalandi einstaklingar búa. Allflestir búa á höfuðborgarsvæðinu, en eins eru Döff einstaklingar búsettir á Reykjanesi, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Þó nokkur hópur er af erlendum heyrnarlausum einstaklingum sem flust hafa til landsins síðastliðin ár og eru þau dugleg að sækja starf Kirkju heyrnarlausra. Sama má einnig segja um þá íslensku Döff einstaklinga sem hafa flust frá Íslandi, að þegar þeir koma til landsins, sækja þau athafnir í Kirkju heyrnarlausra. Prestur heyrnarlausra sinnir ekki eingöngu þeim sem eru í þjóðkirkjunni, heldur öllum Döff og aðstandendum þeirra sem til hans leita. Döff (Döff er fólks með heyrnaskerðingu að einhverju leyti sem notar íslenskt táknmál til daglegra samskipta og lítur á sig sem minnihluta mál- og menningarhóps) á Íslandi telur um 300 einstaklinga og sinnir prestur heyrnarlausra þeim auk aðstandendum þeirra, fjölskyldum og vinum.

Starf

Kirkja heyrnarlausra hefur aðstöðu í Grensáskirkju, þar er skrifstofa prests og fara guðsþjónustur safnaðarins þar fram. Mjög gott og dýrmætt samstarf er við Grensássöfnuð og allt starfsfólks hans, sem og annað starfsfólks sem hefur aðsetur í Grensáskirkju. Messað er að jafnaði einu sinni í mánuði og er messusókn mjög góð.

Söfnuðurinn tekur góðan og virkan þátt í öllu starfi kirkjunnar. Allar athafnir og starf Kirkju heyrnarlausra fer fram á táknmáli og til staðar er að jafnaði túlkur. Táknmálstúlkur er til staðar ef full táknmálskunnátta/táknmálshotkun er ekki hjá þeim sem sinnir athöfninni og raddtúlkur, ef sá sem athöfninni sinnir notast eingöngu við táknmál. Mikilvægt er að allir þeir einstaklingar sem taka þátt í athöfnum Kirkju heyrnarlausra, bæði heyrnarlausir og heyrandi geti tekið þátt og skilji það sem þar fer fram. Því er gríðarlega mikilvægt að hafa táknmálstúlk/raddtúlk í starfi kirkjunnar. Táknmálsskór Kirkju heyrnarlausra tekur þátt í öllum guðsþjónustum og mörgum



Guðsþjónusta hjá Kirkju heyrnarlausra í Grensáskirkju

öðrum athöfnum á hennar vegum. Hann er gríðarlega mikilvægur fyrir safnaðarstarfið og skiptir söngur kórsins miklu málið við guðsþjónustur safnaðarins. Táknmálskórinn samanstendur af heyrnarlausum einstaklingum sem syngja á táknmáli. Táknmálskór Kirkju heyrnarlausra er fyrsti táknmálskórinn á Norðurlöndum. Kórinn hefur unnið til verðlauna erlendis og er mjög virkur innan safnaðarins og utan. Mjög stór hluti af starfi prests heyrnarlausra fer í sálgæslu, hús- og vinnustaðavítjanir. Viðtalstímar eru á föstum tímum á skrifstofu prests heyrnarlausra. Mikil sálgæsla fer líka fram í gegnum stafræna tækni, hvort heldur er í símatúlkun, Facebook, Facetime, Skype eða öðru. Mánaðarlega eru helgistundir í Gerðubergi og hefur prestur heyrnarlausra mætt vikulega á samverustundir eldri borgara. Reglulega eru samverustundir með íbúum sambýlis fyrir heyrnarlausra, á DAS og í húsi Blindrafélagsins. Einnig er farið reglulega yfir árið í vinnustaðaheimsóknir á nokkra þá staði þar sem heyrnarlausir einstaklingar starfa. Síðastliðin ár hefur verið samstarf milli Kirkju heyrnarlausra, Gerðubergs og Fella- og Hólakirkju, sem felst í sameiginlegri aðventustund í desember. Þá fara einstaklingar sem sækja starf eldri borgara í Gerðubergi, bæði heyrandi og heyrnarlausir, og njóta samverustundar í Fella- og Hólakirkju. Hefur prestur heyrnarlausra tekið þátt í stundinni. Þetta hefur mælst vel fyrir og samstarfið reynst vel. Mikil ánægja er meðal þeirra Döfð einstaklinga sem stundina sækja og vonum við að samstarfið haldi áfram.

Árið 2014 var í fyrsta sinn guðsþjónustan sem sýnd er á RÚV, að kvöldi aðfangadags jóla, táknmálstúlkud í heild sinni. Þessu var mjög vel tekið í samfélagi heyrnarlausra, enda alveg sjálfsgagt að heyrnarlausir geti fengið að njóta þess boðskapar sem fluttur er af biskupi landsins á aðfangadagskvöld. Mismunandi er hversu margir það eru sem sækja fermingarfræðslu og fermast hjá Kirkju heyrnarlausra hvert ár. Ástæðan er m.a. sú að misjafnt er eftir árum hversu



Táknmálskór Kirkju heyrnarlausra syngur á táknmáli

mörg heyrnarskert/ heyrnarlaus börn eða CODA börn (CODA er skammstöfun fyrir *Children Of Deaf Adults*, þ.e.a.s. börn heyrnarlausra foreldra) eru á fermingaráldri. Flest Döff börn á höfuðborgarsvæðinu ganga í Hlíðaskóla og mörg þeirra velja að fá fræðslu og fermast með sínum bekkjarsystkinum. Döff börn í öðrum skólum fermast í flestum tilfellum með sínum bekkjum en ef óskað er eftir því, kemur prestur heyrnarlausra að fræðslu þeirra barna sem þetta vilja, í samstarfi við sóknarpresta. Góð og mikil samvinna er við Félag heyrnarlausra, sem er öflugt hagsmunafélag og veitir hvers konar ráðgjöf er snúa að málefnum heyrnarlausra. Heimasíða þeirra er www.deaf.is. Prestur heyrnarlausra fer reglulega á skrifstofu félagsins og hefur einnig mætt á opið hús á föstudögum. Þrátt fyrir að mikil breyting hafi orðið á málefnum heyrnarlausra síðustu árin, gerast hlutirnir allt of hægt. Allt of langt er í land enn svo heyrnarlausir njóti sömu mannréttinda og heyrandi einstaklingar hér á landi. Þjóðkirkjan þarf áfram að vera í forystu með að sýna og vinna að jöfnum rétti heyrnarlausra og heyrandi og því er svo mikilvægt að hlúð sé að Kirkju heyrnarlausra og söfnuði hennar.

Aukaverk, viðtöl og fl.

Skírnir – 5

Fermingar – 1

Hjónavígslur – 3

Kistulagningar – 3

Útfarir – 3

Messur – 16

Helgistundir – 3

Fyrirlestrar – 3

Samvera í Félagi heyrnarlausra og með eldri borgurum – 72

Viðtöl – 125

Fundir – 58

Prestur innflytjenda

Sr. Toshiki Toma

Formáli

Prestur innflytjenda 24. starfsár. Hann hefur haft aðsetur í Breiðholtskirkju síðan í september 2018.

1) „Seekers“ - Bænasamkoma á ensku í Háteigskirkju

Samstarfsaðilar:

Sr. Eva Björk Valdimarsdóttir (héraðsprestur Reykjavíkurprófastsdæmis vestra, hætti í byrjun október vegna nýs embættis).

Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir (héraðsprestur Reykjavíkurprófastsdæmis vestra).

Bænasamkoman var til að byrja með haldin kl. 15 á fimmtudögum. Frá 5. nóvember-17. desember var tímasetningu breytt og byrjaði samkoman kl. 16. Frá og með 17. desember til dagsins í dag hefst samkoman kl. 15 en ástæðan fyrir þessum breytingum á tímasetningu verður útskýrð nánar neðar hér í skýrslunni.

„Seekers“ bænasamkoman er alltaf með hugleiðingu, og einnig hefur sérhver þátttakandi tækifæri til þess að tjá sig. Því er innihald samkomunnar jafnvel meiri en venjuleg guðsþjónusta býður upp á.

Þátttakendur samkomunnar eru af margvíslegum uppruna og trúarlegum bakgrunni. Sumir eru mótmælendatrúar en aðrir af annarri trú (dæmi um það er maður sem hefur verið alinn upp í íslömsku umhverfi en ekki verið trúrækinn múslimi).

Samkoman er haldin síðdegis á virkum dögum og er aðallega ætluð hælisleitendum. Vegna fækkunar þátttakenda eftir nóvember 2019, var ákveðið að seinka samkomunni um klukkutíma frá miðjum desember. Aðalástæða fækkunarinnar var sú að tímasetning samkomunnar rakst á við íslenskukennslu fyrir hælisleitendur sem helmingur þátttakenda í „Seekers“ sótti.

Nýja fyrirkomulagið er þannig að þátttakendur mæta milli kl. 15:00 og 16:30 á þriðjudögum og ræða frjálst um mál sín. Samkoman einbeitir sér að hælisleitendum sem bíða eftir úrskurði um alþjóðlega vernd. Síðan er bænastund haldin frá 16:30-17:30 fyrir þá sem vilja vera með.

Ástæða breytingar á tímasetningu samkomunnar er til að ná til fleiri hælisleitenda, óháð því hvort þeir hafi áhuga á kristni eða ekki, í þeirri von að samkoman myndi tækifæri fyrir þátttakendur að stíga skref inn í kirkju.

Samkoma í formi hefðbundinnar bænasamkomu var haldin samtals 25 sinnum frá júní til 3. desember og lagðist niður þrisvar sinnum (einu sinni vegna sumarfrís, einu sinni vegna fjarveru presta vegna Genfarferðar og einu sinni vegna óveðurs).

Að meðaltali var fjöldi þátttakenda 9,0 manns. Mesti fjöldi þátttakenda var 26 manns í maí en fæsti fjöldi þátttakenda var í nóvember en þá mætti aðeins einn.

Samkoma í formi „open café“ var haldin 11 sinnum frá 17. desember 2019 til 17. mars 2020 og lagðist niður þrisvar (tvisvar sinnum vegna vetrafrís og einu sinni vegna óveðurs). Meðalfjöldi þátttakenda var tæplega 6 manns eða 5,8.



Þátttaka flóttamannafjölskyldu í jólahelgihaldi hjá RÚV

„Seekers“ samkoman í Háteigskirkju getur einnig verið tengd við sálgæsluþjónustu fyrir hælisleitendur. Stefnt er að því að vinna að undirbúningi fyrir þeirri þjónustu eftir næstu áramót.

Samkoman fékk styrk að upphæð kr. 60.000 frá Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og vill undirritaður þakka fyrir þann styrk.

2) „Keflavíkur-Seekers“- Bænasamkoma á ensku í Keflavíkurkirkju.

Samstarfsaðilar:

Sr. Erla Guðmundsdóttir (sóknarprestur Keflavíkurkirkju)

Sr. Fritz Már Jörgensson (prestur í Keflavíkurkirkju)

Samkoman var haldin kl.13 á miðvikudögum, og hún var haldin sjö sinnum frá júní til



Sr. Ása Laufey í upptöku myndbands á vegum Alþjóðlega safnaðarins

september 2019 og meðaltal þátttakenda var 6,1 manns. Vegna lítillar þátttöku hefur verið gert hlé á samkomunni frá október 2019.

Þeir hælisleitendur sem dvelja á Ásbrú eru þeir sem bíða eftir brottvísun. Þess vegna er stöðugt flæði á fólki þar og því ekki auðvelt að halda reglulega samkomu. Þó er gríðarlega mikilvægt að halda áfram kirkjulegum samkomum þar einmitt vegna stöðugs flæðis fólks.

3) Helgihald á ensku í Breiðholtskirkju/Alþjóðlegi söfnuðurinn

Samstarfsaðilar:

Sr. Magnús Björn Björnsson (sóknarprestur Breiðholtskirkju)

Steinunn Þorbergsdóttir (djákni)

Örn Magnússon (organisti Breiðholtskirkju)

a) Helgihald á sunnudögum

Samkoma er haldin kl. 14 á sunnudögum en ekki á hverjum sunnudegi. Messa á ensku er haldin í Hallgrímskirkju síðasta sunnudag hvers mánaðar og því fellur helgihald í Breiðholtskirkju niður og fólk er hvatt til að taka þátt í messu í Hallgrímskirkju.

Samkoman í Breiðholtskirkju er á tveimur formum, annars vegar bænasamkoma/guðsþjónusta með áherslu á bænargjörð eins og í Háteigskirkju, og hins vegar venjuleg messa með altarisgöngu. Þær eru grundvallarþjónustur Breiðholtskirkju við flóttafólk og innflytjendur.

Í upphafi ársins 2019 var nýtt heiti tekið upp fyrir samkomur í Breiðholtskirkju og það var „Alþjóðlegi söfnuðurinn í Breiðholtskirkju“ eða á ensku „International congregation (of the National Church of Iceland) in the Breiðholts-church“ (ICB).

Ástæðan fyrir þessum breytingum á nafni samkomunnar var sú að hópurnir í Breiðholtskirkju var orðinn meira eins og venjulegur söfnuður, ekki aðeins með hælisleitendum sem bíða eftir úrskurðum, heldur með þeim hælisleitendum sem nú þegar hafa öðlast dvalarleyfi, einnig venjulegum innflytjendum og jafnvel Íslendingum. Því var ákveðið að sjá hópinn með aðeins stærri hugsjón en „samkomu flóttafólks“.

Sunnudagsamkoman var haldin 35 sinnum milli júní 2019 og maí 2020 þ.á m. bænauguðsþjónusta 29 sinnum og messa sex sinnum. Einnig var sameiginleg aðventuguðsþjónusta fyrir Breiðholtssöfnuðinn haldin einu sinni.

Samkoman lagðist niður aðeins einu sinni vegna sumarfrís áður en samkomubannið hófst.

Meðaltal þátttakenda í bænauguðsþjónustu var 27,1 manns og mestur var fjöldinn 35 manns (október) og fæstir voru 11 manns (mars).

Meðaltal þátttakenda í messu var 34,0 manns. Mesti fjöldi var 43 (september) og lægsti var 23 (febrúar).

Í sameiginlegri aðventuguðsþjónustu voru 119 þátttakendur; 50 manns frá ICB mættu, 50 manns frá Breiðholtssöfnuði og 19 börn.

Vígslubiskup á Skálholti, hr. Kristján Björnsson heimsótti ICB formlega þann 9. júní. Þetta var hluti af vísitási vígslubiskupsins í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra.

b) Sunnudagaskóli

Með þróun samkomunnar á sunnudögum varð það óhjákvæmilegt að búa til dagskrá fyrir börn sem koma með foreldrum sínum í helgihald. Svo var rætt um möguleika á sunnudagaskóla þar sem börn geta fengið almennilega fræðslu um kristni, fremur en aðeins pössun. Niðurstaða umræðunnar var ákvörðun um að að reyna að halda sunnudagaskóla fyrir börn á meðan helgihald fyrir fullorðna stendur.

Steinunn Þorbergsdóttir, djáknakandídat og starfskona Breiðholtskirkju í barnastarfi tók að sér hlutverk sunnudagakennara og var vígð í embætti djákna í september 2019. Sunnudagaskóli ICB hófst frá byrjun október.

Skólinn var haldinn átta sinnum á tímabilinu og meðaltal fjölda barna var 2,6. Stefnt er að því að auglýsa starfsemina betur árið 2020.

c) Netsamkomur á samkomubannstímabili

Á meðan þjóðkirkjan var í samkomuhléi vegna samkomubannsins var haldin fjarsamkoma Seekers/ICB til þess að halda samskiptum við þátttakendur þessara samkoma. Þetta var



Matarboð á félagskvöldi – íranskur matur eldaður af flóttafólki

sameiginleg samkoma fyrir ICB, Seekers í Háteigskirkju og jafnvel nokkra einstaklinga sem voru staddir erlendis vegna brottvísunar.

Netsamkoman var haldin tvisvar í viku, á fimmtudögum og sunnudögum, og var samtals átta sinnum. Meðaltal fjölda þátttakenda var 10,3 manns.

Samskipti á netsamkomu voru ekki endilega auðveld, sérstaklega þegar þátttakandi var ekki enskumælandi og þörfin fyrir túlk var til staðar.

d) Félagskvöld

Félagskvöld er haldið til þess að styrkja félagsskap innan ICB og samtímis til að skapa tækifæri svo að félagar ICB og fólk í Breiðholtssöfnuðinum kynntust betur.

Nokkrir íranskir félagar ICB bjuggu til íranskan mat og gestir borðuðu saman í sal safnaðarheimilis og síðan horfðu allir saman á myndband úr Alphanámskeiði og spjölluðu síðan saman frjálst eftir á. Myndband er með texta á farsí þar sem margir félagar ICB eru farsí mælendur.

Félagskvöld var haldið bara eitt sinn í skýrslutímabilinu í janúar og 40 manns tóku þátt.

e) Ný tilraun 1 – opið hús

Opið hús sem ný tilraun var haldið frá miðju febrúar þar til samkomubannið hófst í miðju mars, samtals sex sinnum. Opna húsið var á fimmtudögum kl. milli 14 -17.

Þetta verkefni var að ósk flóttafólks sjálfs og það hafði frumkvæði að skipulagningu



Lofgjörðarsamkoma á farsí í júní 2020

og framkvæmd. 7-10 manns mættu í hvert skipti. Það var afar leiðinlegt að þessi tilraun var stöðvuð vegna Covid mála.

f) Ný tilraun – lofgjörðarsamkoma á farsí

Lofgjörðarsamkoma á farsí var haldin í fyrsta skipti á hvítasunnudagi (31.maí) 2020. Þetta var ný tilraun og prestur Soroush Hojati sem var félagi Alþjóðlega safnaðarins og fyrrum flóttamaður frá Íran leiddi stundina. 22 manns mættu.

Þetta er tilraunarverkefni og sr. Soroush tók það að sér í sjálfboðarþjónustu.

g) Styrkir

Starfsemi Alþjóðlega safnaðarins fékk styrki að upphæð 250þ.kr (2019), 270þ.kr (2020) frá Reykjavíkurprófastsdæmi eystra. Einnig fékk hún styrki 1.850þ.kr (2020) frá kristnisjóði. Þakkir

4) Boðun með myndband á samfélagsmiðlum

Ný tilraun hófst í lok mars 2020 en hún var helgihald í stuttu myndbandi sem var birt vikulega í samfélagsmiðlum eins og t.d. Facebook eða Youtube.

Undirbúningur að þessari tilraun hófst fyrir ári síðan og var því ekki endilega framkvæmd einvörðungu vegna samkomubannsins. Tilgangurinn með tilrauninni er til að ná til innflytjenda sem eru kristnir á landinu eða sem hafa áhuga á kristni.

14 myndbönd með helgihaldi á ensku eru á netinu og sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir, sr. Hjalti Jón Sverrisson (prestur í Laugarneskirkju) og undirritaður tóku þátt í verkefninu.

Einnig eru til tvö myndbönd með fyrirlestur um Biblíuna. Fyrirlesari er sr. Souroush Hajati, prestur í írönsku kirkjunni og flóttamaður. Myndböndin eru einungis á farsí og þau eru til að ná til farsí mælenda á landinu.

5) Skírnir flóttafólks

Á skýrslutímabilinu voru samtals 16 manns skírðir í Seekers/ICB. 13 voru hælisleitendur (þ.á.m. tveir yngri en 16 ára) en þrír voru með dvalarleyfi (þ.á.m. tvö nýfædd börn).

Sá sem óskar skírnar verður að klára skírnarfræðslu sex sinnum og einnig þarf að taka þátt í helgihaldi reglulega.

6) Fjöldi félaga á listanum

Prestur innflytjenda heldur sérstakan lista yfir þá sem mæta í bænastund nokkrum sinnum og sýna kristni áhuga. Á listanum eru nú fleiri en 120 manns skráðir.

Á árinu 2019 voru samtals um 15 félagar Seekers (þ.á.m. fjögur börn) sem fengu dvalarleyfi. 18 félagar fengu synjun á hælisumsókn sinni og var vísað úr landi. Þrátt fyrir brottvísun eru nöfn þeirra geymd á listanum til þess að muna eftir þeim og minnst þeirra í bænum okkar.

7) Heimsókn til Genfar

Sendinefnd á vegum Þjóðkirkjunnar heimsótti aðalstöðvar Lútherska heimssambandsins (LWF) og Alkirkjuráðsins (WCC) í Genf 25. til 30. september 2019.

Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum, fór fyrir nefndinni, en í henni voru sex prestar, þau sr. Magnús Björn Magnússon, sóknarprestur Breiðholtskirkju, dr. Kjartan Jónsson, sóknarprestur Ástjarnarkirkju, sr. Eva Björk Valdimarsdóttir og Ása Laufey Sæmundsdóttir, héraðsprestar Reykjavíkurprófastsdæmis vestra, sr. Hjalti Jón Sverrisson, prestur Laugarneskirkju, og undirritaður, prestur innflytjenda.

Tilgangur heimsóknarinnar var að skoða og fræðast um kirkjulega starfsemi fyrir flóttafólk og hælisleitendur í Evrópu og í heiminum. Nefndin hlýddi á sextán erindi á fyrstu tveimur dögum heimsóknarinnar og fékk einnig tækifæri að ræða við samtök og söfnuði í Genf um málefni hælisleitenda.

8) Nefnd um málefni flóttafólks og innflytjenda

Í kjölfar Genfarferðarinnar ákvað sendinefndin að leggja fram tillögu um stefnumótun um málefni flóttafólks og innflytjenda til kirkjuþings. Á kirkjuþingi í nóvember var tillagan samþykkt og ný nefnd var skipuð í lok nóvember 2019. Sömu aðilar voru í nýju nefndinni og þeir sem voru í sendinefndinni til Genf (að undanskilinni sr. Solveigu Láru, vígslubiskup á Hólum).

Nefndin átti að skila skýrslu í kjölfar kirkjuþings en vegna aðstæðna í samfélaginu vegna COVID19 faraldursins var því frestað um tíma.

9) Sumarfrí

Prestur innflytjenda var í sumarfrí milli 27. maí 2019 og 14. júní.

Lokaorð

Eins og hjá mörgum öðrum riðlaðist starfsáætlun hjá presti innflytjenda verulega eftir marsmánuð 2020 vegna Covid 19 mála. Engu að síður gat hann viðhaldið helstu þjónustu á skýrslutímabilinu og þakkar öllum aðilum í kringum sig fyrir góða samvinnu og stuðning.

Undanfarin fimm ár, hefur prestur innflytjenda verið mjög upptekinn af þjónustu og verkefnum sem varða flóttafólk/umsækjendur um alþjóðlega vernd og út af því getur hann ekki sinnt öðrum verkefnum sem varða t.d. fjölmenningu, samræðu við önnur trúarbrögð eða sköpunarverkefni meðal almennra innflytjenda.

Árið 1996, þegar prestur innflytjenda hóf þjónustu sína, var fjöldi erlendra ríkisborgara í íslensku þjóðfélagi um 6.000. Núna er fjöldinn yfir 50.000.

Mikilvægi og nauðsyn fyrir prests- og kirkjulega þjónustu er sívaxandi og brýn.

Prestur innflytjenda óskar þess innilega að þjóðkirkjan muni auka við starfsfólk í málum innflytjenda/flóttafólks/fjölmenningar án tafar samfara þessari breytingu í þjóðfélaginu.

Með þökkum og blessunaróskum

Sálgæsla presta og djákna á Landspítalanum í Reykjavík

Rósa Kristjánsdóttir, djákni

Innan sálgæslu presta og djákna á LSH starfa sem áður sjö prestar og einn djákni. Stöðugildi með ráðningarsamning við LSH eru 6,8 en ein staða er greidd af þjóðkirkjunni.

Hópin skipa nú:

Rósa Kristjánsdóttir djákni, deildarstjóri, sr. Díana Ósk Óskarsdóttir, sr. Eysteinn Orri Gunnarsson, sr. Gunnar Rúnar Matthíasson, sr. Guðlaug Helga Ásgeirsdóttir, sr. Ingólfur Hartvigsson, sr. Sveinbjörg Pálsdóttir og sr. Vigfús Bjarni Albertsson.

Starfið innan sjúkrahússins var með hefðbundnum hætti framanaf hausti og vetri.

Sálgæsludagurinn var haldinn 23.október 2019 og var yfirskriftin í þetta sinn:

Sálgæsla og fíkn – hinar mörgu birtingarmyndir fíknar.

Við höfðum valið til umfjöllunar fíknisjúkdóma sem mikið hefur verið til umræðu í samfélaginu undanfarin ár og þá helst í sambandi við aukna fíkniefnaneyslu ungmenna og skelfilegar afleiðingar hennar. Margir þeirra ungu einstaklinga hafa látið lífið vegna neyslunnar og sjálfsvíg verið tíð í þeirra hópi. Við sem störfum við sálgæslu hér á LSH höfum komið að mörgum þessara mála þar sem við stöndum jú vaktina alla sólarhringa ársins. Stuðningur við fjölskyldur sem hafa misst ástvini sína annað hvort vegna ofneyslu sem leitt hefur til dauða eða vegna sjálfsvíga ungra einstaklinga er stór hluti af okkar vinnu.

Starfsdagur sálgæslu presta og djákna var miðvikudaginn 13. nóvember 2019 haldinn í safnaðarheimili Háteigskirkju.

Elfa Björt Hreinsdóttir sálfræðingur fræddi okkur um teymisvinnu.

Í fyrsta skipti í sögu þessa hóps fengum við vilyrði fyrir hóphandleiðslu sem greidd yrði af LSH og var Elfa Björt okkar handleiðari í alls fjögur skipti frá desember 2019 til maí 2020.

Reyndist okkur handleiðslan vel en því miður getur ekki orðið áframhald á með utanaðkomandi handleiðara sökum kostnaðar.

Diplomanámið í sálgæslu sem hófst haustið 2018 í EHF, hélt áfram og hefur aðsóknin aukist ár frá ári og nú eru hóparnir orðnir tveir. Umsjón er í höndum sr. Gunnars Rúnars og sr. Vigfúsar Bjarna en sálgæslueiningin kemur að fræðslunni sem fyrr.

Helgihaldið á LSH var hefðbundið fram að þeim tíma þegar COVID-veiran birtist okkur og breytti allri nálgun við okkar skjólstæðinga. Messuhald var ekki leyfilegt en hópurinn fékk í lið með sér tæknimenn LSH og sjónvarpaði hátíðarguðsþjónustu á páskadag. Gekk það mjög vel og munum við örugglega nýta okkur þennan möguleika í framtíðinni.

Sálgæslan var sömuleiðis í föstum farvegi fram að Covid. Þeir sjúkrahúsprestar sem þjóna í Fossvogi, þar sem megnið af Covid-sjúklingum var innlagður, skipulögðu í samvinnu við hjúkrunarfólk dagleg símaviðtöl-salgæslu við aðstandendur í þessum mjög svo krefjandi aðstæðum. Þeir ásamt okkur öllum, á sólarhringsvöktum, sinntum þeim sjúklingum sem höfðu getu til samtals og var þörfin oft mikil.

Vegna heimsóknarbannsins var mikil þörf fyrir samtal og ekki síst nærveru sem við öll, á okkar einingum tókum mikinn þátt í að mæta. Aukning var hjá okkur öllum í símasalgæslu eins og sjá má á skráningu sálgæslunnar í heild. Mikið hefur mætt á öllum hér á LSH og eins og svo oft áður hefur mikið verið leitað til okkar sem sálgæsluhóps, en einnig til stuðnings- og ráðgjafarteymis LSH þar sem einn úr okkar hópi er, til stuðnings við starfsfólkið.

Eins og tölur segja til um hefur verið allt að 18% aukning í þjónustunni okkar þetta tímabil sem hér er skoðað. (Sjá yfirlit á næstu blaðsíðu.) Við höfum því miður verið undirmönnuð, vegna veikinda, þó nokkurn tíma en með samstilltu átaki hefur okkur tekist að halda úti þeirri þjónustu sem við leggjum metnað í að veita.

Yfirlitið tók saman Rósa Kristjánsdóttir djákni, deildarstjóri sálgæslu presta og djákna á Landspítala.

2019

2020

	01	02	03	04	05	06	07	08	09	10	11	12	01	02	03	04	05	
Sálgæsla við sjúkling	128	158	142	149	158	80	151	139	191	184	161	140	152	180	176	176	177	2642
Sálgæsla - eftirfylgd	52	49	58	51	64	52	61	32	90	95	88	65	65	96	37	22	50	1027
Sálgæsla - samtal	7	6	4	9	11	4	4	19	17	17	10	10	9	9	28	126	19	309
Sálgæsla - fjölskylduviðtal	57	54	50	70	60	44	65	62	57	65	74	68	109	93	55	32	52	1067
Útkall, stund v/dánarbeið	24	24	24	20	27	39	31	23	24	28	39	34	23	26	28	18	25	457
Heigihald	21	24	20	18	16	8	5	5	22	30	16	29	13	19	17	3		266
Sálgæsla - fjölskyldufundur	19	18	15	15	8	4	25	17	7	21	20	14	9	24	12	1	8	237
Útkall, stuðn.v/aðstand.	2	7	11	5	4	29	16	22	13	17	27	20	39	7	15	5	18	257
Sálgæsla við dánarbeið	19	12	9	15	16	12	24	14	17	14	11	9	16	16	12	12	10	238
Sálgæsla - eftirfylgdarsímtal	6	14	16	16	14	6	17	4	18	3	11	11	7	12	47	44	37	283
Stuðningur v/starfsmenn	7	13	12	9	13	11	10	7	13	10	18	13	12	22	7	29	15	221
Útkall, stuðn.v/sjúkling	7	5	4	7	10	10	7	5	5	5	4	6	5	11	11	7	8	117
Sálgæsla - hópastarf	2	2	4	4	1	2	2	2	6	10	16	12	4	6	1	3		77
Handleiðsla	8	7	11	9	10	2			1	2	2	1	1	1			1	56
Fræðsla		1	3						5	8	11	2	9	7	16	7	4	73
Fundur	3	7	4		1	1		1		1	1				2	3	3	27
Útkall, stuðn.v/starfsmenn						3				2			5	1		1		12
Samtals:	362	401	387	397	413	307	418	352	486	512	509	434	478	530	464	489	427	

Íslenska kirkjan í Svíþjóð og Danmörku

Sr. Ágúst Einarsson

Íslenska kirkjan í Svíþjóð

Guðsþjónustur, barnastarf og kórstarf í Gautaborg

Haustið 2019 og framan af ári 2020 var vetrarstarfið með hefðbundnu sniði. Íslenskar guðsþjónustur voru mánaðarlega í Gautaborg í Västra Frölunda kirkju. Boðið var upp á barnastund og smábarnahorn í tengslum við guðsþjónusturnar. Með því fékk öll fjölskyldan tækifæri til þess að njóta samverunnar í kringum helgihaldið. Auk mánaðarlegra guðsþjónusta erum við einnig þátttakendur í samkirkjulegum guðsþjónustum. Í október var guðsþjónusta með erlendum söfnuðum í Gautaborg og í mars 2020 var guðsþjónusta með V-Frölunda söfnuði. Västra Frölunda kirkja er mikilvægur samstarfsaðili okkar og þar höfum við haft aðstöðu og notið mikillar gestrisni síðastliðin sextán ár. Þá áttum við sameiginlega guðsþjónustu með þýska söfnuðinum á 3ja sunnudegi í aðventu, en prestur safnaðarins er Christoph Gamer, hann er mikill Íslandsvinur og sumum prestum á Íslandi af góðu kunnur.

Kirkjuskólinn í Gautaborg var tvisvar í mánuði yfir vetrartímamann. Afbragðs aðstaða er fyrir barnastarf í safnaðarheimili V-Frölunda kirkju og fjölskyldusamveran kringum barnastarfið er vinsæl. Síðastliðinn vetur sóttu 10-20 einstaklingar, börn og fullorðnir, barnastarfið í hvert sinn. Umsjón höfðu Birna Ágústsdóttir, Júlíus Sigmundsson og Einar Ágústsson auk prests.

Íslenski kórinn í Gautaborg er mikilvægur samstarfsaðili kirkjustarfsins og er ein af grunnstoðunum í að halda uppi reglulegu guðsþjónustuhaldi í Gautaborg. Stjórnandi kórsins er Lisa Fröberg sem jafnframt er orgelleikari okkar. Einsöngvararnir Herbjörn Þórðarson og Elísabet Einarasdóttir hafa sungið með kórnum í guðsþjónustum og við sérstök tækifæri.

Frá marsmánuði 2020 komu smitsjúkdómavarnir í veg fyrir allt samkomuhald og kórastarf sem þurfti að fresta um óákveðin tíma.

Ingiríður Olgeirsdóttir, tónlistarkennari og Ingibjörg Gísladóttir höfðu á haustmisseri 2019 umsjón með íslenskum barnakór. Barnakórinn söng á aðventuhátíð kirkjustarfsins á 1. í aðventu 2019.

Í Gautaborg heldur kirkjustarfið utan um íslenskt félagsstarf með því að standa fyrir jólatrésskemmtun á þrettándanum og hátíðarsamkomu á 17. júní. Jólaskemmtunin í janúar 2020 var afar fjölsótt, en samkomutakmarkanir urðu til þess að aflýsa þurfti þessum annars að venju fjölsóttu samkomum á 17. júní.

Kirkjustarf í Lundi

Í St. Hans kirkju í Lundi var að venju jólaguðsþjónusta á Þorláksmessu 2019 og var hún vel sótt. Íslenski kórinn í Lundi söng undir stjórn Ásgeirs Guðjónssonar, Anna Stefánsdóttir lék á píanó og ungt tónlistarfólk kom fram.

Það hefur orðið nokkurt hlé á reglulegum barnasamverum í Lundi. Nú getum við fært þær



Frá fermingarmóti 2020

ánægjulegu fréttir að við ráðgerum að hefja barnastarf að nýju hálfmánaðarlega í Lundi þegar samkomubanni lýkur. Sr. Ólafur Jón Magnússon er þjónar í Sænsku kirkjunni mun halda utan um barnastarfið í samvinnu við okkur hér í Gautaborg.

Fermingarfræðslan

Fermingarfræðslan var með hefðbundnu sniði lengst af síðasta vetur. Nýr hópur byrjaði í fermingarfræðslu frá Svíþjóð og Danmörku með samveru í Åh stiftsgård fyrstu helgina í október og sextán unglingar voru í fermingarhópi vetrarins. Unglingarnir lásu íslenska kennslubók og leystu verkefni í tölvusamskiptum milli fermingarmóta. Boðið er upp á fræðslutíma í Gautaborg. Unglingarnir bjuggu mjög dreift um Svíþjóð og þeir sem ekki komust í fræðslutíma fengu einstaklingskennslu í fjarkennslu. Unglingarnir sóttu íslenskar eða sænskar guðsþjónustur a.m.k. mánaðarlega. Í samvinnu við Gídeonfélagið á Íslandi fá unglingar í fermingarfræðslu Nýja testamentið að gjöf. Þegar samkomutakmarkanir komu til sögunnar í mars 2020 var ljóst að ekki væri mögulegt að halda seinna fermingarmótið í maí og því óhjákvæmilegt að fresta bæði fermingum og fræðslu fram á haustið. Loks náðist að halda fermingarmót með 25 unglingum í október 2020, því þar myndaðist gluggi í faraldrinum og tókst mótið afar vel.



Fjölskyldusamvera í Gautaborg

Sjúkrahúspjónusta

Presturinn hefur það hlutverk í samvinnu við Sjúkratryggingar Íslands að aðstoða Íslendinga er koma á Sahlgrenska sjúkrahúsið í Gautaborg. Á hvert koma nú um 30 einstaklingar til rannsókna og aðgerða. Þeir sem koma í aðgerð hafa oft fylgdarfólk með sér. Því eru að jafnaði samtals um 70 einstaklingar sem eru gestkomandi hér í Gautaborg í tengslum við þetta verkefni. Um er að ræða líffæraskipti og aðrar flóknar aðgerðir sem ekki eru gerðar heima á Íslandi. Presturinn hittir nær alla er koma frá Íslandi á Sahlgrenska sjúkrahúsi og hann veitir stuðning eftir þörfum og óskum hvers og eins. Á vordögum og fram á sumar 2020 var opið fyrir mikilvægar aðgerðir á sjúkrahúsinu en algengt var að sjúklingar kæmu frá Íslandi án fylgdar stuðningsaðila úr fjölskyldunni, þar sem heimsóknarbann var á sjúkrahúsinu.

Sóknarnefnd og samstarfsaðilar

Prestur og sóknarnefnd hafa samvinnu um safnaðarstarfið og í sóknarnefnd Íslensku kirkjunnar í Svíþjóð voru: Birna Ágústsdóttir formaður, Guðni Jónsson varaformaður, Rósa Jónasdóttir gjaldkeri, Hallfríður Helgadóttir ritari og meðstjórnendur voru Björn Sverrisson og Einar Ágústsson. Sóknarnefndarfólk hefur umsjón með ramma helgihaldsins og sér um kirkjukaffið með heimabakstri. Barnastarfið er einnig að stórum hluta í höndum sóknarnefndarfólks ásamt presti. Þá eru einnig fúsar hendur við framkvæmd ýmissa viðburða eins og námskeiðahalds.



Barnastund á aðventuhátíð

Afar ánægjulegt er að vinna með sóknarnefndinni í Gautaborg er gengur af alúð í öll störf sem unnin eru.

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur í Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra er umsjónaraðili okkar fyrir hönd biskups Íslands. Helga Soffía kom í heimsókn til Gautaborgar í tengslum við aðventuhátíð 1 sd. í adventu 2019 þar sem hún flutti hugvekju. Einnig ávarpaði hún söfnuðinn í kirkjukaffi og átti fund með sóknarnefnd. Það er orðin hefð að prófastur komi í heimsókn á adventu sem er bæði mikilvægt og dýrmætt fyrir íslenska kirkjustarfið hér.

Christina Nilroth ræðismaður Íslands í Gautaborg er mikilvægur samstarfsaðili okkar. Hún sýnir starfinu mikinn áhuga og fundar mánaðarlega með prest og formanni sóknarnefndar til að ræða samstarf og íslensk menningarmál.

Leiðtoganámskeið er samstarfsverkefni íslensku safnaðanna á Norðurlöndum. Í september 2019 var leiðtoganámskeiðið haldið Gautaborg. Námskeiðið var hugsað bæði fyrir barnastarfsleiðtoga og sóknarnefndarfólk. Sr. Sigfús Kristjánsson og sr. Aðalsteinn Þorvaldsson komu á vegum fræðsluleidar kirkjunnar og sáu um efni námskeiðsins. Þátttakendur voru um 30 talsins og komu frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Það er nýjum sem reyndari leiðtogum í íslensku barnastarfi á erlendri grund mikilvægt að fá að taka þátt í þessum fræðslusamverum sem haldnar eru árlega. Leiðtogarnir fá fræðslu og hvatningu og finna að þeir eru hluti af þeirri stóru heild sem er fræðslustarfsemi íslensku þjóðkirkjunnar.

Samráðsfundur kirkjustarfsins á Norðurlöndum var í Noregi í febrúar 2020 í boði sóknarnefndarinnar þar. Fundurinn var liður í að auka samvinnu nágrannasafnaðanna þriggja. Um árabil hefur verið hlé á sameiginlegum viðburðum í samstarfinu. En nú kom fram tillaga um

að halda fleiri sameiginleg námskeið auk þess sem íslenska safnaðarstarfið í Noregi vill að nýju koma með unglingana sína á fermingarnámskeiðin á Áh-stiftsgárd í Svíþjóð sem eru í október og maí ár hvert. Frá fræðsludeild þjóðkirkjunnar komu sr. Hildur Björk Hörpudóttir verkefnastjóri á fræðsludeild Biskupsstofu og sr. Jóhanna Gísladóttir með fræðslu og kynningu á nýjungum í safnaðarstarfi. Á samráðsfundinum var hugur í þátttakendum um áframhaldandi samstarf og viðburði, en vegna Covid-19 faraldursins hefur að vonum beðið með framkvæmdir.

Möguleikar í íslensku safnaðarstarfi í Svíþjóð

Meðan þjónustusvæði íslenska prestsins var afar stórt, með þjónustu við Danmörku sem viðbót, voru prestinum settar skorður um þjónustuna í Svíþjóð. Nærtækast var að tryggja þjónustu við Íslendinga í Gautaborg og nágrenni með reglulegu barnastarfi og guðsþjónustum. Samtímis hefur öll árin verið mögulegt að verða við óskum um athafnir eins og skírnir, hjónavígslur og útfarir víða um land. Fermingarstarfið hefur verið í boði fyrir unglinga um land allt og í fermingarhóp næsta vetrar hafa 20 unglingar skráð sig til þátttöku.

Nú þegar Danmerkurþjónustunni lýkur og presturinn getur einbeitt sér að verkefnum í Svíþjóð sjáum við fram á ný tækifæri. Við horfum sérstaklega til Stokkhólms, Uppsala, Malmö og Lundar þar sem áður var blómlegt starf. Prestur hefur ásamt sóknarnefnd lagt áherslu á að reyna að koma á reglubundnu barnastarfi með hjálp heimafólks sem víðast um landið. Við hvetjum áhugasama um íslenskt safnaðarstarf í Svíþjóð til að hafa samband og ræða góðar hugmyndir.

Upplýsingar um kirkjustarfið hverju sinni er að finna á www.kirkjan.se en netfangið er kirkjan@telia.com og sími Ágústs er 0046702863969

Íslenska kirkjustarfið í Danmörku

Guðsþjónustur, sunnudagaskóli og kórastarf í Kaupmannahöfn

Íslenski presturinn í Svíþjóð hefur sinnt nágrennaþjónustu við Íslenska kirkjustarfið í Danmörku, fyrst óformlega og síðan formlega, síðastliðin 10 ár. Síðan urðu þau ánægjulegu tímamót að prestsembættið í Kaupmannahöfn var endurreist og sr. Sigfús Kristjánsson tók við störfum þar 1. ágúst 2020.

Haustið 2019 og framan af ári 2020 var vetrarstarfið með hefðbundnu sniði. Guðsþjónustur voru haldnar einu sinni í mánuði í Skt. Pauls kirkju. Kvennakórinn í Kaupmannahöfn sem María Ösp Ómarsdóttir stýrir og Kammerkórinn Staka skiptast á að syngja í guðsþjónustum. Kirkjukaffi er í Húsi Jóns Sigurðssonar og er í umsjón kóranna og til styrktar starfi þeirra. Norræn samkirkjuleg guðsþjónusta var haldin í Sænsku kirkjunni í Kaupmannahöfn 27. október 2019. Söfnuðirnir lögðu allir sitt til guðsþjónustunnar og íslenska, danska, sænska, norska, færeyska og grænlandska hljómaði þar í tali og söng. Kirkjukaffið endurspegladi hefðir landanna og þar var stiginn færeyskur hringdans. Þessi nýjung í helgihaldi og samstarfi mæltist afar vel fyrir og ákveðið var að halda samstarfinu áfram m.a. með árlegum guðsþjónustum.

Sunnudagaskólinn var tvisvar í mánuði í Jónshúsi og umsjón höfðu: Katrín Ósk Einarsdóttir,

Ragnheiður Bárðardóttir og Sólveg Anna Aradóttir. Sunnudagaskólinn er líflæg samvera með söng, sögum og brúðuleikhúsi og sóttu að jafnaði um 30-40, börn ásamt foreldrum og var það afar góð aðsókn.

Íslenskur barnakór er starfræktur og er afar ánægjulegur þáttur í söngmennt meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn. Sólveig Anna Aradóttir stendur fyrir vikulegum æfingum í Jónshúsi og kórinn kom fram á aðventuhátíðinni og fjölskylduguðsþjónustu í mars. Nú eru sex íslenskir kórar starfræktir í Kaupmannahöfn. Það er afar mikilvægt menningarstarf meðal Íslendinga á erlendri grund.

Fermingarfræðsla

Síðastliðinn vetur voru fimm unglingar í fermingarhópnum. Kynningarfundur um fermingarfræðsluna var fyrir börn og foreldra í Jónshúsi í september 2019. Síðan hófst fræðslan með fermingarmóti á Åh stiftsgarð í Svíþjóð fyrstu helgina í október þar sem íslenskir unglingar frá Svíþjóð og Danmörku hittast til sameiginlegs fermingarundirbúnings. Fermingarmótin eru tveggja sólarhringa námskeið þar sem leitast er við að samtvinna fræðslu, helgihold, íþróttir og útiveru. Eftir fermingarmótið voru fræðslusamverur í Jónshúsi og unglingarnir tóku þátt í íslenskum guðsþjónustum í Skt. Pauls kirkju. Frá marsmánuði 2020 urðum við vegna sóttvarnareglna að fella niður kennslu í Jónshúsi. Fermingum og fræðslu var frestað fram á haust til að byrja með. Þá var einnig sú breyting að vormótið er áætlað var á ÅH stiftsgarð í maí varð einnig að fresta fram á haustið.

Sóknarnefnd og samstarfsaðilar

Prestur og sóknarnefnd vinna saman að kirkjustarfinu og í sóknarnefnd Íslensku kirkjunnar í Danmörku voru á síðasta starfsári: Vera Guðmundsdóttir formaður, Vala Ólafsdóttir ritari Lárus Guðmundsson gjaldkeri, Katrín Ósk Einarsdóttir, Ragnheiður Bárðardóttir, Tinna Magnúsdóttir og Lára L. Magnúsdóttir eru meðstjórnendur. Samheldnin í sóknarnefndinni er góð hjá áhugasömu fólki er vinnur vel saman. Það hefur ekki síst sýnt sig þegar þurft hefur að takast á við erfið úrlausnarefni. Það er ómetanlegt hversu sóknarnefndarfólkið hefur verið virkt í barnastarfinu og á ferðalögum með unglinga á fermingarmót.

Við erum afar þakklát fyrir þá góðu aðstöðu sem okkur er veitt í Jónshúsi, menningarmiðstöð Íslendinga í Kaupmannahöfn. Hallfríður Benediktsdóttir er forstöðumaður Jónshúss og þökkum við henni gott og elskulegt samstarf. Sólveig Anna Aradóttir er organisti við íslenskar guðsþjónustur í Kaupmannahöfn.

Skt. Pauls kirkja hefur verið mikilvægur samstarfsaðili kirkjustarfsins í áratugi og hefur íslenska kirkjan haldið þar guðsþjónustur. Eftir að nýr sóknarprestur tók þar við stjórn hefur borið á samstarfsörðugleikum. Þrátt fyrir að íslenska kirkjustarfið hafi reynt að aðlaga sig að öllum óskum reyndist þar ekki grundvöllur fyrir áframhaldandi samstarfi við Skt. Pauls kirkju. Á starfsárinu höfðum við fermingarguðsþjónustu og útför í Esajas kirkju sem einnig er í göngufæri við Hús Jóns Sigurðssonar. Um mitt ár 2020 var síðan gengið til samninga um að íslenska kirkjustarfið fengi fasta aðstöðu fyrir guðsþjónustur í Esajas kirkju og er það samstarf sem lofar góðu.

Aðstaða prests í Sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn

Samkvæmt samningi við íslenska utanríkisráðuneytið hefur prestur haft aðstöðu og viðveru í sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn að jafnaði einn dag í viku. Þar tekur presturinn á móti fólki sem óskar viðtals og sinnir undirbúningi og skipulagningu í kirkjustarfinu. Viðtöl geta einnig farið fram í Jónshúsi. Þá tekur presturinn við verkefnum er berast sendiráði og er þannig sem einn af starfsmönnum sendiráðsins. Það hefur verið prestinum mikils virði að hafa vinnustað í sendiráðinu. Samstarfið við Helgu Hauksdóttur, sendiherra og Mörtu Jónsdóttur, sendiráðunaut og annað starfsfólk sendiráðsins hefur verið dýrmætt og afar ánægjulegt.

Heimsókn prófests

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir prófastur er umsjónaraðili okkar fyrir hönd biskups Íslands. Hún kom til Kaupmannahafnar í tengslum við aðventuhátíð safnaðarins 2. sd. í aðventu 2019, þar sem hún flutti hugleiðingu. Í heimsókninni átti hún fund með sóknarnefnd og sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn og kynnti sér starf og starfsaðstöðu safnaðarins. Sú hefð að prófastur heimsæki íslenska kirkjustarfið á aðventu er afar mikilvægur þáttur í að efla tengslin og undirstrika að við erum hluti af starfi þjóðkirkjunnar.

Möguleikar í íslensku safnaðarstarfi í Danmörku

Leitast er við að tryggja reglubundna þjónustu við Íslendinga í Kaupmannahöfn og nágrenni. Oft er hægt að verða við beiðnum um athafnir víðar í Danmörku ef fyrirvarinn er góður. Einnig sinnir presturinn útkallsþjónustu um land allt, þegar á þarf að halda. Prestur og sóknarnefnd hvetja til þess að sunnudagaskólastarf verði starfrækt á fleiri stöðum í Danmörku og höfða þar til áhugasamra foreldra. Vel kemur til greina að fá prest og fulltrúa úr sunnudagaskólahópnum í Kaupmannahöfn í heimsókn, ef það gæti orðið til hjálpar og hvatningar til að koma á reglulegu starfi.

Það er með eftirsjá sem ég læt frá mér það ánægjulega verkefni að starfa með Íslendingum í Danmörku en ég samfagna þeim á þessum tímamótum þegar að nýju kemur prestur sem býr og starfar í Kaupmannahöfn. Ég óska sr. Sigfúsi Kristjánssyni farsældar í nýju starfi og hlakka til samstarfsins við nágrennaprest og söfnuð hans.

Upplýsingar um kirkjustarfið hverju sinni er að finna á www.kirkjan.dk og netfangið er prestur@kirkjan.dk. Sími hjá Sigfúsi er 004533181056 (innanlands 33181056) og íslenskur sími er 5457726.

Íslenski söfnuðurinn í Noregi

Sr. Inga Harðardóttir

Grunnur starfsins

Íslenski söfnuðurinn í Noregi er hluti af þjóðkirkju Íslands. Söfnuðurinn deilir grunnildum og markmiðum starfsins með þjóðkirkjunni, en hefur þó þá sérstöðu að vera kirkja meðal Íslendinga erlendis. Safnaðarstjórn tekur mið af starfsreglum íslensku þjóðkirkjunnar um sóknarnefndir nr. 732/1998 og starfar einnig eftir siðareglum sem hún setur sér. Sóknarprestur Íslenska safnaðarins í Noregi er hirðir og leiðtogi safnaðarins og starfar við hlið stjórnar safnaðarins. Hann gegnir prests- og predikunarembætti samkvæmt vígslubréfi og skipunarbréfi sem biskup Íslands setur honum. Prestar safnaðarins lúta tilsjón íslenskra kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum eignum en norsk lög um trúfélög gilda um söfnuðinn, presta hans og starfsmenn. Söfnuðurinn er rekinn af norskum trúfélagagjöldum. Lögheimili safnaðarins er í Ósló en starfsvæðið er allur Noregur. Söfnuðurinn stendur fyrir reglulegu helgihaldi, safnaðarstarfi og menningarstarfi í Ósló og sem víðast um Noreg.

Stjórn og starfsfólk

Í stjórn safnaðarins 2019-2020 sátu Jónína Margrét Arnórsdóttir, Ingvar Ingólfsson, Rebekka Ingibjartsdóttir, Björn Hallbeck og Katla Sveinbjörnsdóttir sem kom inn fyrir Rúnar Sigríksson. Undirrituð tók formlega til starfa í ágúst 2019. Á aðalfundi safnaðarins 3. maí 2020 tók Elín Soffía Pilkington sæti í stað Rebekku Ingibjartsdóttur. Tvær hlutastöður voru auglýstar við söfnuðinn í maí 2020 og var Rebekka Ingibjartsdóttir ráðin sem æskulýðsfulltrúi og Pálína Ósk Hraundal tók við af Freydísi Heiðarsdóttur sem menningarfulltrúi. Berglind Gunnarsdóttir er starfsmaður safnaðarins en hún hóf störf í september 2019.

Guðsþjónustur og helgihald

Messur og guðsþjónustur safnaðarins voru yfirleitt vel sóttar veturinn 2019-2020, 20 til 200 manns mættu í stundirnar sem voru með fjölbreyttu sniði en boðið hefur verið upp á klassískar messur, fjölskyldumessur, kyrrðarmessu, jólalestra og söngva, auk ævintýradags í anda MessyChurch. Jólastundirnar voru sniðnar að hverjum stað fyrir sig, allt frá einföldum fjölskyldustundum yfir í hátíðlegar jólaguðsþjónustur. Fermingarmessur voru í Ósló í júní og á Seltjarnarnesi í júlí 2019 en reglubundið helgihald og safnaðarstarf hófst í september. Margrét Ólöf Magnúsdóttir djákni sér um mánaðarlegar guðsþjónustur í Sandefjord og Kristiansand. Messað var mánaðarlega í Ósló og auk þess voru haldnar guðsþjónustur í Þrándheimi, Bergen, Stavanger, Tromsø og Drammen. Alls voru haldnar 35 messur eða fjölskylduguðsþjónustur, 12 fyrirbænastrandir og 9 sunnudagaskólastundir, auk heimahelgistunda á netinu.

Prestar sem störfuðu í nafni safnaðarins árið 2019 eru sr. Þórey Guðmundsdóttir, sr. Lena Rós Matthíasdóttir og sr. Arndís Ósk Hauksdóttir. Ískórinng og sönghópurinn Laffi sungu við



Aðventuhátíðin 2019 fór fram með aðeins öðru sniði en áður hefur tíðkast, með opnu húsi yfir lengri tíma, sögustund fyrir börn (og fullorðna), og fjölbreyttum tónlistaratriðum. Húsfyllir var í Uranienborg Menighetshus og mikil ánægja með aðventuhátíðina.
Ljósmynd: Freydis Heiðarsdóttir/freydisfoto.com

guðsþjónustur og viðburði í Ósló, Kór Kjartans í Þrándheimi og Sönghópurinn Björgvin í Bergen. Gróa Hreinsdóttir organisti fær sérstakar þakkir fyrir sitt framlag.

Aðrar kirkjulegar athafnir og kærleiksþjónusta

Skírð voru 10 börn veturinn 2019-20, í heimahúsum og úti í skógi, m.a. í Ósló, Mysen, Balestrand, Drammen, Lillesand og Sandefjord. Ein hjónavígsla en engin jarðarför fór fram á vegum safnaðarins. 25 börn sækja fermingarfræðslu safnaðarins veturinn 2019-20 en það er svipaður fjöldi og árið áður. Fermingum vorsins var frestað fram á sumar og haust.

Prestar á vegum safnaðarins sinntu sálgæslu og kærleiksþjónustu á vegum safnaðarins, m.a. í Mehamn sumarið 2019, en veturinn 2019-2020 var farið í sjúkraitjani í Ósló og sálgæsluviðtöl veitt á skrifstofu safnaðarins. Einnig voru fjölmörg símaviðtöl veitt og sálgæsluviðtöl á skjánum. Þegar heimsfaraldurinn skall á var reglulega hringt í þau sem höfðu sótt *Gæðastundir 60+*, og lagt upp úr að auglýsa vel símaviðtöl. Verkefnið *Pop-Up prestar* tókst vel en þá fór undirrituð með stuttum fyrirvara til Stavanger, Bergen og Haugesund og sinnti sálgæslu.

Ólafíusjóður Íslenska safnaðarins í Noregi

Í sjóðsstjórn sitja Rannveig María Gísladóttir, Ágústa María Figved og Steinunn Þórðardóttir. Varamaður í stjórn er Guðbjörg Magnúsdóttir. Undirrituð situr fundi og fylgir eftir umsóknum



Fjöldi íslenskra tónlistarmanna kom fram á vel heppnuðum tónleikum í Sjöholmen og uppselt var á tónleikana.
Ljósmynd: Freydís Heiðarsdóttir/freydisfoto.com

sem þangað berast. Á aðalfundinum 2020 var samþykkt að Ólafiusjóður verði sjálfseignarstofnun rekin af Íslenska söfnuðinum sem jafnframt er aðalstyrktaraðili sjóðsins. Guðbjörg Magnúsdóttir og Guðrún Elín Svansdóttir bættust við sem meðlimir í stjórn sjóðsins.

Menning og aðrir viðburðir

Menningarnefnd stóð fyrir tónleikum í Sjöholmen í september 2019 þar sem íslenskir tónlistarmenn komu fram. Nefndin lauk störfum í október 2019. Til að halda utan um menningarmál safnaðarins var Freydís Heiðarsdóttir fengin sem menningarfulltrúi. Hún stóð fyrir skemmtilegum nýjungum, eins og *Músíkingói* og *Jólafröndri*, auk þess sem hin árlega Ólafíuhátíð var vel heppnuð. Aðventuhátíðin í Ósló tókst vel til með opnu húsi yfir lengri tíma, sögustund og fjölbreyttum tónlistaratriðum. Í samkomubanninu voru íslenskir tónlistarmenn í Noregi fengnir til að senda inn tónlistarupptökur.

Húsnæðismál voru tímafrek veturinn 2019-2020 þar sem söfnuðurinn missti fastan samastað sinn í Nordberg kirkju vegna yfirvofandi viðhaldsverkefna þar. Í Ósló fóru guðsþjónustur fram í Bøler kirkju og Sænsku Margaretakirkjunni, Ólafíuhátíðin fór fram í Grønland kirkju, Aðventuhátíðin í Uranienborg Menighetssal en auk þess hafa menningarviðburðir farið fram í Stiftelsen Markus menighetshus og Sjöholmen. Á landsbyggðinni þurfti einnig að endurnýja eða koma á nýju sambandi við tengiliði.

Ólafíustofa í Ósló er mikilvæg í starfsemi safnaðarins með skrifstofu og safnaðarheimili, þar sem alla jafna fer mikið líf fram, m.a. kóræfingar, safnaðarstarf og AA fundir, auk fjölda funda og sálgæsluviðtala. Starfsfólk og stjórn hefur lagt sig fram um að þar sé hlýlegt og þangað sé gott að koma.



Á æskulýðsdaginn þann 1. mars 2020 hélt söfnuðurinn Ævintýradag kirkjunnar þar sem sungin voru sunnudagalög og Disneylög í bland, Biblíusaga sögð á lifandi hátt og skapandi stöðvar í anda Messy Church voru settar upp í Sænsku Margaretakirkjunni í Osló. Íþróttaálfurinn og Solla Stirða komu í heimsókn og fengu alla til að komast í ævintýralegt stuð!
Ljósmynd: Freydis Heiðarsdóttir/freydisfoto.com

Safnaðarstarfið

Sunnudagaskóli hefur verið í Osló í umsjón Rebekku Ingibjartsdóttur og með henni Unnur Eyrún, Elín Björg Eyjólfsdóttir, Kristjana Vera Mjallardóttir og Zsolt Anderlik. Fjölskyldudagur í Þrándheimi var haldinn í nóvember 2019 og stefnt er að því að koma af stað fjölskyldustundum, sunnudagaskóla, reglubundnu safnaðarstarfi og/eða viðburðum fyrir fjölskyldur víða um land. Í Molde, Þrándheimi og Bergen er búið að fá gott fólk í lið með okkur.

Æskulýðsfélög eru starfrækt í Osló, Sandefjord og Porsgrunn. Æskulýðsstarf safnaðarins er hluti af æskulýðssambandi Þjóðkirkjunnar, ÆSKP. Ungmennahópurinn í Osló hittist tvisvar í mánuði og er í umsjón Rebekku Ingibjartsdóttur, Lilju Margrétar Ómarsdóttur, Kristjönu Veru Mjallardóttur og ungleiðtoga. Margrét Ólöf Magnúsdóttir djákni, sér um æskulýðshópinn í Porsgrunn, og hefur líka séð um æskulýðsstarfið í Sandefjord, allt þar til í janúar 2020 en þá var tekið upp samstarf við Íslendingafélagið Jötun í Vestfold. Sara Ólafsdóttir starfar bæði í æskulýðsfélaginu í Porsgrunn og í Sandefjord. Ungmennafundir hafa farið fram á zoom þegar samkomutakmarkanir eru í gildi.

Fermingarfræðslan fór fram á skrifstofu safnaðarins og á netinu auk þess sem farið var í fermingarferð í Norefjell í september 2019. Því miður þurfti að fresta ferðinni sem átti að vera í byrjun maí 2020.

Krílakaffi fyrir foreldra með ung börn var í Ólafustofu einu sinni til tvisvar í mánuði og þátttakan var mjög góð.

60+ Hópur fólks á besta aldri hittist einu sinni í mánuði í Osló, þar sem boðið er upp á hádegismat og góða samveru. Íslenski sendiherrann, Ingibjörg Davíðsdóttir, kom í heimsókn en upplestur, bíodagur, jólaveisla og leikhúsferð var einnig á dagskránni. Hópur 60+ er einnig farinn af stað í Sandefjord.

Krakkaklúbbur TTT starf fyrir 10 til 12 ára sem breyttist í Krakkaklúbbinn fyrir börn á grunnskólaaldri fékk góðan hljómgrunn en því miður var dræm mæting.

Unglingahelgi og leiðtogapjálfun fyrir ungmenni frá 15 ára aldri átti að fara fram í Norefjell um miðjan apríl en því miður urðum við að hætta við þau áform.



Starfsaðstæður Íslenska safnaðarins eru einstakar því hér er engin ein kirkja úr timbri eða steypu sem söfnuðurinn á heldur er kirkjan hvar sem er, í kirkjuhúsum um allan Noreg, í heimahúsum og í náttúrunni. Hér fór skírningin fram í Nordmarka skóginum í Osló, með sólskinið, flugnasuðil og fuglasönginn sem vitnisburð um nálægð Guðs.

Samvinna

Prófastur sr. Helga Soffía Konráðsdóttir og sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari heimsóttu söfnuðinn í byrjun september 2019. Þau áttu góðan fund með safnaðarstjórn og undirritaðri á laugardeginum og tóku þátt í hátíðlegri innsetningarmessu á sunnudeginum.

Íslendingafélögin í Noregi eru góðir samstarfsaðilar en jólaböllin, messukaffið og samstarf um viðburði, heimsóknir og kynningar eru meðal verkefna sem ganga ljómandi vel. Messukaffið er samstarfsverkefni við aðra hópa í viðbót við Íslendingafélögin, þ.á.m. *Ískórin*, *Sönghópin Laffi*, félagi úr 60+, *Ungmennahópin í Osló* og foreldra fermingarbarna, en hóparnir fá greiddan styrk fyrir sitt framlag.

Prestur hefur getað leitað til sendiherra og starfsfólksins á sendiráðsskrifstofunni með hvaðeina sem kemur upp á. Sú samvinna og stuðningur sem þaðan kemur er okkur mjög mikilvæg.

Samstarf við íslensku söfnuðina í Svíþjóð og Danmörku hefur verið endurvakið. Leiðtogar og starfsfólk safnaðarins tóku þátt í haustnámskeiði þjóðkirkjunnar í Gautaborg í ágúst 2019. Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson og sr. Sigfús Kristjánsson leiddu hópefli og fræðslu en sr. Ágúst Einarsson og sóknarnefndin í Svíþjóð tók á móti öllum mannskapnum af mikilli gestrisni. Íslenski söfnuðurinn í Noregi bauð svo til samstarfsfundar í byrjun í febrúar 2020 í Solåsen í Son. Sóknarnefndir, prestar og lykilmóttak í safnaðarstarfi íslensku kirkjunnar á Norðurlöndunum hittist þar til að ræða samstarf og framtíðarsýn. Góðir gestir komu frá Íslandi með fræðslu en sr. Hildur Björk Hörpudóttir og sr. Jóhanna Gísladóttir fjölluðu um fjölskylduboðun, MessyChurch og bænajóga. Íslensku söfnuðirnir á Norðurlöndunum stefna á gott samstarf um fermingarferðir, unglingsbúðir, haustnámskeið og samstarfsfundi.



Hlýtt og styðjandi samstarf er á milli norrænu safnaðanna í Osló og liður í samstarfinu er að halda árlega samnorræna messu. Að þessu sinni var komið að Íslendingum að leiða messuna með sálmu og predikun á íslensku, Ískórin leiddi söng, og bænir og messuliðir fóru fram á Norðurlandamálunum. Á myndinni má sjá Anssi Elenius prest finnsku kirkjunnar, Per Anders Sandgren, prest sænsku kirkjunnar, Ingu Harðardóttur, prest íslenska safnaðarins og Pål Kristian Balstad, prest norsku kirkjunnar.

Heimsfaraldurinn Covid19 hefur gjörbreytt öllu starfsumhverfi safnaðarins en það hefur ríkt einhugur um að mæta áskoruninum með sveigjanleika, lausnum og hugmyndaauðgi. Fermingarfræðsla, ungmennahittingar, stjórnarfundir og aðalfundur safnaðarins fóru fram á netinu, helgistundir, tónlistarmyndbönd og sálmanyndbönd voru birt á samfélagsmiðlum og heimasíðu safnaðarins, og sálmgæsla og andlegur stuðningur var veittur í síma eða á skjánum. Þegar sóttvarnareglur leyfðu var tækifærið notað til að ferma, skíra og gífta og undirrituð heimsótti m.a. Bergen, Stavanger og Haugesund og sinnti sálmgæslu. Alltaf var farið eftir tilmælum yfirvalda um fjölda viðstaddra og vel gætt að sóttvörnum.

Lokaorð

Undirrituð var þeirrar gæfu aðnjótandi að vera ráðin til safnaðarins á vordögum 2019 og tók formlega við starfinu 1. ágúst 2019. Það voru krefjandi aðstæður að ganga inn í enda miklar mannabreytingar þá yfirstaðnar hjá söfnuðinum en verkefnið hefur verið mjög gefandi og spennandi frá fyrstu stundu. Það var ljóst frá upphafi að verkefnið eru fjölmörg og að uppbygging safnaðarins mun ekki gerast á einni nóttu. Það var líka strax ljóst að hér er mikill mannaúður, metnaður til uppbyggingar og hlýtt og styðjandi samfélag sem vill leggja sitt af mörkum. Stjórn, starfsfólk og safnaðarmeðlimir vinna uppbyggingarstarfið saman því að Íslenski söfnuðurinn í Noregi er lifandi samfélag, opið öllum, líka þeim sem fara ekki venjulega í kirkju á Íslandi. Ég vona að söfnuðurinn okkar haldi áfram að byggjast upp sem opin og frjálslýnd kirkja, umburðarlynd og framsækin, með rætur í hefðinni en óhrædd að vaxa mót nýjum tímum.

Starfið í prófastsdæmunum

Suðurprófastsdæmi

Sr. Halldóra Þorvarðardóttir, prófastur

Kirkjustarf og kirkjulíf á Suðurlandi var í sínum taktfasta hrynjandi seinni hluta ársins 2019 og fram yfir áramót, en þá fór að berast fréttir frá veikinni sem síðan fékk nafnið covid-19.

Í skýrslum presta og sókna kom fram að auk hefðbundins helgihalds og starfs var bryddað upp á ýmsum nýjungum svo allt féll saman í fjölbreytileika guðspjónustuhalds og blómlegs kirkjustarfs. Það voru poppmessur, harmonikkumessur, hestamannamessu auk barna- og æskulýðsmessa svo eitthvað sé nefnt.

Það er svo sannarlega ómetanlegt að búa að þeim mannauði í kirkjunni sem við gerum.

Héraðssjóður styrkti myndarlega barna- og æskulýðsstarf í prófastsdæminu, og er það þessi árin víða afar blómlegt og vel sótt. Fermingarbörn á Suðurlandi sækja fermingarbarnamót í Vatnaskógi og Hornfirðingar hafa tekið þátt í mótum upp á Héraði, á Eiðum.

Þann 14. desember var opnuð sýning í Skálholtsskóla í tilefni útgáfu bókar Guðrúnar Arndísar Tryggvadóttur um lífsverk forföður hennar Ámunda Jónssonar, smíðs, listmálara og bíldskera, en hann var sannarlega kirkjulistamaður úr bændastétt á 18.öld. Og í byrjun febrúar setti Guðrún einnig upp sýningu í Safnaðarsalnum á Hellu. Með verkum sínum gerir Guðrún Ámunda og verkum hans skil bæði í skrifum og myndlist á sterkan og heillandi hátt. Ámundi byggði 13 kirkjur á Suðurlandi. Auk þess smíðaði hann og málaði altaristöflur og predikunarstóla sem er mikilvægt innlegg í menningarsögu okkar, en nokkuð af verkum hans eru enn í kirkjum og önnur á Þjóðminjasafninu.

Þegar litið er yfir skýrslur sóknanna, þá er áberandi hversu sóknarfólki er annt um útlit og viðhald kirkna sinna og garða og vel um allt hugsað, þrátt fyrir þau takmörkuðu fjárráð sem flestar sóknir búa við. Það kemur samt ekki í veg fyrir að reynt er að halda uppi reglulegu starfi og viðhaldi eins og kostur er. Það er líka eftirtektarvert hveru margir koma að starfi kirknanna á hverjum stað, og eru reiðubúnir að vinna henni og boðskap hennar gagn.

Það urðu miklar breytingar á starfsliði hinna vígðu þjóna í prófastsdæminu.

Þann 26. október 2019 var nýr sóknarprestur, sr. Ingimar Helgason kosinn til Kirkjubæjar-klaustursprestakalls og settur inn í embætti sd. 9. febrúar 2020.

Þann 19. nóv. 2019 var sr. Ninna Sif Svavarsdóttir kjörin nýr sóknarprestur í Hveragerðisprestakalli og sett inn í embætti 19. janúar 2020, en hún hafði áður starfað sem prestur í Selfossprestakalli.

Þá var kjörin nýr sóknarprestur í Þorlákshafnarprestakalli, sr. Sigríður Munda Jónsdóttir, en hún hafði áður þjónað norður á Ólafsfirði.

Á kjörnefndarfundi þann 13. janúar 2020 var sr. Arnaldur Bárðarson kosinn sóknarprestur Eyrarbakkaprestakalls, en hann hafði þjónað prestakallinu um skeið.

12. mars 2020 var sr. Gunnar Jóhannesson kjörin nýr prestur í Selfossprestakalli og þjónar því ásamt sr. Guðbjörgu Arnardóttur sóknarpresti.

Eru þau boðin innilega velkomin til starfa á nýjum vettvangi og óskað allra heilla og velgengni.

Héraðssjóðsnefnd er auk prófasts skipuð þeim sr. Haraldi M. Kristjánssyni, Vík sem er ritari og Magnúsi Kristinssyni, Vestmannaeyjum, gjaldkera. Auk þess sitja varamenn fundi héraðssjóðs, þau Margrét Jónsdóttir, Syðra-Velli og sr. Óskar H. Óskarsson, Hruna.

Í ársbyrjun 2020 skall einangrunin á og við tók samkomubann og sóttkví og hafa síðan þá verið um og yfir og allt um kring í lífi okkar. Héraðsfundur ársins 2020 var ekki haldinn vegna Covid-19 samkomutakmarkanna, en ákvörðun tekin um að reyna að halda sameiginlegan héraðsfund tveggja ára fyrri hluta árs 2021. Tekist var á við ýmsar áskoranir til að mæta sóknarbörnum varðandi helgihald og annað starf. Við tóku fjarfundir, símafundir og símaviðtöl og prestar voru ótrúlega fundvísir á upptökum á helgihaldi og ýmsu öðru í kirkjustarfinu til að koma boðskapnum til skila og vera í sambandi við söfnuðina. Einnig hefur þurft að sýna mikla varkárni varðandi útfarir og hvernig kirkjan mætir aðstandendum þegar andlát ber að höndum. Eins hafa verið farnar fjölbreyttar leiðir í því að sinna öðrum athöfnum s.s. skírnum, fermingum og hjónavigslum. Og allt hefur það tekist að mestu leyti, þökk sé ótrúlega lausnamiðuðum hugmyndum og útfærslum okkar góða kirkjufólks.

En, við erum enn á þeim stað að þurfa að láta Covid-19 veiruna ráða för í lífi okkar. Við trúum því hins vegar og vitum að hún gengur yfir og hlökkum til að taka upp þráðinn þegar aftur fer að ára á ný til samfunda. Þar til; – verum öll Guði falin.

Kjalarnessprófastsdæmi

Sr. Þórhildur Ólafs, prófastur

Á liðnu starfsári hefur margt verið til umfjöllunar í Kjalarnessprófastsdæmi og sem fyrr unnið eftir þeim stefnumiðum sem prófastsdæmið setti sér árið 2015. Einkunnarorðin eru þau sömu, samstarf, samfélag og uppbygging.

Samstarfið hefur gengið vel og unnið hefur verið að mörgum áhugaverðum verkefnum eins og upptalningin sem hér fylgir ber með sér. Fengnir hafa verið utanaðkomandi fyrirlesarar og kirkjufólk til þess að flytja áhugaverða fyrirlestra og eiga samtál við presta, djákna, organista, formenn sóknarnefnda og annað innanbúðarfólk allt eftir aðstæðum hverju sinni.

Samfélagið: Leitast hefur verið við að auka enn frekar samstarf á vegum sóknanna innan Kjalarnessprófastsdæmis til þess að efla tengsl og traust. Og teljum við að töluvert hafi þokast í þá átt, enn má þó gera betur og leggja áherslu á samstarf samstarfssvæðanna varðandi öflug sérverkefni sem hafa áhrif á marga með sameinuðu átaki. Þannig verður til stuðningsnet þeirra sem tilheyra kirkjunni og þjóna henni með sínum hætti eins og áður hefur verið nefnt í ársskýrslu frá Kjalarnessprófastsdæmi.

Uppbyggingin felst sem fyrr í fjölbreyttri fræðslu um þau málefni sem prófastsdæmið telur að geti nýst prestum og djáknum í starfi þeirra. Sístætt hefur verið að bjóða upp á fræðslu um

guðfræði, prédikun, helgihald, samskipti, streitustjórnun og annað það sem gagn er talið af. Einnig hefur verið lögð áhersla á að menn haldi á lofti því sem vel hefur tekist til með og eigi samtal um það svo hvetjandi sé í því að finna skilvirkar og árangursríkar leiðir í störfunum. Markmiðið er enn sem fyrr að auka sjálfsvitund og -öryggi leikra og lærðra.

Hér verður í stuttu máli farið yfir það sem helst var á döfinni hjá Kjalarnessprófastsdæmi á starfsárinu.

Fjölskylduhátíð

Í október var sameiginleg fjölskylduhátíð safnaðanna í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi með þátttöku barna og unglinga. Hún var nú haldin í annað skiptið. Troðfull Víðistaðakirkja, mikil gleði og fólk talaði um hvað það væri gaman að sjá svona öfluga og sameinaða kirkju á einum stað. Þemað í ár var miskunnsami Samverjinn. Barnakórar safnaðanna sungu og var stundin brotin upp með stuttum leikþáttum. Eftir stundina var öllum boðið í pylsupartý í íþróttahúsinu og þar voru einnig hoppukastalar, boðið upp andlitsmálun ofl.

GLS

Eins og undanfarin ár býður prófastsdæmið starfsfólki safnaðanna GLS ráðstefnuna og þáðu margir boðið.

Leiðarþing

Leiðarþing var haldið í Víðistaðakirkju um miðjan nóvember. Á leiðarþing er fjallað um afgreiðslu mála á kirkjuþingi og mál sem efst voru á baugi. Einnig var Magnús E. Kristjánsson með góða og ítarlega kynningu á viðauka við kirkjujarðasamkomlagið.

Námskeið fyrir kirkjuverði

Í janúar verður námskeið í samstarfi við prófastsdæmin í Reykjavík eystra og vestra fyrir kirkjuverði um skyndihjálp og hvernig við viðhöldum starfsánægju.

Heimasíða prófastsdæmisins

Ný heimasíða prófastsdæmisins opnaði í febrúar, sem er líka orðin snjalltækja væn. Á heimasíðunni er að finna upplýsingar um starfsemi prófastsdæmisins ásamt fréttum af starfinu, dagskrá og sóknum.

Starfsmannaviðtöl

Alla jafna eru starfsviðtöl tvisvar á ári, þ.e. haust og vor og hittir prófastur presta annars vegar á skrifstofu sinni og hins vegar á starfstöð presta.

Samstarfsamningar presta

Við höfum leitast við að prestar geri með sér samstarfssamning þar sem eru starfandi tveir eða fleiri prestar. Það er í samræmi við starfsreglur þjóðkirkjunnar en þar segir að prestar skulu skipta formlega með sér verkum og starfskyldur og réttindi sóknarprests skulu vera jöfn, nema um þau atriði varðar, sem sérstaklega er kveðið á um í lögum, starfsreglum og öðrum viðeigandi ákvæðum. Tilgangur skiptingar starfa milli sóknarprests og prests skal vera að tryggja sóknarfólki sem besta þjónustu kirkjunnar, nýta hæfileika og styrkleika prestanna sem best, viðhalda góðum samstarfsanda og varna óþarfa álagi og starfskulnun.

Þetta hefur gefið tilefni til þess að fara yfir starfskyldur og starfið og með hvaða hætti prestar skipta þeim á milli sín.

Fræðsludagur Kjalarnessprófastsdæmis

Fræðsludagur Kjalarnessprófastsdæmis var 9. janúar, en hann átti að vera í Bifröst, Borgarfirði, en vegna veðurs var hann færður í safnaðarheimili Lágafellssóknar. Í fræðslunni fjallaði dr. Sigrún Gunnarsdóttir, dósent, um þjónandi forystu. Um mikilvægi þess að hafa skýra framtíðarsýn, gildi og markmið, að hafa skýran ramma fyrir starfsfólk og vinnustaði sem fylgt er eftir og að fólk fái rými og stuðning til að vaxa og dafna í starfi.

Fermingarfræðslukönnunin

Síðasta vor var gerð könnun á vegum prófastsdæmisins meðal foreldra fermingarbarna um fermingarfræðsluna, helgihald, þátttöku í æskulýðsstarfi og um trúarlegt uppeldi. Þetta var í þriðja skiptið sem könnunin var gerð. Markmiðið er að leggja mat á árangurinn og hvað er vel gert eða hvað má gera betur. Færri svör bárust en áður sem má rekja til þess að vegna heimsfaraldurs dreifðust fermingarnar yfir lengri tíma og allmörg börn ófermd þegar spurningarlistinn var sendur út. Samræmi var í niðurstöðum þessara kannanna að fermingarstarfið nýtur mikils trausts meðal foreldranna og helgihaldið sé mikilvægur liður fermingarundirbúningnum.

Þá er áhugi meðal foreldranna að taka aukin þátt í starfi kirkjunnar, fjölga fundum með foreldrum og þeim finnst þau hafa styrkt tengslin við kirkjuna yfir veturinn. Einnig er almenn ánægja með viðbrögð kirkjunnar við heimsfaraldrinum. Þau fræðslunámskeið sem foreldrar hafa áhuga á að sækja eru um jákvæð og uppbyggjandi samskipti, kvíða og liðan unglinga og sorg og áföll. Könnunin miðar að því að stuðla að framþróun fermingarstarfsins, efla helgihaldið og starf kirkjunnar.

Sumarmessur

Yfir sumarmánudöina tóku söfnuðir höndum saman á samstarfssvæðum annars vegar Suðurnesjum og hins vegar í Hafnarfirði og Garðabæ og voru með sameiginlegar sumarmessur. Áherslan var á fjölbreytt helgihald sem tók mið af árstímanum, þar sem létt messuform réði ríkjum.

Messað var til skiptis í kirkjunum á Suðurnesjum, þ.e í Grindavík, Reykjanesbæ, Garðinum

og Sandgerði og var mikið framboð af allskonar messum, t.d. kvöld-, þútt-, göngu- og ratleikjamesa. Í Garðakirkju skiptu prestar, djáknar, organistar og starfsfólk Hafnarfjarðar, Vídalíns-, Víðistaða-, Bessastaða- og Ástjarnarkirkju auk Fríkirkjunnar í Hafnarfirði með sér þjónustunni við messu hvern sunnudag yfir sumarið. Á eftir er boðið upp á kaffi og notalegt samfélag í hlöðunni á burstabænum Króki.

ÆSKK (Æskulýðssamband kirkjunnar í Kjalarnessprófastsdæmi)

Söfnun fyrir steinhúsum

ÆSKK er núna á sínu þriðja starfsári. Fastir liðir eru söfnun fyrir steinhúsum fyrir munaðarlaus börn og fór sú söfnun fram í þriðja skiptið nú í ár á æskulýðsdaginn undir yfirskriftinni „Vöflur fyrir steinhús“, en eftir æskulýðsmessur seldu börn og unglingar vöflur til styrktar verkefninu. Alls söfnuðust 268.702.- kr. sem nemur amk. tveimur steinhúsum.

Alright boys

Á síðasta ári var ÆSKK boðið að taka þátt í ungmennaskiptaverkefni með lúthersku kirkjunni í Reutlingen í Þýskalandi sem sótt var um hjá Erasmus+ og fengum við jákvætt svar. Um síðustu páska héldu 12 unglingsdrengir Ástjarnarsókn, Lágafellsókn og Njarðvíkursókn til Reutlingen í Þýskalandi og tóku þátt í fjölbreyttri dagskrá í alls konar veðri (snjókomu, slyddu, frosti, rigningu, en líka sól og sumri). Um miðjan júní komu 11 drengir frá Þýskalandi í heimsókn til Íslands. Dagskráin fór fram í Ástjarnarkirkju og gekk vonum framar í góðu veðri. Áhersla verkefnisins var að fræðast um ólíkar aðstæður landanna, hvað er öðruvísi og hvað er líkt og setja sig í spor hvers annars. M.a. hittu drengirnir stjórnálamenn í Þýskalandi og á Íslandi og hér á Íslandi fóru þeir gullna hringinn og tóku viðtöl við erlenda ferðamenn.

Það er mikilvægt í unglingatarki að taka þátt í erlendu samstarfi, en það er bæði gefandi og styður við óformlega menntun á mörgum stigum.

Vísitasía prófasts

Á árinu stóð til að prófastur vísiteraði söfnuði prófastsdæmisins, en vegna Covid-19 heimsfaraldursins, sem riðlar mörgu, náðist ekki að vísitera alla söfnuðina og er það miður.

Kynningarefni um útför í kirkju

Á árinu hófst vinna við gerð kynningarefnis um útför í kirkju. Skipaður var starfshópur sem tók til starfa í febrúar. Unnið hefur verið að gerð heimasíðu sem byggir á danskri fyrirmynd og einnig texta sem var þýddur og staðfærður miðað við íslenskar aðstæður. Þá var einnig unnið að gerð bæklinga í prentformi til að kynna þjónustu kirkjunnar við andlát. Áætlanir gera ráð fyrir að kynningarefni verði gefið út í nóvember.

Hér hefur verið farið hratt yfir helstu viðburði Kjalarnessprófastsdæmis.

Markmið prófastsdæmisins er sem fyrr að bjóða upp á starf og starfsemi sem eflir hópvitund þeirra sem í prófastsdæminu starfa á þann veg að þeir verði vel aflögufærir í sínum sóknum

og hafi þrek og þor til þess að beita sér fyrir framsæknu og markvissu starfi innan sinna sóknarmarka. Prófastsdæmið vill vera góður bakhjarl. Samskipti og samstarf eru nauðsynleg til tilsjónar og eftirfylgni en einnig til þess að starfsmenn fái vaxið í starfi og lært hver af öðrum.

Þeim sem komu að störfum Kjararnessprófastsdæmi með einum eða öðrum hætti eru færðar einlægar þakkir. Guð blessi öll áform þeirra sem í prófastsdæminu starfa og verk sem þeim fylgja.

„Guð hefur sýnt mér miskunn og falið mér þessa þjónustu. Þess vegna læt ég ekki hugfallast.“ (II. Kor. 4.1)

Guð vaki yfir og blessi þá kirkju sem ber honum vitni í orði og verki.

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Sr. Gísli Jónasson, prófastur

Inngangsorð

Þegar þetta er ritað þá eru aðstæður meðal þjóðar okkar og raunar með heimsbyggðinni allri sannarlega með allt öðrum hætti en nokkurn hefði getað órað fyrir bara fyrir örfáum mánuðum. Illvígur heimsfaraldur hefur gert atlögu að mannkyninu og nánast stöðvað allt hefðbundið mannlíf um stund. Ég veit að ég þarf ekki að fjölyrða um þá hluti hér, en það hefur verið ákaflega lærdómsríkt að fylgjast með viðbrögðum þjóðarinnar og ráðamanna hennar í þessum aðstæðum og höfum við Íslendingar vissulega margt fyrir að þakka í þeim efnum.

Lítum við um öxl og horfum yfir prófastsdæmið okkar í þessum aðstæðum þá blasir það við, að þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður og oft lítil efni hefur víða verið ákaflega vel unnið og af mikilli hugmyndaauði og dugnaði. Vil ég því nota þetta tækifæri til að þakka það dugmikla og fórnfúsa starf, sem ég hef orðið vitni að á þessum síðustu vikum og raunar á starfsárinu öllu. Það hefur verið uppörvandi að verða vitni að þeirri yfirvegum og ró, sem einkennir þjónustu ykkar og viðbrögð, í þeim erfiðu aðstæðum sem nú eru uppi í þjóðlífinu.

Starf ykkar og þjónusta fer ekki alltaf hátt, en þið eruð sannarlega að vinna óhemju mikilvægt verk, hvert á sínum stað og hvert með sínum hætti.

Í þessu sambandi vil ég minna okkur á hinn stórkostlega fagnaðarboðskap sem fólgin er í eftirfarandi boðskap sálmaskáldsins forna:

„Varpa áhyggjum þínum á Drottin,
hann mun bera umhyggju fyrir þér,
aldrei að eilífu

lætur hann réttlátan mann verða valtan á fótum.“ (Sálm. 55:23)

Höfundur sálmans dregur hér upp stórkostlega mynd af því, hvernig við megum varpa áhyggjum okkar, óöryggi og ótta á Drottin og treysta umhyggju hans og kærleika að eilífu. Því hvað sem annars mætir okkur í lífinu þá vill hann forða því, að við verðum völt á fótum

eða hrösum, eins og segir í nýju Biblíupýðingunni. Og gleymum því þá heldur ekki, að það réttlæti sem hér er um talað byggir sem betur fer ekki á okkar frammistöðu eða verkum, heldur því réttlæti sem hann einn gefur, af sinni náð. Við megum því setja allt okkar traust á hann, „réttlætt fyrir trú“, eins og Páll minnir okkur á í bréfi sínu til Rómverja.

Látum þessi orð sálmaskáldsins vera okkur til uppörfunar og hvatningar þegar við höldum til móts við nýtt starfsár. Drottin veit hvað okkur er fyrir bestu, hann ber umhyggju fyrir okkur og vill leiða okkur og blessa. Felum honum allt okkar ráð, treystum honum og biðjum hann að styrkja okkur til þjónustunnar, efla samstarf og samstöðu, og auka okkur fúsleika og djörfung til eftirfylgdar við hann.

Ég mun nú í þessari skýrslu leitast við, að fara yfir það helsta, sem gerst hefur í starfi prófastsdæmisins á síðasta starfsári, um leið og horft er til þess sem framundan bíður.

Starfið í söfnuðunum

Helstu tölur um helgihald í prófastsdæminu árið 2019, skv. starfsskýrslum presta, eru sem hér segir (tölur frá 2018 eru í sviga): Almennar guðsþjónustur 619 (604), barna-guðsþjónustur 319 (349), aðrar bæna- og helgistundir 1099 (1282). Guðsþjónustur voru því samtals 2037 (2235). Viðstaddir þessar guðsþjónustur voru alls 98.406 (91.899). Fermingar-börn voru 897 (954) og altarisgestir 24.248 (23.779). Þá voru skírð 579 (568) börn, hjónavígslur voru 182 (236) og útfarir 441 (427). Ekki er að sjá að um umtalsverðar breytingar milli ára sé að ræða á þessu tölum nema þá helst á fjölda hjónavígslna, sem voru nokkuð færri en árið áður.

Þar sem engu hefur enn verið breytt varðandi starfs- og messugjörðarskýrslur presta í þá veru að þær gefi gleggri mynd af umfangi safnaðastarfsins, þá höfum við haldið áfram þeirri reglubundnu talningu á völdum þáttum starfsins í prófastsdæminu sem við tókum upp fyrir ellefu árum. Munum við halda henni áfram þar til endurbætur hafa verið gerðar á messugjörðar-skýrslunum.

Samkvæmt þessari talningu tóku alls 199.889 (198.718) manns þátt í þeim liðum safnaðastarfsins sem talið var í árið 2019 og er þar þó ýmislegt undanskilið, eins og t.d. kórastarf, fermingarfræðsla og fundir og samverur af ýmsu tagi. Heildarfjöldinn árið 2019 var nánast sá sami og var árið 2018. Meðalþátttaka í messum, sem fram fóru á árinu 2019, var 95,4 manns, en var 92,1 árið áður.

Loks vil ég nefna það hér, vegna hins sérstaka ástands sem skapaðist eftir að Covid-19 skall á, að ég bað starfsfólk safnaðanna að taka saman upplýsingar um fjölda úthringinga til aldraðra og einstæðinga, sem og fjölda annarra sálgæsluviðtala, símtala og hjálparbeiðna fyrir tímabilið 15. mars til 8. maí, og sömuleiðis upplýsingar um þær helgistundir og annað efni sem streymt hefur verið frá kirkjunum inn á samfélagsmiðla frá því að samkomubann var sett á. Heildartölurnar fyrir Reykjavíkprófastsdæmi eystra frá upphafi samkomubanns til og með 8. maí skv. þessari talning eru eftirfarandi:

Alls hefur verið hringt í 776 einstaklinga, aðallega eldri borgara og einstæðinga. Þá hafa 977 einstaklingar haft samband, hringt eða komið í kirkjurnar, og þar af hafa 124 leitað eftir fjárhagslegri aðstoð. Alls eru þetta 1753 einstaklingar. Heildarfjöldi símtala eða viðtala við þessa einstaklinga er 4010.

Alls hefur verið streymt 149 sinnum, (76 helgistundum og 73 sinnum öðru efni fyrir börn,

unglinga eða fullorðna) og heildaráhorfið er 160.657 skipti. Like eru alls 5431, ummæli 887 og deilingar 662.

Þessar tölur sýna það glögglega, að kirkjan hefur vissulega verið að störfum þrátt fyrir samkomubann og hefur margvíslegra leiða verið leitað til að þjóna safnaðarfólki í þessum óvenjulegu aðstæðum. Það hefur verið ævintýri líkast að fylgjast með þeim margvíslegu náðargáfum, sem leystar hafa verið úr læðingi í starfi safnaðanna undanfarið. Það er sannarlega mikill fjársjóður fólgin í öllum þeim hæfileikum, sem komið hafa í ljós og blómstrað innan kirkjunnar við þessar aðstæður og ég trúi því, að margt af þessu sé komið til að vera og muni auðga og styrkja starfið til frambúðar.

Samstarf innan hinna þriggja samstarfssvæða í prófastsdæminu var með svipuðu sniði á starfsárinu og áður. Tel ég það varða miklu fyrir framtíð kirkjunnar, að við leggjum áherslu á að efla starfið á samstarfssvæðunum með margvíslegu samstarfi og verkaskiptingu, þegar það á við. Eins og undanfarin ár er í fjárhagsáætlun næsta árs gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til samstarfssvæðanna og er hún að þessu sinni 1.800.000 kr.

Lítið hefur verið um verklegar framkvæmdir á vegum sóknanna vegna niðurskurðar sóknargjaldsins mörg undanfarin ár og hefur viðhald eða endurbætur á húsnæði safnaðanna því miður verið í algjöru lágmarki. Þannig hefur ekki enn tekist að hefja framkvæmdir við viðbyggingu safnaðarheimilis Árbæjarkirkju, en þó hefur loks fengist framlag úr Jöfnunarsjóði til að hefja þessa framkvæmd og hafa teikningar verið endurskoðaðar. Þá eru að hefjast viðgerðir á þaki Breiðholtskirkju, sem vonandi mun ljúka í haust. Stefnt er að áframhaldandi viðgerðum á gluggum Kópavogskirkju. Er viðgerð á gluggum á suðurhlíð kirkjunnar nú lokið og verður gluggaviðgerðunum vonandi fram haldið á komandi sumri. Loks skal þess getið að undirritaður hefur verið samningar um smíði 34 radda pípuorgels fyrir Grafarvogskirkju og verður það smíðað í Ungverjalandi.

Loks vil ég geta þess, undir þessum lið, að á kirkjuþingi síðasta árs var því beint til kirkjuráðs að gerð yrði úttekt á aðgengi fatlaðra og hreyfihamlaðra að kirkjum og öðru því húsnæði þar sem starf þjóðkirkjunnar, stofnana hennar og einstakra safnaða fer fram. Var öllum sóknarnefndum því sendur spurningalisti í byrjun ársins þar sem þessi mál voru könnuð. Eru svörin nú til úrvinnslu hjá fasteignasviði Biskupsstofu og ber kirkjuráði að skila niðurstöðum úttektarinnar og áætlanagerð um úrbætur til kirkjuþings 2020. Það er hinsvegar ánægjulegt að geta greint frá því, að nokkrir söfnuðir í prófastsdæminu hafa þegar hafið úrbætur vegna ákveðinna atriða sem þessi könnun leiddi í ljós.

Ráðstefnur, námskeið, fræðslustarf o.fl.

Að venju var boðið upp á ýmiskonar fræðslustarf á vegum prófastsdæmisins á liðnu starfsári þótt samkomubann vegna Covid-19 faraldursins hafi vissulega haft veruleg áhrif á vormisserinu.

Þann 2. október 2019 efndi prófastsdæmið til fræðslufundar um sorg og áföll í skólastarfi. Fundurinn var haldinn í Borgum, safnaðarheimili Kársnessóknar, og var skólustjórnum, deildarstjórnum, námsráðgjöfum og öðrum sem málið varðar í grunnskólum Kópavogs og MK sérstaklega boðið að sækja fundinn. Var hann vel sóttur og vakti mikla ánægju. Fyrirhugað var að halda hliðstæða fundi í Breiðholti, Árbæ og Grafarholti á vormisserinu, en þeim þurfti að fresta vega samkomubannsins.

Prédikunarklúbbur presta hefur í rúma tvo áratugi komið saman vikulega yfir vetrartímann undir leiðsögn dr. Sigurjóns Árna Eyjólfssonar, héraðsprests. Í námsleyfi hans tóku þau sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir og sr. Guðni Már Harðarson að sér umsjón með klúbbnum. Hann féll þó niður um miðjan febrúar en verður vonandi endurvakinn á komandi hausti eins og vikulegir biblíulestrar dr. Sigurjóns Árna, sem sömuleiðis féllu niður í námsleyfi hans.

Fermingarnámskeið voru í Vatnaskógi á vegum allra safnaðanna í samvinnu við Skógarmenn KFUM. Er þar bæði um að ræða dags námskeið og námskeið með einnar nætur gistingu. Er kostnaður við þau niðurgreiddur af héraðssjóði.

Þá hefur verið leitast við að miðla upplýsingum milli safnaðanna um þau margvíslegu námskeið sem haldin eru og einnig hafa verið haldin námskeið í samstarfi við nágranna-prófastsdæmin. Má þar t.d. nefna námskeið fyrir kirkjuverði og aðra starfsmenn safnaðanna sem haldið var í janúar og febrúar. Fræðslunefnd prófastsdæmisins skipa þau sr. Bryndís Malla Elíadóttir, sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir og dr. Sigurjón Árna Eyjólfsson.

Þá skal á það minnt, að söfnuðunum standa jafnan til boða eldvarnanámskeið, framsagnar-námskeið og námskeið í skyndihjálp á vegum prófastsdæmisins og eru þau einkum ætluð starfsfólki og sjálfboðaliðum safnaðanna.

Fundir, aðrar samverur o.fl.

Héraðsfundur var haldinn í Borgum, safnaðarheimili Kársnessóknar 28. maí sl. og aukahéraðsfundur í Breiðholtskirkju 24. október. Héraðsnefnd prófastsdæmisins, hefur að jafnaði haldið einn fund á mánuði, en það fyrirkomulag raskaðist þó nokkuð eftir að samkomubannið var sett á. Alls voru fundirnir 11 á starfsárinu. Í héraðsnefnd sitja nú sr. Gunnar Sigurjónsson og Benedikta G. Waage, en varamenn þeirra eru sr. Guðrún Karls Helgudóttir og Eiður Steingrímsson. Það skal tekið fram að bæði aðal- og varamenn eru boðaðir á alla fundi.

Árshátíð prófastsdæmisins var haldin á Hótel Sögu 18. október 2019 og við það tækifæri var fráfarandi ritari prófastsdæmisins, Guðrún Júlíusdóttir, kvödd eftir rétt tæplega tólf ára starf.

Samráðsfundir presta og djákna voru tveir á starfsárinu, sl. haust- og í byrjun þessa árs, en vorfundinum var frestað um sinn vegna samkomubannsins. Formannafundir voru sömuleiðis aðeins tveir af sömu ástæðu og var haustfundurinn sólarhringsfundur í Skálholti.

Auk þeirra funda sem hér hafa verið nefndir, hefur prófastur setið margvíslega fundi á starfsárinu um málefni ÆSKR, Eldriborgararáðs, Kirkjugarða Reykjavíkur og Kirkjugarða-sambands Íslands, svo eitthvað sé nefnt.

Einnig voru að venju margvíslegir fundir með biskupi Íslands, öðrum próföstum, félags-málayfirvöldum o.fl., auk margvíslegra nefndarstarfa. Hafa allmargir slíkir fundir verið haldnir á netinu frá því að samkomubann skall á og er góð reynsla af því. Þá stjórnaði prófastur störfum kjörnefnda í Fossvogs-, Breiðholts- og Digranesprestaköllum.

Hinn 30. maí 2019 hófst vísitasía vígslubiskupsins í Skálholti, hr. Kristjáns Björnssonar, í prófastsdæminu og byrjaði hann á því að heimsækja Kársnessöfnuð. Vísitasían stóð yfir með hléum allt fram til 30. janúar sl. Átti vígslubiskup fundi með sóknarnefndum og starfsfólki safnaðanna auk þess sem hann átti viðtöl við presta, djákna og formenn sóknarnefnda. Þá hefur hann tekið þátt í guðspjónustum og á annan hátt kynnt sér starf og aðstæður safnaðanna.

Að lokum má geta þess, undir þessum lið, að prófastsdæmið hefur í mörg undanfarin ár

staðið fyrir mánaðarlegum Tómasarmessum í Breiðholtskirkju í samvinnu við ýmsa kirkjulega aðila. Tvær síðustu messurnar á þessu vori féllu þó niður vegna samkomubannsins.

Breytingar á starfsliði

Töluverðar breytingar urðu á þjónustu presta og djákna í prestaköllum prófastsdæmisins á starfsárinu:

Þann 31. maí 2019 lét sr. Bára Friðriksdóttir af störfum, sem settur prestur í Digranesprestakalli til afleysingar fyrir sr. Magnús Björn Björnsson. Hinn 1. ágúst var sr. Karen Lind Ólafsdóttir sett til sömu afleysingar í hálfu starfi. Þá var sr. Helga Kolbeinsdóttir vígð 25. ágúst 2019, sem sameiginlegur æskulýðsprestur í Digranes- og Hjallasóknum. Sr. Magnús Björn Björnsson sagði prestsstöðu sinni í Digranesprestakalli lausri eftir að hann var valinn sóknarprestur í Breiðholtsprestakall frá 1. september, en hann hafði áður verið settur sóknarprestur þar frá 1. janúar 2018. Prestsembættið í Digranesprestakalli var þá auglýst og var sr. Helga Kolbeinsdóttir valin og skipuð prestur frá 1. janúar 2020. Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, héraðsprestur, fór í níu mánaða námsleyfi frá 1. september og voru þau sr. Sighvatur Karlsson og sr. Sjöfn Jóhannesdóttir sett til afleysingaþjónustu í hans stað, Sighvatur frá 1. september og Sjöfn frá 1. nóvember. Sr. Guðrún Karls Helgudóttir fór í námsleyfi frá 1. janúar 2020 og var sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir sett sem sóknarprestur í Grafarvogsprestakalli í hennar stað. Hinn 1. mars var sr. Pétur Ragnhildarson vígður sem sameiginlegur æskulýðsprestur í Fella- og Hólasókn og Grafarholtssókn. Steinunn Þorbergsdóttir var vígð til djákna í Breiðholtsprestakalli og í alþjóðlega söfnuðinum 15. september 2019 og Anna Hulda Júlíusdóttir til þjónustu við sumardvöl eldri borgara að Löngumýri 1. mars 2020. Þá var sr. Guðmundur Karl Ágústsson skipaður sóknarprestur í hinu nýja og sameinaða Breiðholtsprestakalli frá 23. nóvember 2019. Og loks skal þess getið, að eins og þegar hefur komið fram, þá lét Guðrún Júlíusdóttir af störfum sem ritari prófastsdæmisins 1. nóvember sl. og var Arna Ingólfsdóttir ráðin í hennar stað.

Þjónandi djákna í prófastsdæminu eru nú sex, að framkvæmdastjóra Eldriborgaráðs meðtöldum, í rúmlega fimm stöðugildum. Þjónandi prestar eru hins vegar 24 í 23 stöðugildum. Erum við því loksins, eftir 10 ára bið, að nálgast þann fjölda vígðra starfsmanna sem var starfandi í prófastsdæminu fyrir bankahrun, en þó vantar raunar einn djákna til að svo sé.

Sameiginlegt starf Reykjavíkurprófastsdæma o.fl.

Megin verkefni Eldriborgaráðs Reykjavíkurprófastsdæma (ER) er að styðja við kirkjustarf eldri borgara í söfnuðunum. Er það m.a. gert með margvíslegum námskeiðum og samráðsfundum fyrir starfsfólk og sjálfbodaliða safnaðanna, og með því að skipuleggja og sjá um ýmiskonar sameiginlega viðburði fyrir þennan aldurshóp. Þá hefur ER staðið fyrir sumardvöl fyrir aldraða á Löngumýri í Skagafirði í samráði við Ellimálanefnd kirkjunnar. Hefur aðsókn stöðugt verið að aukast og eru yfirleitt langir biðlistar í dvalarhópana þótt þeim hafi á undanförunum árum verið fjölgað úr þremur í sex og var einnig svo í ár. En því miður varð að taka þá ákvörðun að fella orlofsdvölinu á þessu sumri niður vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi í þjóðfélaginu. Einnig þurfti af sömu ástæðu að fella niður árlega styrktartónleika orlofsins, Gamlingjann, og

raunar fleiri viðburði. Framkvæmdastjóri ER er Þórey Dögg Jónsdóttir, djákni og hefur hún aðsetur í Breiðholtskirkju.

Æskulýðssamband kirkjunnar í Reykjavíkúrprófastsdæmum (ÆSKR) býður sömuleiðis upp á ýmskonar starf bæði fyrir leiðtoga og unglinga í æskulýðsfélögum safnaðanna og sömuleiðis í TTT starfinu. Þá hefur ÆSKR í gengum tíðina verið falin umsjón með ýmsum verkefnum og þjónustu í æskulýðsmálum kirkjunnar og þá oft í samvinnu við ÆSKP. Er sambandið þannig t.d. mikilvægur framkvæmdaaðili að starfi Leiðtogaskóla kirkjunnar, sem útskrifaði 19 ungmenni á þessu vori. En líkt og hjá ER hefur Covid-19 og samkomubannið, sem því fylgdi, haft víðtæk áhrif og raskað öllu æskulýðsstarfi á vormisserinu og þar með þeim sameiginlegu viðburðum sem að jafnaði eru hluti af starfseminni. Framkvæmdastjóri ÆSKR er Kristján Ágúst Kjartansson og hefur hann aðsetur í Grensáskirkju.

Starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkúrprófastsdæma (KGRP) er umfangsmikil eins og fram kemur í árskýrslu. Viðvarandi niðurskurður lögbundinna framlaga til kirkjugarða á undanförunum árum hefur leitt til þess, að grípa hefur þurft til verulegra aðhaldsaðgerða, sem hafa m.a. leitt til fækkunar starfsfólks, frestunar á brýnum viðhaldsverkefnum og skertrar þjónustu. Prófastarnir í Reykjavíkúrprófastsdæmunum sitja fundi framkvæmdanefndar KGRP sitt hvort árið og hefur undirritaður setið þessa fundi á sl. starfsári.

Einnig vil ég nefna hér, að Reykjavíkúrprófastsdæmin hafa til margra ára staðið fyrir sameiginlegri messuþjónahátíð. Var hún síðast haldin í Grafarvogskirkju 23. maí 2019. Vegna ástandsins sem nú er uppi var því miður ekki hægt að halda slíka að þessu sinni, en hugsanlegt er að hún verði færð til haustsins. Sömuleiðis má sem samstarfsverkefni nefna áðurnefnd námskeið fyrir fermingarbörn í Vatnaskógi.

Þá vil ég geta þess, að prófastsdæmið hefur til fjölda ára styrkt starf Hjálparstarfs kirkjunnar með allmiklum framlögum og er í fjárhagsáætlun gert ráð fyrir áframhaldandi stuðningi á næsta ári.

Að lokum vil ég svo, undir þessum lið, geta þess, að sr. Toshiaki Toma, prestur innflytjenda, hefur síðustu árin haft fasta starfsaðstöðu í prófastsdæminu. Skrifstofa hans er í Breiðholtskirkju og hefur hann haft þar viðtalstíma, námskeið, reglulegt helgihald og annað starf, auk þess sem hann hefur annast ákveðna starfsþætti í öðrum kirkjum eins og t.d. Háteigskirkju og Keflavíkirkirkju. Stofnaður hefur verið alþjóðlegur söfnuður með aðsetur í Breiðholtskirkju, og fær hann nokkurn styrk frá kirkjuráði sem og frá héraðssjóði. Er að því stefnt, að þróuð verði frekar kirkjuleg þjónusta fyrir flóttafólk og innflytjendur á höfuðborgarsvæðinu. Er það von mín að með sameiginlegu átaki okkar í prófastsdæminu megi takast að efla og styrkja þetta mikilvæga starf.

Sjóðir, samskipti við Reykjavíkurborg o.fl.

Stjórn Starfssjóðs safnaðarhjálparrinnar í Reykjavíkúrprófastsdæmum samþykkti á fundi sínum í febrúar sl. að breyta samþykktum sjóðsins þannig að auðveldara verði að veita styrki úr honum, en skv. óbreyttum samþykktum var það orðið nærri ógerlegt, þar sem tekjur sjóðsins hafa dregist mjög saman í kjölfar bankahrunsins. Ekki verður þó úthlutað úr sjóðnum á þessu ári, en á síðasta ári var aðeins um eina úthlutun að ræða til sumardvalar aldraðra á Löngumýri.

Samkvæmt ákvörðun kirkjuráðs um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna árið 2020 koma 105 milljónir kr. í hlut sjö sókna í prófastsdæminu, en árið áður fengu sjö sóknir alls 72,5 milljónir. Er því hér um umtalsverða aukningu að ræða miðað við fyrri ár og komu hæstu styrkirnir í hlut Árbæjarsóknar, Breiðholtssóknar og Kársnessóknar.

Samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og Reykjavíkurprófastsdæma hefur ekki komið saman á þessu kjörtímabili, enda virðast borgaryfirvöld lítinn áhuga hafa á slíku samráði, auk þess sem Kirkjubyggingarsjóður Reykjavíkur var lagður niður fyrir nokkrum árum.

Fjárhagur sókna- og prófastsdæmis

Um sl. áramót tóku gildi breytingar á samningum ríkis og kirkju um kirkjuarðir o.fl., sem urðu með gerð viðbótarsamnings milli þessara aðila, hinn 6. september 2019. Markmið viðbótarsamningsins er að einfalda fjárhagsleg tengsl ríkis og kirkju auk þess sem stefnt er að auknu sjálfstæði þjóðkirkjunnar í fjármálum. Þessar breytingar hafa ekki bein áhrif á fjárhagslega stöðu sóknanna að öðru leyti en því, að Jöfnunarsjóður sókna tengist nú ekki lengur lögum um sóknargjöld heldur verður sjóðurinn framvegis hluti af kirkjuarðasamkomulaginu. Staða presta breytist hins vegar töluvert þar sem þeir eru nú ekki lengur opinberir embættismenn heldur starfsmenn kirkjunnar.

Ekki var í þessum samningaviðræðum fjallað um stöðu sóknargjaldsins, að öðru leyti en því að ríkisstjórnin gaf vilyrði um það, til að liðka fyrir samkomulaginu, að leggja aukalega til 150 milljónir kr. til sóknargjalda á árinu 2020. Reyndin er þó sú, þegar upp er staðið, að þetta aukaframlag nemur aðeins um 112,4 milljónum kr. Sóknargjaldið í ár hækkað skv. þessu í kr. 975 kr. á mánuði fyrir hvern gjaldanda, í stað 925 kr. á síðasta ári, en hefði getað orðið u.þ.b. 989 kr. ef vilyrðið hefði verið efnt að fullu. Skv. lögum um sóknargjöld ætti gjaldið í ár hinsvegar að vera u.þ.b. 1725 kr. á mánuði eða u.þ.b. 750 kr. hærra en nú er. Er sú hækkan sóknargjaldsins sem varð á þessu ári því ekki mikil leiðrétting á þeirri gríðarlegu skerðingu sóknargjaldsins sem viðgengist hefur frá árinu 2009. Og því miður virðast yfirstandandi fjárhagsþrengingar þjóðarbúsins ekki gefa mikið tilefni til bjartsýni um að frekari leiðréttingar sé von á næstunni. Virðist því næsta ljóst, að það stefnir í áframhaldandi fjárhagslegar þrengingar sóknanna og þar með prófastsdæmisins. Það er því ákaflega brýnt, að viðræður við ríkisvaldið, um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, verði til lykta leiddar með einhverskonar samkomulagi um sóknargjaldið.

Ég hef tekið saman yfirlit um niðurskurðinn eins og hann hefur verið í hverjum söfnuði prófastsdæmisins fyrir sig. Kemur þar fram, að heildarniðurskurðurinn í okkar prófastsdæmi frá árinu 2008 til og með ársins í ár nemur nú u.þ.b. 3,2 milljörðum króna eða að meðaltali u.þ.b. 246,4 milljónum kr. á hverju ári. Og heildarniðurskurðurinn til allra safnaða þjóðkirkjunnar nemur nú rúmlega 12,1 milljarði kr.

Í þessum fjárhagsþrengingum yrði það söfnuðum sannarlega nokkur búbot ef þær reglur sem ríkisstjórnin hefur kynnt, sem hluta aðgerða vegna efnahagsþrenginganna í kjölfar Covid-19, verða látnar ná til sóknanna. Hér á ég þá sérstaklega við þá tímabundnu 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts til mannúðar- og líknarfélaga vegna byggingar- og viðhaldsfrankvæmda, sem boðuð hefur verið.

Sameining prestakalla

Á kirkjuþingi 2019 var samþykkt tillaga um sameiningu Breiðholtsprestakalls og Fella- og Hólaprestakalls frá og með 23. nóvember 2019 og eins og áður hefur komið fram hefur sr. Guðmundur Karl Ágústsson verið skipaður sóknarprestur í hinu nýja Breiðholtsprestakalli. Ennfremur lá fyrir þinginu tillaga um sameiningu Digranes- og Hjallaprestakalla, en afgreiðslu á henni var frestað til framhaldspingsins, sem haldið verður í september n.k. En þótt sameining hafi þannig ekki enn átt sér formlega stað, þá hafa þessir tveir söfnuðir og prestar þeirra þegar stóraukið samstarf sitt og hefur það komið þeim verulega til góða í samkomubanninu.

Niðurlagsorð

Ég læt svo þessari skýrslu vera lokið með því að færa öllum þeim, sem komið hafa að starfinu í prófastsdæminu á sl. starfsári, innilegar þakkir fyrir samstarf og þjónustuna alla. Einnig vil ég þakka góðum Guði, sem hefur blessað starfið svo ríkulega þrátt fyrir ytra mótlæti. Leggjum starfið allt í hans hendur og treystum umhyggju hans. Hann vill styrkja okkur og leiða, því megum við treysta og það er náð hans og kærleikur sem öllu breytir og gefur okkur þann styrk og kraft, sem við þurfum á að halda til að starfa og þjóna í kirkju hans.

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir, prófastur

*Þú, Jesús, ert vegur
til himinsins heim*

orti séra Helgi Hálfðánarson í sálmi sem mikið var sunginn í kirkjunni á síðustu öld. Sr. Helgi yrkir út frá orðum Jesú í Jóhannesarguðspjalli þar sem Jesú segir um sjálfan sig: „Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið, enginn kemur til föðurins nema fyrir mig.“ Út frá þessari „ég er“ setningu Jesú yrkir sr. Helgi eftirfarandi:

*Þú, Jesús, ert vegur
til himinsins heim.*

*Þú, Jesús, ert sannleikur,
lát oss fá sjá.*

*Þú, Jesús, ert lífið
sem dauðann fær deytt.*

Í dymbilvikunni, n.t.t. á skírdag og föstudaginn langa, tók ég mig til og hélt út á veginn og gekk á milli allra kirknanna í prófastsdæminu mínu, byrjaði við Seltjarnarneskirkju og endaði við

Langholtskirkju og hafði þá samtals komið við í tíu kirkjum. Þessi ganga, sem kalla mætti pílagrímagöngu, hafði ákveðið markmið og tilgang fyrir mig sem mig langar til að greina ykkur frá. En fyrst ber að minna á að dymbilvika var á hápunkti Covid faraldursins í marsbyrjun 2020. Þá voru flest smit, flestir í sóttkví og margir alvarlega veikir. Kirkjurnar voru lokaðar og helgihald lá niðri. Í öðru lagi skal játað að það voru engar göfugar kenndir sem hrundu mér af stað í þessa göngu heldur þvert á móti. Ég var reið, mjög reið í garð ýmissa samborgara minna og fjölmiðla sem gerðu lítið úr þjónustu Þjóðkirkjunnar á þessum tíma og það virtist alveg sama hversu miklum upplýsingum um starfið var veitt til fjölmiðlanna, Þjóðkirkjan virtist enga möguleika eiga til jafns við aðrar félagslegar einingar samfélagsins sem fengu sinn skerf í fjölmiðlaumræðunni.

Þetta gerði mig bálreiða því ég vissi um öll símtölin, kveðjurnar, streymisstundirnar, hugvitið, sköpunarkraftinn og nýjungarnar sem prestarnir, safnaðarstarfsfólkið, tónlistarfólk kirkjunnar og fleiri lögðu til á þessum tímum. Þakklætið fékk kirkjan ekki í fjölmiðlunum eins og dæmin sönnuðu heldur í beinum samskiptum í gæðasamtölum við einangraða og aldraða og í gríðarlegu samanlögðu áhorfi á streymdu efni frá helgistundum, menningarviðburðum og samtalspáttum á heimasíðum kirknanna og sérstökum rásum.

Þar sem ég sat heima hjá mér fann ég til mikillar reiði og líka djúprar einsemdar. „Gott á þig,“ kom þá upp í hugann og ... „gott fyrir þig.“ Ég saknaði safnaðarfólks og samstarfsfólks, samsöngs, altarisins og sakramentisins. Ég hugsaði með mér: „Hvað get ég gert, hvað get ég lagt að mörkum, hvað kann ég, hvað er mér tamt að gera?“ Þá fór ég út og hélt út á veginn. Ég ákvað að fara til kirkju, ég skyldi staðnæmast að kórbaki hvernar kirkju, sem næst altarinu, þar sem ég er vön að vera. Ég ætlaði að biðja þarna, eins og ég er vön að gera hinum megin við vegginn, við altarið. Biðja fyrir prestum, starfsfólki, sóknarnefndarfólki og söfnuðum.

Á skírdegi var það fyrst Seltjarnarneskirkja með unaðslegri fjallasýn til Akrafjalls, Skarðsheiðar og Esju. Ég hef ævinlega tilhneigingu til að byrja eitthvað nýtt og gott á Seltjarnarnesi, þar rís landið úr sæ í margvíslegri merkingu. Á leiðinni að Neskirkju sungu prestir og tjaldar og á vegi mínum varð fólk sem ég hafði ekki séð í háa herrans tíð, gamall kennari minn og vinir úr Hagaskóla og minningarnar streymdu fram með hjálp þessa góða fólks. Það eru englar í Nessókn. Að kórbaki Hallgrímskirkju heyrði ég með innri eyrum mínum voldugan og hrífandi lofsöng kóranna og sá fyrir mér hundruð manna og kvenna sem ganga þar inn og út alla daga vikunnar. Á leiðinni upp í Háteigskirkju hitti ég litla stelpu með fléttur sem sagði: „Manstu þegar við vorum að skíra bangsana?“ Og þar sem ég signdi mig og bað aftan við kirkjuna sem ég hef þjónað í 27 ár fylltist hjarta mitt friði og þakklæti. Við sjávarsíðuna á leiðinni niður í Dómkirkju kom heimurinn á móti mér svo að segja, Portúgalir, Ítalir, Danir, Þjóðverjar, Englendingar, Kínverjar. Þeir voru hér sem sagt nokkrir ennþá. Það er makalaust að ganga um götur miðborgarinnar og heyra öll heimsins tungumál og sjá ólíkt fólk - Guði sé lof fyrir útlendingana, ferðamennina sem bera með sér fjölbreytni mannlífsins í hinum stóra heimi og eru m.a.s. með kortin sín í veskinu. Þarna var menningin á sínum stað, Þjóðleikhúsið, Harpa og stjórnsýsla landsins, Arnarhvoll, Stjórnarráðshúsið, Alþingi og ráðhús Reykjavíkur. Að kórbaki Dómkirkjunnar, sem var sóknarkirkja mín og fjölskyldu minnar lengst af minntist ég sérstaklega allra presta, kvenna og karla sem þar hafa þegið vígslu sína til sérstakrar köllunar og nam staðar við styttuna af sr. Bjarna Jónssyni sem var verðugur fulltrúi alls þessa fólks sem í Dómkirkjunni hefur hlotið prestsvígslu sína en sr. Bjarni þjónaði Dómkirkjunni á árunum 1910-

1951, lengst allra Dómkirkjupresta og var þjóðþekktur maður og virtur vegna starfa sinna, t.d. á meðan spánska veikin geisaði.

Í rigningsuddanum á föstudeginum langa var búið að flagga í hálfra stöng í kirkjunum, það sagði mér að einhver hafði sýnt þá ræktarsemi í verki sem hæfir þessum einstaka degi. Ég byrjaði við Bústaðakirkju og þakkaði Guði fyrir hið þróttmikla safnaðarstarf sem þar hefur verið innt af hendi alla tíð. Á leiðinni í vesturátt blasti Borgarspítalinn við með Covid sjúklunga og aðra sjúklunga, lækna, hjúkrunarfólk og sálgæsluþjónustu presta og djákna - og svo blessuð Grensás-deildin þar sem kraftaverkin gerast. Að kórbaki Grensáskirkju fann ég áþreifanlegan bænaránda og nærveru Drottins. Ég fól Guði alla sorg og sít, áhyggjur og kvíða sem geta legið eins og mara á einstaklingum og samfélögum, í kirkju jafnt sem utan hennar. Í Laugarneskirkju var verið að streyma guðsþjónustu og leikkonan sem las gaf vinnu sína og formaður sóknarnefndarinnar sinni kirkjuvörslunni. Á leiðinni í Áskirkju laukst upp fyrir mér hvað Laugardalurinn er mikil vin í borginni, með grænar grundir, blóm og tré og ung pör að spásæra með litlu börnin sín í vagni. Og þarna þekkti ég lögregluþjón sem var í fótbolta með strákunum sínum. Áfram Þróttur. Borgin blasti við í allri sinni fegurð frá litla skotinu að kórbaki Áskirkju, það var gott að tylla sér á bekknum og biðja þar og þakka fyrir trúfasta þjónustu prests og starfsfólks. Langholtskirkja beið mín að lokum, þegar ég var orðin dauðþreytt en þegar ég sá allan myndarskapinn og snyrtimennskuna við þessa stóru kirkju og mér fannst ég heyra óminn af söng barnanna og unglínganna taka á móti mér hrestist ég öll við. Bara alveg eins og í lífinu yfirleitt.

Ég geng inn í kirkjuna, nýt góðs atlætis til líkama og sálar og fer svo aftur þaðan út, margblessuð til að takast á hendur þau verkefni sem lífið færir mér í skaut. Kirkjurnar okkar tíu í prófastsdæminu eru vörður á vegferð okkar á göngunni í gegnum lífið. Við vitum af þeim, þær eru þarna á sínum stað, þær eru heilagar, frátekna, það stafar góðu frá þeim og við höfum metnað til að bera fyrir þeirra hönd - við öll sem eitt. Við skulum reyna að láta það ekki angra okkur þótt fjölmiðlar gefi starfinu okkar ekki verðskuldaðan gaum en það verður að segjast eins og er að á köflum jaðrar það við blygðunarlausu sögufölsun. Við vitum betur og verkefni sjálf, vinnan, er viðurkenningin.

Þjónusta presta og djákna

Eftirfarandi breytingar urðu á starfsvettvangi presta og djákna á árinu:

Sr. Ólafur Jóhannsson, lét af störfum sóknarprestis í Grensáskirkju hinn 31. maí s.l. Þegar embættið var lagt niður við sameiningu Bústaða- og Grensásprestakalla og nýtt prestakall, Fossvogsprestakall var formlega stofnað.

Sr. Pálmi Matthíasson var skipaður sóknarprestur í hinu nýja Fossvogsprestakalli.

Sr. Eva Björk Valdímarsdóttir, héraðsprestur var kjörin prestur í hinu nýja Fossvogsprestakalli.

Dr. María Guðrúnardóttir Ágústsdóttir var kjörin prestur í hinu nýja Fossvogsprestakalli.

Sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir hefur þjónað sem héraðsprestur í afleysingu samfleytt í tæp tvö ár. Nú sér fyrir endann á hennar góðu þjónustu fyrir prófastsdæmið og eru henni hér með færðar innilegar þakkir fyrir trúfasta þjónustu, hugsjónir og faglega nálgun í sínum störfum og vil ég sérstaklega nefna þéttriðið tengslanet hennar og traust sem hún hefur áunnið sér og kirkjunni á meðal flóttafólks og hælisleitenda á Íslandi í samstarfi við prest innflytjenda, sr. Toshiki Toma.

Dr. Jón Ásgeir Sigurvinsson hefur verið ráðinn héraðsprestur prófastsdæmisins og mun hann hefja störf 1. júní 2020. Ég býð hann hjartanlega velkominn til starfa og vænti góðs af samstarfinu við hann en eins og flestum ætti að vera kunnugt er héraðspresturinn nánasti samstarfsmaður prófastsins, auk ritara og bókara prófastsdæmisins.

Sr. Aldís Rut Gísladóttir var ráðin prestur í Langholtsprestakalli í 50% starfshlutfalli og var hún sett inn í embætti þann 10. nóvember s.l. Sr. Aldís er hundraðasta konan sem hlýtur prestsvígslu á Íslandi.

Sr. Sigrún Óskarsdóttir var ráðin fangaprestur Þjóðkirkjunnar. Það er í fyrsta skipti sem kona gegnir því starfi hér á landi en það er alþekkt á Norðurlöndum og víðar að konur gegni starfi prests í fangelsum.

Sr. Guðný Hallgrímsdóttir snéri aftur til starfa sinna á meðal fatlaðra að afloknu ársleyfi. Ég vil þakka sr. Ursulu Árnadóttur afleysingaþjónustu hennar í leyfi sr. Guðnýjar.

Sr. Vigfús Bjarni Albertsson, snéri aftur til starfa sinna á Landspítala eftir að hafa sinnt mannauðsstjórarstarfi á Biskupsstofu í eitt ár.

Sr. Ingólfur Hartvigsson hefur verið ráðinn sjúkrahúsprestur á Landspítala. Sr. Inga Harðardóttir hefur verið ráðin í stöðu prests Íslendinga í Noregi og var hún sett inn í embætti í Osló þann 8. september s.l.

Sr. Sigfús Kristjánsson hefur verið ráðinn sendiráðsprestur í Kaupmannahöfn en embættið var auglýst laust til umsóknar á vordögum. Embættið er samstarfsverkefni Biskupsstofu og Utanríkisþjónustu Íslands. Ég vil þakka sr. Ágústi Einarssyni, presti Íslendinga í Svíþjóð fyrir þjónustu við Íslendinga í Danmörku á undanförunum árum. Daníel Ágúst Gautason var ráðinn djákni í Fossvogsprestakalli.

Kristný Rós Gústafsdóttir lét af störfum djákna í Ássókn og hefur verið ráðin verkefnastjóri í Hallgrímskirkju.

Jóhanna María Eyjólfsdóttir var ráðin djákni í Ássókn.

Héraðsnefnd og skrifstofa prófastsdæmisins

Héraðsnefnd var skipuð eftirtöldum einstaklingum 2019-2020: Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Hallgrímssókn; Kristján Guðmundsson, Ássókn; sr. Bjarni Þór Bjarnason, Seltjarnarnessókn og Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, Laugarnessókn. Aðal- og varamenn voru boðaðir á alla fundi auk Birnu Birgisdóttur, ritara sem undirbjó fundina og ritaði fundargerðir. Héraðsnefndin hittist í hádeginu fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, hún markaði stefnu í ýmsum og ólíkum málum, afgangi umsóknir í héraðssjóð og undirbjó viðburði á vegum prófastsdæmisins. Á héraðsfundinum í ár verður kosið um leikmann í héraðsnefndina og varamann fyrir hann. Leikmennirnir sem nú þegar sitja í nefndinni hafa ákveðið að gefa kost á sér til endurkjörs.

Starfsmannaviðtöl

Regluleg starfsmannaviðtöl eru haldin fyrir presta á miðvikudögum og hver prestur sækir slík viðtöl a.m.k. einu sinni á vetri. Hefur það fyrirkomulag verið við lýði frá haustinu 2015. Starfsmannaviðtal er faglegt trúnaðar- og sálgæslusamtal milli prófasts og prests. Í samtalinu ber margt á góma er varðar líðan og stöðu prestsins í starfi og einkalífi. Stundum eru einstök

mál sem presturinn glímur við tekin til skoðunar án þess að presturinn rjúfi þagnarskyldu sína, námsmöguleikar eru viðraðir og væntingar til vinnuveitandans reifaðar, svo eitthvað sé nefnt sem ber á góma í þessum viðtölum. Starfsmannaviðtölin eru sá hluti starfsins sem ég er hvað stoltust af, bæði vegna þess hve vel og samviskusamlega prestarnir rækja þau og eins vegna þess að þau eru tær vitnisburður um einstakan mannauð þjóðkirkjunnar. Það er svo stór hluti starfa presta unninn í kyrrþey og hljóði eðlis þeirra vegna sem gerir það að verkum að mörgum utanaðkomandi dylst í hverju starfið er fólgið og í hvað tíminn fer hjá prestum.

Fundir og mannfagnaðir

Í byrjun aðventu vísiteraði ég að venju söfnuði Íslendinga í Gautaborg og Kaupmannahöfn, átti starfsmannaviðtöl við prest og starfsfólk, sat sóknarnefndarfundi og prédikaði við guðspjónustur í báðum borgum.

Morgunsamverur presta og djákna í Grensáskirkju voru þrjár á starfsárinu. Ýmsir góðir gestir úr samfélaginu komu og fluttu stutt erindi - kirkjan á víða góða vini sem eru fúsir til að leggja efni til á fundum án þess að taka gjald fyrir. Haustfundur presta var haldinn í Hallgrímskirkju með Pétri Markan, samskiptastjóra á Biskupsstofu og Drífu Hjartardóttur, forseta Kirkjubings. Formenn sóknarnefnda sóttu fund með prófasti á Lækjarbrekku fyrir jól og var samveran einkar vel sótt með öllum formönnum og dýrmætt fyrir þá að hittast og bera saman bækur sínar með prófasti. Janúarfundur presta var haldinn í Rúgbrauðsgerðinni þar sem nýráðinn mannauðsstjóri þjóðkirkjunnar, Ingunn Ólafsdóttir, kynnti starfssvið sitt. Árshátíð presta, djákna og maka þeirra var haldin á Nauthóli í marsbyrjun þar sem fólk kom saman í sínu fínasta þússi, söng og dansaði og borðaði góðan mat og naut heimatilbúinna skemmtiatriða.

Covid og samkomubann

S.l. tvo mánuði, n.t.t. frá 22. mars-16. maí 2020 hefur opið helgihald í kirkjum legið niðri. Biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir, gaf það út í byrjun veirufaraldursins að þjóðkirkjan myndi lúta tilmælum Almannavarna og Landlæknis um samkomubann líkt og aðrar félagslegar einingar samfélagsins og ekki standa fyrir opnum samkomum og guðspjónustum. Messur voru felldar niður, altarisgöngur lagðar af og strangar reglur um snertingar milli fólks í helgiathöfnum voru settar á. Fermingum var frestað til hausts en útfarir hafa farið fram en þær hafa lotið afar ströngum skilyrðum um þátttöku fólks í athöfnum. Ennfremur hafa reglur um umgengni starfsfólks útfarastofa, presta og aðstandenda verið strangar þegar kemur að nálægð við lík en þar hefur í einu og öllu verið farið eftir leiðbeiningum og fyrirmælum frá Landlæknisembættinu. Prestar á höfuðborgarsvæðinu hafa staðið útfaravakt til skiptis til að minnka hættuna á smiti í þeirra röðum.

Frá 4. maí og 17. maí hefur verið slakað á varúðarráðstöfunum og samkomubanni. Þann 25. maí 2020 er næsti dagur breytinga í þessum efnunum ef Guð lofar, þegar samkomubann hættir að miðast við 50 manns eins og nú er og mun miðast við 200 manns. En enn þarf að gæta fyllstu varúðar í umgengni manna á milli, kirkjurnar þarf að þrifa sérstaklega vel og sprittbrúsar þurfa alls staðar að vera frammi og sýnilegir öllum almenningi.

Náms- og pílagrímaferð til Skotlands

Af ásettu ráði hef ég geymt það besta þar til síðast í þessari skýrslu en það er að greina frá náms- og pílagrímaferð prófастsdæmisins til Skotlands 8.-15. október s.l. Sr. Bjarni Þór Bjarnason, sóknarprestur í Seltjarnarneskirkju, hafði veg og vanda af skipulagningu ferðarinnar. Fjölmarginir staðir voru heimsóttir sem höfðu kirkjusögulega þýðingu en hápunktar ferðarinnar voru annars vegar heimsókn í St. Giles dómkirkjunu í Edinborg og hins vegar pílagrímaferð út á eyjuna Iona undan vesturströnd Skotlands. Í St. Giles eru glerlistaverk eftir Leif Breiðfjörð, stór steindur gluggi yfir aðaldyrum og veggur eða stórt skilrúm úr steindu gleri við aðalinnganginn í kirkjunu. Leifur var með í för ásamt Sigríði eiginkonu sinni sem hefur tekið drjúgan þátt í vinnu manns síns við gerð verka hans en eins og allir vita prýða listaverk eftir Leif margar kirkjur í okkar prófастsdæmi en hann nam list sína í Edinborg. Á Iona, þar sem heilagur Kólumkilli kom fyrst að landi á Bretlandseyjum, er heilagur staður. Þar er starfrækt ekúmenískt samfélag kristins fólks sem leitar þess sem sameinar kristna menn fremur en að sundra þeim. Þátttakendur í ferðinni voru 23 talsins og skiptu þeir á milli sín ýmiss konar fræðslu um þá staði sem heimsóttir voru og eignuðust þannig allir hlutdeild í ferðinni að meira eða minna leyti.

Ferðalög eru vel til þess fallin að færa fólk nær hvert öðru og treysta böndin. Þess vegna erum við farin að huga að næstu ferð. Þá er hugmyndin að ganga Jakobsveginn og hefur sr. Elínborg Sturludóttir, prestur í Dómkirkjunni tekið að sér að móta hugmyndir að framkvæmd og tilhögun ferðarinnar ásamt prófasti og annast fararstjórn. Meira um það síðar en nú er gott að fara að æfa sig í göngu og gera sig kláran fyrir Jakobsveginn.

Daginn í dag

Héraðsfundir og aðalsafnaðarfundir eru haldnir í ár með ýmsum hætti á landinu samkvæmt ákvörðun prófastafundar með biskupum. Í samráði við starfsfólk Biskupsstofu ákvað ég með héraðsnefnd að halda áður auglýstri dagsetningu héraðsfundar Reykjavíkurprófастsdæmis vestra. Það gerum við fyrst og fremst með þeim félagslegu rökum að við þurfum öll að hittast og blanda geði, skiptast á orðum, rökum, skoðunum, frásögnum, hvetja og styðja hvert annað, borða saman, þakka og njóta samvista hvert við annað. Það eitt og sér er nægilegt tilefni til að halda héraðsfund eftir allt sem á undan er gengið. Við þurfum að standa upp, byrja aftur, halda á stað út á veginn, hitta fólk og heilsa því. Það sem út af kann að standa varðandi aðalsafnaðarfundir og héraðsfund (sem gæti t.d. varðað skil reikninga) kemur bara þegar það kemur. Dagskipunin er sú að á þessum tíma, eftir hinn stranga, erfiða vetur þurfum við að einhverju leyti að horfa í gegnum fingur þegar kemur að formsatriðum og við þurfum að fara hægt af stað. En við ætlum öll að gera okkar besta, hingað til sem endranær.

Undanfarið höfum við verið minnt á það með óyggjandi hætti að allt er í heiminum hverfult og öll plön og ráðagerðir hafa orðið úrelt á augabragði. Það minnir okkur á að lífa hverja stund í auðmýkt og þakklæti, að vanda líf okkar til orðs og æðis og njóta samvista við aðstandendur og vini. Ég vil þakka ykkur öllum samstarf og vináttu, - söfnuðum, sóknarnefndum, starfsfólki sókna og prestum. Sérstakar þakkir færi ég starfsfólki Bústaðakirkju fyrir að hýsa héraðsfundinn í ár. Biskupi Íslands og starfsfólki Biskupsstofu þakka ég samstarf og liðveislu og bið ykkur allrar blessunar í bráð og lengd.

„Allir vegir Drottins eru elska og trúfesti fyrir þá sem halda sáttmála hans og boð“ (Sl. 25:10).

Vesturlandsprófastsdæmi

Sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, prófastur

Síðustu misseri hafa verið undarleg í kirkjulífi á Vesturlandi sem annars staðar vegna farsóttarinnar sem lagði hramm sinn yfir mannlíf allt. Biskupsvísitاسía kláraðist ekki, fermingum frestað, útfarir í kyrrþey og á streymi – nýtt orð í kirkjumálinu.

Á fyrri hluta ársins 2019 var undirritaður í námsleyfi. Prófastsstörfum gegndi sr. Gunnar Eiríkur Hauksson.

Nokkrar breytingar hafa orðið á prestsþjónustunni í prófastsdæminu nú undanfarið. Sr. Þráinn Haraldsson var valinn sóknarprestur í nýju Garða- og Saurbæjarprestakalli. Síðan voru auglýst tvö embætti presta í því prestakalli og voru valdar þær sr. Jónína Ólafsdóttir og Þóra Björg Sigurðardóttir.

Séra Flóki Kristinsson lét af embætti nú 1. júní í Hvanneyrarprestakalli og fram eru komnar tillögur um sameiningu Hvanneyrar og Reykholtsprestakalla. Séra Brynhildur Óla Elínardóttir var sett sóknarprestur í Stafholtsprestakalli frá 1. júní 2019. Framundan er að Stafholtsprestakall verði auglýst og þá með viðbótarskyldum við Borgarprestakall.

Þannig eru verulegar breytingar orðnar og væntanlegar á þjónustuskipan í prófastsdæminu er snerta öll prestaköll í gamla Borgarfjarðarprófastsdæminu. Þetta eru breytingar sem miða að því að jafna þjónustubyrði og ekki er annað að sjá en þær mælist vel fyrir. Ekki hafa verið gerðar verulegar breytingar á gamla Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi; þó hefur Skarðssókn verið færð úr Reykhólaprestakalli yfir í Dalaprestakall og Flatey sett undir Stykkishólm.

Vísitاسía biskups Íslands í Vesturlandsprófastsdæmi hófst þann 29. janúar með messu í Borgarneskirkerju þar sem biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir predikaði. Í för með biskupi var sr. Þorvaldur Víðisson biskupsritari.

Að lokinni vísitاسía í Borgarprestakalli var hið nýja Garða- og Saurbæjarprestakall vísitاسía, síðan Hvanneyrarprestakall, þá Reykholtsprestakall. Síðan var haldið í Grundarfjörð og næst í Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall. Stafholtsprestakall var næst á dagskrá og síðan Staðastaðarprestakall.

Pegar þarna var komið sögu, í fyrri hluta marsmánaðar voru blikur á lofti vegna kóvíð faraldursins. Því reyndist ekki unnt að vísitاسía Stykkishólms- og Dalaprestaköll, en áformað hafði verið að ljúka vísitاسíunni um mánaðarmótin mars-apríl.

Það bíður því betri tíma að ljúka biskupsvísitاسía í Vesturlandsprófastsdæmi.

Vísitاسían gekk afar vel og veður bærileg, stundum reyndar byljótt og snjóasamt en oftar þrýðis veður. Móttökur voru góðar. Biskup fór víða um prestaköllin og leit við í skólum, fyrirtækjum og átti fund með sveitarstjórnarfólki. Þá voru dvalarheimili aldraðra sótt heim.

Líkt og hefðbundið er voru kirkjur skoðaðar, munir og áhöld aðgætt. Þá voru fundir með sóknarprestum og sóknarnefndum þar sem rædd voru málefni sóknanna, fjallað um kirkjustarfið og hið endalausa áhyggjuefni, viðhald, þverrandi sóknartekjur sem gera sóknnum æ erfiðara með að viðhalda kirkjum og safnaðarheimilum. Það er nú eitthvað sem kirkjufólk allt þekkir mæta vel.

Upp úr stendur að það er dýrmætt fyrir biskup að kynnast trúnaðarmönnum safnaðanna og sjá og reyna hollustu og trúmennsku þessa góða fólks sem leggur sig fram um að þjóna kirkju sinni og samfélagi sínu um leið.



Prófastur og biskup á góðri stundu í vísitásiu biskups

En það var ekki aðeins dagskrá vísitásiunnar sem fór úr skorðum. Líkt og um land allt hafði farsóttin þau áhrif að messuhald lagðist af, fermingum var frestað og útfarir gerðar nánast í kyrrþey. Við þessu var brugðist víða með því að streyma guðsþjónustum, helgistundum og hugleiðingum á heimasíðum kirkna eða á Facebook. Það framtak mæltist vel fyrir. Útfarir voru líka sendar út á netinu.

Víst er að margan lærdóm má draga af farsóttarástandinu. Meðal annars að kirkjan á, þrátt fyrir að oft sé annað fullyrkt, ríkan sess í samfélagi okkar og er ómissandi þáttur af mannlífinu. Sú vitneskja ætti að efla okkur í starfi og þjónustu.

Vestfjarðaprófastsdæmi

Sr. Magnús Erlingsson, prófastur

Hátíð og hausverkur á Patreksfirði

Kirkja er samfélag fólks, sem kemur saman til að biðja og lofa Guð. Hátíð er á hverjum sunnudegi þegar söfnuðurinn safnast saman í kirkjunni til að hlýða á Guðs orð, syngja sálmana og útteila sakramentinu. Ein slík hátíð var í Patreksfjarðarkirkju sunnudaginn 6. október 2019. Sóknarpresturinn sr. Kristján Arason þjónaði fyrir altari ásamt þremur fyrrum prestum Patreksfirðinga; þeim sr. Sigurði Jónssyni sem þjónaði prestakallinu 1988-1991, sr. Hannesi Björnssyni sem þjónaði 1992-2001 og sr. Leifi Ragnari Jónssyni sem þjónaði frá 2001-2017. Vígslubiskupinn í Skálholti steig í stólinn og prédikaði. Að messu lokinni var gengið yfir götuna og vígt safnaðarheimili. Var það helgað með bæn og Guðs orði. Síðan bauð sóknarnefndin öllum viðstöddum upp á kaffi og kökur.

Patreksfjarðarsókn fékk umrætt hús að gjöf frá útgerðinni Odda hf. árið 2007 en þá fagnaði Patreksfjarðarkirkja 100 ára vígsluafmæli sínu. Húsið þarfnáðist verulegra endurbóta og með hjálp margra góðra manna og kvenna var farið af stað í þá vegferð. Og nú 12 árum seinna er safnaðarheimilið fullbúið. Á efri hæðinni er stór og mikill salur ásamt eldhúsi og skrifstofu sóknarprests. Á neðri hæðinni er aðstaða fyrir unglíngastarf og fleira. Mikið og fjölbreytt starf fer fram í húsinu allan ársins hring.

Messur, skírnir, fermingar, hjónavígslur og útfarir eru athafnir, sem draga að sér fjölda fólks og vekja einnig athygli og áhuga. En þó er þetta einungis hluti af starfi safnaðanna. Í flestum söfnuðum fer fram öflugt safnaðarstarf þar sem ungdómurinn fær fræðslu við sitt hæfi, þar sem unglíngar og eldri borgarar eiga sér athvarf til að hittast og haldnir eru fundir, samkomur og veislur. Þess vegna er það sérstakt fagnaðarefni að Patreksfirðingar skuli hafa eignast gott safnaðarheimili.

Patreksfjarðarprestakall nær yfir átta sóknir. Þrjár þeirra eru í þéttbýli, það er á Bíldudal, Tálknafirði og Patreksfirði. Á öllum þessum stöðum eru safnaðarheimili, sem eru vel nýtt. Hinar sóknirnar heita Brjánslækjarsókn, Hagasókn, Saurbæjarsókn, Sauðlauksdalssókn og Breiðavíkursókn. Líkt og sjá má af þessari upptalningu þá er í mörg horn að líta hjá sóknarprestinum á Patreksfirði. Með réttu þá ættu tveir prestar að vera þjónandi í þessu víðfeðma prestakalli. Því miður þá er svo ekki. Samkvæmt exel-skjali, sem kirkjuping hefur samþykkt þá skal vera einn og hálfur prestur á þessu svæði. Hálfur presturinn hefur alltaf verið svolítið vandamál. Nýútskrifaðir guðfræðikandidatar koma hingað vestur til að fá prestsvígslu og svolitla reynslu en síðan fara þeir annað um leið og tækifæri gefst því enginn lifir af hálfum prestslaunum og ekki er alltaf á vísan að róa með kennslu. Prestsembætti á að vera fullt starf en ekki hálf starf ellegar íhlaupavinna. Vonandi sér kirkjuping sóma sinn í að laga þetta skipulagsslys.

Biskup og prófastur hafa haft nokkurn hausverk af þessari hálfu stöðu í Patreksfjarðarprestakalli. Síðastliðinn vetur datt þeim í hug að leika svolítið á exel-skjalið og auglýsa bara heila stöðu í sex mánuði því líkt og grunnskólabörn vita þá er hálfum sinnum tólf sama og einu sinni sex.



Á Patreksfirði: Sr. Leifur Ragnar, sr. Kristján sóknarprestur á Patreksfirði, herra Kristján Björnsson vígslubiskup í Skálholti, sr. Sigurður og sr. Hannes.

Guðfræðingurinn Bryndís Svavarsdóttir sótti um og var hún vígð til prestsþjónustu í Patreksfjarðarprestakalli. Hún kom til starfa við upphaf aðventu og var fram á sumar. Sinnti hún öllum prestsverkum og þegar drepsóttin fór að setja prestum skorður þá greip Bryndís gítarinn og gerði nokkur ágæt myndbönd, sem hún setti inn á YouTube, sem á íslensku heitir „Þinn skjár“. Fleiri prestar gerðu slíkt hið sama og eru þessi myndbönd á þúskjánum merkilegar heimildir.

Tveir góðir og ein alvond

Þingeyrarprestakalli er þjónað af sr. Hildi Ingu Rúnarsdóttur. Sr. Hildur er mikil hæfileikamanneskja. Hún er guðfræðingur góður, þrjónar og eldar góðan mat, enda ættuð úr norðlenskri sveit, þá spilar hún á orgel og syngur alveg ljómandi vel. Er fengur að slíkum presti í vestrinu. Sr. Hildur hefur verið okkar fulltrúi gagnvart Prestafélagi Íslands. Þá hefur hún setið á kirkjuþingi sem fulltrúi vestfirskra presta. Fulltrúi leikmanna er Árný Herbertsdóttir, kennari á Ísafirði.

Við höfum annan ágætastan prest alinn upp á Norðurlandinu. Það er hinn sporlétti þjónn Drottins, sr. Fjölfnir Ásbjörnsson, sem í fríum sínum leikur sér að því að skokka Jakobsveginn, gamla pílagrímaleið, sem liggur frá Frakklandi eftir Norður Spáni alla leið til Santiago de Compostela, sem kúrir við Atlantshafið, í Galísíu vestast á Íberíuskaganum. Þar segir sagan að bein Jakobs postula séu geymd og grafin. En þótt sr. Fjölfnir sé frá á fæti þá gat hann ekki hlaupið frá pestinni, sem komst úr lindýrum á markaðinum í Vúhan-borg og barst yfir í



Efri mynd:
Kór Ísafjarðarkirkju
eftir aðventukvöld 2019

Mynd t.v.:
Eftir orgelvígslu í Hólskirkju
á uppstigningardag

manneskjur og varð svo að drepsótt er breiðst hefur út um alla heimsbyggðina. Sr. Fjöltnir lá heima og fann sárt til í hálsi og lungum. Af þessu má merkja að prestar veikjast ekkert síður en aðrir dauðlegir menn enda segir Ritningin að það rigni jafnt á réttláta sem rangláta.

Þegar prófastur Vestfirðinga stóð í kirkjuarðinum á Rauðasandi þá tók hann eftir því að það virtust engar grafir vera í suðvesturhorni garðsins. Þar brosti við honum breiða af túnfíflum og sóleyjum. En gamall maður sagði honum að þarna mætti aldrei grafa því þarna undir grænni torfu lægju náir, sem fallið hefðu fyrir miltisbrandi og sú veira lifði áfram ofan í moldinni. Dauðinn býr í moldinni, í feninu og eðjunni og lindýrunum, sem þar nærast og skríða um. Þess vegna er það rétt, sem stendur skrifað í Mósebókum að slík dýr ættu menn ekki að leggja sér til munns. Því þá kann það að gerast að einn daginn berst slík veira, sem er alvond, í mannfólkið. Og þá er fjandinn laus! Nú hefur þetta einmitt gerst hér í heimi. Drepsótt er á stjái og sú illa pest

fer ekki í manngreinaralít. Þannig veiktust nokkrir ágætir kennarar í Menntaskólanum á Ísafirði af plágunni. Veiran hafði hreiðrað um sig á hnappinum á ljósritunarvélinni og þeir kennarar, sem ýttu á hnappinn og fóru svo með fingurinn í andlitið, munu kannski aldrei bíða þess bætur. Stundum er bara einn vísifingur, sem skilur á milli heilbrigðis og veikinda.

Orgel og kirkjusöngur

Um og eftir 1960 komu nokkur orgel til Íslands frá orgelverksmiðjunni Kemper & Sohn í Lübeck í Þýskalandi. Eitt af þessum orgelum var sett upp í Hólskirkju í Bolungarvík. Á það léku organistar safnaðarins í meira en hálfa öld. Umrædd Kemper orgel hafa ekki þóst endast vel. Þegar komið var fram á 21. öldina þótti ýmsum, sem kominn væri tími á að kaupa nýtt orgel. Þegar Hólskirkja fagnaði aldarafmæli sínu árið 2008 þá tók hún Kristný Pálmadóttir, sem lengi hafði sungið í kirkjukórnum, sig til og stofnaði orgelsjóð til kaupa á nýju pípuorgeli. Kristný lést árið 2012 en áfram var haldið að safna í sjóðinn og árið 2017 var söfnuninni fyrir orgelinu lokið og í október það ár var undirritaður samningur við Orgelsmiðju Björgvins Tómassonar á Stokkseyri um smíði á nýju orgeli í kirkjuna. Björgvin kom hér vestur og ákvað hann að nota nokkrar af pípunum úr gamla orgelinu. Nýja orgelið, sem hann Björgvin Tómasson smíðaði, er það fertugasta, sem hann hefur gert. Þetta er níu radda orgel með góðan hljóm. Orgelið var vígt við guðsþjónustu á uppstigningardag 2019. Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, helgaði nýja orgelið. Við það tækifæri söng Sigrún Pálmadóttir óperusöngkona einsöng með Kirkjukór Bolungarvíkur en þess má geta að foreldrar hennar sungu lengi með kirkjukórnum. Við sama tækifæri söng og Kvinnakór Ísafjarðar undir stjórn Beötu Joó. Organisti við Hólskirkju er Guðrún B. Magnúsdóttir.

Góður organisti er gulls ígildi. Ísafjarðarkirkja nýtur þeirrar náðar að hafa á að skipa færum organista, henni Tuuli Rähni, sem byggt hefur upp góðan kirkjukór á Ísafirði. Góður kórsöngur ljær messum og öðrum athöfnum helgi. Kirkjumúsikin færir kirkjugestinn úr sínu veraldlega umhverfi inn í tóna eilífðarinnar og tilbeiðslunnar. Í Ísafjarðarkirkju er danskt 23 radda pípuorgel og á síðasta ári voru haldnir tvennir orgeltónleikar í kirkjunni. Á öðrum tónleikum lék Tuuli Rähni en á hinum spilaði Eyþór Franzson Wechner.

Hreint yfirtak!

Prófasturinn er að hugsa um orðið yfirtak. Í æsku sinni lærði hann þetta orð. Þá var mælt í eyru hans að sumir menn væru yfirtak leiðinlegir eða yfirtak vitlausir. Yfirtak merkir þannig einstaklega mikið. Þetta er áhersluorð. Í seinni tíð virðist þetta orð þó helst vera notað í viðskiptaheimum. Þannig er talað um að eitt fyrirtæki hafi tekið annað yfir og yfirtaksskyldu þegar einhver hluthafi eða fjárfestingahópur á orðið yfirgnæfandi hlut í firmanu.

Hólmavíkurprestakall er yfirtaks prestakall. Fyrst tók það yfir Árnessókn á Ströndum en þar fyrir norðan taka við eyðibygðir og úfið úthaf og yfir gnæfir Drangajökull. Næst hljóp það í vestur og lagði undir sig Melgraseyrarsókn og Nauteyrarsókn við blátt Ísafjarðardjúpið. Síðan sótti það í suðurátt og innlimaði Öspakseyrarsókn. Og nú síðast gleypsti það Reykhólaprestakall í heilu lagi. Nær Hólmavíkurprestakall nú yfir allar Strandir, hluta af Ísafjarðardjúpi, alla Austur-Barðastrandarsýslu auk þess að eiga ítak í að minnsta kosti einni sókn í Dalasýslu. Er nú svo

komið að þegar sóknarpresturinn á Hólmavík ekur og vitjar allra sinna kirkna að þá hefur presturinn ekið sem samsvarar 810 kílómetrum, sem er töluvert lengra en frá Reykjavík til Egilsstaða. Hólmavíkurstakall er því yfirtaks stórt prestakall.

Hólmvíkingar hafa samt aldrei sóst eftir þessari stækkun, – öðru nær, þeir hafa látið þetta yfir sig ganga eins og hvert annað vetrarfárviðri því allt hefur þetta fallið þeim í skaut óumbeðið. Er þetta því óumbeðin yfirtaka, sem er algjör andstæða þess, er í viðskiptaheimum heitir fjandsamleg yfirtaka. Umrædd kirkjuleg yfirtaka á sóknum á þó eitt sameiginlegt með yfirtöku í viðskiptaheimum; að allt er þetta gert í hagræðingarskyni. Öll er þessi hagræðing ákveðin á kirkjuþingi en þar ku menn hafa nokkurt viðskiptavit.

En fagnaðarerindið í þessu öllu er það að sóknarprestur á Hólmavík er hún sr. Sigríður Óladóttir, einstaklega brosmild og hjartahlý kona, sem gerir sér það til dundurs að þýða trúarlega söngleiki fyrir börn yfir á íslensku og setja þá upp með leikskólabörnum og grunnskólabörnum. Trúarleg músík er gott uppeldistæki og góð leið til boðunar.

Prófastinum þykir fátt skemmtilegra en að syngja um að hann sé ekki fótgönguliði eða um köngulóna, sem þurfti að fara snemma á fætur á morgnana af því að hún þurfti að reima skóna á sína átta fætur. Er nokkuð skemmtilegra fyrir gamlan prest en að setja handbrúðu á sína gömlu lúnu hönd og leika hann Rebba ref í kirkjuskólanum? Það er yfirtak skemmtilegt. Já, stundum er mjög gaman að vera þjónandi prestur.

Er ég sá sem ég er – eða er ég einhver annar?

Prófasturinn dáist iðulega að ungunum nýútskrifuðum prestum, sem eru svo miklu efnilegri en hann var nokkurn tíma sjálfur sem ungur maður. Ungu prestarnir í dag eru svo frjálslegir, sætir og klárir. Það leikur allt í höndunum á þeim.

Nú nýlega heyrði hann um ungan prest, sem slegið hefur í gegn á TikkTokk, segja það að ungu prestarnir þyrðu að vera þeir sjálfir en hinir gömlu þyrðu það síður. Þá fór prófasturinn að kemma sínar gömlu hærur og hugsa með sér hvort ske kynni að hann hafi aldrei þorað að vera hann sjálfur. Og ef hann væri ekki hann sjálfur, hver væri hann þá! Já, hver er ég? Abraham hafði fyrirheiti. Hann var faðir heillar þjóðar. En prófasturinn á Vestfjörðum flækist um þessa jörð eins og stefnulaus pílgrímur vonandi að almættið muni benda honum á þann stig, sem hann ætti helst að feta. Kannski er ég bara villuráfandi sauður! Ekki eru það beint góð eftirmæli.

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sr. Dalla Þórðardóttir, prófastur

Þjónusta

Sr. Sveinbjörn R. Einarsson, sóknarprestur í Þingeyraklaustursprestakalli fékk námsleyfi til níu mánaða starfsárið 2019-2020 og hófst það hinn 1. september 2019. Sr. Ursúla Árnadóttir gegndi þjónustu í sóknum hans fram til 31. maí, þegar sumarleyfi hófust. Samningi við hana var framlengt út árið 2020 vegna veikinda sr. Sveinbjarnar, hann og fjölskylda hans eru í bænum okkar með vonum um góðan bata. Sr. Ursúla heldur starfi sínu í prófastsdæminu áfram, en hún er öllum hnútum kunnug eftir að hafa áður þjónað hér.

Að sumarleyfi loknu árið 2020 fer sr. Magnús Magnússon, sóknarprestur í Breiðabólstaðarprestakalli í námsleyfi. Það er einnig langt leyfi og kemur hann að nýju til starfa 1. júní árið 2021.

Aðrir prestar prófastsdæmisins sitja sem fastast á sínum prestsetrum og hafa margir gert lengi.

Sameiningar prestakalla

Á kirkjuþingi 2019 var kynnt mál, 11. mál þess þings, fram borið af biskupunum þremur, um sameiningu prestakalla. Var lagt til að prestaköllin fjögur í Húnavatnssýslum báðum, yrðu gerð að einu prestakalli.

Um málefni þetta hefur verið rætt á ýmsum vettvangi, m.a á prestafundum oftast en einu sinni, á fundi sóknarnefnda í Skagafirði, aðalsafnaðarfundum og sóknarnefndarfundum, að héraðsfundi ógleymdum. Formleg kynning af hálfu flutningsmanna hefur þó enn ekki farið fram.

Málið hefur borið á góma og það rætt án þess að niðurstaða fengist og skal hér ekki neinu slegið föstu um það hvers vegna það er. En fundarfólki hefur fundist sem það fengi ekki viðhlítandi svör við spurningum sem þessum: Verður prestum fækkað, hækka laun prestanna, verður þjónustan jafn mikil og fyrr, hlýtur þetta að leiða til sameiningar sókna, hvenær tekur þetta gildi, hver verður sóknarpresturinn í hinu nýja prestakalli, hver eða hvað á að ráða því?

Þá velti fólk því fyrir sér hvers vegna tillagan á kirkjuþingi tæki ekki til prófastsdæmisins alls.

Vegna covid-19 faraldurisins var framhaldsþinginu 2019 frestað og þar með umfjöllun og afgreiðslu þessa máls.

Útfararþjónusta og rekstur líkbíls

Sóknarnefnd Sauðárkróksprestakalls boðaði presta í Skagafirði og sóknarnefndarmenn til fundar í febrúar 2020 til þess að ræða rekstur útfararþjónustu og líkbíls. Sá líkbíll sem sóknin hefur rekið um langt árabíl og hefur verið nýttur víðar um fjórðinn, er að niðurlotum kominn. Lögð var fram tillaga þess efnis að allar sóknir legðu fram fjármagn, í samræmi við stærð og höfðatölu, til kaupa á nýjum bíl. Var kjörin nefnd fólks úr öllum prestaköllum til þess að ráða málinu til lykta.

Námskeið

Héraðsnefnd stóð fyrir tveimur námskeiðum á haustmisseri og voru þau bæði haldin á Löngumýri.

Var annað þeirra fyrir sóknarnefndarfólk og ætlað til að kynna málefni kirkjunnar og þau störf sem heyra undir sóknarnefndir.

Frummælendur voru þrír starfsmenn biskupstofu; Sigurbjörg Hansen kynnti fjármál kirkjunnar og sókna, Guðmundur Þór Guðmundsson fjallaði um stjórnsýslu kirkjunnar og Sigfús Kristjánsson fjallaði um starfsgleði og sköpunarkraft.

Fundurinn var mjög vel sóttur og í lok fyrirlestra varpaði fundarfólk fram ýmsum spurningum til frekari upplýsinga.

Í nóvembermánuði bauð héraðsnefnd til námskeiðs fyrir leiðtoga í barna- og æskulýðsstarfi. Námskeiðið var heill laugardagur og komu allir kennarar að sunnan, en það voru þær Magnea Sverrisdóttir, Katrín Helga Ágústsdóttir og Sóley Adda Egilsdóttir. Þátttaka var góð og að bestu manna yfirsýn tókst námskeiðið vel. Við prestarnir hlökkum til að starfa með þeim sem tóku þátt í námskeiðinu. Þau eru okkur dýrmæt.

Covid-19

Æskulýðsdagur Þjóðkirkjunnar var hátíðlegur haldinn með guðspjónustum hinn 1. mars 2020. Fá renndi í grun að þessi sunnudagur með glæsilegum framlögum barna og unglinga, kaffi og veitingum, yrði einn hinna síðustu um sinn sem við hittumst til samfunda í kirkjustarfinu. En sú varð raunin og með nánast einu pennastriki var öllu starfi slegið á frest. Það var undarlegt en afskaplega góð tilskipun, því að hún tók af allan vafa; það var ekkert fum eða hik og hver og ein sóknarnefnd þurfti ekki að ákveða hversu lengi ætti að halda áfram. Prestar minntu fjölskyldur á heimilisuðræknina og útvarpsmessuna. Og svo tók fólk að leita leiða og fann þær til að senda boðskap inn til hvers og eins. Aðdáunarverð er sú elja og sú hugmyndaauðgi, sem fólk sýndi í því að senda um netheima hugleiðingar, samtöl, messur og söng. Takk fyrir.

Velflestum fermingum var frestað og bíða þær sumars og haustsins. Sama er að segja um brúðkaupin.

Þegar þetta er ritað hefur landið verið opnað fyrir umferð að utan og Íslendingum er frjálst að ferðast til útlanda, ættarmótin og fótboltamótin eru byrjuð aftur. Þá fer veiran aftur á sveim. Við vitum ekki hvernig þetta fer.

Þegar er ljóst að presta bíður mikil sálgæsla vegna þess álags sem einvera og ótti skapaði fólki.

Héraðsfundur ársins 2020 var haldinn á Skagaströnd sunnudaginn 14. júní og er frásögn af honum látin fylgja hér, þótt hann hafi verið í seinna lagi, en það hlaut að breytast vegna covid, eins og svo margt annað.

Fundurinn hófst með messu í Hólaneskirkju, þar sem sr. Bryndís Valbjarnardóttir þjónaði fyrir altari, sr. Dalla Þórðardóttir prédikaði og organisti var Eypór Wechner Franzson. Fundurinn var mjög vel sóttur og voru samræður líflegar bæði í fundarsal og í matar- og kaffitímum. Var auðsætt að fólk þyrsti í fréttir og samveru.

Sérlegur gestur fundarins var Sofia Krantz, sálfræðingur sem talaði um *Vetur og veiru*. Hún gerði m.a. að umtalsefni hversu erfitt væri fyrir umönnunaraðila, sem sjálfir finna fyrir ótta

og óöryggi, að eiga þó að styðja aðra. Var góður rómur gerður að máli hennar og allnokkuð spurt og spjallað. Fundurinn fór fram í Fellsborg og var umgerð öll hugguleg og veitingar til fyrirmyndar.

Kosið var um tvö sæti í héraðsnefnd og voru þau Jóhanna Magnúsdóttir í Ártúnum og sr. Magnús Magnússon á Staðarbakka II, endurkjörin, sem og varamennirnir Halldór Guðmundsson í Holti í Svínadal og sr. Gísli Gunnarsson á Glaumbæ.

Skoðunarmenn til tveggja ára eru sem fyrr sr. Bryndís Valbjarnardóttir og Lárus Ægir Guðmundsson og til vara Sigríður Fjóla Viktorsdóttir og Halla Másdóttir.

Fulltrúi prófastsdæmisins á fundi Hjálparstarfs kirkjunnar, kjörin til tveggja ára, er sr. Bryndís Valbjarnardóttir á Skagaströnd og til vara Kristján Kristjánsson, Lækjarbakka á Steinsstöðum.

Önnur mál

Hugmyndin um samtök sókna var kynnt og þau sögð í burðarliðnum.

Í fundarlok söng fólk sálminn Son Guðs ertu með sanni og það með honum hvert öðru góðrar heimferðar og heimkomu.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Sr. Jón Ármann Gíslason, prófastur

Nýr samningur

Frá síðasta pistli á þessum vettvangi hafa orðið miklar og grundvallandi breytingar á samskiptum ríkis og kirkju, með svonefndum viðbótarsamningi milli ríkis og þjóðkirkjunnar sem samþykktur var nær einróma á kirkjuþingi í september 2019. Samkomulag þar að lútandi var undirritað í kjölfarið milli fulltrúa kirkjunnar og ríkisvalds. Þessi nýi samningur boðar mikil tíðindi í samskiptum ríkis og kirkju. Þessi nýi viðbótarsamningur kveður á um stóraukið sjálfstæði þjóðkirkjunnar. Markmiðið er meðal annars að einfalda til muna allt lagaumhverfi og fyrirkomulag á þeim greiðslum sem kirkjan fær úr ríkissjóði á grundvelli kirkjujarðasamkomulagsins. Í þessu felst einnig sú mikla breyting að kirkjan tekur við öllum sínum starfsmannamálum. Greiðslur þær sem kirkjan mun fá hér eftir munu taka mið af almennum launa- og verðlagsforsendum samkvæmt fjárlögum hvers árs. Afnumin verða lög um sjóði kirkjunnar og henni falið að setja starfsreglur um þá. Og framvegis mun kirkjan sjálf setja gjaldskrá vegna svonefndra aukaverka presta, svo dæmi sé tekið. Einnig er stefnt að samþykkt nýrra þjóðkirkjulaga, til einföldunar lagaumhverfis og aukinnar skilvirkni. Með þessum nýja samningi ber kirkjan mun meiri ábyrgð á sér sjálfri en áður og stefnir í þátt enn frekar, að vera sjálfstætt trúfélag sem ber fulla ábyrgð á eigin rekstri. Þessi nýi samningur tryggir greiðslur ríkisvaldsins til þjóðkirkjunnar næstu 15 árin í það minnsta, og er uppsegjanlegur af beggja hálfu af þeim tíma liðnum.

Enn sem fyrr er staðan varðandi sóknargjöldin langt frá því að vera ásættanleg. Ef fer sem horfir verður sóknargjaldið á næsta ári, 2021, í kringum 980 kr., aðeins rúmur helmingur af því sem það ætti að vera miðað við lög um sóknargjöld. Ekki þarf að hafa mörg orð um erfiða fjárhagsstöðu margra sókna.

Af vettvangi vígðra þjóna

Miklar breytingar hafa orðið á skipan vígðra þjóna í prófastsdæminu, svo miklar að sennilega þarf að fara langt aftur í tímann til að finna svo miklar breytingar á jafn skömmum tíma. Til starfa er nú kominn fjöldi ungs fólks, sem án efa mun halda merki kirkjunnar hátt á lofti í framtíðinni, og að sama skapi hafa prestar sem þjónað hafa í prófastsdæminu jafnvel áratugum saman horfið til annarra starfa eða sest í helgan stein eins og aldursmörk segja til um.

Mag. theol. Jarþrúður Árnadóttir var kjörin prestur í Langanes- og Skinnastaðarprestakalli í ágúst 2019 og síðan vígð til prests í Dómkirkjunni í Reykjavík í september sama ár. Hefur hún aðsetur í nýlega keyptu prestsetri á Þórshöfn, en þar hefur ekki setið prestur síðan árið 2006, er sr. Sveinbjörn Bjarnason lauk sinni þjónustu. Skinnastaðar- og Langanesprestaköll voru sameinuð í eitt prestakall þann 1. september 2019. Í október sama ár var sr. Gunnar Einar Steingrímsson, þá starfandi prestur í Noregi, kjörinn sóknarprestur í Laufásprestakalli. Eðlilega þurfti hann nokkurn tíma til að ganga frá sínum málum ytra, og því varð úr að mag. theol. María Gunnarsdóttir var vígð til starfa til að brúa það bil sem myndaðist þá. Hún þjónaði í Laufásprestakalli í um tvo mánuði, frá miðjum nóvember og fram í miðjan janúar. Mikil veikindi voru þá meðal presta á Akureyrarsvæðinu og var sr. Hildur Sigurðardóttir sett til þjónustu í Akureyrarkirkju í október og nóvember þá um haustið til að létta undir. Mikið álag var þá á þeim prestum sem þá störfuðu, en öll gerðu sannarlega sitt besta við erfiðar aðstæður. Sr. Guðrún Eggertsdóttir sjúkráhusprestur hefur lokið störfum sínum á Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Skulu henni þökkud sérlega góð og óeigingjörn störf. Til þess að sjúkráhusprestspjónustan félli ekki endanlega niður ákvað biskup Íslands að kosta þjónustu prests á sjúkráhusinu um nokkurra mánaða skeið. Sr. Sindri Geir Óskarsson var vígður til þeirrar þjónustu í Hóladómkirkju þann 1. desember síðastliðinn, og tók hann jafnskjótt til starfa á sjúkráhusinu á Akureyri. En skjótt skipast veður í lofti. Sr. Sindri Geir var kjörinn sóknarprestur í Glerárkirkju í byrjun febrúar og tók þar við af sr. Gunnlaugi Garðarssyni sem lauk þar langri og góðri þjónustu í kirkjunni. Sr. Sindri Geir varð því að segja sig frá þjónustu sjúkráhusprestis. Til þess að starfið félli ekki niður hlupu í skarðið þær sr. María Gunnarsdóttir og sr. Hildur Sigurðardóttir og þjónuðu til skiptis út maí. Það hillir því miður ekki undir, að ráðið verði að nýju í þetta starf, af sjúkráhusins hálfu. Vonandi nær kirkjan að ráða starfsmann í þetta starf áður en langt um líður ef ekki vill betur til, en ekkert er þó ljóst í þeim efnum. Þjónustan á sjúkráhusinu hefur löngu sannað sig sem bráðnaudsýnleg og léttir miklu álagi af öðrum starfandi prestum á svæðum. Í lok mars síðastliðins var sr. Jóhanna Gísladóttir kjörin sóknarprestur í Laugalandsprestakalli og hafði þá verið settur sóknarprestur þar í tæpt ár. Prestakallið var síðan sameinað Akureyrarprestakalli nú í haust 2020 samkvæmt samþykkt kirkjupings og hefur sameiningin þegar tekið gildi. Þjónustan síðastliðið ár hefur tekið mið af þessari fyrirhuguðu sameiningu og gefist vel. Vonandi nær þó Syðra-Laugaland að halda velli sem prestssetur eftir sem áður. Nýir prestar eru að sjálfsögðu boðnir innilega velkomnir til starfa með bæn um að störf þeirra megi verða sófnuðunum til

heilla. Sr. Magnús G. Gunnarsson sóknarprestur á Dalvík var í námsleyfi síðastliðinn vetur 2019-2020. Sr. Jónína Ólafsdóttir leysti hann af, en hún var vígð til prestsþjónustu á Hólum í ágúst 2019. Sr. Jónína var síðan kjörin prestur í Garða- og Saurbæjarprestakalli, Akranesi í vor. Er mikils að vænta af störfum hennar í framtíðinni.

Af vettvangi kirkju og safnaðarstarfs

Í maí 2019 voru teknar upp nokkrar guðsþjónustur eina helgi í Húsavíkirkirkju fyrir útvarp af prestum og kórum í Þingeyjarhluta prófastsdæmisins. Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar hafði veg og vanda af undirbúningi í samvinnu við presta, organista og kirkjukóra. Var guðsþjónustunum síðan útvarpað þá um sumarið. Prófastsdæmið bar nokkurn kostnað af framkvæmdinni. Tókst þetta vel á allan hátt og mörgum þótti ánægjuleg nýbreytni að heyra guðsþjónustur úr „dreifingunni“. Vonandi verður framhald á þessu samstarfi.

Sonja Kro hefur sinnt starfi æskulýðsfulltrúa Akureyrarkirkju auk þess að starfa fyrir prófastsdæmið. Í október 2019 var haldin mjög vel heppnuð samvera á Hólavatni fyrir börn úr NTT-starfi (níu til tólf ára). Þá er ánægjulegt að geta greint frá því, að ungmenni úr okkar prófastsdæmi hafa aftur tekið þátt í Farskóla Þjóðkirkjunnar, í samvinnu við Austurlandsprófastsdæmi. En því miður hefur „kófið“ kæft þetta starf, sem og ýmislegt annað í bili.

Stofnað hefur verið sérstakt Hollvinafélag Kvíabekkjarkirkju í Ólafsfirði sem hefur það göfuga markmið að vinna að varðveislu og gagngerum viðgerðum á þeirri kirkju.

Mál hafa skipast þannig, að stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar á Vestmannsvatni, hefur ákveðið að veita kirkjuráði umboð til að ganga til samninga við núverandi leigjendur að Kirkjumiðstöðinni, vegna breyttra forsendna í sambandi við leigusamning þann er gerður var árið 2016. Breytingarnar sem nefna má breytta forsendur, snúast um nýjar reglugerðir sem lúta að brunavörnum og kalla á mjög kostnaðarsamar breytingar á húsnæðinu. Fjárhagsleg staða Kirkjumiðstöðvarinnar er, og hefur lengi verið, mjög erfið, og ekki verið bolmagn til að greiða annað en lágmarks lögboðin gjöld, með stuðningi héraðssjóðs. Stjórn Kirkjumiðstöðvar fundaði í sumar með fulltrúum kirkjuráðs og einnig leigutökum. Þar var, sem áður sagði, kirkjuráði gefin heimild til þess að ræða við leigutaka og landeigendur ef til þess kæmi, og þá með það í huga að afhenda þeim aftur landið ásamt byggingum samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár Kirkjumiðstöðvarinnar. Stjórn Kirkjumiðstöðvarinnar óskar þó eindregið eftir því, að kirkjan megi áfram eiga aðgang að staðnum með kirkjulegt starf á boðstólum. Undir þá ósk skal hér tekið. Margt og mikið mætti segja um þessi mál, en það skal látið ógert að sinni, það er geymt en ekki gleymt. Vonandi er ekki búíð að rita síðasta kaflann í sögu kirkjustarfs við Vestmannsvatn. Þessi vatnaskil nú eru sár og erfið, en ef til vill óhjákvæmileg. Vonandi koma tímar og koma ráð

Ekki þarf að taka fram að margt af hinu hefðbundna starfi hefur fallið niður frá því í marsmánuði, eða farið fram í mjög breyttri mynd. Fermingar vorsins féllu nær alveg niður og var þeim þess í stað dreift yfir á helgar sumarsins og fram á haustið, þar sem eitt eða örfá börn voru fermd í einu vegna samkomutakmarkana. Vonandi blessaðist það allt samt vel. Prestar hafa fundað og talað saman í gegnum fjarfundabúnað eins og svo margir aðrir. Ekki má gleyma að vígðir þjónar og önnur hafa leitast við að halda upp virku helgihaldi yfir allt kóftimabilið með því að streyma efni frá kirkjunum gegnum netið og tekið upp hugleiðingar,

sunnudagaskóla, alls konar bæna- og helgistundir, tónlistarefni og heilar guðsþjónustur af mikilli hugmyndaauðgi og dugnaði. Fyrir það vil ég þakka og ekki sakar að nefna að þessar stundir hafa oft fengið mjög mikið áhorf og margir þakkað fyrir þessar stundir. Ber að nefna sérstaklega hátíðarguðsþjónustu um páska sem tekin var upp í samstarfi við sjónvarpsstöðina N4 og send var út á páskadag. Margir vígðir þjónar tóku þátt, kórfélagar sungu við undirleik organista. Það var töluverð vinna að koma þessari stund í loftið og átti sr. Guðmundur héraðsprestur þar drýgstan hlut að máli.

Að lokum

Köllun kirkjunnar er sú sama í dag og í gær og um aldir, að boða fólki þá von sem við eigum í Jesú Kristi, og bundin er við persónu hans, líf, dauða og upprisú. Verkefni kirkjunnar er að taka á móti gjöfum Guðs, orði hans, sakramentum og blessun – en fara svo út í daglega lífið til að þjóna í anda Kristis, styðja þau sem eru í vanda, leitast við að gera þjóðfélagið manneskjulegra, heilla og réttlátara. Megi okkur auðnast að uppfylla það hlutverk eftir þeirri náð sem Guð gefur okkur. Að svo mæltu óska ég kirkjufólki öllu blessunar Guðs og þakka samstarfið.

Austurlandsprófastsdæmi

Sr. Sigríður Rún Tryggvadóttir, prófastur

Sameining og nýir prestar

Óhætt er að segja að árið hafi verið viðburðaríkt.

Stærstu breytingarnar voru að fjórir sóknarprestar létu af störfum eftir áratuga þjónustu og samhliða því voru Norðfjarðarprestakall, Eskifjarðarprestakall, Fáskrúðsfjarðarprestakall, Heydalaprestakall og Djúpavogsprestakall sameinuð í Austfjarðaprestakall. Sú sameining var samþykkt á kirkjuþingi í mars 2019. Sóknarprestur yfir nýju prestakalli er sr. Jóna Kristín Þorvaldsdóttir. Hófum við strax vinnu með sóknarnefndum allra ellefu sókna í nýju prestakalli með þarfagreiningu sókna og auglýsingu eftir nýjum prestum. Fyrirvarinn var lítill og fór sumarið í undirbúninginn. Sóknarnefndarfólk mætti á fundi með okkur og tók verkefnið föstum tókum. Sannaðist það sem ég hef alltaf vitað að í sóknarnefndarfólki er mikill mannauður.

Sr. Sigurður Rúnar óskaði eftir lausn frá sóknarprestsskyldum og hefur verið sérþjónustuprestur á Biskupsstofu. Hefur hann m.a. komið inn í starfið í Egilsstaðaprestakalli, þar sem sr. Ólöf Snorradóttir var í diplómunámi í sálgæslu og var það mikils metið.

Sr. Davíð Baldursson lét af störfum í lok mars og þau sr. Gunnlaugur Stefánsson og sr. Sjöfn Jóhannesdóttir í lok október. Þeim er öllum þakkað fyrir sína góðu og tryggu þjónustu. Samstarf hefur alltaf verið á þessu svæði og með því lagður grunnurinn að velheppnaðri sameiningu.

Og við fengum einvala lið til þjónustu á akrinum með okkur. Valdir voru fjórir nýir prestar á kjörnefndarfundum sem fram fór í ágúst á síðasta ári og er það örugglega afkastamesti kjörnefndarfundur sögunnar, aldrei hafði kjörnefnd áður valið svo marga nýja presta til þjónustu á einum fundi. Eina úr hópnum þekktum við vel, sr. Erlu Björk Jónsdóttur, sem var héraðsprestur í prófastsdæminu. Hinir þrír komu nýir inn í þjónustuna, þeir voru guðfræðingar og fór vígsla þeirra fram í Dómkirkjunni þann 15. september á síðasta ári.

Sr. Erla Björk Jónsdóttir og sr. Benjamín Hrafn Böðvarsson voru sett inn í embætti við messu í Eskifjarðarkirkju í október. Þjónuðu með okkur sr. Sigurður Rúnar Ragnarsson og sr. Davíð Baldursson. Það var mikils virði fyrir söfnuðina, þau sem tóku við embættum og okkur öll.

Þann 10. nóvember voru sr. Alfreð Örn Finnsson og sr. Dagur Fannar Magnússon settir inn í embætti við messu í Stöðvafjarðarkirkju, þar þjónuðu allir fimm prestar prestakallsins ásamt prófasti. Að öllu var vel staðið í báðum þessum messum og veglegar kaffiveitingar eftir athafnirnar í boði sóknarnefnda.

Sameiningin hefur óneitanlega breytingar í för með sér. Síðastliðið starfsár hefur farið í að finna taktinn í samstarfinu og læra á nýtt starfsumhverfi, prestar, sóknarnefndir og söfnuðir eru öll að feta nýja braut. Ýmislegt er að slípast en víðast hvar hefur gengið mjög vel og ég heyri á sóknarnefndarfólki að það sé ánægt með nýju prestana sína.

Vísitasía hólabiskups, námskeið og samverur presta

Vísitasía Hólabiskups um prófastsdæmið hélt áfram og nú í Austfjarðarprestakalli. Frú Solveig Lára hitti allar sóknarnefndir Austfjarðarprestakalls um miðjan nóvember, nema í Brekkusókn í Mjóafirði, vegna fæðar. En þangað fór frú Solveig Lára 22. ágúst 2020. Sömuleiðis fóru fram starfsgæðaviðtöl vígslubiskups við prestana sem eru reglulega góð og mikilvæg okkur prestunum.

Í nóvember var haldið námskeið fyrir sóknarnefndir prófastsdæmisins í Egilsstaðakirkju. Námskeiðið var vel sótt og voru þar fulltrúar frá velflestum sóknum prófastsdæmisins. Vígslubiskup sá um helgistund í upphafi námskeiðsins. Sr. Þorvaldur Víðisson, biskupsritari útskýrði nýjan viðbótarsamning ríkis og kirkju, sr. Hildur Björk Hörpudóttir kynnti fyrir okkur fjölskyldukirkjuna, sr. Sigfús Kristjánsson fór yfir starfsánægju og góða stjórnun, og Pétur Markan fjallaði um samskipti og miðlun. Í hádegishléi var boðið upp á veitingar frá Hótel Héraði.

Til stendur að hafa samverur presta í prófastsdæminu reglulegar en hingað til hefur verið, við erum enn að finna hversu oft og með hvaða hætti. En samfélagið er mikilvægt fyrir okkur, að hittast, skiptast á skoðunum og fá hugmyndir, næra sálina og líka líkamann.

Engin héraðsprestur var starfandi í prófastsdæminu í ár. Það reyndi á okkur en hér starfa frábærir prestar og allir lögðu sitt af mörkum. Við héldum starfinu úti að eins miklu leyti og okkur var unnt. Fermingarbúðir fóru fram í október og tóku nýju prestarnir þátt þar þrátt fyrir að vera ekki komnir til starfa. Barna- og æskulýðsstarf er öflugt í prófastsdæminu. Það hefur alltaf verið lögð mikil áhersla á það og við viljum halda því áfram. Börn og ungt fólk eru ekki bara framtíðin, heldur eru þau kirkjan í dag. Í æskulýðsstarfinu eru miklir vaxtabroddar. Það sem við þurfum að skoða er hvernig við náum betur til foreldra. Þar sem við erum alltaf að hugsa um leiðir fram á við og til að bæta okkur er næsta skref að finna leiðir til að ná betur til foreldra.

ÆSKA heldur utan um verkefni í barna og æskulýðsstarfi. Þar ber helst að nefna farskóla leiðtogaefna sem er eitt farsælast verkefni kirkjunnar. Í ár var samstarfið við ÆSKEY endurvakið og var það farsælt skref. Það voru 22 unglingar úr æskulýðsstarfinu á Austurlandi sem tóku þátt í farskólanum í vetur.

Kirkjumiðstöð Austurlands (KMA) er sjálfseignarstofnun sem söfnuðirnir á Austurlandi eiga. Þar eru starfræktar einu sumarþúðir Þjóðkirkjunnar á landinu. Sömuleiðis fara fermingarþúðir fram þar, TTT-mót, æfingabúðir fyrir kóra, stærri fundir og standa þær til reiðu fyrir viðburði og einnig er kirkjumiðstöðin leigð út fyrir veislur og hópa. KMA á 30 ára vígsluafmæli í ágúst á næsta ári, við viljum fagna því á viðeigandi hátt og langar að hefja undirbúningsvinnu fyrir starfsmannaálmú og bæta útiaðstöðuna á þeim tímamótum.

Ekki verður starfsemin tíundið nánar hér en fullt tilefni er til að þakka það góða starf sem sr. Jóhanna Sigmardóttir innir af hendi fyrir kirkjumiðstöðina. Allt unnið í sjálfböðnu starfi. Sjálf segist hún vera húsvörður, en hún sinnir kirkjumiðstöðinni af mikilli alúð og ósérhlífni.

Síðasta vetur fór ein úr prestahópnum í diplómanám í sál-gæslu, næsta vetur eru tvær skráðar í sama nám. Námið er styrkt af biskupi Íslands og þökkum tilboð biskups. Símenntun skilar sér í meiri starfsánægju og betri starfsmönnum, gefur söfnuðunum, þeim sem njóta þjónustunnar og prestunum sjálfum mikið.

Heimsókn söngmálastjóra

Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar kom austur til okkar í febrúar. Markmiðið var að undirbúa útvarpsmessur sem taka átti upp síðar um vorið. Hún hitti presta og organista prófestsdæmisins í Egilsstaðakirkju. Fundurinn og skipulagið gekk eiginlega of vel, 11 messur voru settar niður og átti að útvarpa þeim í sumar. En því miður var upptökum á útvarpsmessum frestað vegna Covid-19. Vonandi getur orðið af þessu næsta vor og stefnum við að því. Sömuleiðis nýtti Margrét ferðina og var með söngstund með fermingarbörnum og fjölskyldum og kórnum á Seyðisfirði. Og söngstund með Kór Áskirkju. Hún er reiðubúin að koma og vera með slíkar stundir með kórum í prófestsdæminu ef eftir því er óskað. Mæli ég hiklaust með því, mikil ánægja var hjá kórnum með þessar stundir.

Covid 19 áskoranir og tækifæri

